ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 46

22. árgangur

20.8.2015

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2015/EES/46/01 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 295/2008 frá 11. mars 2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja (endurútgefin) 1

2015/EES/46/02 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 81/2013 frá 29. janúar 2013 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1051/2011 að því er varðar einstaklingsbundnar gagnaskrár fyrir gagnasendingar 48

2015/EES/46/03 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 119/2013 frá 11. febrúar 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2214/96 um samræmdar vísitölur neysluverðs: afhending og dreifing á undirvísitölum í samræmdri vísitölu neysluverðs, að því er varðar að koma á fót samræmdum vísitölum neysluverðs með föstu skatthlutfalli. 50

2015/EES/46/04 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 93/2013 frá 1. febrúar 2013 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysluverðs, að því er varðar að koma á fót verðvísitölum fyrir búsetu í eigin húsnæði 52

2015/EES/46/05 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 317/2013 frá 8. apríl 2013 um breytingu á viðaukum við reglugerðir (EB) nr. 1983/2003, (EB) nr. 1738/2005, (EB) nr. 698/2006, (EB) nr. 377/2008 og (ESB) nr. 823/2010 að því er varðar alþjóðlegu menntunarflokkunina (ISCED) 55

2015/EES/46/06 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. febrúar 2014 um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað (2014/61/ESB). 65

2015/EES/46/07 Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. mars 2014 um viðmiðanir og skilyrði sem evrópsk tilvísunarnet og veitendur heilbrigðisþjónustu, sem óska eftir að tengjast evrópsku tilvísunarneti, verða að uppfylla (2014/286/ESB). 67

2015/EES/46/08 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. mars 2014 um viðmiðanir við að koma á fót og meta evrópsk tilvísunarnet og aðila að þeim og til að greiða fyrir skiptum á upplýsingum um og sérþekkingu á að koma slíkum netum á fót og meta þau (2014/287/ESB). 75

2015/EES/46/09 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1137/2014 frá 27. október 2014 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar meðhöndlun á tilteknum sláturmat úr dýrum sem ætlaður er til manneldis 84

2015/EES/46/10 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/46 frá 14. janúar 2015 um leyfi fyrir díklasúríli sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, fyrir eldiskalkúna og fyrir perluhænsn til eldis og undaneldis (leyfishafi er Huvepharma NV) 86

2015/EES/46/11 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/47 frá 14. janúar 2015 um leyfi fyrir blöndu með alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* (DSM 21564), sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, umboðsaðili er DSM Nutritional Products Sp.Z o.o.). 89

2015/EES/46/12 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1126/2014 frá 17. október 2014 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asúlam, sýanamíð, díklóran, flúmíoxasín, flúpýrsúlfúrónmetýl, píkólínafen og própísóklór í eða á tilteknum afurðum 92

2015/EES/46/13 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1127/2014 frá 20. október 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir amítról, dínókap, fípróníl, flúfenaset, pendímetalín, própýsamíð og pýridat í eða á tilteknum afurðum. 136

2015/EES/46/14 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/13/ESB frá 31. október 2014 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/32/ESB að því er varðar rennslissvið vatnsmæla 189

2015/EES/46/15 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1368/2014 frá 17. desember 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1372/2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 191

2015/EES/46/16 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 361/2014 frá 9. apríl 2014 um ítarlegar reglur um beitingu reglugerðar (EB) nr. 1073/2009 að því er varðar skjöl vegna farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2121/98 193

2015/EES/46/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/187 frá 6. febrúar 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar skimun handfarangurs 210

2015/EES/46/18 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014 frá 12. febrúar 2014 um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 212

2015/EES/46/19 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/180 frá 9. febrúar 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB, 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint 246

2015/EES/46/20 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2015/EES/46/20 frá 3. nóvember 2010 um viðmiðanir og ráðstafanir vegna fjármögnunar sýniverkefna í viðskiptaskyni, sem miða að umhverfisvænni föngun og geymslu CO_2 í jörðu, og sýniverkefna er varða nýskapandi tækni á sviði endurnýjanlegrar orku innan kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (2010/670/ESB) 436

2015/EES/46/21 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum 446

2015/EES/46/22 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 110/2011 frá 8. febrúar 2011 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS) að því er varðar viðeigandi snið fyrir sendingu gagna, niðurstöður, sem senda á, og viðmiðanir fyrir mælingu á gæðum viðhengja um hreinar félagslegar bætur í evrópsku kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd 453

2015/EES/46/23 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið 457

2015/EES/46/24 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 158/2007 frá 16. febrúar 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1358/2003 að því er varðar skrána yfir flugvelli Bandalagsins 496

2015/EES/46/25 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1365/2006 frá 6. september 2006 um hagskýrslur um vöruflutninga á skipgengum vatnaleiðum og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 80/1119/EBE. 508

2015/EES/46/26 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 747/2008 frá 30. júlí 2008 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 um hagskýrslur Bandalagsins um skipulag og starfsemi erlendra hlutdeildarfélaga að því er varðar skilgreiningar á könnunaratriðum og framkvæmd atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, 2. endursk. 519

2015/EES/46/27 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. desember 2014 um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE að því er varðar viðurkenningu á að tiltekin svæði í Frakklandi séu opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis*) (2014/892/ESB) . . 527

2015/EES/46/28 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. október 2014 varðandi takmarkanir á leyfi fyrir sæfivöru sem inniheldur 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamat (IPBC) sem Þýskaland tilkynnti um í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB (2014/757/ESB) 529

2015/EES/46/29 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. október 2014 um að hafna synjun leyfis fyrir sæfivöru sem Þýskaland tilkynnti um í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB (2014/758/ESB) 532

2015/EES/46/30 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1209/2014 frá 29. október 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 451/2008 um að koma á fót nýrri vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93 535

2015/EES/46/31 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1114/2014 frá 21. október 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2075/2005 um sértækar reglur um opinbert eftirlit með tríkínu í kjöti 684

2015/EES/46/32 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/38 frá 13. janúar 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus acidophilus* CECT 4529 sem fóðuraukefni fyrir varphænur og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1520/2007 (leyfishafi er Centro Sperimentale del Latte) 689

2015/EES/46/33 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/244 frá 16. febrúar 2015 um leyfi fyrir kínólíngulu sem fóðuraukefni fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis 692

2015/EES/46/34 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/264 frá 18. febrúar 2015 um leyfi fyrir neóhesperidíndíhýdrókalkóni sem fóðuraukefni fyrir sauðfé, fiska, hunda, kálfa og tiltekna flokka svína 695

2015/EES/46/35 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 991/2014 frá 19. september 2014 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fosetýl í eða á tilteknum afurðum 698

2015/EES/46/36 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1096/2014 frá 15. október 2014 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir karbarýl, prósýmídón og prófenófos í eða á tilteknum afurðum. 714

2015/EES/46/37 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1119/2014 frá 16. október 2014 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bensalkóníumklóríð og dídekýldímetýl-ammóníumklóríð í eða á tilteknum afurðum 748

2015/EES/46/38 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/174 frá 5. febrúar 2015 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli. 780

2015/EES/46/39 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/407 frá 11. mars 2015 um að samþykkja própan-2-ól sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2 og 4. 788

2015/EES/46/40 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 548/2014 frá 21. maí 2014 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar litla, meðalstóra og stóra aflspenna. 791

2015/EES/46/41 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1148/2014 frá 28. október 2014 um breytingu á II., VII., VIII., IX. og X. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar 806

2015/EES/46/42 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/327 frá 2. mars 2015 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar kröfur um setningu á markað og skilyrði fyrir notkun aukefna úr efnablöndum 820

2015/EES/46/43 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/391 frá 9. mars 2015 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til þroskunar og heilbrigðis barna 824

2015/EES/46/44 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/403 frá 11. mars 2015 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 að því er varðar tegundir af ættkvísl vöndla (*Ephedra*) og jóhimbu (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille). 827

2015/EES/46/45 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/414 frá 12. mars 2015 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB að því er varðar (6S)-5-metýltetra-hýdrófólínsýru, glúkósamínsalt sem er notað við framleiðslu fæðubótarefna 829

2015/EES/46/46 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/463 frá 19. mars 2015 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á pólývínýlalkóhóli (E 1203). 831

2015/EES/46/47 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/537 frá 31. mars 2015 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun álsetlitarefna úr kókíníli, karmínsýru, karmínum (E 120) í sérfæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi. 833

2015/EES/46/48 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/538 frá 31. mars 2015 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun bensósýru – bensóata (E 210–213) í soðnar rækjur í saltlegi 836

2015/EES/46/49 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/402 frá 11. mars 2015 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna 839

2015/EES/46/50 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/149 frá 30. janúar 2015 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið metýlprednisólón 842

2015/EES/46/51 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/150 frá 30. janúar 2015 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið gamítrómýsín 845

2015/EES/46/52 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/151 frá 30. janúar 2015 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið doxýsýklín 848

2015/EES/46/53 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/152 frá 30. janúar 2015 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið túlatrómýsín 851

2015/EES/46/54 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/282 frá 20. febrúar 2015 um breytingu á VIII., IX. og X. viðauka (viðvíkjandi framlengdu einnar kynslóðar rannsókninni á eiturhrifum á æxlun) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) 854

2015/EES/46/55 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/491 frá 23. mars 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 605/2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að innleiða hættusetningar og varnaðarsetningar á króatísku og til að laga hana að framförum á sviði tækni og vísinda 860

2015/EES/46/56 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/419 frá 12. mars 2015 um að samþykkja tólýlflúaníð sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 . . 862

2015/EES/46/57 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/306 frá 26. febrúar 2015 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Isaria fumosorosea* af stofni Apopka 97, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 866

2015/EES/46/58 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/307 frá 26. febrúar 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu tríklópýr 871

2015/EES/46/59 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/308 frá 26. febrúar 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu Z,Z,Z,Z-7,13,16,19-dókósatetren-1-ýlísóbútýrati. 874

2015/EES/46/60 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/404 frá 11. mars 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin beflúbútamíð, kaptan, dímetóat, dímetómorf, etóprófos, fípróníl, fólpet, formetanat, glúfosínat, metíókarb, metríbúsín, fosmet, pírimífosmetýl og própamókarb. 877

2015/EES/46/61 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/418 frá 12. mars 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu Z-13-hexadeken-11-ýn-1-ýlasetati 880

2015/EES/46/62 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. maí 2010 um niðurfellingu ákvörðunar 2002/627/EB um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (2010/299/ESB) 883

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 295/2008 **2015/EES/46/01**

frá 11. mars 2008

um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja

(endurútgefin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 frá 20. desember 1996 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt umtalsvert ([4]). Þar eð nú er verið að gera frekari breytingar á reglugerðinni er æskilegt, til glöggvunar og hagræðingar, að endurútgefa viðkomandi ákvæði.

2) Með reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 var settur sameiginlegur rammi um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum Bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í Bandalaginu.

3) Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2367/2002/EB frá 16. desember 2002 um hagskýrsluáætlun Bandalagsins 2003 til 2007 ([5]) var samþykkt áætlun sem tók mið af forgangsröðun við stefnumótun Bandalagsins í efnahags- og peningamálum, stækkun Evrópusambandsins og samkeppnishæfni, byggðastefnu, sjálfbærri þróun og framkvæmdaáætlun um félagsmál. Hagskýrslur um atvinnustarfsemi fyrirtækja eru mikilvægur hluti þessarar áætlunar.

4) Reglugerð þessi ætti að kveða á um að hagskýrslur verði áfram notaðar til stuðnings ákvörðunum í núverandi málaflokkum og að uppfylla viðbótarkröfurnar sem koma upp vegna nýs stefnumótandi frumkvæðis Bandalagsins, og vegna stöðugrar endurskoðunar forgangsatriða í hagskýrslum til að nýta tiltæk úrræði sem best og takmarka svarbyrði. Beina skal sérstakri athygli að áhrifunum sem stefna Bandalagsins í orku- og umhverfismálum, eins og felst í efnareglugerðinni (REACH) (EB) nr. 1907/2006 ([6]), hefur á fyrirtæki. Hvetja ætti til samvinnu og miðlunar bestu starfsvenja milli hagstofa aðildarríkja í Sambandinu til að tryggja skilvirkari notkun stjórnsýslugagna.

5) Aukin þörf er á gögnum um þjónustustarfsemi, einkum viðskiptaþjónustu. Þörf er á hagskýrslum fyrir efnahagslega greiningu og mótun stefnu um hver sé öflugasti geirinn í hagkerfum nútímans, einkum varðandi möguleikann á vexti og atvinnusköpun. Á fundi leiðtogaráðsins í Lissabon 23. og 24. mars 2000 var lögð áhersla á mikilvægi þjónustustarfsemi. Mæling á veltu, eftir sundurliðuðum þjónustuvörum í viðskiptum, er nauðsynleg forsenda rétts skilnings á þjónustustarfsemi í hagkerfinu. Á fundi leiðtogaráðsins í Stokkhólmi 23. og 24. mars 2001 var niðurstaðan sú að stofnun skilvirks innri markaðar fyrir þjónustustarfsemi væri eitt af helstu forgangsatriðum Evrópu. Hagskýrslur eftir sundurliðuðum þjónustuvörum í viðskiptum yfir landamæri eru mikilvægar til að fylgjast með starfsemi innri markaðarins varðandi þjónustustarfsemi, úttekt á samkeppnishæfni þjónustustarfsemi og mat á áhrifum hindrana á þjónustuviðskipti.

6) Þörf er á gögnum um lýðfræði fyrirtækja, einkum vegna þess að þau eru þáttur í grunnhagvísum sem komið var á fót til að fylgjast með árangrinum sem varðar markmiðin sem sett eru fram í Lissabon-áætluninni. Einnig er þörf á samræmdum gögnum um lýðfræði fyrirtækja og á áhrif þeirra á atvinnumál til að færa sönnur á tilmæli um stefnu til að styðja við frumkvöðlastarfsemi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 79, 18.12.2008, s. 24.

([1]) Stjtíð. ESB C 318, 23.12.2006, bls. 78.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 29. mars 2007 (Stjtíð. ESB C 27 E, 31.1.2008, bls. 139) og ákvörðun ráðsins frá 14. febrúar 2008.

([3]) Stjtíð. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

([4]) Sjá X. viðauka.

([5]) Stjtíð. EB L 358, 31.12.2002, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 787/2004/EB (Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 12).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 396 30.12.2006, bls. 1) með leiðréttingum samkvæmt Stjtíð. ESB L 136, 29.5.2007, bls. 3). Reglugerðinni var breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1354/2007 (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2007, bls. 1).

7) Einnig er þörf á sveigjanlegum úrræðum innan hagskýrslurammans sem getur leitt til skjótra og tímanlegra viðbragða til að finna þarfir notenda sem leiða í auknum mæli af öflugum, nýjum og flóknum einkennum þekkingarhagkerfisins. Tenging slíkrar sérstakrar gagnasöfnunar við samfellda söfnun gagna um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja getur bætt auknu virði við upplýsingar sem er safnað saman í báðum könnunum og gæti lækkað heildarbyrði á svarendur með því að koma í veg fyrir tvítekningu gagnasöfnunar.

8) Nauðsynlegt er að kveða á um ráðstafanir vegna samþykktar mælinga við framkvæmd þessarar reglugerðar til að gera mögulegt að skýra nánar reglur fyrir söfnun og tölfræðilega úrvinnslu gagna og til að vinna og afhenda niðurstöður.

9) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma þessa reglugerð í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([7]).

10) Framkvæmdastjórnin ætti einkum að hafa vald til að uppfæra skrána um könnunaratriðin í viðaukunum, ákvarða samantektartíðni hagskýrslna, reglur um flöggun gagna sem framlag til samtalna Evrópuhagreikninga (CETO), fyrsta viðmiðunarár samantektar og sundurliðunar niðurstaðna, einkum flokkun sem á að nota og samsetning stærðarflokka, uppfæra tímabil vegna afhendingar gagna, aðlaga sundurliðun aðgerða og vara til að breyta eða endurskoða atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE) og vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA), samþykkja ráðstafanir á grunni mats á forkönnunum, breyta lægri mörkum á viðmiðunarþýði í VIII. viðauka og koma á viðmiðun á gæðamati. Samþykkja ber þessar ráðstafanir í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB þar eð þær eru almenns eðlis og er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum og veigalitlum atriðum.

11) Bandalagið getur samþykkt ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og hún er sett fram í 5. gr. sáttmálans þar eð aðildarríkin geta ekki hvert í sínu lagi náð til fulls markmiðum þessarar reglugerðar sem eru að afla samræmdra gagna um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í Bandalaginu, og markmiðin nást þar af leiðandi betur á vettvangi Bandalagsins. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

([7]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Með reglugerð þessari er komið á fót sameiginlegum ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og úttekt á hagskýrslum Bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í Bandalaginu.

Tilgangurinn með samantekt hagskýrslna er einkum að greina:

a) skipulag og þróun á starfsemi fyrirtækja,

b) framleiðsluþætti sem eru notaðir og aðra þætti sem greiða fyrir mælingu á atvinnustarfsemi, samkeppnishæfni og afkomu,

c) svæðisbundna og landsbundna þróun fyrirtækja og markaða og einnig í Bandalaginu og á alþjóðavettvangi,

d) viðskiptahætti,

e) lítil og meðalstór fyrirtæki og

f) sértæk könnunaratriði fyrirtækja sem varða ákveðna sundurliðun á starfsemi.

2. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi tekur til allrar markaðsstarfsemi sem er tilgreind í bálkum B til N og P til S í sameiginlegu atvinnugreinaflokkuninni Evrópubandalaganna sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 1893/2006 (hér á eftir nefnd NACE, 2. endursk.).

2. Fella skal hagskýrslueiningar af tegundunum, sem skráðar eru í I. þætti í viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 frá 15. mars 1993 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðslukerfi Bandalagsins ([8]) og eru flokkaðar undir einni starfseminni sem um getur í 1. málsgrein, inn í gildissvið þessarar reglugerðar. Notkun sérstakra eininga við samantekt hagskýrslna er tilgreind í viðaukunum við þessa reglugerð.

3. gr.

Einingar

1. Flokka skal hagskýrslurnar, sem taka á saman fyrir svæði sem um getur í 1. gr., í einingar.

([8]) Stjtíð. EB L 76, 30.3.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

2. Í reglugerð þessari skulu einingarnar vera:

a) sameiginleg eining fyrir árlegar grunnhagtölur um skipulag fyrirtækja, eins og þær eru skilgreindar í I. viðauka,

b) sundurliðuð eining fyrir grunnhagtölur um skipulag iðnfyrirtækja, eins og þær eru skilgreindar í II. viðauka,

c) sundurliðuð eining fyrir grunnhagtölur um skipulag verslunarfyrirtækja, eins og þær eru skilgreindar í III. viðauka,

d) sundurliðuð eining fyrir grunnhagtölur um skipulag fyrirtækja í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, eins og þær eru skilgreindar í IV. viðauka,

e) sundurliðuð eining fyrir grunnhagtölur um skipulag vátryggingarfyrirtækja, eins og þær eru skilgreindar í V. viðauka,

f) sundurliðuð eining fyrir grunnhagtölur um lánastofnanir, eins og þær eru skilgreindar í VI. viðauka,

g) sundurliðuð eining fyrir grunnhagtölur um lífeyrissjóði, eins og þær eru skilgreindar í VII. viðauka,

h) sundurliðuð eining fyrir grunnhagtölur um fyrirtæki í viðskiptaþjónustu, eins og þær eru skilgreindar í VIII. viðauka,

i) sundurliðuð eining fyrir grunnhagtölur um lýðfræði fyrirtækja, eins og þær eru skilgreindar í IX. viðauka,

j) sveigjanleg eining fyrir framkvæmd tilgreindrar og takmarkaðrar sérstakrar gagnasöfnunar um könnunaratriði fyrirtækja.

3. Mæla skal fyrir um eftirfarandi upplýsingar í hverri einingu:

a) taka á saman hagskýrslur um alla starfsemi sem fellur undir gildissviðið sem vísað er til í 1. mgr. 2. gr.,

b) hvaða gerðir hagskýrslueininga ber að nota við samantekt hagskýrslna úr skránni yfir hagskýrslueiningar sem um getur í 2. mgr. 2. gr.,

c) skrár yfir könnunaratriðin sem taka á saman hagskýrslur um fyrir sviðin sem um getur í 1. gr. og viðmiðunartímabilin fyrir þessi könnunaratriði,

d) hversu oft hagtölur eru teknar saman, sem skal vera annaðhvort árlega eða á nokkurra ára fresti. Ef á nokkurra ára fresti skal samantekt fara fram á a.m.k. tíu ára fresti,

e) tímaáætlun sem sýnir fyrstu viðmiðunarárin sem taka ber saman hagskýrslur um,

f) staðlana varðandi dæmigert mat og gæðamat,

g) tímabilið sem hefst við lok viðmiðunartímabilsins innan hvers afhenda ber hagskýrslurnar,

h) leyfð hámarkslengd umbreytingartímabilsins.

4. Áætla skal notkun sveigjanlegrar einingar, sem vísað er til í k-lið 2. málsgreinar, í náinni samvinnu við aðildarríki. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða gildissvið hennar, skrá yfir könnunaratriði, viðmiðunartímabil, starfsemi sem náð verður og gæðakröfur að lágmarki 12 mánuðum fyrir upphaf viðmiðunartímabilsins, til samræmis við reglunefndarmeðferð sem vísað er til í 2. mgr. 12. gr. Framkvæmdastjórnin skal einnig tilgreina þörf fyrir upplýsingar og áhrif gagnasöfnunar með tilliti til byrði á fyrirtæki og kostnaðar aðildarríkjanna.

Takmarka skal stærð gagnasöfnunar við að hámarki 20 könnunaratriði fyrirtækja eða spurningar, við að hámarki 25 000 svarandi fyrirtæki innan Evrópusambandsins og hámarks meðaltíma einstakra svara við 1,5 klst. til að takmarka byrði á fyrirtæki og kostnað aðildarríkja. Sérstök gagnasöfnun skal innihalda lýsandi fjölda aðildarríkja. Framkvæmdastjórnin getur sett upp evrópska úrtökuaðferð til að tryggja lágmarksbyrði og -kostnað þegar einungis er þörf fyrir niðurstöður á evrópskum vettvangi.

Framkvæmdastjórnin getur að hluta til fjármagnað kostnað við sérstaka gagnasöfnun með því að nota viðurkenndar málsmeðferðarreglur.

4. gr.

Forkannanir

1. Framkvæmdastjórnin skal hefja röð forkannana og aðildarríkin framkvæma þær að eigin frumkvæði, eins og tilgreint er í viðaukunum. Framkvæmdastjórnin skal veita heimildir til innlendra yfirvalda í skilningi 2. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ([9]), í kjölfar auglýsingar eftir tillögum.

2. Framkvæma skal forkannanirnar til að meta mikilvægi og hagkvæmni við söfnun gagna. Framkvæmdastjórnin skal meta niðurstöður forkannana með tilliti til ávinnings af því að gögnin séu tiltæk, með tilliti til kostnaðarins við söfnun þeirra og byrði á fyrirtæki af þeim sökum.

3. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið og ráðið um niðurstöður forkannananna.

4. Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, með því að bæta við hana á grundvelli mats á forkönnununum í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr.

([9]) Stjtíð. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

5. gr.

Öflun gagna

1. Aðildarríki skulu afla nauðsynlegra gagna til að fylgjast með könnunaratriðunum í skránum sem um getur í einingunum í 3. gr.

2. Aðildarríkin geta aflað nauðsynlegra gagna með því að tengja saman mismunandi heimildir sem eru tilgreindar hér að neðan og beita til þess grundvallarreglunni um einföldun stjórnsýslu:

a) skyldukannanir: lögformlegu einingunum, sem tilheyra eða eru settar saman úr hagskýrslueiningunum sem aðildarríkin kalla eftir, ber skylda til að láta í té nákvæmar og ítarlegar upplýsingar innan tilskilins frests,

b) aðrar heimildir, sem eru að minnsta kosti jafngildar að því er varðar nákvæmni og gæði,

c) tölfræðilegar matsaðferðir, þar sem sumum könnunaratriðunum hefur ekki verið fylgt fyrir allar einingarnar.

3. Innlend yfirvöld og framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skulu, með þeim takmörkunum og skilyrðum sem hvert aðildarríki og framkvæmdastjórnin setur með hliðsjón af valdheimildum þessara aðila, hafa aðgang að stjórnsýslugögnum hver á eigin sviði opinberrar stjórnsýslu til að draga úr svarbyrði, að því marki sem þessi gögn eru nauðsynleg til að uppfylla nákvæmniskröfurnar sem um getur í 6. gr. Einnig skal, þar sem það er mögulegt, nota viðeigandi stjórnsýslugögn til að uppfylla upplýsingaskyldu þessarar reglugerðar.

4. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu, með hliðsjón af valdsviði þessara aðila, stuðla að aukinni notkun rafræns gagnaflutnings og meiri sjálfvirkni í gagnavinnslu.

6. gr.

Nákvæmni

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að innsend gögn endurspegli þýðissamsetningu hagskýrslueininganna, sem mælt er fyrir um í viðaukunum.

2. Fara skal fram gæðamat þar sem ávinningurinn af því að hafa gögnin til reiðu er borinn saman við söfnunarkostnað og byrði fyrirtækja, einkum lítilla fyrirtækja.

3. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni, að beiðni hennar, allar nauðsynlegar upplýsingar vegna matsins sem um getur í 2. málsgrein.

7. gr.

Samanburðarhæfi

1. Aðildarríkin skulu afhenda samanburðarhæfar niðurstöður frá gögnum sem safnað var og voru metin í kjölfar sundurliðunarinnar sem mælt er fyrir um fyrir hverja einingu í 3. gr. og viðkomandi viðaukum.

2. Aðildarríkin skulu afhenda hlutalandsniðurstöður eftir þeim stigum atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) sem mælt er fyrir um í viðaukunum, eða eru ákvörðuð í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr., til að unnt sé að taka saman heildarniðurstöður Bandalagsins.

8. gr.

Afhending niðurstaðna

1. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) niðurstöðurnar, sem mælt er fyrir um í 7. gr. þessarar reglugerðar, ásamt trúnaðargögnum, í samræmi við gildandi ákvæði Bandalagsins um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum, einkum reglugerð ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 ([10]). Þessi Bandalagsákvæði gilda um meðferð niðurstaðnanna að svo miklu leyti sem þær hafa að geyma trúnaðargögn.

2. Afhenda skal niðurstöðurnar á viðeigandi tæknilegu sniði og innan frests er reiknast frá lokum viðmiðunartímabilsins sem mæla skal fyrir um til samræmis við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, sem um getur í 3. mgr. 12. gr., fyrir einingarnar sem kveðið er á um í a til h og j-lið 2. mgr. 3. gr. og skal ekki vera lengri en 18 mánuðir. Fresturinn fyrir einingunа, sem kveðið er á um í i-lið 2. mgr. 3. gr., skal ekki vera lengri en 30 mánuðir eða 18 mánuðir eins og mælt er fyrir um í 9. þætti IX. viðauka. Einnig skal afhenda nokkrar áætlaðar bráðabirgðaniðurstöður innan frests sem reiknast frá lokum viðmiðunartímabilsins sem mælt skal fyrir um í samræmi við málsmeðferð fyrir einingarnar, eins og um getur í a til g-lið 2. mgr. 3. gr., og skal ekki vera lengri en 10 mánuðir. Frestur á afhendingu bráðabirgðaniðurstaðna skal ekki vera lengri en 18 mánuðir fyrir einingunа sem kveðið er á um í i-lið 2. mgr. 3. gr.

3. Aðildarríkin geta merkt gögn til að nota aðeins sem framlag til samtalna Evrópuhagreikninga (CETO) í því skyni að lágmarka byrði fyrirtækja og kostnað innlendra hagskýrsluyfirvalda. Hvorki skal Hagstofa Evrópusambandsins birta þessi gögn né aðildarríki merkja gögn sem birt eru innanlands með merkingu á framlagi til samtalna Evrópuhagreikninga (CETO-fána). Notkun CETO-fána skal vera háð hlutdeild einstakra aðildarríkja í heildarvirðisauka Evrópusambandsins í atvinnurekstri eins og hér segir:

a) Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Bretland: Hægt er að senda gögn sem merkt eru sem framlag til samtalna Evrópuhagreikninga fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, (NACE 2. endursk.), undirgreinarstigs og fyrir

([10]) Stjtíð. EB L 151, 15.6.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

sundurliðun á stærðarflokkum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.), flokksstig. Að hámarki má merkja við í 15% reitanna.

b) Belgía, Danmörk, Írland, Grikkland, Spánn, Holland, Austurríki, Pólland, Portúgal, Finnland og Svíþjóð: Hægt er að senda gögn sem merkt eru sem framlag til samtalna Evrópuhagreikninga fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, (NACE 2. endursk.), undirgreinarstig og fyrir sundurliðun á stærðarflokkum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.), flokksstig. Að hámarki má merkja við í 25% reitanna. Einnig er hægt að senda til viðbótar gögn merkt sem framlag til samtalna Evrópuhagreikninga ef, í einhverjum af þessum aðildarríkjum, hlutur atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) undirgreina eða stærðarflokka atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) flokks er lægri en 0,1% hagkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis.

c) Búlgaría, Tékkland, Eistland, Króatía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Ungverjaland, Malta, Rúmenía, Slóvenía og Slóvakía: Hægt er að senda gögn er merkt eru sem framlag til samtalna Evrópuhagreikninga fyrir flokks- og undirgreinarstig atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE, 2. endursk.) og sundurliðun á stærðarflokkum atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) á flokksstigi. Að hámarki má merkja 25% reitanna á flokksstigi.

Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, í tengslum við endurskoðun reglna um merkingu á framlagi til samtalna Evrópuhagreikninga og flokkunar aðildarríkja sem skal samþykkja í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, eins og um getur í 3. mgr. 12. gr. fyrir 29. apríl 2013, og á fimm ára fresti upp frá því.

9. gr.

Upplýsingar um framkvæmd

Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni, að beiðni hennar, viðeigandi upplýsingar varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar í aðildarríkjunum.

10. gr.

Umbreytingartímabil

1. Heimilt er að veita undanþágur frá ákvæðum viðaukanna um umbreytingartímabil til samræmis við reglunefndarmeðferðina, sem vísað er til í 2. mgr. 12. gr., þegar innlend hagskýrslukerfi þarfnast verulegrar aðlögunar.

2. Heimilt er að framlengja umbreytingartímabil aðildarríkis til að taka saman hagskýrslur þegar ógerlegt er að hlíta ákvæðum þessarar reglugerðar vegna undanþága, sem veittar voru samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93 frá 22. júlí 1993 um samræmingu í Bandalaginu á gerð fyrirtækjaskráa með tilliti til hagskýrslna ([11]).

11. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Samþykkja skal eftirfarandi ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar þessari reglugerð, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr.:

a) ákvarða skilgreiningar á könnunaratriðunum og mikilvægi þeirra fyrir tiltekna starfsemi (3. gr. og 2. mgr. 4. þáttar I. viðauka),

b) ákvarða skilgreiningar á viðmiðunartímabilinu (3. gr.),

c) ákvarða viðeigandi tæknisnið fyrir afhendingu niðurstaðna (8. gr. og 2. mgr. 9. þáttur I. viðauka),

d) ákvarða umbreytingartímabilið og frávik frá ákvæðum þessarar reglugerðar, veitt á því tímabili (10. grein og 11. þáttur I. viðauka, 10. þáttur II. viðauka, 9. þáttur III. viðauka, 8. þáttur VIII. viðauka og 13. þáttur IX. viðauka),

e) koma á fót skrá yfir könnunaratriði sem verða afhent með sameiginlegri atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna sem stofnað var til með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 ([12]) (hér á eftir nefnd atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 1.1. endursk.)) fyrir árið 2008 og upplýsingar um frágang niðurstaðna (2. mgr. 9. þáttur I. viðauka),

f) ákvarða notkun sveigjanlegrar einingar sem um getur í j-lið 2. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr., og

g) ákvarða málsmeðferðarreglur sem ber að fylgja með tilliti til sérstakrar gagnasöfnunar eins og um getur í 3. og 4. mgr. 4. þætti II. viðauka, 3. mgr. 3. þætti III. viðauka og 3. mgr. 3. þætti IV. viðauka.

2. Samþykkja skal eftirfarandi ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar og er ætlað að breyta þeim þáttum hennar sem ekki teljast grundvallaratriði, m.a. með því að auka við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr.:

a) uppfærsla skránna yfir könnunaratriði og bráðabirgðaniðurstöður, að svo miklu leyti sem slík uppfærsla valdi ekki, að loknu megindlegu mati, fjölgun eininga sem eftirlit er haft með eða byrði sem er í röngu hlutfalli við væntanlegan árangur (4. og 8. gr. og 6. þáttur I. viðauka, 6. þáttur II. viðauka, III. viðauka, 6. þáttur og 6. þáttur IV. viðauka),

b) ákvarða samantektartíðni hagskýrslnanna (3. gr.),

c) ákvarða reglur flöggunar gagna sem eru framlag til samtalna Evrópuhagreikninga (CETO) (3. mgr. 8. gr.),

d) ákvarða fyrsta viðmiðunarárið fyrir samantekt niðurstaðna (8. gr. og 5. þáttur I. viðauka),

e) ákvarða sundurliðun niðurstaða, einkum flokkunina sem er notuð og samsetningu stærðarflokka (7. gr. og 2. og 3. mgr. 4. þáttur VIII. viðauka, 2. og 3. mgr. 8. þáttur IX. viðauka og 10. þáttur IX. viðauka),

([11]) Stjtíð. EB L 196, 5.8.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

([12]) Stjtíð. EB L 293, 24.10.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1893/2006.

f) uppfæra tímabil fyrir afhendingu gagna (8. gr. og 1. mgr. 8. þáttur I. viðauka og 7. þáttur VI. viðauka),

g) aðlaga sundurliðun á starfsemi við breytingar eða endurskoðun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna og sundurliðun vara til breytinga eða endurskoðana á vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA),

h) þær sem voru samþykktar á grunni mats forkannana (4. mgr. 4. gr.),

i) breyting lægri marka fyrir viðmiðunarþýðið (3. þáttur VIII. viðauka) og

j) ákvarða viðmiðanna fyrir gæðamat (6. gr. og 6. þáttur I. viðauka, 6. þáttur II. viðauka, 6. þáttur III. viðauka og 6. þáttur IV. viðauka).

12. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndar Evrópubandalaganna sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ([13]).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

13. gr.

Skýrsla

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 29. apríl 2011 og síðan þriðja hvert ár, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um hagskýrslurnar sem teknar eru saman samkvæmt þessari reglugerð og sér í lagi um gæði þeirra og byrði á fyrirtæki.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í skýrslunum sem um getur í 1. málsgrein, leggja til þær breytingar sem hún telur nauðsynlegar.

14. gr.

Niðurfelling

1. Reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 falli úr gildi. Einnig falli 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1893/2006 úr gildi.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð frá og með viðmiðunarárinu 2008 og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XI. viðauka. Ákvæði reglugerðar (EB, KBE) nr. 58/97 skulu gilda áfram að því er varðar söfnun, samantekt og afhendingu gagna fyrir viðmiðunarárin til og með 2007.

15. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. mars 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

H.-G. PÖTTERING

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. LENARČIČ

([13]) Stjtíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

I. VIÐAUKI

SAMEIGINLEG EINING FYRIR ÁRLEGAR GRUNNHAGTÖLUR

1. ÞÁTTUR

Markmið

Markmiðið með þessum viðauka er að setja sameiginlegan ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum Bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í aðildarríkjunum.

2. ÞÁTTUR

Gildissvið

Hagskýrslurnar sem taka á saman munu varða sviðin sem um getur í a-, b-, c- og e-lið 1. gr., einkum greiningu á virðisauka og meginþáttum hans.

3. ÞÁTTUR

Umfang

1. Taka ber saman hagskýrslur fyrir starfsemina sem skráð er í 9. þætti.

2. Gera ber forkannanir um starfsemina sem minnst er á í 10. þætti.

4. ÞÁTTUR

Könnunaratriði

1. Í eftirfarandi skrám yfir könnunaratriði er tegund hagskýrslueiningarinnar, sem taka á saman hagskýrslur um, tilgreind þegar við á.

2. Mælt verður fyrir um samsvarandi titla könnunaratriða, sem taka á saman hagskýrslur um fyrir starfsemi í bálki K í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og svara að mestu leyti til þeirra sem gefnar voru upp í 3.–5. mgr., í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr.

3. Árlegar lýðfræðilegar hagtölur:

Kóði	Titill
	Skipulagsupplýsingar
11 11 0	Fjöldi fyrirtækja
11 21 0	Fjöldi starfsstöðva

4. Könnunaratriði fyrirtækja sem taka á saman árlega hagskýrslu um:

Kóði	Titill
	Bókhaldsgögn
12 11 0	Velta
12 12 0	Framleiðsluverðmæti
12 15 0	Vinnsluvirði á þáttaverði
12 17 0	Vergur rekstrarafgangur
13 11 0	Heildarkaup á vörum og þjónustu
13 12 0	Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi

Kóði	Titill
13 13 1	Greiðslur til vinnumiðlana vegna afleysingafólks
13 31 0	Starfsmannakostnaður
13 32 0	Laun
13 33 0	Kostnaður vegna almannatrygginga
	Gögn tengd fjármagnsreikningi
15 11 0	Verg fjárfesting í efnislegum fjármunum
	Gögn um starfsmannahald
16 11 0	Fjöldi starfsmanna
16 13 0	Fjöldi launþega
16 14 0	Fjöldi launþega í heilum stöðugildum

5. Könnunaratriði sem árlega ber að taka saman svæðishagskýrslur um:

Kóði	Titill
	Bókhaldsgögn
13 32 0	Laun
	Gögn um starfsmannahald
16 11 0	Fjöldi starfsmanna

6. Gera ber forkannanir um könnunaratriðin sem minnst er á í 10. þætti.

5. ÞÁTTUR

Fyrsta viðmiðunarár

Almanaksárið 2008 er fyrsta viðmiðunarárið þegar samantekt hagskýrslna fer fram. Gögn verða tekin saman samkvæmt sundurliðuninni í 9. þætti. Þó skal ákvarða fyrsta viðmiðunarárið fyrir samantekt hagskýrslna um atvinnugreinaflokka, sem falla undir flokka 64.2, 64.3 og 64.9 og 66. deild í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, 2. endursk.), í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 12. gr.

6. ÞÁTTUR

Skýrsla um gæði hagskýrslna

Fyrir hvert lykilkönnunaratriði munu aðildarríkin tilgreina nákvæmni sem samsvarar 95% öryggisstigi og skal framkvæmdastjórnin hafa þær upplýsingar með í skýrslunni, sem kveðið er á um í 13. gr., að teknu tilliti til beitingar þeirrar greinar í hverju aðildarríki. Mælt verður fyrir um lykilkönnunaratriði í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, eins og um getur í 3. mgr. 12. gr.

7. ÞÁTTUR

Frágangur niðurstaðna

1. Niðurstöðurnar skulu sundurliðaðar í stærðarflokka þar sem talin er upp starfsemin sem skráð er í 9. þætti.

2. Sumar niðurstöður skulu einnig sundurliðaðar í stærðarflokka fyrir hvern flokk starfsemi sem er skráð í 9. þætti.

3. Sundurliða skal niðurstöður svæðishagskýrslna í samræmi við tveggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (deildir) og 2. stig í sameiginlegri flokkun hagskýrslusvæða sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 ([14]) (hér á eftir nefnt flokkun hagskýrslusvæða).

([14]) Stjtíð. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 105/2007 (Stjtíð. ESB L 39, 10.2.2007, bls. 1).

8. ÞÁTTUR

Afhending niðurstaðna

1. Afhenda ber niðurstöðurnar innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins, nema að því er varðar atvinnugreinaflokk 64.11 og starfsemi í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, 2. endursk.) sem fellur undir V., VI. og VII. viðauka. Afhendingarfrestur, að því er varðar atvinnugreinaflokk 64.11 í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, 2. endursk.), er 10 mánuðir. Mælt er fyrir um afhendingarfrest, að því er varðar starfsemi sem fellur undir V., VI. og VII. viðauka, í þessum viðaukum. Afhendingarfresturinn, sem hlýst af atvinnugreinaflokkum er falla undir undirgreinar 64.2, 64.3 og 64.9 og 66. deild í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., verður þó ákveðinn í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr.

2. Afhenda skal innlendar bráðabirgðaniðurstöður eða -mat á hagskýrslum fyrirtækja, sem teknar eru saman um þau könnunaratriði sem talin eru upp hér á eftir, innan 10 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins, nema að því er varðar 64. og 65. deild atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.):

Kóði	Titill
	Bókhaldsgögn
12 11 0	Velta
	Gögn um starfsmannahald
16 11 0	Fjöldi starfsmanna

Bráðabirgðaniðurstöður þessar eða -mat ber að sundurliða í samræmi við þriggja tölustafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (flokkur). Ákvarða skal afhendingu bráðabirgðaniðurstaðna eða -mats um 66. deild atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr.

9. ÞÁTTUR

Sundurliðun starfsemi

1. Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður frá og með viðmiðunarárinu 2008, sundurliðaðar í undirgreinar atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) fyrir bálka B til N og deild 95, til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

2. Aðildarríkjum ber, með fyrirvara um 1. mgr. 2. gr., að afhenda framkvæmdastjórninni hagskýrslur um skipulag fyrirtækja fyrir viðmiðunarárið 2008, bæði samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE) 1.1. endursk. og 2. endursk.

   Ákveðið verður með skrána yfir könnunaratriði, sem afhenda á með atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, (NACE 1.1. endursk.) og upplýsingar varðandi frágang niðurstaðna í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr.

10. ÞÁTTUR

Skýrslur og forkannanir

1. Framkvæmdastjórnin mun hefja röð forkannana fyrir starfsemi, sem fellur undir bálka P til R og 94. og 96. deild bálks S í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.), til að prófa hagkvæmni þess að ná yfir markaðsstarfsemi í þessum þáttum.

2. Framkvæmdastjórnin mun hefja röð forkannana fyrir könnunaratriði sem tengjast reikningsskilum og fjárfestingum í óefnislegum eignum, útbúa eyðublöð til að skipuleggja framleiðslukerfið og samanburðarhæfi á milli hagskýrslna um skipulag fyrirtækja og vinnumarkaðar og framleiðnihagtalna. Forkannanir þessar verða aðlagaðar sérstökum eiginleikum þáttanna.

11. ÞÁTTUR

Umbreytingartímabil

2. Lýðfræðilegar breytur og fyrirtækjabreytur sem taka skal saman árlegar hagskýrslur um (einungis fyrir fyrirtæki með sjálfstæða lífeyrissjóði)

Kóði	Titill	Athugasemd
Skipulagsupplýsingar		
11 11 0	*Fjöldi fyrirtækja*	
11 11 8	Fjöldi fyrirtækja, sundurliðuð eftir stærð fjárfestinga	
11 11 9	Fjöldi fyrirtækja, sundurliðuð eftir stærðarflokkum félagsaðila	
11 61 0	Fjöldi lífeyriskerfa	Valkvætt
Bókhaldsgögn: rekstrarreikningur (tekjur og útgjöld)		
12 11 0	*Velta*	

Kóði	Titill	Athugasemd
48 00 1	Lífeyrisiðgjöld frá félagsaðilum	
48 00 2	Lífeyrisiðgjöld frá vinnuveitendum	
48 00 3	Flutt réttindi í sjóðinn	
48 00 4	Önnur lífeyrisiðgjöld	
48 00 5	Lífeyrisiðgjöld til kerfa með fyrirfram skilgreind réttindi	
48 00 6	Lífeyrisiðgjöld til kerfa þar sem lífeyrisréttindi ákvarðast af framlögum í sjóðinn	
48 00 7	Lífeyrisiðgjöld til blandaðra kerfa	
48 01 0	Fjárfestingartekjur (e. PF)	
48 01 1	Söluhagnaður og -tap	
48 02 1	Óinnheimtar vátryggingakröfur	
48 02 2	Aðrar tekjur (e. PF)	
12 12 0	*Framleiðsluverðmæti*	
12 14 0	Vinnsluvirði á grunnverði	Valkvætt
12 15 0	*Vinnsluvirði á þáttaverði*	
48 03 0	Heildarútgjöld vegna lífeyris	
48 03 1	Reglubundnar lífeyrisgreiðslur	
48 03 2	Eingreiðslur lífeyris	
48 03 3	Flutt réttindi úr sjóði	
48 04 0	Hrein breyting á vátryggingaskuld (varasjóðir)	
48 05 0	Ógreidd vátryggingaiðgjöld	
48 06 0	Heildarrekstrarkostnaður	
13 11 0	*Heildarkaup á vörum og þjónustu*	
13 31 0	*Starfsmannakostnaður*	
15 11 0	*Verg fjárfesting í efnislegum fjármunum*	
48 07 0	Allir skattar	
	Upplýsingar í efnahagsreikningi: eignir	
48 11 0	Lóðir og húseignir (e. PF)	
48 12 0	Fjárfestingar í eignatengdum fyrirtækjum og eignarhlutum (e. PF)	
48 13 0	Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	
48 13 1	Hlutabréf sem viðskipti eru stunduð með á skipulegum markaði	
48 13 2	Hlutabréf sem viðskipti hafa verið stunduð með á skipulegum markaði sem er sérhæfður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki	
48 13 3	Hlutabréf sem ekki eru stunduð opinber viðskipti með	
48 13 4	Önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun	
48 14 0	Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum	
48 15 0	Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun	
48 15 1	Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun sem opinber stofnun gefur út	Valkvætt
48 15 2	Önnur skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun	Valkvætt
48 16 0	Hlutdeild í fjárfestingasjóðum (e. PF)	
48 17 0	Veðlán og önnur lán sem ekki eru tilgreind annars staðar	
48 18 0	Aðrar fjárfestingar	
48 10 0	Heildarfjárfestingar lífeyrissjóða	
48 10 1	Heildarfjárfestingar í „fjármögnunarfyrirtækinu“	

Kóði	Titill	Athugasemd
48 10 4	Heildarfjárfestingar á markaðsverði	
48 20 0	Aðrar eignir	
	Upplýsingar í efnahagsreikningi: skuldir	
48 30 0	Eigið fé og varasjóðir	
48 40 0	Hrein vátryggingaskuld alls (e. PF)	
48 50 0	Aðrar skuldir	
	Gögn um innri markaðinn og alþjóðavæðingu	
48 61 0	Landfræðileg sundurliðun á veltu	
48 62 0	Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun, sundurliðuð eftir staðsetningu	Valkvætt
48 63 0	Heildarfjárfestingar, sundurliðaðar eftir staðsetningu	Valkvætt
48 64 0	Heildarfjárfestingar, sundurliðaðar í hluta í evrum og hluta sem eru ekki í evrum	
	Gögn um starfsmannahald	
16 11 0	*Fjöldi starfsmanna*	
	Aðrar upplýsingar	
48 70 0	Fjöldi félagsaðila	
48 70 1	Fjöldi félagsaðila að kerfum með fyrirfram skilgreind réttindi	
48 70 2	Fjöldi félagsaðila að kerfum ákvarðaðra iðgjalda	
48 70 3	Fjöldi félagsaðila að blönduðum kerfum	
48 70 4	Fjöldi virkra félagsaðila	
48 70 5	Fjöldi félagsaðila sem eiga geymd réttindi	
48 70 6	Fjöldi starfsmanna á eftirlaunum	

3. Könnunaratriði fyrirtækja sem taka skal saman hagskýrslur um (einungis fyrir fyrirtæki með lífeyrissjóði sem ekki eru sjálfstæðir):

Kóði	Titill	Athugasemd
	Skipulagsupplýsingar	
11 15 0	Fjöldi fyrirtækja með lífeyrissjóði sem eru ekki sjálfstæðir	
	Bókhaldsgögn: rekstrarreikningur (tekjur og útgjöld)	
48 08 0	Velta lífeyrissjóða sem eru ekki sjálfstæðir	Valkvætt

5. ÞÁTTUR

Fyrsta viðmiðunarár

Almanaksárið 2008 er fyrsta viðmiðunarárið þegar árlegar hagskýrslur eru teknar saman um könnunaratriðin sem skráð eru í 4. þætti.

6. ÞÁTTUR

Frágangur niðurstaðna

1. Sundurliða skal niðurstöður könnunaratriðanna, sem skráðar eru í 2. mgr. 4. þáttar, í samræmi við fjögurra stafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) (atvinnugrein).

2. Sundurliða skal niðurstöður könnunaratriðanna, sem skráðar eru í 3. mgr. 4. þáttar, í samræmi við fjögurra stafa sundurliðun atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.)

7. ÞÁTTUR

Afhending niðurstaðna

Afhenda á niðurstöðurnar eigi síðar en 12 mánuðum frá lokum viðmiðunarársins.

8. ÞÁTTUR

Nefnd evrópskra eftirlitsaðila með vátryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum

Framkvæmdastjórnin mun tilkynna nefnd evrópskra eftirlitsaðila með vátryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum um framkvæmd þessarar einingar og allar ráðstafanir vegna aðlögunar að efnahagslegri og tæknilegri þróun að því er varðar söfnun og tölfræðilega úrvinnslu gagna og úrvinnslu og afhendingu niðurstaðna.

9. ÞÁTTUR

Forkannanir

Framkvæmdastjórnin lætur fara fram eftirfarandi forkannanir, sem aðildarríkjunum ber að annast, að því er varðar starfsemi sem fellur undir þennan viðauka:

1. Ítarlegri upplýsingar um starfsemi lífeyrissjóða yfir landamæri:

Kóði	Titill
	Skipulagsupplýsingar
11 71 0	Fjöldi fyrirtækja með félagsaðila í öðrum EES-löndum
11 72 0	Fjöldi fyrirtækja með virka félagsaðila í öðrum EES-löndum
	Gögn um innri markað og alþjóðavæðingu
48 65 0	Landfræðileg sundurliðun á fjölda félagsaðila eftir kyni
48 65 1	Landfræðileg sundurliðun á fjölda félagsaðila eftir aðild að kerfum ákvarðaðra réttinda
48 65 2	Landfræðileg sundurliðun á fjölda félagsaðila eftir aðild að kerfum ákvarðaðra iðgjalda
48 65 3	Landfræðileg sundurliðun á fjölda félagsaðila eftir aðild að breytilegum kerfum
48 65 4	Landfræðileg sundurliðun á fjölda virkra félagsaðila
48 65 5	Landfræðileg sundurliðun á fjölda félagsaðila sem eiga geymd réttindi
48 65 6	Landfræðileg sundurliðun á fjölda starfsmanna á eftirlaunum
48 65 7	Landfræðileg sundurliðun á lífeyrisþegum sem fá maka- og barnalífeyri
	Aðrar upplýsingar
48 70 7	Fjöldi kvenkyns félagsaðila

2. Frekari upplýsingar um lífeyrissjóði sem ekki eru sjálfstæðir

Kóði	Titill
	Skipulagsupplýsingar
11 15 1	Fjöldi fyrirtækja sem hafa lífeyrissjóði sem ekki eru sjálfstæðir, sundurliðaður eftir stærðarflokkum félagsaðila
	Upplýsingar í efnahagsreikningi: skuldir
48 40 1	Hrein vátryggingaskuld lífeyrissjóða sem ekki eru sjálfstæðir
	Aðrar upplýsingar
48 72 0	Fjöldi félagsaðila að lífeyrissjóðum sem ekki eru sjálfstæðir
	Gögn um innri markað og alþjóðavæðingu
48 66 1	Landfræðileg sundurliðun á fjölda virkra félagsaðila að lífeyrissjóðum sem ekki eru sjálfstæðir

Kóði	Titill
48 66 2	Landfræðileg sundurliðun á fjölda félagsaðila sem eiga geymd réttindi í lífeyrissjóðum sem ekki eru sjálfstæðir
48 66 3	Landfræðileg sundurliðun á fjölda lífeyrisþega sem fá eftirlaun úr lífeyrissjóðum sem ekki eru sjálfstæðir
48 66 4	Landfræðileg sundurliðun á fjölda lífeyrisþega sem fá maka- og barnalífeyri úr lífeyrissjóðum sem ekki eru sjálfstæðir
Bókhaldsgögn: rekstrarreikningur (tekjur og útgjöld)	
48 09 0	Lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða sem ekki eru sjálfstæðir

3. Gögn um afleiður og liði utan efnahagsreiknings.

Markmiðið með þessum forkönnunum er að meta hversu mikilvægt og hagkvæmt er að útvega gögn, að teknu tilliti til ávinningsins af því að gögnin séu til reiðu borið saman við kostnaðinn við að safna þeim og byrðina á fyrirtæki.

10. ÞÁTTUR

Umbreytingartímabil

Eigi má veita umbreytingartímabil.

VIII. VIÐAUKI

SUNDURLIÐUÐ EINING FYRIR GRUNNHAGTÖLUR UM SKIPULAG VIÐSKIPTAÞJÓNUSTU

1. ÞÁTTUR

Markmið

Markmiðið með þessum viðauka er að koma á fót sameiginlegum ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum Bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu viðskiptaþjónustugeirans.

2. ÞÁTTUR

Gildissvið

Hagskýrslur sem teknar verða saman munu tengjast sviðum sem um getur í a- til d- og f-lið 1. gr., sérstaklega skrá yfir könnunaratriði vegna nákvæmrar greiningar á skipulagi, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu viðskiptaþjónustu.

3. ÞÁTTUR

Umfang

Taka skal saman hagskýrslur um alla starfsemi sem 62., 69., 71., 73. og 78. deild og flokkar 58.2, 63.1 og 70.2 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) ná yfir. Svið þessi ná yfir hluta útgáfustarfsemi, starfsemi við þjónustu á sviði upplýsingatækni, hluta af starfsemi við upplýsingaþjónustu og faglega, vísindalega og tæknilega starfsemi og atvinnustarfsemi. Hagskýrslur í þessari einingu vísa til þýðis allra fyrirtækja með 20 eða fleiri starfsmenn, þegar aðalstarfsemi þeirra flokkast í ofangreindar deildir og flokka. Framkvæmdastjórnin getur, í fyrsta lagi 2011, hafið könnun á nauðsyn og hagkvæmni breytinga á lægri mörkum viðmiðunarþýðisins. Á grundvelli þessarar rannsóknar ber að samþykkja ráðstafanir sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr.

4. ÞÁTTUR

Könnunaratriði

1. Skráin yfir könnunaratriði og hagskýrslur sem sett er fram hér á eftir gefur til kynna hagtölur sem á að taka saman með árlegri endurskoðun eða annað hvert ár. Skáletruðu hagskýrslurnar og könnunaratriðin eru einnig færðar í skrár í sameiginlegu einingunni sem er skilgreind í I. viðauka.

2. Könnunaratriði sem taka á saman árlegar hagskýrslur fyrir að því er varðar fyrirtæki í deildum 62 og 78 og flokkum 58.2, 63.1 og 73.1 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.):

Kóði	Titill	Athugasemd
	Skipulagsupplýsingar	
11 11 0	*Fjöldi fyrirtækja*	
	Sundurliðun veltu eftir vörutegundum	
12 11 0	Sundurliðun *veltu* eftir vörum (samkvæmt vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA))	Ákvarðað verður um sundurliðun vara í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun eins og um getur í 3. mgr. 12. gr.

Kóði	Titill	Athugasemd
	Upplýsingar um búsetu viðskiptavinar	
12 11 0	*Velta* eftir búsetu viðskiptavinar, einkum: Heimilisfastur einstaklingur Ekki heimilisfastur einstaklingur, þar af – Innan ESB – Utan ESB	

3. Könnunaratriði sem taka á saman hagskýrslur fyrir til tveggja ára að því er varðar fyrirtæki í flokkum 69.1, 69.2, 70.2, 71.1, 71.2 og 73.2 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.):

Kóði	Titill	Athugasemd
	Skipulagsupplýsingar	
11 11 0	*Fjöldi fyrirtækja*	
	Sundurliðun veltu eftir vörutegundum	
12 11 0	Sundurliðun veltu eftir vörum (samkvæmt vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA))	Ákvarðað verður um sundurliðun vara í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun eins og um getur í 3. mgr. 12. gr.
	Upplýsingar um búsetu viðskiptavinar	
12 11 0	*Velta* eftir búsetu viðskiptavinar, einkum: Heimilisfastur einstaklingur Ekki heimilisfastur einstaklingur, þar af – Innan ESB – Utan ESB	

5. ÞÁTTUR

Fyrsta viðmiðunarár

Árið 2008 er fyrsta viðmiðunarárið sem taka á saman árlegar hagtölur um að því er varðar starfsemi sem nær yfir deildir 62 og 78 og flokka 58.2, 63.1 og 73.1 atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og sem taka á saman hagtölur um fyrir annað hvert ár, skv. flokkum 69.1, 69.2 og 70.2 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.). Árið 2009 er fyrsta viðmiðunarárið sem taka á saman hagtölur um fyrir annað hvert ár að því er varðar starfsemi sem nær yfir flokka 71.1, 71.2 og 73.2 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.)

6. ÞÁTTUR

Frágangur niðurstaðna

1. Aðildarríki eiga að afhenda hlutalandsniðurstöður sundurliðaðar í deildir 62 og 78 og flokka 58.2, 63.1, 69.1, 69.2, 70.2, 71.1, 71.2, 73.1 og 73.2 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) til að unnt verði að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

2. Einnig þarf að sundurliða veltuniðurstöður eftir vörum og búsetu viðskiptavinar fyrir deildir 62 og 78 og flokka 58.2, 63.1, 69.1, 69.2, 70.2, 71.1, 71.2, 73.1 og 73.2. í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, endursk. 2).

7. ÞÁTTUR

Afhending niðurstaðna

Afhenda ber niðurstöðurnar innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins.

8. ÞÁTTUR

Umbreytingartímabil

Umbreytingartímabilið, að því er varðar sundurliðuðu eininguna sem er skilgreind í þessum viðauka, getur ekki vera lengra en þrjú ár að telja frá fyrstu viðmiðunarárunum sem eru gefin upp í 5. þætti fyrir samantekt hagskýrslna sem um getur í 4. þætti.

IX. VIÐAUKI

SUNDURLIÐUÐ EINING FYRIR GRUNNHAGTÖLUR UM SKIPULAG LÝÐFRÆÐI FYRIRTÆKJA

1. ÞÁTTUR

Markmið

Markmiðið með þessum viðauka er að koma á sameiginlegum ramma um söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum Bandalagsins um lýðfræði fyrirtækja.

2. ÞÁTTUR

Gildissvið

Hagskýrslur sem teknar verða saman munu tengjast sviðum sem um getur í a- til f-lið 1. gr., einkum skrá yfir könnunaratriði fyrir nákvæma greiningu þýðis starfandi fyrirtækja, stofnun nýrra fyrirtækja, niðurlagningu fyrirtækja og að nýstofnuð fyrirtæki séu enn í rekstri, og tengd áhrif á skipulag, starfsemi og þróun fyrirtækjaþýðis.

3. ÞÁTTUR

Umfang

1. Taka ber saman hagskýrslur fyrir starfsemina sem skráð er í 10. þætti.

2. Gera ber forkannanir um hagskýrslueiningarnar, starfsemina og lýðfræðilegu viðburðina sem skráðir eru í 12. þætti.

4. ÞÁTTUR

Skilgreiningar

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaks sem hér segir:

– „viðmiðunartímabil“: árið þegar kannað er þýði starfandi fyrirtækja, nýlega stofnaðra fyrirtækja, niðurlagðra fyrirtækja og fyrirtækja sem eru enn í rekstri. Það er nefnt „t“ í 5. þætti.

5. ÞÁTTUR

Könnunaratriði

1. Taka ber saman árlegar lýðfræðilegar hagtölur, þar sem fyrirtæki eruð notuð sem hagskýrslueiningar, fyrir eftirfarandi könnunaratriði:

Kóði	Titill
	Skipulagsupplýsingar
11 91 0	Þýði starfandi fyrirtækja í t
11 92 0	Fjöldi nýlega stofnaðra fyrirtækja í t
11 93 0	Fjöldi niðurlagðra fyrirtækja í t
11 94 1	Fjöldi nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-1 sem eru enn í rekstri til t
11 94 2	Fjöldi nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-2 sem eru enn í rekstri til t
11 94 3	Fjöldi nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-3 sem eru enn í rekstri til t
11 94 4	Fjöldi nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-4 sem eru enn í rekstri til t
11 94 5	Fjöldi nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-5 sem eru enn í rekstri til t

2. Taka þarf saman árlegar hagskýrslur fyrir könnunaratriði fyrirtækja vegna þýðis starfandi fyrirtækja, nýlega stofnaðra fyrirtækja, niðurlagðra fyrirtækja og fyrirtækja sem eru enn í rekstri:

Kóði	Titill
Gögn um starfsmannahald	
16 91 0	Fjöldi starfsmanna í þýði starfandi fyrirtækja í t
16 91 1	Fjöldi launþega í þýði starfandi fyrirtækja í t
16 92 0	Fjöldi starfsmanna í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t
16 92 1	Fjöldi launþega í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t
16 93 0	Fjöldi starfsmanna í þýði niðurlagðra fyrirtækja í t
16 93 1	Fjöldi launþega í þýði niðurlagðra fyrirtækja í t
16 94 1	Fjöldi starfsmanna í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-1 sem eru enn í rekstri til t
16 94 2	Fjöldi starfsmanna í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-2 sem eru enn í rekstri til t
16 94 3	Fjöldi starfsmanna í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-3 sem eru enn í rekstri til t
16 94 4	Fjöldi starfsmanna í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-4 sem eru enn í rekstri til t
16 94 5	Fjöldi starfsmanna í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-5 sem eru enn í rekstri til t
16 95 1	Fjöldi starfsmanna á stofnárinu í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-1 sem eru enn í rekstri til t
16 95 2	Fjöldi starfsmanna á stofnárinu í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-2 sem eru enn í rekstri til t
16 95 3	Fjöldi starfsmanna á stofnárinu í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-3 sem eru enn í rekstri til t
16 95 4	Fjöldi starfsmanna á stofnárinu í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-4 sem eru enn í rekstri til t
16 95 5	Fjöldi starfsmanna á stofnárinu í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-5 sem eru enn í rekstri til t

6. ÞÁTTUR

Fyrsta viðmiðunarár

Fyrsta viðmiðunarárið, þegar árleg samantekt hagskýrslna fer fram, er eftirfarandi:

Almanaksár	Kóði
2004	11 91 0, 11 92 0, 11 93 0, 16 91 0, 16 91 1, 16 92 0, 16 92 1, 16 93 0 og 16 93 1
2005	11 94 1, 16 94 1 og 16 95 1
2006	11 94 2, 16 94 2 og 16 95 2
2007	11 94 3, 16 94 3 og 16 95 3
2008	11 94 4, 16 94 4 og 16 95 4
2009	11 94 5, 16 94 5 og 16 95 5

7. ÞÁTTUR

Skýrsla um gæði hagskýrslna

Aðildarríkin munu leggja fram gæðaskýrslur sem munu gefa ábendingar um samanburðarhæfi könnunaratriða 11 91 0 og 16 91 0 við könnunaratriði 11 11 0 og 16 11 0 í I. viðauka og ef nauðsyn krefur að farið sé að ákvæðum afhentra gagna með sömu aðferðafræði og mælt var fyrir um í tilmælahandbókinni sem um getur í 11. þætti.

8. ÞÁTTUR

Frágangur niðurstaðna

1. Sundurliða ber niðurstöðurnar að því marki þar sem talin er upp starfsemin sem skráð er í 10. þætti.

2. Einnig skal sundurliða tilteknar niðurstöður, sem þarf að ákvarða í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr., í stærðarflokka á upplýsingastig sem eru skráð í 10. þætti, fyrir utan þætti L, M og N í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) þar sem sundurliðunar er einungis þörf á flokkastigi.

3. Einnig skal sundurliða tilteknar niðurstöður, sem þarf að ákvarða í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 12. gr., í samræmi við lagalegt form á upplýsingastig sem eru skráð í 10. þætti, fyrir utan þætti L, M og N í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) þar sem sundurliðunar er einungis þörf á flokkastigi.

9. ÞÁTTUR

Afhending niðurstaðna

Afhenda ber bráðabirgðaniðurstöður um könnunaratriði sem tengjast niðurlögn fyrirtækja (11 93 0, 16 93 0 og 16 93 1) innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins. Afhenda ber endurskoðaðar niðurstöður fyrir þessi könnunaratriði innan 30 mánaða frá sama viðmiðunartímabili, að lokinni staðfestingu á niðurlögn fyrirtækja eftir tveggja ára aðgerðaleysi. Afhenda ber allar aðrar niðurstöður innan 18 mánaða frá lokum almanaksárs viðmiðunartímabilsins.

Afhenda skal niðurstöður fyrir viðmiðunarárin fyrir 2008 sex mánuðum eftir árslok 2008, með undantekningu vegna endurskoðaðra niðurstaða fyrir niðurlögð fyrirtæki (11 93 0, 16 93 0 og 16 93 1) fyrir viðmiðunarárið 2007, sem skal afhenda 18 mánuðum eftir árslok 2008.

10. ÞÁTTUR

Sundurliðun starfsemi

1. Eftirfarandi er gefið upp fyrir gögn viðmiðunaráranna 2004–2007, að meðtaldri eftirfarandi sundurliðun sem vísar í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 1.1. endursk.):

Bálkur C

Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar í bálkaþrep atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 1.1 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

Bálkur D

Framleiðsla

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar í bálkaþrep atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 1.1 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

Bálkar E og F

Rafmagns-, gas- og vatnsveitur og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar í bálkaþrep atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 1.1 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

Bálkur G

Heildverslun og smásöluverslun; viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum og vörum til einkanota og heimilisnota

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður í fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 1.1.endursk.) G-kóða 50, 51, 52, 52.1, 52.2, 52.3 + 52.4 + 52.5, 52.6 og 52.7 til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

Bálkur H

Rekstur gististaða og veitingarekstur

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður í fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 1.1.endursk.) kóða 55, 55.1 + 55.2 og 55.3 + 55.4 + 55.5 til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

Bálkur I

Flutningar, geymsla og samskiptatækni

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður í fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 1.1.endursk.) I-kóða 60, 61, 62, 63, 64, 64.1 og 64.2 til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

Bálkur J

Fjármálaþjónusta

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar eftir deildum atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 1.1 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

Bálkur K

Sala og rekstur fasteigna

Undirgrein 74.15 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, endursk. 1.1) er undanskilin frá gildissviði þessa viðauka. Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar eftir undirgreinastigi atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 1.1 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

2. Gögn viðmiðunarársins 2008 og framvegis verða lögð fram með eftirfarandi sundurliðun á starfsemi sem um getur í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.):

Bálkur B

Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar í bálkaþrep atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

Bálkur C

Framleiðsla

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2.endursk.) C-kóða 10 + 11 + 12, 13 + 14, 15, 16, 17 + 18, 19, 20 + 21, 22, 23, 24 + 25, 26 + 27, 28, 29 + 30, 31 + 32 og 33 til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

Bálkar D, E og F

Rafmagns-, gas- og gufuveitur, loftræstikerfi, vatnsveita, fráveitukerfi, meðhöndlun úrgangs og afmengunarstarfsemi, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar í bálkaþrep atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

Bálkur G

Heildverslun og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður í fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) G-kóða 45, 46, 47, 47.1, 47.2, 47.3, 47.4 + 47.5 + 47.6 + 47.7 og 48.8 + 48.9 til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

Bálkar H og I

Flutningar og geymsla, rekstur gististaða og veitingarekstur

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar eftir deildum atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

Bálkur J

Upplýsingar og fjarskipti

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar eftir deildum atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2. endursk.) og nánar niður á flokkaþrep (NACE, 2. endursk.) í 62. deild til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

Bálkur K

Fjármála- og vátryggingastarfsemi

Flokkur 64.2 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, endursk. 2) er undanskilin frá gildissviði þessa viðauka. Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar eftir deildum atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

Bálkar L, M og N

Fasteignaviðskipti, sérfræði-, vísinda- og tækniþjónusta, stjórnunar- og stuðningsþjónustustarfsemi

Aðildarríkin munu afhenda hlutalandsniðurstöður, sundurliðaðar eftir flokkum atvinnugreinaflokkunarinnar (NACE, 2 endursk.) til að unnt sé að taka saman hagskýrslur Bandalagsins.

Sértækar samtölur

Fjöldi sérstakra samtalna í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) verða afhentar til að gera mögulegt að taka saman hagskýrslur Bandalagsins um lýðfræði fyrirtækja fyrir upplýsinga- og fjarskiptatæknigeirann. Ákvarðað verður um sundurliðun þessara samtalna í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun eins og um getur í 3. mgr. 12. gr.

3. Einnig verða lögð fram gögn um fyrirtæki sem voru nýstofnuð 2004, 2005, 2006 og 2007 í samræmi við sundurliðun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) eins og hún er skilgreind í 2. mgr. þessa þáttar. Þetta samanstendur af könnunaratriðum 11 92 0, 16 92 0 og 16 92 1 fyrir ofangreind viðmiðunarár. Niðurstöður þessar á að leggja fram ásamt gögnum fyrir viðmiðunarárið 2008.

11. ÞÁTTUR

Tilmælahandbók

Framkvæmdastjórnin gefur út tilmælahandbók í náinni samvinnu við aðildarríkin og mun hún innihalda viðbótarleiðbeiningar varðandi hagskýrslur Bandalagsins sem voru gerðar samkvæmt þessum viðauka. Tilmælahandbókin verður gefin út þegar reglugerð þessi öðlast gildi.

12. ÞÁTTUR

Forkannanir

Framkvæmdastjórnin lætur fara fram eftirfarandi forkannanir, sem aðildarríkjunum ber að annast, að því er varðar starfsemi sem fellur undir þennan viðauka:

– vinnsla gagna með starfsstöð sem hagskýrslueiningu,

– vinnsla gagna um lýðfræðilega viðburði, aðra en stofnun fyrirtækja, fyrirtæki sem enn eru í rekstri, niðurlagningu fyrirtækja, og

– vinnsla gagna um bálka P, Q, R og S atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.)

Framkvæmdastjórnin mun leggja fram tillögu, í samræmi við tilhögunina sem var ákveðin í 251. gr. sáttmálans og á grunni mats forkannana varðandi starfsemi utan markaða í bálkum M til O atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE endursk. 1.1), ef hún telur nauðsynlegt að víkka út núverandi gildissvið þessarar reglugerðar.

13. ÞÁTTUR

Umbreytingartímabil

Umbreytingartímabilið, að því er varðar sundurliðuðu einingunа sem er skilgreind í þessum viðauka, getur ekki vera lengra en fjögur ár að telja frá fyrstu viðmiðunarárunum fyrir samantekt hagskýrslna sem um getur í 6. þætti.

X. VIÐAUKI

NIÐURFELLD REGLUGERÐ OG SÍÐARI BREYTINGAR

Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 (Stjtíð. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1).

Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 410/98 (Stjtíð. EB L 52, 21.2.1998, bls. 1).

Ákvæði 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1614/2002 (Stjtíð. EB L 244, 12.9.2002, bls. 7).

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2056/2002 (Stjtíð. EB L 317, 21.11.2002, bls. 1).

Ákvæði 69. liðar í III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

Ákvæði 11. og 20. gr. í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

———

XI. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EBE, KBE) nr. 58/97	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	1. gr.
3. gr.	2. gr.
1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 3. gr.
2. mgr. 4. gr.	3. mgr. 3. gr.
5. gr.	2. mgr. 3. gr.
—	4. mgr. 3. gr.
—	4. gr.
6. gr.	5. gr.
7. gr.	6. gr.
8. gr.	7. gr.
9. gr.	1. og 2. mgr. 8. gr.
—	3. mgr. 8. gr.
10. gr.	9. gr.
11. gr.	10. gr.
i til x. mgr. 12. gr.	1. mgr. 11. gr.
—	2. mgr. 11. gr.
13. gr.	12. gr.
14. gr.	13. gr.
15. gr.	—
—	14. gr.
16. gr.	15. gr.
1.–9. þættir 1. viðauka	1.–9. þættir I. viðauka
1. og 2. liður 10. þáttar 1. viðauka	1. og 2. liður 10. þáttar I. viðauka með úrfellingum
3. og 4. liður 10. þáttar 1. viðauka	—
11. þáttur 1. viðauka.	11. þáttur I. viðauka.
2. viðauki.	II. viðauki
1.–8. þættir 3. viðauka	1.–8. þættir III. viðauka
9. þáttur 3. viðauka	—
10. þáttur 3. viðauka	9. þáttur III. viðauka
4.–8. þættir 4. viðauka	1.–8. þættir IV. viðauka
9. þáttur 4. viðauka	—
10. þáttur 4. viðauka	9. þáttur IV. viðauka
—	V. viðauki
—	VI. viðauki
—	VII. viðauki
—	VIII. viðauki
—	IX. viðauki
—	X. viðauki
—	XI. viðauki

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 81/2013 **2015/EES/46/02**

frá 29. janúar 2013

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1051/2011 að því er varðar einstaklingsbundnar gagnaskrár fyrir gagnasendingar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011 frá 6. júlí 2011 um evrópskar hagskýrslur um ferðamál og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 95/57/EB ([1]), einkum 2. og 3. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í yfirstandandi aðgerðum framkvæmdastjórnarinnar til að viðhalda gildi evrópskra hagskýrslna skiptir meginmáli að innleiða uppfært flokkunarkerfi sem endurspeglar þróun og breytingar á sviði menntunar.

2) Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) hefur endurskoðað þá útgáfu alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar (ISCED) sem hingað til hefur verið notuð (frá 1997) með það að markmiði að tryggja að hún sé í samræmi við þróun á stefnu og skipulagi á menntun og þjálfun.

3) Til að hægt sé að gera alþjóðlegan samanburð á hagskýrslum um menntamál er gerð krafa um að aðildarríkin og stofnanir Sambandsins noti menntunarflokkun sem samrýmist endurskoðuðu alþjóðlegu menntunarflokkuninni frá 2011 (ISCED 2011) sem aðildarríki að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna samþykktu á 36. aðalráðstefnu sinni í nóvember 2011.

4) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1051/2011 ([2]) til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1051/2011 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. janúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 28, 30.1.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 31.10.2013, s. 71.

([1]) Stjtíð. ESB L 192, 22.7.2011, bls. 17.

([2]) Stjtíð. ESB L 276, 21.10.2011, bls. 13.

VIÐAUKI

Í stað lýsingarinnar á dálki 80 (menntastig) í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1051/2011 komi eftirfarandi:

Dálkur	Kennimerki	Lýsing	Sía/athugasemdir
„80		**Menntunarstig**	Valfrjáls breyta, ef ósend: kóði = tómt“
	1	Unglingastig eða minni menntun (alþjóðlega menntunarflokkunin, ISCED 2011 0–2)	
	2	Menntun á framhaldsskólastigi (e. *upper secondary*) og viðbótarstigi (e. *post-secondary non-tertiary education*) (ISCED 3 og 4)	
	3	Háskólamenntun (ISCED 5–8)“	

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 119/2013 **2015/EES/46/03**

frá 11. febrúar 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2214/96 um samræmdar vísitölur neysluverðs: afhending og dreifing á undirvísitölum í samræmdri vísitölu neysluverðs, að því er varðar að koma á fót samræmdum vísitölum neysluverðs með föstu skatthlutfalli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs ([1]), einkum þriðja lið 4. gr. og 3. mgr. 5. gr.,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt b-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 er aðildarríkjum skylt að gefa upp samræmdar vísitölur neysluverðs (HICP).

2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96([3]) var komið á undirvísitölum í samræmdum vísitölum neysluverðs sem aðildarríkin reikna og láta í té framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) sem miðlar þeim.

3) Nauðsynlegt er að safna upplýsingum um áhrif skattabreytinga á verðbólgu vegna greiningar á verðbólgu og samleitnismats í aðildarríkjunum. Í þessu skyni ætti einnig að reikna samræmdar vísitölur neysluverðs á grundvelli verðs með föstu skatthlutfalli í stað mældra verða í formi samræmdra vísitalna neysluverðs með föstu skatthlutfalli (HICP-CT).

4) Koma ætti á fót sameiginlegri, samræmdri aðferðafræði fyrir útreikning á samræmdum vísitölum neysluverðs með föstu skatthlutfalli til að fá áreiðanlegar og samanburðarhæfar niðurstöður frá öllum aðildarríkjunum.

5) Tekið hefur verið tillit til meginreglunnar um kostnaðarhagkvæmni í samræmi við 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið (e. ESS Committee).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2214/96 er breytt sem hér segir:

1) Í 2. gr. bætist eftirfarandi undirgrein við:

„„„Samræmdar vísitölur neysluverðs með föstu skatthlutfalli“: vísitölur sem mæla breytingar á neysluverði vara án áhrifa breytinga á skatthlutfalli vara á sama tímabili.“

2) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Gerð og afhending undirvísitalna

1. Aðildarríki skulu reikna og afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) mánaðarlega allar undirvísitölur (í I. viðauka) sem hafa meira vægi en einn á móti þúsund hlutum af heildarútgjöldum sem falla undir samræmdar vísitölur neysluverðs. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té samsvarandi upplýsingar um vægi, samhliða vísitölunni, í janúar á hverju ári, .

2. Aðildarríki skulu einnig reikna og afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) mánaðarlega sömu undirvísitölur, reiknaðar út með föstu skatthlutfalli. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, í náinni samvinnu við aðildarríkin, útbúa leiðbeiningar um samræmda aðferðafræði við útreikning á vísitölum og undirvísitölum samræmdra vísitalna neysluverðs með föstu skatthlutfalli. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) uppfæra viðmiðunaraðferðafræðina í samræmi við fyrirkomulag verklagsreglna sem nefndin um evrópska hagskýrslukerfið samþykkir.

3. Láta skal vísitölur í té samkvæmt stöðlum og verklagsreglum við afhendingu gagna og lýsigagna sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) hefur komið á fót.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 41, 12.2.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2013 frá 15. júlí 2013 um breytingu á IV. viðauka (Orka) og XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 72, 19.12.2013, s. 16.

([1]) Stjtíð. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1.

([2]) Álit hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum.

([3]) Stjtíð. EB L 296, 21.11.1996, bls. 8.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún tekur gildi með vísitölunni fyrir janúar 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 93/2013 **2015/EES/46/04**

frá 1. febrúar 2013

þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysluverðs, að því er varðar að koma á fót verðvísitölum fyrir búsetu í eigin húsnæði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs ([1]), einkum þriðja lið 4. gr. og 3. mgr. 5. gr.,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 2494/95 er komið á vinnslu samræmdra vísitalna neysluverðs (*HICP*).

2) Skoða ætti hvort koma eigi á verðvísitölum fyrir íbúðir, einkum fyrir búsetu í eigin húsnæði, til að auka notagildi og samanburðarhæfi samræmdra vísitalna neysluverðs.

3) Nauðsynlegt er að mæla verðvísitölur húsnæðis með það fyrir augum að taka saman vísitölur fyrir búsetu í eigin húsnæði. Verðvísitölur húsnæðis eru einnig mikilvægir mælikvarðar sem slíkar.

4) Leiðbeiningar um aðferðafræði við útreikning á verðvísitölum fyrir búsetu í eigin húsnæði og fyrir húsnæði eru nauðsynlegar til að tryggja áreiðanlegar og samanburðarhæfar niðurstöður frá öllum aðildarríkjunum.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar um evrópska hagskýrslukerfið (e. *ESS Committee*).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Reglugerð þessi kemur á verðvísitölum fyrir búsetu í eigin húsnæði með það fyrir augum að auka notagildi og samanburðarhæfi samræmdra vísitalna neysluverðs (e. *harmonised indices of consumer price*s — „HICP“).

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „verðvísitala fyrir búsetu í eigin húsnæði“: vísitala sem mælir breytingar á kaupverði íbúða sem færast inn í heimilageirann og aðrar vörur og þjónustu sem heimilisfólk kaupir í tengslum við búsetu í eigin húsnæði,

2. „verðvísitala húsnæðis“: vísitala sem mælir breytingar á verði í viðskiptum með íbúðir sem heimilisfólk kaupir.

3. gr.

Umfang

1. Verðvísitalan fyrir búsetu í eigin húsnæði nær yfir eftirfarandi útgjaldaflokka:

O.1.	Útgjöld vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota
O.1.1.	Kaup á íbúðarhúsnæði
O.1.1.1.	Nýbyggt íbúðarhúsnæði
O.1.1.1.1.	Kaup á nýbyggðu íbúðarhúsnæði
O.1.1.1.2.	Útgjöld til eigin byggingar og meiriháttar endurbóta á íbúðarhúsnæði
O.1.1.2.	Eldra íbúðarhúsnæði sem áður var utan heimilisgeira
O.1.1.3.	Önnur þjónusta sem varðar íbúðakaup
O.1.2.	Eignarhald íbúða
O.1.2.1.	Meiriháttar viðgerðir og viðhald
O.1.2.2.	Tryggingar fyrir íbúðarhúsnæði
O.1.2.3.	Önnur þjónusta sem varðar eignarhald á íbúðum

2. Verðvísitala húsnæðis nær yfir eftirfarandi útgjaldaflokka:

H.1.	Kaup á íbúðarhúsnæði
H.1.1.	Kaup á nýju íbúðarhúsnæði
H.1.2.	Kaup á eldra íbúðarhúsnæði

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 2.2.2013, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2013 frá 15. júlí 2013 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 72, 19.12.2013, s. 27.

([1]) Stjtíð. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1.

([2]) Álit frá 19. október 2012 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

3. Byggja skal verðvísitöluna fyrir búsetu í eigin húsnæði á aðferð „hreinna kaupa“ sem mælir breytingar á raunverulegu verði sem neytendur greiða við kaup á íbúðum sem áður voru utan heimilisgeirann og einnig breytingar á öðrum kostnaði sem varðar eignarrétt og yfirfærslu eignarréttar á íbúðum.

4. Hún skal ná yfir þá flokka húsnæðiskostnaðar, sem skilgreindir eru í 1. mgr. 3. gr., með vægi sem nemur a.m.k. einum hundraðshluta af heildarkostnaði vegna húsnæðis O.1. Hún skal ná yfir húsnæðiskostnaðarflokka sem skilgreindir eru í 2. mgr. 3. gr. með vægi sem nemur a.m.k. einum hundraðshluta af heildarkostnaði vegna húsnæðis H.1.

4. gr.

Handbók um aðferðafræði

1. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, í nánu samstarfi við aðildarríkin, setja saman handbók sem lætur í té samræmda aðferðafræði fyrir verðvísitölu fyrir búsetu í eigin húsnæði og fyrir verðvísitölu húsnæðis og er tekin saman samkvæmt þessari reglugerð (hér á eftir nefnd „handbókin um verðvísitölu fyrir búsetu í eigin húsnæði og verðvísitölu húsnæðis“). Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum skal framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) uppfæra handbókina, í samræmi við fyrirkomulag verklagsreglna sem nefndin um evrópska hagskýrslukerfið samþykkir.

2. Gæðaviðmiðunin, sem um getur í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 ([3]), gildir um samantekt verðvísitölu fyrir búsetu í eigin húsnæði og fyrir verðvísitölu húsnæðis.

3. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té, að beiðni hennar, nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort verðvísitala fyrir búsetu í eigin húsnæði og verðvísitala húsnæðis uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar.

5. gr.

Kröfur varðandi gögn

1. Aðildarríki skulu taka saman og láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té verðvísitölur fyrir flokkana sem mælt er fyrir um í 3. gr. í samræmi við handbókina um verðvísitölu fyrir búsetu í eigin húsnæði og verðvísitölu húsnæðis.

2. Aðildarríki skulu láta verðvísitölur í té ársfjórðungslega. Aðildarríki geta einnig, auk ársfjórðungslegra vísitalna, látið mánaðarlegar vísitölur í té.

3. Láta skal í té vísitölurnar sem um getur í 1. mgr. 3. gr. frá þriðja ársfjórðungi 2014 fyrir annan ársfjórðung 2014. Láta skal í té vísitölurnar sem um getur í 2. mgr. 3. gr. frá þriðja ársfjórðungi 2012 fyrir annan ársfjórðung 2012.

4. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té ársfjórðungslegar vísitölur innan frests sem skal ekki vera lengri en áttatíu og fimm dagar frá lokum ársfjórðungsins sem vísitölurnar eiga við um. Aðildarríki þessi, sem velja að láta einnig í té mánaðarlegar vísitölur, skulu afhenda þær innan þrjátíu daga frá lokum mánaðarins sem vísitölurnar eiga við um.

5. Aðildarríki skulu á hverju ári taka saman og láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té vægi útgjalda fyrir verðvísitölu fyrir búsetu í eigin húsnæði og vægi útgjalda fyrir verðvísitölu húsnæðis, eins og þær eru skilgreindar í handbókinni um verðvísitölu fyrir búsetu í eigin húsnæði og verðvísitölu húsnæðis og í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1114/2010 ([4]).

Láta skal vægið fyrir ársfjórðungslegar vísitölur í té eigi síðar en 15. júní á næsta ári eftir árið sem vægið varðar.

Aðildarríki sem láta í té mánaðarlegar vísitölur skulu láta samsvarandi vægi í té eigi síðar en 20. febrúar á næsta ári eftir árið sem vægið á við um.

6. Aðildarríki skulu taka saman og láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té áætluð gögn fyrir fyrri ár, með vísitölunni fyrir fyrsta ársfjórðung 2010 fyrir vísitölurnar sem um getur í 1. mgr. 3. gr., eigi síðar en innan frestsins sem um getur í 3. mgr. og 4. mgr. 5. gr. Aðildarríki skulu taka saman og láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té áætluð gögn fyrir fyrri ár, með vísitölunni fyrir fyrsta ársfjórðung 2008 fyrir vísitölurnar sem um getur í 2. mgr. 3. gr., innan frestsins sem um getur í 3. mgr. og 4. mgr. 5. gr.

7. Aðildarríki skulu láta í té gögn sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð og tengd lýsigögn í samræmi við skiptistaðal sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) tilgreinir. Gögn og lýsigögn skulu látin framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té í gegnum miðlæga gagnagrunnsþjónustu eða á þann hátt sem framkvæmdastjórnin getur heimt þau í gegnum miðlæga gagnagrunnsþjónustu.

6. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Aðildarríki skulu, annars vegar einu ári og hins vegar þremur árum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar, láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té skýrslur um gæði gagnanna á grundvelli staðlanna sem skilgreindir eru innan evrópska hagskýrslukerfisins og í handbókinni um verðvísitölu fyrir búsetu í eigin húsnæði og verðvísitölu húsnæðis.

2. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, innan fimm ára frá gildistökudegi þessarar reglugerðar, taka saman skýrslu um vísitölur sem komið var á samkvæmt þessari reglugerð og einkum í hve miklum mæli þær fara að tilskildum ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96 ([5]) og reglugerð (ESB) nr. 1114/2010. Í skýrslunni skal einnig fjallað um hve heppilegar vísitölur fyrir búsetu í eigin húsnæði eru fyrir samþættingu þeirra inn í samræmda vísitölu neysluverðs.

([3]) Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

([4]) Stjtíð. ESB L 316, 2.12.2010, bls. 4.

([5]) Stjtíð. EB L 229, 10.9.1996, bls. 3.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. september 2012. Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 317/2013 **2015/EES/46/05**

frá 8. apríl 2013

um breytingu á viðaukum við reglugerðir (EB) nr. 1983/2003, (EB) nr. 1738/2005, (EB) nr. 698/2006, (EB) nr. 377/2008 og (ESB) nr. 823/2010 að því er varðar alþjóðlegu menntunarflokkunina (ISCED) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 frá 16. júní 2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) ([1]), einkum 15. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 530/1999 frá 9. mars 1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar ([2]), einkum 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu ([3]), einkum 4. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 frá 23. apríl 2008 um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun ([4]), einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í yfirstandandi aðgerðum framkvæmdastjórnarinnar til að viðhalda gildi evrópskra hagskýrslna skiptir meginmáli að innleiða uppfært flokkunarkerfi sem endurspeglar þróun og breytingar á sviði menntunar.

2) Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) hefur endurskoðað þá útgáfu alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar (ISCED) sem hingað til hefur verið notuð (frá 1997) með það fyrir augum að tryggja að hún sé í samræmi við þróun í stefnu og skipulagi á menntun og þjálfun.

3) Til að hægt sé að gera alþjóðlegan samanburð á hagskýrslum um menntamál er gerð krafa um að aðildarríkin og stofnanir Sambandsins noti menntunarflokkun sem samrýmist endurskoðuðu alþjóðlegu menntunarflokkuninni frá 2011 (hér á eftir nefnd „alþjóðlega menntunarflokkunin frá 2011“) sem aðildarríki að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna samþykktu á 36. aðalráðstefnu sinni í nóvember 2011.

4) Með upptöku endurskoðuðu alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar er nauðsynlegt að breyta tilteknum tilvísunum í alþjóðlegu menntunarflokkunina, alþjóðlegu menntunarflokkunina frá 97 og alþjóðlegu menntunarflokkunina frá 1997, ásamt því að breyta fjölda viðkomandi gerninga.

5) Því er nauðsynlegt að breyta eftirfarandi reglugerðum: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1893/2003 frá 7. nóvember 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrá yfir aðalmarkbreytur ([5]), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1738/2005 frá 21. október 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1916/2000 að því er varðar skilgreiningu og afhendingu upplýsinga um launakerfi ([6]), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 698/2006 frá 5. maí 2006 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 530/1999 að því er varðar gæðamat á hagskýrslum um uppbyggingu launa og launakostnaðar ([7]), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 377/2008 frá 25. apríl 2008 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar kerfisbindingu fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2009, notkun hlutaúrtaks við öflun gagna um formgerðarbreytur og skilgreiningu á viðmiðunarfjórðungum ([8]), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 823/2010 frá 17. september 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 um gerð og

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 99, 9.4.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2013 frá 8. október 2013 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 13, 27.2.2014, s. 33.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 63, 12.3.1999, bls. 10.
([3]) Stjtíð. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3.
([4]) Stjtíð. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 227.
([5]) Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 34.
([6]) Stjtíð. ESB L 279, 22.10.2005, bls. 32.
([7]) Stjtíð. ESB L 121, 6.5.2006, bls. 30.
([8]) Stjtíð. ESB L 114, 26.4.2008, bls. 57.

þróun hagskýrslna um menntun og símenntun að því er varðar hagskýrslur um þátttöku fullorðinna einstaklinga í símenntun ([9]).

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1983/2003

Í stað 19. neðanmálsgreinar í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1983/2003 komi eftirfarandi:

„ISCED 2011: Alþjóðlega menntunarflokkunin frá 2011.“

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1738/2005

Reglugerð (EB) nr. 1738/2005 er breytt sem hér segir:

1) „Alþjóðlega menntunarflokkunin frá 2011“ kemur í stað „alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar frá 97“ í öllum viðaukunum,

2) í stað breytu 2.5 í I. viðauka komi eftirfarandi:

„Menntunarstig (Alþjóðlega menntunarflokkunin frá 2011)“,

3) í stað breytu 2.5 í II. viðauka komi eftirfarandi:

„„*Menntunarstig (Alþjóðlega menntunarflokkunin frá 2011)*

Breyta þessi varðar hæsta stig menntunar sem starfsmaðurinn hefur lokið samkvæmt alþjóðlegu menntunar flokkuninni frá 2011 (ISCED 2011). Orðalagið „hefur lokið“ verður að vera tengt því að hljóta vottorð eða prófskírteini, þar sem vottun er veitt. Ef prófskírteini eða vottorð er ekki gefið út merkir „stig menntunar sem lokið er“ að viðkomandi hafi stundað allt námið.

Kóðahópar sem notaðir verða eru skilgreindir í tilhögun á framkvæmd launakerfiskönnunarinnar.“

3. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 698/2006

Reglugerð (EB) nr. 698/2006 er breytt sem hér segir:

Tilvísunin í „menntunarstig (ISCED frá 2011, stig 0 til 8)“ komi í stað „menntunarstig (ISCED 0 til 6)“ í 2. undirlið liðar 2.1 í viðaukanum.

4. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 377/2008

Reglugerð (EB) nr. 377/2008 er breytt sem hér segir:

Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 823/2010

Reglugerð (ESB) nr. 823/2010 er breytt sem hér segir:

Ákvæðum I. og II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá viðmiðunarárinu sem hefst 1. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. apríl 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([9]) Stjtíð. ESB L 246, 18.9.2010, bls. 33.

I. VIÐAUKI

Breyting á reglugerð (EB) nr. 377/2008

1) Í III. viðauka komi eftirfarandi í stað leiðbeininga fyrir kerfisbindingu á breytunum „HATLEVEL“, „HATFIELD“ og „HATYEAR“:

Heiti	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
„**HATLEVEL**	197/199	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Menntunarstig* ([1])	Allir 15 ára og eldri
			000	Engin formleg menntun eða lægri en 1. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			100	1. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			200	2. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni (þ.m.t. nám á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar sem varir skemur en 2 ár)	
			302	Nám á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar sem varir 2 ár í röð eða lengur (þ.e. aðeins aðgangur að næsta námi á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar)	
			303	Nám á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar sem varir 2 ár eða lengur, lokastig eða einungis aðgangur að 4. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar	
			304	3. stig alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar með aðgangi að 5., 6. eða 7. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar	
			300	Nám á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar sem varir 2 ár eða lengur, án möguleika á að greina á milli aðgangs að öðrum ISCED-stigum.	
			400	4. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			500	5. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			600	6. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			700	7. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			800	8. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			999	Á ekki við (barn yngra en 15 ára)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
HATYEAR	200/203	ÁRLEGA		Árið þegar þessu stigi var lokið Færið inn fjóra tölustafi fyrir árið þegar hæsta menntunarstigi var lokið	HATLEVEL = 100–800
			9999	Á ekki við (HATLEVEL ≠ 100 til 800)	
			óútfyllt	Ekkert svar	

Heiti	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
HATVOC	204	ÁRSFJÓRÐ-UNGSLEGA		Áhersla þessa stigs	HATLEVEL = 300 til 400 og
			1	Almenn menntun	(15 ≤ ALDUR ≤ 34 eða
			2	Starfsmenntun	(ALDUR > 34 og REFYEAR – HATYEAR ≤ 15))
			9	Á ekki við (HATLEVEL ≠ 300 til 400 eða (ALDUR > 34 og REFYEAR – HATYEAR) > 15))	
			óútfyllt	Ekkert svar	
HATFIELD	205/208	ÁRLEGA		*Svið þessa stigs*	HATLEVEL = 300 til 800 og
			0000–9998	*Fyrsta stig í flokkun menntunar- og þjálfunarsviða* ([2])	(15 ≤ ALDUR ≤ 34 eða
			9999	Á ekki við (HATLEVEL ≠ 300 til 800 eða (ALDUR > 34 og REFYEAR – HATYEAR) > 15))	(ALDUR > 34 og REFYEAR – HATYEAR ≤ 15))
			óútfyllt	Ekkert svar“	

([1]) Hæsta menntunarstig sem lokið er eins og alþjóðlega menntunarflokkunin frá 2011 skilgreinir það, kóðun sem er byggð á kortlagningu alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar og verður afhent Hagstofu Evrópusambandsins.
([2]) Eða undirflokkar í flokkun menntunar- og þjálfunarsviða.

2) Í stað breytunnar „EDUCFILD“ og leiðbeininganna fyrir kerfisbindingu breytunnar „EDUCLEVL“ í III. viðauka komi eftirfarandi:

Heiti	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
„**EDUCLEVL**	209	ÁRSFJÓRÐ-UNGSLEGA		*Stig þessarar menntunar* ([1])	EDUCSTAT = 1 eða 3
			1	1. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			2	2. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			3	3. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			4	4. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			5	5. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			6	6. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			7	7. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			8	8. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			9	Á ekki við (EDUCSTAT ≠ 1 eða 3)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
EDUCVOC	210	ÁRSFJÓRÐ-UNGSLEGA		Áhersla þessar menntunar	EDUCLEVL = 3 til 4
			1	Almenn menntun	

Heiti	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
			2	Starfsmenntun	
			9	Á ekki við (EDUCLEVL ≠ 3 til 4)	
			óútfyllt	Ekkert svar“	

([1]) Kóðun sem er byggð á kortlagningu alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar sem afhent verður Hagstofu Evrópusambandsins.

II. VIÐAUKI

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 823/2010

1) Í I. viðauka komi eftirfarandi í stað leiðbeininga fyrir kerfisbindingu á breytunum „HATLEVEL“, „HATFIELD“, „HATYEAR“, „HATVOC“, „HATOTHER“, „HATOTHER_LEVEL“, „HATOTHER_VOC“, „HATOTHER_FIELD“, „HATCOMP“ og „HATCOMPHIGH“:

Heiti og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
„**HATLEVEL**		MENNTUNARSTIG *(Hæsta menntunarstig sem lokið er eins og alþjóðlega menntunarflokkunin frá 2011 skilgreinir það, kóðun sem er byggð á kortlagningu alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar sem afhent verður Hagstofu Evrópusambandsins)*	Allir
	000	Engin formleg menntun eða lægri en 1. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	100	1. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	200	2. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni (þ.m.t. nám á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar sem varir skemur en 2 ár)	
	302	Nám á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar sem varir 2 ár í röð eða lengur (þ.e. aðeins aðgangur að næsta námi á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar)	
	303	Nám á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar sem varir 2 ár eða lengur, lokastig eða aðeins aðgangur að 4. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar	
	304	3. stig alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar með aðgangi að 5., 6. eða 7. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar	
	300	Nám á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar sem varir 2 ár eða lengur, án möguleika á að greina á milli aðgangs að öðrum ISCED-stigum.	
	400	4. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	500	5. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	600	6. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	700	7. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	800	8. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	– 1	*Ekkert svar*	
HATFIELD		SVIÐ HÆSTA MENNTUNARSTIGS SEM VIÐKOMANDI HEFUR LOKIÐ	HATLEVEL = 300 til 800
	0000–9998	*Fyrsta stig í flokkun menntunar- og þjálfunarsviða (1)* *(1) eða undirflokka í flokkun menntunar- og þjálfunarsviða, upplýsingar eru veittar í Handbókinni um fullorðinsfræðslukönnun sem um getur í 6 gr.*	
	– 1	*Ekkert svar*	
	– 2	Á ekki við *(HATLEVEL ≠ 300 til 800)*	
HATYEAR		ÁRIÐ ÞEGAR HÆSTA MENNTUNARSTIGI VAR LOKIÐ	HATLEVEL ≠ 000, – 1
	fjórir tölustafir	*Færið inn fjóra tölustafi fyrir árið þegar hæsta menntunar- eða þjálfunarstigi var lokið*	

Heiti og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
	– 1	*Ekkert svar*	
	– 2	Á ekki við *(HATLEVEL = 000 – 1)*	
HATVOC		ÁHERSLA HÆSTA MENNTUNARSTIGS SEM VIÐKOMANDI HEFUR LOKIÐ	HATLEVEL = 300 til 400 og (REFYEAR–HATYEAR) ≤ 20
	1	*Almenn menntun*	
	2	*Starfsmenntun*	
	– 1	*Ekkert svar*	
	– 2	Á ekki við *(HATLEVEL ≠ 300 til 400 eða (REFYEAR- HATYEAR) > 20)*	
HATOTHER (valfrjálst)		ÖNNUR FORMLEG MENNTUN EÐA ÞJÁLFUN SEM LOKIÐ ER Á ÖÐRU SVIÐI EN „HATLEVEL“	HATLEVEL = 300 til 800 og (REFYEAR–HATYEAR) ≤ 20
	1	*Já*	
	2	*Nei*	
	– 1	*Ekkert svar*	
	– 2	Á ekki við *(HATLEVEL ≠ 300 til 800 eða (REFYEAR- HATYEAR) > 20)*	
HATOTHER_ LEVEL (valfrjálst)		Stig formlegrar menntunar	HATOTHER = 1
	300-800	*Kóðað sem HATLEVEL*	
	– 1	*Ekkert svar*	
	– 2	Á ekki við *(HATOTHER ≠ 1)*	
HATOTHER_VOC (valfrjálst)		Áhersla formlegrar menntunar	HATOTHER = 1 og HATOTHER_LEVEL = 300 til 400
	1–2	*Kóðað sem HATVOC*	
	– 1	*Ekkert svar*	
	– 2	Á ekki við *(HATOTHER ≠ 1 eða HATOTHER_ LEVEL ≠ 300 til 400)*	
HATOTHER_FIELD (valfrjálst)		*Svið formlegrar menntunar*	HATOTHER = 1 og HATOTHER_LEVEL = 300 til 800
	0000–9998	*Kóðað sem HATFIELD*	
	– 1	*Ekkert svar*	
	– 2	Á ekki við *(HATOTHER ≠ 1 eða HATOTHER_ LEVEL ≠ 300 til 800)*	
HATCOMP (valfrjálst)		MÁLSMEÐFERÐ SEM BEITT ER TIL AÐ VIÐURKENNA FÆRNI og HÆFNI	Allir
	1	*Já, vottun hefur fengist*	
	2	*Já, málsmeðferð stendur enn yfir*	
	3	*Nei*	
	– 1	*Ekkert svar*	

Heiti og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
HATCOMPHIGH (valfrjálst)		VIÐURKENNING Á FÆRNI og HÆFNI GREIÐIR FYRIR AÐGANGI AÐ æðra formlegra námi en sviðið sem nefnt var í „HATLEVEL“	HATCOMP = 1,2 og HATLEVEL ≠ 000, – 1
	1	*Já*	
	2	*Nei*	
	– 1	*Ekkert svar*	
	– 2	Á ekki við (HATCOMP ≠ 1,2 eða HATLEVEL = 000, – 1)“	

2) Í I. viðauka komi eftirfarandi í stað leiðbeininga fyrir kerfisskráningu á breytunum „DROPHIGH“, „DROPLEVEL“ og „DROPVOC“:

Heiti og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
„**DROPHIGH**		FORMLEGU námi HÆTT á hærra stigi en því sem nefnt er í „HATLEVEL“ en EKKI LOKIÐ	HATLEVEL = 000 – 1 og (REFYEAR– HATYEAR) ≤ 20
	1	*Já*	
	2	*Nei*	
	– 1	*Ekkert svar*	
	– 2	Á ekki við *(HATLEVEL = 000, – 1 eða (REFYEAR – HATYEAR) > 20)*	
DROPLEVEL		Stig FORMLEGS náms sem ekki er lokið (eins og alþjóðlega menntunarflokkunin frá 2011 skilgreinir það)	DROPHIGH = 1
	200	2. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni (þ.m.t. nám á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar sem varir skemur en 2 ár)	
	302	Nám á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar sem varir lengur en 2 ár í röð (þ.e. aðeins aðgangur að næsta námi á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar)	
	303	Nám á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar sem varir 2 ár eða lengur, lokastig eða einungis aðgangur að 4. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar	
	304	3. stig alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar með aðgangi að 5., 6. eða 7. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar	
	300	Nám á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar sem varir 2 ár eða lengur, án möguleika á að greina á milli aðgangs að öðrum ISCED-stigum.	
	400	4. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	500	5. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	600	6. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	700	7. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	800	8. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	– 1	*Ekkert svar*	
	– 2	Á ekki við *(DROPHIGH ≠ 1)*	

Heiti og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
DROPVOC (valfrjálst)		Áhersla í FORMLEGU námi sem ekki er lokið	DROPLEVEL = 300 til 400 og (REFYEAR– HATYEAR) ≤ 20
	1	*Almennt nám*	
	2	*Starfsnám*	
	– 1	*Ekkert svar*	
	– 2	Á ekki við *(DROPLEVEL ≠ 300 til 400 eða (REFYEAR- HATYEAR) > 20)“*	

3) Í I. viðauka komi eftirfarandi í stað leiðbeininga fyrir kerfisbindingu á breytunum „FEDLEVEL“, „FEDFIELD“og „FEDVOC“:

Heiti og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
„**FEDLEVEL**		*Stig síðasta FORMLEGA menntunartilviks (eins og alþjóðlega menntunarflokkunin frá 2011 skilgreinir það)*	FEDNUM ≥ 1
	100	1. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	200	2. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni (þ.m.t. nám á 3. stigi alþjóðlegu menntunar-flokkunarinnar sem varir skemur en 2 ár)	
	302	Nám á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkun-arinnar sem varir 2 ár í röð eða lengur (þ.e. aðeins aðgangur að næsta námi á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar)	
	303	Nám á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkun-arinnar sem varir 2 ár eða lengur, lokastig eða einungis aðgangur að 4. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar	
	304	3. stig alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar með aðgangi að 5., 6. eða 7. stigi alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar	
	300	Nám á 3. stigi alþjóðlegu menntunarflokkun-arinnar sem varir 2 ár eða lengur, án möguleika á að greina á milli aðgangs að öðrum ISCED-stigum.	
	400	4. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	500	5. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	600	6. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	700	7. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	800	8. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
	– 2	Á ekki við *(FEDNUM = 0)*	
FEDFIELD		*Svið síðasta FORMLEGA menntunartilviks*	FEDNUM ≥ 1 og FEDLEVEL = 300 til 800
	0000–9998	*Fyrsta stig í flokkun menntunar- og þjálfunarsviða (1)* *(1) eða undirflokka í flokkun menntunar- og þjálfunarsviða, upplýsingar eru veittar í Handbókinni um fullorðinsfræðslukönnun sem um getur í 6 gr.*	
	– 1	*Ekkert svar*	
	– 2	Á ekki við *(FEDNUM = 0 eða FEDLEVEL ≠ 300 til 800)*	

Heiti og staða breytu	Kóði	Lýsing	Sía
FEDVOC		Áhersla síðasta FORMLEGA menntunartilviks	FEDLEVEL = 300 til 400
	1	*Almennt nám*	
	2	*Starfsnám*	
	– 1	*Ekkert svar*	
	– 2	Á ekki við (FEDLEVEL ≠ 300 til 400)“	

4) „Þátttaka (í %) í óformlegri menntun og þjálfun hámenntaðra einstaklinga (ISCED-stig 5 – 8)“ komi í II. viðauka í stað „úrtaks- og nákvæmniskrafna“ og í stað vísisins „þátttaka (í %) í óformlegri menntun og þjálfun vel menntaðra einstaklinga (ISCED-stig 5 – 6)“ í 3. mgr.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/46/06

frá 5. febrúar 2014

um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað

(tilkynnt með númeri C(2014) 493)

(2014/61/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru ([1]), einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/502/EB ([2]) er þess krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað.

2) Ákvörðun 2006/502/EB var samþykkt í samræmi við ákvæði 13. gr. tilskipunar 2001/95/EB sem takmarkar gildistíma ákvörðunarinnar við eitt ár hið mesta en veitir leyfi til þess að lengja gildistímann með viðbótartímabilum sem hvert um sig skal ekki vera lengra en eitt ár.

3) Gildistími ákvörðunar 2006/502/EB var framlengdur um eitt ár í senn, fyrst með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/231/EB ([3]) til 11. maí 2008, í annað sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/322/EB ([4]) til 11. maí 2009, í þriðja sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/298/EB ([5]) til 11. maí 2010, í fjórða sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/157/ESB ([6]) til 11. maí 2011, í fimmta sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/176/ESB til 11. maí 2012, ([7]), í sjötta sinn með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/53/ESB ([8]) til 11. maí 2013 og í sjöunda sinn með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/113/ESB ([9]) til 11. maí 2014.

4) Enn er verið að setja kveikjara, sem eru ekki barnheldir, á markað. Með efldu markaðseftirliti, allt frá markvissri sýnatöku til skilvirkra takmarkandi ráðstafana, er hægt að draga frekar úr fjölda þeirra á markaði.

5) Þar sem ekki hafa verið gerðar aðrar fullnægjandi ráðstafanir varðandi öryggi barna í tengslum við kveikjara er nauðsynlegt að framlengja gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB um tólf mánuði til viðbótar.

6) Því ber að breyta ákvörðun 2006/502/EB til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 2001/95/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar 2006/502/EB komi eftirfarandi:

„2. Ákvörðun þessi gildir til 11. maí 2015.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 11. maí 2014 og birta þessar ráðstafanir. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 38, 7.2.2014, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 275/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

([2]) Stjtíð. ESB L 198, 20.7.2006, bls. 41.

([3]) Stjtíð. ESB L 99, 14.4.2007, bls. 16.

([4]) Stjtíð. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 40.

([5]) Stjtíð. ESB L 81, 27.3.2009, bls. 23.

([6]) Stjtíð. ESB L 67, 17.3.2010, bls. 9.

([7]) Stjtíð. ESB L 76, 22.3.2011, bls. 99.

([8]) Stjtíð. ESB L 27, 31.1.2012, bls. 24.

([9]) Stjtíð. ESB L 61, 5.3.2013, bls. 11.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neven MIMICA

framkvæmdastjóri.

FRAMSELD ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/46/07**

frá 10. mars 2014

um viðmiðanir og skilyrði sem evrópsk tilvísunarnet og veitendur heilbrigðisþjónustu, sem óska eftir að tengjast evrópsku tilvísunarneti, verða að uppfylla

(2014/286/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri ([1]), einkum a-lið 4. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli styðja aðildarríkin í þróun evrópskra tilvísunarneta (hér á eftir nefnd „tilvísunarnet“) milli aðila sem veita heilbrigðisþjónustu og miðstöðva sérfræðiþekkingar í aðildarríkjunum, einkum á sviði sjaldgæfra sjúkdóma ([2]). Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin samþykkja skrá yfir tilteknar viðmiðanir og skilyrði sem evrópsk tilvísunarnet og veitendur heilbrigðisþjónustu, sem óska eftir að tengjast slíku tilvísunarneti og verða aðili að því (hér á eftir nefndur „aðili“), verða að uppfylla. Tilvísunarnetin ættu að bæta aðgang sjúklinga með sjúkdóma, sem kalla á sérstaka samsöfnun úrræða eða sérfræðiþekkingar, að greiningu, meðferð og heilbrigðisþjónustu í háum gæðaflokki og þau geta einnig gegnt miðlægu hlutverki í námi og rannsóknum í læknisfræði, miðlun og mati á upplýsingum, einkum þegar um sjaldgæfa sjúkdóma er að ræða.

2) Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB skal hvert tilvísunarnet velja a.m.k. þrjú markmið af þeim sem eru talin upp í 2. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar og sýna fram á að það hafi til að bera nauðsynlega hæfni til að vinna að þeim með skilvirkum hætti. Auk þess er þess krafist að tilvísunarnetin sinni þeim verkefnum eða hafi til að bera þá eiginleika sem mælt er fyrir um í i. til vi. lið a-liðar í 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB. Í þessari ákvörðun er sett fram sérstök skrá yfir viðmiðanir eða skilyrði sem munu tryggja að tilvísunarnetin sinni þessum verkefnum. Stofnun tilvísunarneta og mat á þeim ættu að fara fram á grundvelli þessara viðmiðana og skilyrða.

3) Á meðal þeirra viðmiðana og skilyrða sem nauðsynleg eru til að gera tilvísunarnetum kleift að vinna að viðeigandi markmiðum 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB, eru í þessari ákvörðun settar fram ýmsar viðmiðanir um stjórnunarhætti og samræmingu tilvísunarnetanna sem ættu að tryggja gagnsæja og skilvirka starfsemi þeirra. Þó að tilvísunarnet ættu að geta verið með mismunandi skipulagsformi er rétt að setja fram kröfu um að þau velji öll einn aðila sinna sem samræmingaraðila. Samræmingaraðilinn skal tilnefna einn einstakling sem samræmanda tilvísunarnetsins (hér á eftir nefndur „samræmandi“). Tilvísunarnetunum ætti að vera stýrt af stjórn (hér á eftir nefnd „stjórn“) sem í eiga sæti fulltrúar frá sérhverjum aðila að netinu. Stjórnin ætti að sjá um að semja og samþykkja starfsreglur, vinnuáætlanir og framvinduskýrslur og önnur skjöl sem tengjast starfsemi tilvísunarnetsins. Samræmandinn ætti, með aðstoð stjórnar, að styðja við og greiða fyrir innri samræmingu innan tilvísunarnetsins og við aðra veitendur heilbrigðisþjónustu.

4) Veiting mjög sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu, sem er ein af þeim viðmiðunum sem tilvísunarnetin þurfa að uppfylla, ætti að byggjast á aðgengilegri og kostnaðarhagkvæmri heilbrigðisþjónustu í háum gæðaflokki. Til þess þarf reynd og mjög fær þverfagleg heilbrigðisþjónustuteymi og líklega einnig háþróaðan, sérhæfðan búnað eða innviði á sviði lækninga, sem gjarnan fela í sér samsöfnun úrræða.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 147, 17.5.2014, bls. 71. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 281/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 45.

([2]) COM(2008) 679, lokagerð.

5) Veitendur heilbrigðisþjónustu, sem sækja um að gerast aðilar að tilvísunarneti, ættu að geta sýnt fram á að þeir uppfylli þær viðmiðanir og þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun. Viðmiðanir þessar og skilyrði ættu að tryggja að þjónusta þeirra og heilsugæsla sé veitt í samræmi við bestu mögulegu gæðaviðmiðanir og tiltæk klínísk gögn.

6) Þær viðmiðanir og skilyrði, sem krafist er að veitandi heilbrigðisþjónustu uppfylli, eru mismunandi eftir þeim sjúkdómum eða sjúkdómsástandi sem tilvísunarnetið, sem þeir óska eftir að gerast aðilar að, fæst við. Því virðist nauðsynlegt að setja tvenns konar viðmiðanir og skilyrði: í fyrsta lagi þverlægar viðmiðanir og skilyrði sem allir veitendur heilbrigðisþjónustu, sem óska eftir að gerast aðilar að tilvísunarneti, ættu að uppfylla, óháð sérfræðisviði, lækningaaðferðum eða meðferðum sem þeir beita, og í öðru lagi viðmiðanir og skilyrði sem geta verið mismunandi eftir umfangi viðkomandi sérfræðisviðs, sjúkdómnum eða sjúkdómsástandinu sem er viðfangsefni tilvísunarnetsins sem þeir óska eftir að gerast aðilar að.

7) Í fyrsta hluta þverlægra og skipulagslegra viðmiðana og skilyrða virðast þau sem varða sjálfseflingu sjúklinga og sjúklingsmiðaða meðferð (e. patient-centred care), skipulag, stjórnun og rekstrarsamfellu ásamt rannsóknar- og þjálfunargetu mikilvægust til að tryggja að markmið tilvísunarnetanna náist.

8) Frekari þverlægar og skipulagslegar viðmiðanir og skilyrði í tengslum við skipti á sérfræðiþekkingu, upplýsingakerfi og verkfæri í rafrænni heilbrigðisþjónustu (e. eHealth tools) ættu að stuðla að því að þróa, miðla og dreifa upplýsingum og þekkingu og ýta undir framfarir í greiningu og meðferð sjúkdóma, jafnt innan sem utan tilvísunarnetanna, og nánari samvinnu við aðrar miðstöðvar sérfræðiþekkingar og samstarfsnet á landsvísu og á alþjóðavettvangi. Rekstrarsamhæfð og merkingarlega samrýmanleg upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfi myndu auðvelda skipti á heilsufarsgögnum og upplýsingum varðandi sjúklinga og stofnun og viðhald sameiginlegra gagnagrunna og skráa.

9) Til að tilvísunarnetin geti starfað með árangursríkum hætti skiptir sköpum að unnt sé að skiptast á heilsufarsgögnum og öðrum upplýsingum varðandi sjúklinga milli þeirra, ásamt persónuupplýsingum heilbrigðisstarfsmanna sem annast sjúklinginn, með skilvirkum og öruggum hætti. Gagnaskiptin ættu einkum að fara fram í samræmi við yfirlýstan tilgang, nauðsyn og lagagrundvöll gagnavinnslu og þeim fylgja viðeigandi verndarráðstafanir til að tryggja réttindi skráðs aðila. Vinna ætti persónuupplýsingar í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([3]).

10) Í þessari ákvörðun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, eins og um getur í 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, nánar tiltekið réttur til mannlegrar reisnar, réttur manna til friðhelgi einkalífs, réttur til verndar persónuupplýsinga og rétturinn til aðgangs að heilbrigðisþjónustu. Aðildarríkin verða að beita ákvæðum þessarar ákvörðunar með hliðsjón af réttindum og meginreglum sáttmálans um grundvallarmannréttindi.

11) Í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarmannréttindi er þess einkum krafist að á sviði líffræði og læknavísinda skuli virða frjálst og upplýst samþykki viðkomandi einstaklings. Þar eð klínískar prófanir gætu líklega orðið eitt af verksviðum tilvísunarnetanna er mikilvægt að hafa í huga að í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/20/EB ([4]) er gert ráð fyrir víðtækum reglum um vernd þeirra sem gerðar eru klínískar prófanir á.

12) Til að tryggja skipti á persónuupplýsingum innan ramma tilvísunarnetanna mætti einfalda ferli varðandi upplýst samþykki fyrir vinnslu slíkra gagna með því að nota eitt stakt, sameiginlegt samþykkiseyðublað sem þarf að lúta kröfum tilskipunar 95/46/EB að því er varðar samþykki skráðs aðila.

13) Viðmiðanir og skilyrði sem varða sérfræðiþekkingu, klínískar starfsvenjur, gæði, öryggi sjúklinga og mat ættu að stuðla að því að þróa og breiða út bestu starfsvenjur að því er varðar gæða- og öryggisviðmiðanir. Þau ættu þannig einnig að tryggja að tilvísunarnetin búi yfir sérfræðiþekkingu á háu stigi, semji viðmiðunarreglur um góðar starfsvenjur, framkvæmi árangursmælingar og gæðaeftirlit og þjóni þverfaglegum tilgangi eins og krafist er í 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/20/EB frá 4. apríl 2001 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um góðar, klínískar starfsvenjur við framkvæmd klíníska prófana á lyfjum sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 121, 1.5.2001, bls. 34).

14) Aðildarríki sem ekki eiga aðila að tilteknu tilvísunarneti geta ákveðið að tilnefna veitendur heilbrigðisþjónustu með sérstök tengsl við þetta tilvísunarnet, samkvæmt gagnsærri og skýrri málsmeðferð. Þessa þjónustuveitendur mætti tilnefna sem tengdar landsmiðstöðvar (e. Associated National Centres) með áherslu á veitingu heilbrigðisþjónustu eða sem innlendar samstarfsmiðstöðvar (e. Collaborative National Centres) með áherslu á öflun þekkingar og verkfæra til að bæta gæði heilbrigðisþjónustu. Aðildarríkin kunna einnig að vilja tilnefna landsbundinn samræmingarvettvang fyrir allar tegundir tilvísunarneta. Það gæti hjálpað aðildarríkjum við að vinna að markmiðum a-liðar 3. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB, einkum ef markmið tilvísunarnetsins eru meðal þeirra sem talin eru upp undir f- og h-lið 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB. Samræmandinn ætti að greiða fyrir samstarfi við þessa veitendur heilbrigðisþjónustu sem hafa tengsl við tilvísunarnet. Slíkir veitendur heilbrigðisþjónustu skulu styðja við markmið tilvísunarnetsins og virða reglur þess og deila þeirri vinnu sem tengist samstarfsaðgerðum tilvísunarnetsins.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um:

a) þær viðmiðanir og þau skilyrði sem tilvísunarnetin, sem um getur í 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB, verða að uppfylla og

b) þær viðmiðanir og þau skilyrði sem veitendur heilbrigðisþjónustu, sem óska eftir að tengjast tilvísunarneti sem um getur í 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB, verða að uppfylla.

2. gr.

Skilgreiningar

Auk skilgreininganna, sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 2011/24/ESB, er merking eftirfarandi hugtaka í þessari ákvörðun sem hér segir:

a) „aðili að tilvísunarneti“: veitandi heilbrigðisþjónustu sem uppfyllir þær viðmiðanir og skilyrði, sem mælt er fyrir um í 5. gr. þessarar ákvörðunar, og hefur verið veitt aðild að tilteknu við tilvísunarneti,

b) „mjög sérhæfð heilbrigðisþjónusta“: heilbrigðisþjónusta vegna tiltekins sjúkdóms eða sjúkdómsástands sem er afar flókið að því er varðar greiningu, meðferð eða umönnun og sem felur í sér afar kostnaðarsama meðferð og úrræði,

c) „flókinn sjúkdómur eða sjúkdómsástand“: tiltekinn sjúkdómur eða röskun sem sameinar ýmsa þætti, einkenni eða sjúkdómsmerki sem krefjast þverfaglegrar nálgunar og góðrar skipulagningar þjónustu til langs tíma vegna þess að sjúkdómurinn eða röskunin felur í sér einhverjar þær aðstæður, einar eða fleiri, sem hér fara á eftir:

   — margar hugsanlegar greiningar eða meðhöndlunarmöguleika og fjölkvilla,

   — erfitt er að túlka niðurstöður klínískra prófana og greiningarprófa,

   — mikil hætta á fylgikvillum, sjúkleika eða dauða vegna vandamálsins, greiningarferlisins eða meðferðarinnar,

d) „þverfaglegt heilbrigðisþjónustuteymi“: hópur heilbrigðisstarfsmanna úr ýmsum geirum heilbrigðisþjónustu sem sameinar færni og úrræði, þar sem hver og einn veitir sértæka þjónustu og samstarf við sama tilvik, og samræmir þá heilbrigðisþjónustu sem sjúklingurinn fær,

e) „upplýst samþykki innan ramma evrópskra tilvísunarneta“: hvers kyns sérstök, upplýst og afgerandi vísbending sem hlutaðeigandi einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja, annað hvort með yfirlýsingu eða með skýrri staðfestingaraðferð, um að hann samþykki að veitendur heilbrigðisþjónustu og aðilar að evrópsku tilvísunarneti skiptist á persónuupplýsingum hans og heilsufarsgögnum, eins og kveðið er á um í þessari framseldu ákvörðun.

II. KAFLI

EVRÓPSK TILVÍSUNARNET

3. gr.

Viðmiðanir og skilyrði sem gilda um tilvísunarnetin

Tilvísunarnetin skulu uppfylla þær viðmiðanir og þau skilyrði sem nauðsynleg eru til að gera þeim kleift að vinna að viðeigandi markmiðum 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB sem sett eru fram í I. viðauka.

4. gr.

Aðild að tilvísunarnetunum

Tilvísunarnetin skulu samanstanda af veitendum heilbrigðisþjónustu sem eru viðurkenndir sem aðilar að tilvísunarnetinu. Einn aðilanna gegnir hlutverki samræmanda fyrir hvert tilvísunarnet.

III. KAFLI

VEITENDUR HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

5. gr.

Viðmiðanir og skilyrði sem gilda um þá sem sækja um aðild að tilvísunarneti

Allir umsækjendur sem óska eftir aðild að tilteknu tilvísunarneti verða að búa yfir þekkingu og sérþekkingu á eða bjóða greiningu á eða meðferð við sjúkdómi eða sjúkdómsástandi sem fellur innan hins sérhæfða sviðs tilvísunarnetsins og skulu uppfylla þær viðmiðanir og skilyrði sem sett eru fram í II. viðauka.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

6. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tíunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 10. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR OG SKILYRÐI SEM TILVÍSUNARNETIN ÞURFA AÐ UPPFYLLA

1) Til að gera tilvísunarnetum kleift að vinna að viðeigandi markmiðum 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB skal sérhvert tilvísunarnet:

   a) veita mjög sérhæfða heilbrigðisþjónustu við flóknum sjúkdómum eða sjúkdómsástandi sem eru mjög sjaldgæf eða hafa lágt algengi,

   b) hafa skýrt eftirlits- og stjórnunarkerfi og samræmingarskipulag sem felur í sér a.m.k. eftirfarandi:

      i. fulltrúa aðilanna, sem koma fram fyrir þeirra hönd innan tilvísunarnetsins. Hver aðili skal kjósa sér fulltrúa úr hópi faglærðra heilbrigðisstarfsmanna sinna,

      ii. stjórn tilvísunarnetsins, sem er ábyrg fyrir stjórnun þess. Allir aðilar að tilvísunarnetinu skulu eiga fulltrúa í stjórn,

      iii. samræmanda tilvísunarnetsins, sem kosinn er úr hópi faglærðra heilbrigðisstarfsmanna samræmingaraðilans og stýrir fundum stjórnar og kemur fram fyrir hönd tilvísunarnetsins.

2) Til að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í i. lið a-liðar í 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB („búa yfir þekkingu og sérþekkingu til að greina, fylgja eftir og meðhöndla sjúklinga og hafa skjalfestingu fyrir góðum árangri“) verða tilvísunarnetin að:

   a) efla gæði og öryggi í umönnun sjúklinga sem þjást af tilteknum sjúkdómum og sjúkdómsástandi með því að efla greiningu, meðferð, eftirfylgni og stjórnun sjúklinga innan alls tilvísunarnetsins,

   b) stuðla að sjálfseflingu sjúklinga og hafa þá með í ráðum til að bæta öryggi og gæði umönnunarinnar sem þeir fá.

3) Til að uppfylla kröfur ii. liðar a-liðar í 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB („þjóna þverfaglegum tilgangi“) verða tilvísunarnetin að:

   a) skilgreina svið og bestu starfsvenjur fyrir þverfaglegt starf,

   b) samanstanda af þverfaglegum heilbrigðisþjónustuteymum,

   c) bjóða upp á og ýta undir þverfaglega ráðgjöf í flóknum málum.

4) Til að uppfylla kröfur iii. liðar a-liðar í 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB („búa yfir sérþekkingu á háu stigi og hafa getu til að semja viðmiðunarreglur um góðar starfsvenjur og framkvæma stöðumælingar og gæðaeftirlit“) verða tilvísunarnetin að:

   a) skiptast á, safna saman og miðla þekkingu, heimildum og sérþekkingu, jafnt innan tilvísunarnetsins sem utan, einkum um ýmsar annars konar lausnir, meðferðarmöguleika og bestu starfsvenjur að því er varðar veitingu þjónustu og þær meðferðir sem fyrir hendi eru við hverjum tilteknum sjúkdómi eða sjúkdómsástandi,

   b) efla sérþekkingu og styðja veitendur heilbrigðisþjónustu til að færa staðbundna, svæðisbundna og landsbundna veitingu heilbrigðisþjónustu nær sjúklingunum,

   c) þróa og koma í framkvæmd klínískum leiðbeiningum og leiðum fyrir sjúklinga til lækninga yfir landamæri,

   d) móta og nota árangurs- og frammistöðuvísbenda,

   e) þróa og viðhalda ramma um gæði, öryggi sjúklinga og mat.

5) Til að uppfylla kröfur iv. liðar a-liðar í 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB („stuðla að rannsóknum“) verða tilvísunarnetin að:

   a) finna út hvar vantar upp á rannsóknir og bæta úr því,

   b) ýta undir rannsóknasamstarf innan tilvísunarnetsins;

   c) styrkja rannsóknir og faraldsfræðilega vöktun með því að koma á fót sameiginlegum skrám.

6) Til að uppfylla kröfur v. liðar a-liðar í 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB („skipuleggja kennslu- og þjálfunarstarf“) verða tilvísunarnetin að:

   a) finna út hvar vantar upp á þjálfun og bæta úr því,

   b) hvetja til og greiða fyrir þróun þjálfunar- og símenntunaráætlana og verkfæra fyrir veitendur heilbrigðisþjónustu sem eru hluti af meðferðarkeðjunni (innan sem utan tilvísunarnetsins).

7) Til að uppfylla kröfur vi. liðar a-liðar í 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB („eiga náið samstarf við aðrar miðstöðvar sérfræðiþekkingar og netkerfi á innlendum og alþjóðlegum vettvangi“) verða tilvísunarnetin að:

   a) skiptast á og miðla þekkingu og bestu starfsvenjum, einkum með því að styðja landsmiðstöðvar og -netkerfi,

   b) koma á fót ýmsum þáttum netsamstarfs, s.s. samskiptatækjum, og aðferðum við að þróa klínískar leiðbeiningar og samskiptareglur; skiptast á klínískum upplýsingum í samræmi við ákvæði ESB um gagnavernd og landsbundnar framkvæmdarráðstafanir, einkum tilskipun 95/46/EB og 3. gr. þessarar framseldu ákvörðunar; þróa annars konar þjálfunarlausnir og -líkön og starfsvenjur við starfrækslu og samræmingu, o.s.frv.,

   c) eiga samstarf við tengdar landsmiðstöðvar og innlendar samstarfsmiðstöðvar sem valdar eru af aðildarríkjum sem ekki eiga aðila í tilteknu tilvísunarneti, einkum ef markmið tilvísunarnetsins eru á meðal þeirra sem talin eru upp í f- og h-lið 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB.

II. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR OG SKILYRÐI SEM GILDA UM ÞÁ SEM SÆKJA UM AÐILD AÐ TILVÍSUNARNETI

1. **Almennar viðmiðanir og skilyrði sem gilda um alla veitendur heilbrigðisþjónustu sem sækja um aðild**

Allir umsækjendur sem óska eftir aðild að tilvísunarneti skulu uppfylla eftirtaldar viðmiðanir og skilyrði:

a) að því er varðar sjálfseflingu sjúklinga og sjúklingsmiðaða meðferð verða þjónustuveitendur sem sækja um að:

   i. hafa komið á fót áætlunum til að tryggja að meðferð sé sjúklingsmiðuð og að réttindi sjúklinga séu virt (svo sem réttur til upplýsts samþykkis, réttur til upplýsinga um eigin heilsu, réttur til aðgangs að eigin sjúkraskrám, réttur til friðhelgi einkalífs, réttur til að kæra og réttur til bóta, réttur til sjálfseflingar og til þátttöku (t.d. með áætlunum um stjórnun tengsla við viðskiptavini, áætlunum um fræðslu sjúklinga og áætlunum um virka þátttöku sjúklinga og aðstandenda í heilbrigðisþjónustunni í heild),

   ii. láta í té skýrar og gagnsæjar upplýsingar um meðferð kærumála og þær úrbætur og leiðir til að rétta hlut sinn sem standa innlendum og erlendum sjúklingum til boða,

   iii. tryggja endurgjöf frá reynslu sjúklingsins og virkt mat á henni,

   iv. fylgja reglum um vernd persónuupplýsinga og tryggja aðgang að sjúkraskrám og klínískum upplýsingum í samræmi við ákvæði ESB um gagnavernd og innlendar framkvæmdarráðstafanir, einkum tilskipun 95/46/EB,

   v. tryggja að upplýst samþykki skráðs aðila sé í samræmi við kröfur e-liðar 2. gr. þessarar framseldu ákvörðunar, einkum upplýst samþykki sem skráður aðili eða lagalegur fyrirsvarsmaður hans gefur af fúsum og frjálsum vilja og með ótvíræðum og afgerandi hætti eftir að honum hefur verið kynntur tilgangur, eðli, merking og afleiðingar af notkun á persónuupplýsingum viðkomandi og heilsufarsgögnum, ef skipst er á persónulegum heilsufarsgögnum samkvæmt þessari framseldu ákvörðun, og kynntur réttur hans samkvæmt gildandi reglum um gagnavernd. Samþykki, sem gefið er, ætti að skjalfesta með tilhlýðilegum hætti,

   vi. tryggja gagnsæi, þ.m.t. með því að veita upplýsingar um klínískar niðurstöður, valkosti um meðferð og gæða- og öryggisstaðla sem settir eru,

b) að því er varðar skipulag, stjórnun og rekstrarsamfellu verða þjónustuveitendur sem sækja um aðild að:

   i. beita gagnsæjum og skýrum reglum og aðferðum við skipulag og stjórnun, einkum að því er varðar aðferðir við stjórnun sjúklinga frá öðrum löndum á sérfræðisviði sínu,

   ii. tryggja að gjaldskrár séu gagnsæjar,

   iii. hafa áætlun um rekstrarsamfellu til tiltekins tíma, þ.m.t. tryggja:

      — að veitt sé brýn læknishjálp ef úrræði bregðast óvænt, eða þá aðgangur að eða tilvísun til annarra úrræða ef nauðsyn krefur,

      — að stöðugleika, tæknilegri getu og sérfræðiþekkingu þjónustuveitandans sé viðhaldið, s.s. með áætlun um mannauðsstjórnun og uppfærslu tæknibúnaðar,

   iv. tryggja samræmingu við önnur úrræði eða sérstakar einingar eða þjónustu, sem nauðsynlegar eru til að annast sjúklinga, og greiðan aðgang þjónustuveitandans að þeim,

   v. hafa yfir að ráða góðri almennri aðstöðu, svo sem skurðstofum, gjörgæsludeild, einangrunardeild, bráðamóttöku og rannsóknarstofum,

   vi. búa yfir getu til að hafa samskipti við viðeigandi þjónustudeild eftir útskrift, þ.m.t. yfir landamæri,

c) að því er varðar rannsóknar- og þjálfunargetu verða þjónustuveitendur sem sækja um að:

   i. búa yfir getu til að veita fræðilega þjálfun, þjálfun á háskólastigi eða sérfræðiþjálfun,

   ii. búa yfir mannauði og tæknilegri og skipulagslegri getu ásamt margvíslegri hæfni og úrræðum,

iii. búa yfir rannsóknargetu og viðurkenndri reynslu af rannsóknum eða framleiðslu á sérfræðisviði tilvísunarnetsins, á lands- og alþjóðavísu,

iv. stunda kennslu og menntunarstarf í tengslum við sérfræðisviðið sem miðar að því að bæta þekkingu og tæknilega getu þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu og eru hluti af sömu meðferðarkeðju, innan jafnt sem utan starfsstöðvar þjónustuveitandans, s.s. með símenntun innan læknisfræði og fjarnámi,

d) að því er varðar skipti á sérfræðiþekkingu, upplýsingakerfi og verkfæri í rafrænni heilbrigðisþjónustu verða þjónustuveitendur sem sækja um aðild að:

i. geta skipst á sérfræðiþekkingu við aðra veitendur heilbrigðisþjónustu og stutt þá,

ii. hafa fastar verklagsreglur og ramma til að tryggja stjórnun, vernd og skipti á læknisfræðilegum gögnum, þ.m.t. viðurkenndum árangri, ferlisvísum og skrám yfir sjúklinga á viðkomandi sérsviði í samræmi við gagnaverndarlöggjöf ESB, einkum tilskipun 95/46/EB og e-lið 2. gr. þessarar framseldu ákvörðunar,

iii. geta stuðlað að notkun fjarlækninga og annarra verkfæra í rafrænni heilbrigðisþjónustu, innan jafnt sem utan starfsstöðva sinna, með því að uppfylla lágmarkskröfur um rekstrarsamhæfi og, þegar unnt er, með því að nota viðurkennda staðla og tilmæli,

iv. nota stöðluð upplýsinga- og kóðunarkerfi í samræmi við viðurkennd kerfi á lands- eða alþjóðavísu, s.s. alþjóðlega sjúkdóma- og dánarmeinaskrá og viðbótarkóða þegar við á,

e) að því er varðar sérfræðiþekkingu, góðar starfsvenjur, gæði, öryggi sjúklinga og mat á þeim verða þjónustuveitendur sem sækja um aðild að:

i. hafa yfir að ráða gæðatryggingar- eða gæðastjórnunarkerfi og áætlunum sem m.a. taka til stjórnunar kerfisins og mats á því,

ii. hafa áætlun eða skipulag vegna öryggis sjúklinga, sem samanstendur af tilteknum markmiðum, verklagsreglum, stöðlum, ferlisvísum og niðurstöðuvísbendum, sem beinast að lykilsviðum, s.s. upplýsingum, kerfi til að tilkynna um og læra af meintilvikum; þjálfun og fræðslu; handhreinlæti; sýkingum innan heilbrigðisþjónustu; mistökum við lyfjagjöf og öruggri notkun lyfja; öruggum verklagsreglum og skurðaðgerðum; öruggri auðkenningu sjúklinga,

iii. skuldbinda sig til að nota heilbrigðistækni og -meðferðir sem byggjast á bestu þekkingu og eru gagnreyndar,

iv. þróa og nota klínískar leiðbeiningar og meðferðaráætlanir á sérfræðisviði sínu.

2. **Sértækar viðmiðanir og skilyrði sem gilda um þjónustuveitendur sem sækja um aðild að því er varðar sérfræðisvið, sjúkdóma eða sjúkdómsástand sem eru viðfangsefni tilvísunarnetanna sem þeir óska eftir að tengjast**

a) að því er varðar hæfni, reynslu og árangur veittrar heilbrigðisþjónustu verða þjónustuveitendur sem sækja um aðild að:

i. skjalfesta hæfni, reynslu og starfsemi (t.d. umfang starfsemi, tilvísanir og uppsafnaða reynslu og, þegar hægt er, lágmarks-/ákjósanlegasta fjölda sjúklinga á ári, í samræmi við fagstaðla/tæknistaðla eða tilmæli),

ii. færa sönnur fyrir góðri klínískri umönnun og árangri í samræmi við staðla, vísbenda og þekkingu sem fyrir er og sönnur fyrir því að meðferðirnar, sem boðnar eru, séu viðurkenndar af alþjóðlegum læknavísindum að því er varðar öryggi þeirra, gildi og hugsanlega jákvæða, klíníska niðurstöðu,

b) að því er varðar hinn tiltekna mannauð, skipulagsleg úrræði og tæknibúnað og skipulag heilbrigðisþjónustu verða þjónustuveitendur sem sækja um aðild að leggja fram gögn um:

i. eiginleika mannauðsins, s.s. tegund, fjölda, menntun og hæfi og færni,

ii. eiginleika, skipulag og starfsemi hins tiltekna þverfaglega heilbrigðisþjónustuteymis,

iii. sérstakan búnað innan miðstöðvarinnar eða sem auðvelt aðgengi er að (s.s. geislameðferðarrannsóknarstofur eða blóðflæðirannsóknastofur (e. hemodynamic facilities)), þ.m.t., þegar við á og á grundvelli viðkomandi sérfræðisviðs, getu til að vinna, stjórna og skiptast á upplýsingum og læknisfræðilegum myndum (s.s. í tilviki röntgentækja til geislalækninga, smásjárrannsókna, hreyfimyndaholsjárskoðana og annarra hreyfifræðilegra innanrannsókna) eða klínískum sýnum við utanaðkomandi þjónustuveitendur.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/46/08

frá 10. mars 2014

um viðmiðanir við að koma á fót og meta evrópsk tilvísunarnet og aðila að þeim og til að greiða fyrir skiptum á upplýsingum um og sérþekkingu á að koma slíkum netum á fót og meta þau

(2014/287/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri ([1]), einkum b- og c-lið 4. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framseldri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/286/ESB ([2]) eru settar fram viðmiðanir og skilyrði sem evrópsk tilvísunarnet (hér á eftir nefnd „tilvísunarnet“) og veitendur heilbrigðisþjónustu, sem óska eftir að tengjast slíkum netum, verða að uppfylla.

2) Í samræmi við b- og c-lið 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB á framkvæmdastjórnin að ákveða viðmiðanir fyrir stofnun og mat tilvísunarneta og ráðstafanir til að auðvelda miðlun upplýsinga um og sérþekkingar á að koma slíkum netum á fót og meta þau.

3) Viðhafa ætti opna og gagnsæja málsmeðferð þegar tilvísunarnetum er komið á fót og veitendur heilbrigðisþjónustu samþykktir sem aðilar að þeim. Í málsmeðferðinni ætti m.a. að felast: 1) auglýsing eftir tillögum; 2) stuðningsyfirlýsing aðildarríkjanna við umsóknir heilbrigðisþjónustuveitenda sinna; 3) framlagning umsókna til framkvæmdastjórnarinnar; 4) staðfesting á að umsóknir séu fullnægjandi; 5) tæknileg úttekt óháðs aðila á umsóknum um að mynda tilvísunarnet og á umsóknum frá einstökum veitendum heilbrigðisþjónustu, sem óska eftir að gerast aðilar að tilvísunarneti, til að ákvarða hvort umsækjendur uppfylli viðmiðanirnar; 6) miðlun niðurstaðna úr úttektinni; 7) samþykkt tilvísunarneta og aðildar aðildarríkja að þeim, og 8) birting lista yfir þau tilvísunarnet, sem komið hefur verið á fót, og aðila að þeim.

4) Til þess að tilvísunarnetin verði yfirgripsmeiri ætti að heimila einstökum veitendum heilbrigðisþjónustu, sem óska eftir aðild að tilvísunarneti, að gera það hvenær sem er. Úttekt á umsóknum þeirra ætti að fara fram eftir sömu málsmeðferð og notuð er við úttekt á umsóknum að upprunalega tilvísunarnetinu, að meðtalinni stuðningsyfirlýsingu viðkomandi aðildarríkis við umsókn.

5) Til þess að tryggja að tilvísunarnetið feli í sér raunverulegan virðisauka fyrir Evrópusambandið og sé nægilega stórt til að geta miðlað sérþekkingu og til þess að bæta aðgengi sjúklinga alls staðar í Sambandinu að heilbrigðisþjónustu, ætti einungis að samþykkja umsóknir sem taka til tilskilins lágmarksfjölda heilbrigðisþjónustuveitenda og aðildarríkja og sem lagðar eru fram í samræmi við auglýsingu eftir tillögum. Ef fjöldi veitenda heilbrigðisþjónustu sem sækir um aðild er ófullnægjandi eða nái umsóknir ekki til nægilega margra aðildarríkja ætti framkvæmdastjórnin að fara fram á það við aðildarríkin að þau hvetji heilbrigðisþjónustuveitendur sína til að tengjast hinu fyrirhugaða tilvísunarneti.

6) Erfitt gæti reynst að ná tilskildum lágmarksfjölda heilbrigðisþjónustuveitenda eða aðildarríkja í tilviki sumra mjög sjaldgæfra sjúkdóma eða sjúkdómsástands vegna skorts á sérþekkingu. Því væri það vel til fundið að hópa saman í þematengt tilvísunarnet veitendur heilbrigðisþjónustu sem beina sjónum sínum að skyldum, mjög sjaldgæfum sjúkdómum eða sjúkdómsástandi. Tilvísunarnet gætu einnig haft innan sinna vébanda aðila sem láta í té hátækniþjónustu sem alla jafna krefst mjög mikilla fjárfestinga, s.s. rannsóknarstofur og þjónustu á sviði geislafræði eða geislalækninga.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 147, 17.5.2014, bls. 79. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 281/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn, síður birtingar

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 45.

([2]) Stjtíð. ESB L 147, 17.5.2014, bls. 71.

7) Aðildarríki þar sem engir veitendur heilbrigðisþjónustu eru aðilar að tilvísunarneti ættu að tilnefna landsbundnar samstarfsmiðstöðvar og tengdar landsmiðstöðvar til að hvetja þær til samstarfs við viðeigandi tilvísunarnet.

8) Þegar gengið hefur verið úr skugga um að umsóknir séu fullnægjandi ætti að fara fram tæknileg úttekt á umsókn sérhvers tilvísunarnets og veitanda heilbrigðisþjónustu í samræmi við viðmiðanir framseldrar ákvörðunar 2014/286/ESB. Úttektin ætti, á grundvelli sameiginlegrar handbókar um úttekt, að felast í ítarlegri rýni gagna og úttektum á vettvangi hjá tilteknum fjölda umsækjenda sem valinn er. Hún ætti að vera framkvæmd af óháðum úttektaraðila sem framkvæmdastjórnin tilnefnir.

9) Aðildarríkin eru hvött til að koma á fót ráði aðildarríkja sem ætti að taka ákvarðanir um samþykkt fyrirhugaðra tilvísunarneta og um aðild að þeim. Þátttaka aðildarríkjanna ætti að vera valfrjáls. Alla jafna ættu aðildarríkin aðeins til að samþykkja stofnun tilvísunarnets og veita aðild að því ef úttekt úttektaraðila er jákvæð.

10) Veita ætti aðilum að tilvísunarnetum heimild til að nota kennimerki evrópskra tilvísunarneta. Kennimerkið, sem er í eigu Evrópusambandsins, ætti að mynda sjónræna ímynd tilvísunarnetanna og aðila þeirra.

11) Óháður matsaðili, sem framkvæmdastjórnin tilnefnir, ætti reglubundið að meta tilvísunarnetin og aðila að þeim á grundvelli sameiginlegrar matshandbókar. Matinu ætti að ljúka með tæknilegri matsskýrslu þar sem tilgreint er að hvaða marki tekist hefur að ná markmiðum 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB og uppfylla viðmiðanir og skilyrði framseldrar ákvörðunar 2014/286/ESB. Einnig ætti að lýsa í henni árangri og frammistöðu tilvísunarnetsins og framlagi aðilanna til þess. Sé matsskýrsla neikvæð ætti það alla jafna að verða til þess að aðildarríkin samþykki að leggja niður tilvísunarnet. Eftir matið ætti að fylgjast með því að krafan um lágmarksfjölda heilbrigðisþjónustuveitenda og aðildarríkja sé uppfyllt svo að unnt sé að viðhalda virðisauka tilvísunarnetsins fyrir Evrópusambandið.

12) Úttektar- og matshandbækur ættu að byggjast á alþjóðlega viðurkenndum starfsvenjum og innihalda grundvallarreglur og aðferðafræði til að framkvæma úttektir og mat.

13) Framkvæmdastjórnin ætti að greiða fyrir skiptum á upplýsingum um og sérþekkingu á að koma tilvísunarnetum á fót og meta þau. Hún ætti að gera almennar upplýsingar um tilvísunarnetin og aðila að þeim, tæknigögn og handbækur um stofnun tilvísunarneta og mat á þeim og aðilum að þeim aðgengilegar almenningi. Hún getur boðið tilvísunarnetunum og aðilum þeirra að nota sérstaka samskiptamiðla og -tæki. Skipuleggja ætti ráðstefnur og sérfræðingafundi til að skapa vettvang fyrir tækni- og vísindalega umræðu meðal tilvísunarnetanna.

14) Persónuupplýsingar í tengslum við það að koma á fót og meta tilvísunarnetin ættu að vera unnar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([3]) eins og við á.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 16. gr. tilskipunar 2011/24/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari ákvörðun eru settar fram:

a) viðmiðanir við að koma á fót og meta tilvísunarnet sem um getur í 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB og

b) ráðstafanir til að greiða fyrir skiptum á upplýsingum um og sérþekkingu á að koma á fót tilvísunarnetum sem um getur í 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB og meta þau.

([3]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

II. KAFLI

STOFNUN EVRÓPSKRA TILVÍSUNARNETA

2. gr.

Auglýsing eftir tillögum um að koma á fót evrópsku tilvísunarneti

1. Framkvæmdastjórnin skal birta auglýsingu eftir tillögum um að koma á fót tilvísunarnetum innan tveggja ára frá gildistöku þessarar tilskipunar.

2. Hópum, sem samanstanda af a.m.k. tíu veitendum heilbrigðisþjónustu með staðfestu í a.m.k. átta aðildarríkjum, er heimilt að svara auglýsingunni, innan þess frests sem tilgreindur er í henni, með sameiginlegri umsókn sem inniheldur tillögu um að koma á fót tilvísunarneti á tilteknu sérfræðisviði.

3. Efni umsóknarinnar skal vera eins og fram kemur í I. viðauka.

4. Þegar umsókn berst skal framkvæmdastjórnin ganga úr skugga um að skilyrðunum um lágmarksfjölda heilbrigðisþjónustuveitenda og aðildarríkja, sem fram kemur í 2. mgr., sé fullnægt.

5. Ef annað þessara skilyrða er ekki uppfyllt telst umsóknin ekki tæk til úttektar og skal framkvæmdastjórnin þá fara fram á það við aðildarríkin að þau hvetji heilbrigðisþjónustuveitendur sína til að tengjast hinu fyrirhugaða tilvísunarneti til að unnt sé að ná tilskildum fjölda.

6. Að höfðu samráði við aðildarríkin skal framkvæmdastjórnin ákveða hvenær rétt sé að birta síðari auglýsingar eftir tillögum.

3. gr.

Umsóknir um aðild

1. Umsókn, sem inniheldur tillögu um að koma á fót tilvísunarneti, skal fylgja umsókn um aðild frá sérhverjum veitanda heilbrigðisþjónustu sem í hlut á.

2. Efni umsóknar um aðild skal vera eins og fram kemur í II. viðauka.

3. Umsókn um aðild skal fylgja skrifleg yfirlýsing frá staðfestuaðildarríki viðkomandi heilbrigðisþjónustuveitanda sem vottar að þátttaka hans í tillögu um að koma á fót tilvísunarneti samrýmist landslöggjöf aðildarríkisins.

4. gr.

Tæknileg úttekt á umsóknum

1. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að kröfur 2. mgr. 2. gr. og 2. og 3. mgr. 3. gr. séu uppfylltar skal hún tilnefna úttektaraðila til að gera úttekt á umsóknum.

2. Úttektaraðilinn skal ganga úr skugga um hvort:

a) efni umsóknar, sem inniheldur tillögu um að koma á fót tilvísunarneti, uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í I. viðauka við þessa ákvörðun,

b) efni umsókna um aðild uppfyllir kröfur II. viðauka við þessa ákvörðun,

c) fyrirhugað tilvísunarnet uppfyllir kröfu a-liðar 1. liðar í I. viðauka við framselda ákvörðun 2014/286/ESB um að veita mjög sérhæfða heilbrigðisþjónustu,

d) fyrirhugað tilvísunarnet uppfyllir aðrar viðmiðanir og skilyrði sem sett eru fram í I. viðauka við framselda ákvörðun 2014/286/ESB,

e) veitendur heilbrigðisþjónustu sem sækja um uppfylla viðmiðanir og skilyrði sem sett eru fram í II. viðauka við framselda ákvörðun 2014/286/ESB.

3. Úttekt í samræmi við d- og e-lið 2. mgr. skal því aðeins fara fram að úttektaraðilinn komist að þeirri niðurstöðu að tillagan uppfylli kröfurnar sem vísað er til í a-, b- og c-lið 2. mgr.

4. Úttektaraðilinn skal semja skýrslu um úttekt á umsókn, sem inniheldur tillögu um að koma á fót tilvísunarneti, og á umsóknum um aðild og senda allar skýrslurnar til framkvæmdastjórnarinnar.

5. Úttektaraðilinn skal senda sérhverjum veitanda heilbrigðisþjónustu, sem sækir um aðild, skýrsluna um úttektina á fyrirhuguðu tilvísunarneti og á umsókn hans um aðild. Heilbrigðisþjónustuveitandanum er heimilt að senda úttektaraðila athugasemdir innan tveggja mánaða frá því að honum berast skýrslurnar. Berist úttektaraðila athugasemdir skal hann breyta skýrslum sínum um úttektina og skýra út hvort athugasemdirnar réttlæti breytingu á úttekt hans.

5. gr.

Samþykkt tilvísunarneta og aðila að þeim

1. Þegar aðildarríkjunum berst skýrsla um úttekt á tillögu um tilvísunarnet og skrá yfir fyrirhugaða aðila að því, sem samin er skv. 4. gr., skulu þau, eftir að hafa gengið úr skugga um náðst hafi lágmarksfjöldi heilbrigðisþjónustuveitenda og aðildarríkja, sem fram kemur í 2. mgr. 2. gr., taka ákvörðun, innan ráðs aðildarríkjanna, sem um getur í 6. gr., um hvort samþykkja beri fyrirhugað tilvísunarnet og aðila að því.

2. Með skírskotun til samþykkisins, sem um getur í 1. mgr., skal fyrirhuguðum tilvísunarnetum komið á fót sem evrópskum tilvísunarnetum.

3. Náist ekki lágmarksfjöldi heilbrigðisþjónustuveitenda eða aðildarríkja, sem fram kemur í 2. mgr. 2. gr., skal tilvísunarnetinu ekki komið á fót og skal framkvæmdastjórnin þá fara fram á það við aðildarríkin að þau hvetji heilbrigðisþjónustuveitendur sína til að tengjast hinum fyrirhuguðu tilvísunarnetum.

4. Reynist úttekt á veitanda heilbrigðisþjónustu neikvæð er það hans að ákveða hvort hann vill leggja fram umsókn sína um aðild, ásamt skýrslunni um úttekt á umsókninni, fyrir ráð aðildarríkjanna til endurskoðunar.

6. gr.

Ráð aðildarríkja

1. Aðildarríkin eru hvött til að koma á fót ráði aðildarríkja sem tekur ákvarðanir um hvort samþykkja skuli tillögur að tilvísunarnetum, aðild að þeim og hvort leggja beri niður tilvísunarnet. Sé ákvörðun þeirra ekki í samræmi við úttekt úttektaraðilans skulu aðildarríkin færa rök fyrir því.

2. Aðildarríki sem óskar eftir setu í ráði aðildarríkjanna skal tilkynna framkvæmdastjórninni hvaða landsyfirvald verði fulltrúi þess.

3. Ráð aðildarríkjanna skal setja sér starfsreglur, að tillögu þjónustudeilda framkvæmdastjórnarinnar, með einföldum meirihluta þeirra sem í því sitja.

4. Starfsreglurnar skulu taka til starfsemi og ákvörðunartökuferlis ráðs aðildarríkjanna og í þeim skal tilgreina hvaða fulltrúar þess hafi atkvæðisrétt um samþykkt tiltekins tilvísunarnets, hvaða meirihluta atkvæða sé krafist til að leiða mál til lykta og hvaða málsmeðferð beri að fylgja ef ákvörðun ráðsins er ekki í samræmi við skýrslu um úttekt á tillögu að tilvísunarneti eða umsókn um aðild.

5. Framkvæmdastjórnin skal sjá um skrifstofuhald fyrir ráð aðildarríkjanna.

6. Söfnun, vinnsla og birting á persónuupplýsingum fulltrúa aðildarríkjanna í ráðinu fer fram í samræmi við reglugerð (EB) nr. 45/2001.

7. gr.

Kennimerki

Þegar tilvísunarnet er samþykkt skal framkvæmdastjórnin veita leyfi til notkunar á sérstöku, grafísku auðkenni („kennimerki“) sem tilvísunarnetið og aðilar að því skulu nota í starfsemi á vegum tilvísunarnetsins.

8. gr.

Umsóknir um aðild að tilvísunarnetum sem fyrir eru

1. Veitandi heilbrigðisþjónustu sem óskar eftir að tengjast tilvísunarneti sem fyrir er skal leggja fram umsókn um aðild til framkvæmdastjórnarinnar.

2. Efni umsókna um aðild skal vera eins og fram kemur í II. viðauka.

3. Umsókn um aðild skal fylgja skrifleg yfirlýsing frá staðfestuaðildarríki viðkomandi heilbrigðisþjónustuveitanda til staðfestingar á því að þátttaka hans í tilvísunarnetinu samræmist landslöggjöf aðildarríkisins.

9. gr.

Tæknileg úttekt á umsóknum um aðild að tilvísunarnetum sem fyrir eru

1. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að kröfur 2. og 3. mgr. 8. gr. séu uppfylltar skal hún tilnefna aðila til að gera úttekt á umsókninni um aðild.

2. Úttektaraðilinn skal ganga úr skugga um:

a) hvort efni umsóknarinnar um aðild uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka við þessa ákvörðun, og

b) hvort hlutaðeigandi veitandi heilbrigðisþjónustu uppfylli viðmiðanir og skilyrði sem sett eru fram í II. viðauka við framselda ákvörðun 2014/286/ESB.

3. Úttektin í samræmi við b-lið 2. mgr. skal því aðeins fara fram að úttektaraðilinn komist að þeirri niðurstöðu að umsóknin um aðild uppfylli kröfurnar sem vísað er til í a-lið 2. mgr.

4. Úttektaraðilinn skal semja skýrslu um úttektina og senda framkvæmdastjórninni og hlutaðeigandi veitanda heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisþjónustuveitandanum er heimilt að senda úttektaraðila athugasemdir innan tveggja mánaða frá því að honum berst skýrslan. Berist úttektaraðila slíkar athugasemdir skal hann breyta skýrslu sinni um úttektina og skýra út hvort athugasemdirnar réttlæti breytingu á henni.

10. gr.

Samþykkt nýrra aðila

1. Þegar ráði aðildarríkjanna berst jákvæð skýrsla um úttekt, sem samin er skv. 9. gr., skal það taka ákvörðun um hvort samþykkja beri nýja aðilann.

2. Reynist niðurstaða úttektar á veitanda heilbrigðisþjónustu neikvæð er það hans að ákveða hvort hann vill leggja fram umsókn sína um aðild, ásamt skýrslunni um úttekt á umsókninni, fyrir ráð aðildarríkjanna til endurskoðunar.

11. gr.

Tilvísunarnet lagt niður

1. Tilvísunarnet skal lagt niður í eftirfarandi tilvikum:

a) ef lágmarksfjölda í öðru því tilviki sem um getur í 2. mgr. 2. gr. er ekki lengur náð,

b) reynist matsskýrsla um tilvísunarnetið, sem samin er skv. 14. gr., neikvæð,

c) að ákvörðun stjórnar tilvísunarnetsins í samræmi við reglur hennar og verklagsreglur,

d) fari samræmandi ekki fram á mat á tilvísunarnetinu innan fimm ára frá stofnun þess eða frá síðasta mati.

2. Ráð aðildarríkjanna, sem um getur í 6. gr., verður að samþykkja að tilvísunarnet sé lagt niður af þeim ástæðum sem taldar eru upp í a- og b-lið 1. mgr.

12. gr.

Missir aðildar

1. Aðili að tilvísunarneti getur misst aðild af eftirtöldum ástæðum:

a) við úrsögn að eigin vilja, í samræmi við reglur og verklagsreglur sem stjórn tilvísunarnetsins setur,

b) að ákvörðun stjórnar tilvísunarnetsins í samræmi við reglur hennar og verklagsreglur,

c) ef staðfestuaðildarríki tilkynnir aðila að tilvísunarnetinu að þátttaka hans í því samræmist ekki lengur landslöggjöf þess,

d) ef aðili neitar að gangast undir mat skv. 14. gr.,

e) ef matsskýrsla um aðilann, sem samin er skv. 14. gr., reynist neikvæð,

f) ef tilvísunarnetið, sem aðilinn tekur þátt í, er lagt niður.

2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal upplýsa framkvæmdastjórnina um ástæður fyrir tilkynningunni sem um getur í c-lið 1. mgr.

3. Stjórn tilvísunarnetsins skal upplýsa framkvæmdastjórnina í þeim tilvikum sem um getur í a-, b- og d-lið 1. mgr.

4. Missir aðildar af þeirri ástæðu sem um getur í e-lið 1. mgr. þarfnast samþykktar ráðs aðildarríkjanna, sem um getur í 6. gr.

5. Ætíð þegar um missi aðildar er að ræða skal framkvæmdastjórnin ganga úr skugga um hvort lágmarksfjölda heilbrigðisþjónustuveitenda og aðildarríkja, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., sé enn náð. Ef svo er ekki skal hún fara fram á það við tilvísunarnetið að það finni nýja aðila innan tveggja ára eða leggi það ella niður, upplýsa ráð aðildarríkjanna um stöðuna og fara fram á það við aðildarríkin að þau hvetji heilbrigðisþjónustuveitendur sína til að tengjast tilvísunarnetinu.

6. Missir aðildar bindur sjálfkrafa enda á öll réttindi og skyldur sem tengdust þátttöku í tilvísunarnetinu, þ.m.t. réttinn til að nota kennimerki þess.

13. gr.

Handbók um úttekt

1. Í samráði við aðildarríkin og hagsmunaaðila skal framkvæmdastjórnin semja ítarlega handbók um það í hverju úttektir, sem um getur í 4. og 9. gr., felast, hvernig þær skuli skjalfestar og úttektarferlið.

2. Úttektarferlið skal m.a. taka til sannprófunar á gögnum sem umsækjendur leggja fram og úttekta á vettvangi.

3. Aðilinn, sem framkvæmdastjórnin tilnefnir í samræmi við 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 9. gr. til að gera úttekt á tillögu að tilvísunarneti og umsóknum um aðild að tilvísunarneti, skal nota handbókina um úttekt.

III. KAFLI

MAT Á EVRÓPSKUM TILVÍSUNARNETUM

14. gr.

Mat

1. Reglubundið mat skal fara fram á öllum tilvísunarnetum og aðilum að þeim, a.m.k. á fimm ára fresti frá því að þau eða þeir voru samþykktir eða frá síðasta mati.

2. Þegar beiðni berst frá samræmanda tilvísunarnets um mat á því skal framkvæmdastjórnin tilnefna aðila til að meta tilvísunarnetið og aðila að því.

3. Matsaðilinn skal sannprófa og meta:

a) hvort viðmiðanir og skilyrði, sem sett eru fram í framseldri ákvörðun 2014/286/ESB, séu uppfyllt,

b) hvort markmiðin, sem eru sett eru fram í 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 2011/24/EB, hafi náðst og

c) árangur og frammistöðu tilvísunarnetsins og framlag aðilanna til þess.

4. Matsaðilinn skal semja matsskýrslu um tilvísunarnetið og senda til framkvæmdastjórnarinnar, stjórnar tilvísunarnetsins og aðila að tilvísunarnetinu.

5. Matsaðilinn skal semja matsskýrslu um sérhvern aðila að tilvísunarnetinu og senda framkvæmdastjórninni og hlutaðeigandi aðila.

6. Samræmandanum og aðilum að tilvísunarnetinu er heimilt að senda matsaðila athugasemdir innan tveggja mánaða frá því að þeim berst skýrslan. Berist matsaðila athugasemdir skal hann breyta matsskýrslu sinni og skýra út hvort athugasemdirnar réttlæti breytingu á mati hans.

7. Ráð aðildarríkjanna, sem um getur í 6. gr., verður að samþykkja að tilvísunarnet sé lagt niður eða missi aðildar sakir neikvæðs mats. Ráð aðildarríkjanna getur gefið tilvísunarnetinu eða hlutaðeigandi aðila að því eitt ár til að ráða bót á annmörkum, sem komið hafa í ljós, áður en nýtt mat fer fram. Þessi frestur skal einungis boðinn tilteknu tilvísunarneti eða aðila að tilvísunarneti ef stjórn netsins leggur fram áætlun um úrbætur.

15. gr.

Matshandbók

1. Framkvæmdastjórnin skal í samráði við aðildarríkin og hagsmunaaðila semja handbók um það í hverju matið á tilvísunarnetum og aðilum að þeim, sem um getur í 14. gr., felst, um skjalfestingu þess og matsferlið.

2. Matsferlið skal m.a. taka til mats á gögnum sem lögð eru fram, þ.m.t. sjálfsmatsskýrslum, og úttekta á vettvangi.

3. Aðilinn, sem framkvæmdastjórnin tilnefnir í samræmi við 2. mgr. 14. gr. til að meta tilvísunarnet og aðila að því, skal nota matshandbókina.

IV. KAFLI

SKIPTI Á UPPLÝSINGUM OG SÉRÞEKKINGU

16. gr.

Skipti á upplýsingum um að koma á fót tilvísunarnetum og meta þau

1. Framkvæmdastjórnin skal greiða fyrir skiptum á upplýsingum um og sérþekkingu á að koma á fót tilvísunarnetum og meta þau með því að:

a) gera almennar upplýsingar um stofnun tilvísunarneta og mat á þeim, þ.m.t. upplýsingar um úttektar- og matshandbækurnar, sem um getur í 13. og 15. gr., aðgengilegar almenningi,

b) gefa reglulega út uppfærða skrá yfir tilvísunarnet og aðila að þeim, einnig skýrslur um jákvæða úttekt og mat á tilvísunarnetunum og ákvarðanir ráðs aðildarríkjanna, í samræmi við starfsreglur þess,

c) skipuleggja ráðstefnur og sérfræðingafundi fyrir tæknilega og vísindalega umræðu meðal aðila að tilvísunarnetum, ef við á,

d) láta tilvísunarnetunum í té rafræna miðla og samskiptatæki, ef við á.

2. Vegna birtingar skrárinnar, sem um getur í b-lið 1. mgr., skal stjórn tilvísunarnets tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á því hvaða aðili gegnir hlutverki samræmingaraðila tilvísunarnetsins eða hvaða einstaklingur er tilnefndur sem samræmandi þess.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

17. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á framkvæmd þessarar framkvæmdarákvörðunar fimm árum eftir gildistöku hennar.

18. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tíunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 10. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

EFNI UMSÓKNAR UM AÐ KOMA Á FÓT TILVÍSUNARNETI

Leggja verður fram umsókn um að koma á fót tilvísunarneti í samræmi við auglýsingu eftir tillögum sem framkvæmdastjórnin birtir og skal hún innihalda:

a) heiti fyrirhugaðs tilvísunarnets,

b) útfyllt umsóknareyðublað, ásamt spurningalista fyrir sjálfsmat og viðbótargögnum sem krafist er í handbókinni um úttekt,

c) sönnun þess að allir veitendur heilbrigðisþjónustu, sem sækja um, tilheyri sama sérfræðisviði og beini sjónum sínum að sama heilsufarsvandamáli eða -vandamálum,

d) heiti þess veitanda heilbrigðisþjónustu sem gegna mun hlutverki samræmingaraðila netsins og nafn og samskiptaupplýsingar þess einstaklings sem mun koma fram fyrir hönd fyrirhugaðs samræmingaraðila,

e) heiti allra heilbrigðisþjónustuveitenda sem sækja um.

II. VIÐAUKI

EFNI UMSÓKNAR UM AÐILD

Umsókn veitenda heilbrigðisþjónustu skal innihalda:

a) heiti viðkomandi fyrirhugaðs tilvísunarnets eða tilvísunarnets sem fyrir er,

b) útfyllt umsóknareyðublað, ásamt spurningalista fyrir sjálfsmat og viðbótargögnum sem krafist er í handbókinni um úttekt,

c) nafn og samskiptaupplýsingar fulltrúa heilbrigðisþjónustuveitandans.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1137/2014 **2015/EES/46/09**

frá 27. október 2014

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar meðhöndlun á tilteknum sláturmat úr dýrum sem ætlaður er til manneldis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]), einkum 1. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu er gildi fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja. Í þeirri reglugerð er kveðið á um að stjórnendum matvælafyrirtækja beri að tryggja að sértækar kröfur er varða frekari meðhöndlun á sláturmat, t.d. mögum úr jórturdýrum og löppum hóf- og klaufdýra, séu uppfylltar.

2) Í samræmi við III. viðauka við þá reglugerð skal flá eða kalóna og afbyrsta lappir hóf- og klaufdýra, sem ætlaðar eru til frekari meðhöndlunar, og maga úr jórturdýrum skal kalóna eða hreinsa í sláturhúsinu, áður en þau eru flutt á aðra starfsstöð.

3) Búnaðurinn, sem er nauðsynlegur til að framkvæma fláningu eða kalónun og afbyrstingu, krefst mikillar fjárfestingar. Þar af leiðandi eru einkum lítil og meðalstór sláturhús ekki í stakk búin til að meðhöndla sjálf, á kostnaðarhagkvæman hátt, lappir sem eru ætlaðar til manneldis.

4) Þó að tækniþróun geri það kleift að nýta lappir hóf- og klaufdýra sem matvæli og minnka þar með matarúrgang standa einkum lítil og meðalstór sláturhús frammi fyrir raunhæfum afleiðingum sem hindra slíka nýtingu.

5) Ostahleypir er hreinsaður til framleiðslu á osti og er fenginn úr mögum ungra jórturdýra í til þess gerðum starfsstöðvum. Kalónun eða hreinsun maga dregur verulega úr magni ostahleypis, sem fenginn er úr þessum mögum, án þess að auka öryggi ostahleypisins sem er mikið hreinsaður í kjölfarið.

6) Til að stuðla að betri stjórnun og samkeppnishæfni þarf að viðhalda háu stig matvælaöryggis en skapa um leið jöfn samkeppnisskilyrði fyrir stjórnendur sem einnig unnt er að viðhalda í litlum og meðalstórum sláturhúsum.

7) Magar úr jórturdýrum og lappir hóf- og klaufdýra falla undir skilgreiningu á sláturmat í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004. Kröfurnar er varða meðhöndlun á sláturmat í þeirri reglugerð, þ.m.t. kröfur varðandi hitastig við geymslu og flutning, tryggja að unnt sé að meðhöndla og flytja þessar afurðir á öruggan hátt á starfsstöð utan sláturhússins, sækja þær frá mismunandi sláturhúsum og nýta þær. Lögbært yfirvald ætti því að heimila flutning á löppum hóf- og klaufdýra, sem ekki er búið að flá eða kalóna eða afbyrsta, á aðra starfsstöð.

8) Því ber að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 307, 28.10.2014, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 18. liðar IV. kafla I. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 komi eftirfarandi:

„18. Fyrir frekari meðhöndlun skal:

a) kalóna maga eða hreinsa; ef um er að ræða maga úr ungum jórturdýrum, sem eru ætlaðir til framleiðslu á ostahleypi, þarf þó einungis að tæma magana,

b) tæma garnir og hreinsa,

c) flá hausa og lappir eða kalóna þau og afbyrsta; ef lögbært yfirvald heimilar má þó flytja sýnilega hreinar lappir á samþykkta starfsstöð, sem meðhöndlar lappirnar frekar til vinnslu í matvæli, og flá þær þar eða kalóna og afbyrsta.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 2015/46 **2015/EES/46/10**

frá 14. janúar 2015

um leyfi fyrir díklasúríli sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, fyrir eldiskalkúna og fyrir perluhænsn til eldis og undaneldis (leyfishafi er Huvepharma NV) (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með díklasúríli. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir díklasúríli, CAS-nr. 101831-37-2, í aukefnaflokknum „hníslalyf og vefsvipungalyf", sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, fyrir eldiskalkúna og fyrir perluhænsn til eldis og undaneldis.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 21. maí 2014 ([2]) og 22. maí 2014 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi díklasúríl ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að aukefnið sé áhrifaríkt til að verjast hníslasótt í eldiskjúklingum, eldiskalkúnum og perluhænsnum til eldis og undaneldis. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á díklasúríli, CAS-númer 101831-37-2, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Díklasúríl, CAS-nr. 101831-37-2, sem tilheyrir aukefnaflokknum „hníslalyf og vefsvipungalyf" og er tilgreind í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 9, 15.1.2015, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(6), 3728.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(6), 3729. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(6), 3730.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald				
Hníslalyf og vefsvipungalyf										
51775	Huvepharma NV.	Díklasúríl 0,5 g/100 g (Coxiril)	*Samsetning aukefnis:* Díklasúríl: 5 g/kg. Sterkja:15 g/kg. Hveitimjöl: 700 g/kg. Kalsíumkarbónat: 280 g/kg. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Díklasúríl, $C_{17}H_9Cl_3N_4O_2$, (±)-4-klórfenýl[2,6-díklór-4- (2,3,4,5-tetrahýdró-3,5-díoxó-1,2,4-tríasín-2- ýl) fenýl]asetónítríl, CAS-númer: 101831-37-2. Óhreinindi D([1]): ≤ 0,1%. Öll önnur stök óhreinindi: ≤ 0,5%. Óhreinindi samtals: ≤ 1,5 %. *Greiningaraðferð*([2]) Til að ákvarða díklasúríli í fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa og greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós við 280 nm (reglugerð (EB) nr. 152/2009) ([3]).	Eldis-kjúklingar Eldis-kalkúnar Perluhænsn til eldis og undaneldis	–	0,8	1,2	1. Aukefnið skal notað í fóðurblöndur í formi forblöndu. 2. Ekki má blanda díklasúríli við önnur hníslalyf. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska. 4. Leyfishafinn skal framkvæma vöktunaráætlun varðandi þol gegn bakteríum og *Eimeria* spp. að lokinni setningu á markað.	4. febrúar 2025	Reglugerð (ESB) 37/2010([4]) – 1 500 µg díklasúríls/kg af ferskri lifur, – 1 000 µg díklasúríls/kg af ferskum nýrum, – 500 µg díklasúríls/kg af ferskum vöðvum, – 500 µg díklasúríls/kg af ferskri húð/fitu.

([1]) Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 1718 (díklasúríl til notkunar sem varðar heilbrigði dýra og dýraafurða).
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports
([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1).
([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 2015/47 **2015/EES/46/11**

frá 14. janúar 2015

um leyfi fyrir blöndu með alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* (DSM 21564), sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, umboðsaðili er DSM Nutritional Products Sp.Z o.o.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* (DSM 21564). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* (DSM 21564), í aukefnaflokknum ‚dýraræktaraukefni', sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 15. júní 2012 ([2]) og 9. október 2013 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* (DSM 21564), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin veitti því enn fremur athygli að aukefnið jók mjólkurframleiðslu talsvert á fyrri helmingi mjólkurskeiðsins. Hún taldi þó að ekki væri unnt að draga þessa ályktun varðandi allt mjólkurskeiðið. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* (DSM 21564), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum ‚dýraræktaraukefni' og virka hópnum ‚meltingarbætandi efni' og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 9, 15.1.2015, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, síður birtingar

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2777.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(10), 3434.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a21	DSM Nutritional products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z.o.o	alfaamýlasi EC 3.2.1.1	*Samsetning aukefnis* Blanda með alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* (DSM 21564), með virkni að lágmarki: Fast form: 160 KNU([1])/g; Vökvaform: 240 KNU/g. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* alfaamýlasi EC 3.2.1.1, framleiddur með *Bacillus licheniformis* (DSM 21564). *Greiningaraðferð*([2]) Til að ákvarða alfaamýlasa: Litmæling byggð á magnákvörðun á lituðum brotum sem koma fram við verkun alfaamýlasa á rauð sterkjufjölliðuefni.	Mjólkur-kýr	—	300 KNU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu. 2. Til notkunar fram að 14. viku mjólkurskeiðsins. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	4. febrúar 2025

([1]) 1 KNU er það magn ensíms sem leysir 6 míkrómól p-nítrófenóls á mínútu úr 1,86 mM etýlíden-G7-p-nítrófenólmaltóheptasósíði við pH-gildið 7,0 og 37 °C.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1126/2014 **2015/EES/46/12**

frá 17. október 2014

um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asúlam, sýanamíð, díklóran, flúmíoxasín, flúpýrsúlfúrón-metýl, píkólínafen og própísóklór í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 14. gr. (a-lið 1. mgr.), 18. gr. (b-lið 1. mgr.) og 49. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir asúlam, sýanamíð, díklóran og própísóklór. Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við þá reglugerð voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir flúmíoxasín, flúpýrsúlfúrón-metýl og píkólínafen.

2) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1045/2011 ([2]) er kveðið á um að færa asúlam ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Öll gildandi leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda virka efnið asúlam hafa verið afturkölluð. Í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við a-lið 1. mgr. 14. gr. sömu reglugerðar, ætti því að fella brott hámarksgildi leifa sem fastsett eru fyrir það virka efni í III. viðauka.

3) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/745/EB ([3]) er kveðið á um að færa sýanamíð ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Öll gildandi leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda virka efnið sýanamíð hafa verið afturkölluð. Í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við a-lið 1. mgr. 14. gr. sömu reglugerðar, ætti því að fella brott hámarksgildi leifa sem fastsett eru fyrir það virka efni í III. viðauka.

4) Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/329/ESB ([4]) er kveðið á um að færa díklóran ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Öll gildandi leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda virka efnið díklóran hafa verið afturkölluð. Í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við a-lið 1. mgr. 14. gr. sömu reglugerðar, ætti því að fella brott hámarksgildi leifa sem fastsett eru fyrir þetta virka efni í III. viðauka. Þetta ætti ekki að gilda um þau hámarksgildi leifa sem samsvara CXL-hámarksgildum sem byggð eru á notkun í þriðju löndum, að því tilskildu að þau séu viðunandi með tilliti til öryggis neytenda. Þetta ætti heldur ekki gilda í tilvikum þar sem hámarksgildi leifa hafa verið fastsett sérstaklega sem innflutningsvikmörk.

5) Að því er varðar díklóran lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ([5]). Hún tilgreindi áhættu fyrir neytendur varðandi CXL-hámarksgildi fyrir ferskjur, vínber til neyslu, vínþrúgur og gulrætur. Því er rétt að fastsetja þessi hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti varðandi CXL-hámarksgildi fyrir lauka og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessa afurð í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Það hámarksgildi verður endurskoðað; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 305, 24.10.2014, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1045/2011 frá 19. október 2011 um að samþykkja ekki virka efnið asúlam, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/934/EB (Stjtíð. ESB L 275, 20.10.2011, bls. 23).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/745/EB frá 18. september 2008 um að færa sýanamíð ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um afturköllun leyfa fyrir plöntuvarnarefnum sem innihalda það efni (Stjtíð. ESB L 251, 19.9.2008, bls. 45).

([4]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/329/ESB frá 1. júní 2011 um að færa díklóran ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 194).

([5]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for dicloran according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(6), 3274, (30 bls.).

6) Að því er varðar flúmíoxasín lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([6]). Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir epli, perur, steinaldin, kartöflur, gulrætur, nípur, ertur (án fræbelgs), sólblómafræ, sojabaunir, maískorn, hafrakorn, dúrrukorn og hveitikorn. Að því er varðar aðrar afurðir er mælt með því að viðhalda gildandi hámarksgildum leifa. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti varðandi hámarksgildi leifa fyrir lauka og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessa afurð í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Það hámarksgildi verður endurskoðað; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

7) Að því er varðar flúpýrsúlfúrón-metýl lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([7]). Hún komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti varðandi hámarksgildi leifa fyrir hörfræ, byggkorn, hveitikorn, hafrakorn og rúgkorn og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þar eð Frakkland tilkynnti að upplýsingarnar sem vantaði séu tiltækar verður ekki bætt við neðanmálsgrein þar sem óskað er eftir því að þessar upplýsingar séu lagðar fram.

8) Að því er varðar píkólínafen lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([8]). Hún komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti varðandi hámarksgildi leifa fyrir byggkorn, hafragrjón, rúgkorn, hveitikorn, nautakjöt, -fitu, -lifur og -nýru, kindakjöt, -fitu, -lifur, -nýru og -mjólk, geitakjöt, -fitu, -lifur, -nýru og -mjólk sem og mjólk úr nautgripum og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

9) Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/262/EB ([9]) er kveðið á um að færa própísóklór ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Öll gildandi leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda virka efnið própísóklór hafa verið afturkölluð. Í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við a-lið 1. mgr. 14. gr. sömu reglugerðar, ætti því að fella brott hámarksgildi leifa sem fastsett eru fyrir þetta virka efni í III. viðauka.

10) Að því er varðar afurðir úr plöntum og dýrum, þar sem ekki hefur verið tilkynnt um viðeigandi leyfi eða innflutningsvikmörk á vettvangi Evrópusambandsins og engin CXL-hámarksgildi leifa liggja fyrir, komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Með tilliti til núverandi vísinda- og tækniþekkingar að því er varðar þessar afurðir ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa í samræmi við b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

11) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar varðandi nauðsyn þess að aðlaga tiltekin magngreiningarmörk. Niðurstöður þessara rannsóknarstofa að því er varðar nokkur efni voru þær að tækniþróun krefjist þess að fastsett séu sérstök greiningarmörk fyrir tilteknar vörur.

12) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

13) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

([6]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for flumioxazin according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(5), 3225, (35 bls.).

([7]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for flupyrsulfuron-methyl according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(5), 3226, (28 bls.).

([8]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for picolinafen according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(5), 3222, (34 bls.).

([9]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/262/ESB frá 27. apríl 2011 um að færa própísóklór ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/941/EB (Stjtíð. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 19).

14) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar á löglegan hátt áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri neytendavernd sé viðhaldið.

15) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.

16) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, gildir áfram um afurðir sem voru framleiddar á lögmætan hátt fyrir 13. maí 2015.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 13. maí 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað dálkanna fyrir flúmíoxasín, flúpýrsúlfúrón-metýl og píkólínafen komi eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a])	Flúmíoxasín	Flúpýrsúlfúron-metýl	Píkólínafen
0100000	1. **NÝ EÐA FRYST ALDIN, HNETUR**		0,02(*)	0,01(*)
0110000	i) **Sítrusávextir**	0,02(*)		
0110010	Greipaldin (pómelónur, sætugreipaldin, tangeló (að undanskildum minneólum), ljótaldin og aðrir blendingar)			
0110020	Appelsínur (ilmappelsínur, beiskjuappelsínur, myrtuappelsínur og aðrir blendingar)			
0110030	Sítrónur (skrápsítróna, sítróna, fingursítróna (*Citrus medica* var. *sarcodactylis*))			
0110040	Súraldin			
0110050	Mandarínur (klementínur, tangarínur, minneólur og aðrir blendingar tangórínu (*Citrus reticulata* x *sinensis*))			
0110990	Annað			
0120000	ii) **Trjáhnetur**	0,05(*)		
0120010	Möndlur			
0120020	Parahnetur			
0120030	Kasúhnetur			
0120040	Kastaníuhnetur			
0120050	Kókoshnetur			
0120060	Heslihnetur (stórheslihnetur)			
0120070	Goðahnetur			
0120080	Pekanhnetur			
0120090	Furuhnetur			
0120100	Pistasíuhnetur			
0120110	Valhnetur			
0120990	Annað			
0130000	iii) **Kjarnaávextir**	0,02(*)		
0130010	Epli (skógarepli)			
0130020	Perur (sandperur)			
0130030	Kveði			

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a])	Flúmíoxasín	Flúþýrsúlfúron-metýl	Píkólínafen
0130040	Trjámispilsaldin			
0130050	Dúnepli			
0130990	Annað			
0140000	iv) **Steinaldin**	0,02(*)		
0140010	Apríkósur			
0140020	Kirsuber (sætkirsuber, súrkirsuber)			
0140030	Ferskjur (nektarínur og áþekkir blendingar)			
0140040	Plómur (sveskjuplómur, eðalplómur, kirsuberjaplómur, þyrniplómur, brjóstaber (*Ziziphus zizyphus*))			
0140990	Annað			
0150000	v) **Ber og smá aldin**			
0151000	a) *Vínber til neyslu og vínþrúgur*	0,05(*)		
0151010	Vínber til neyslu			
0151020	Vínþrúgur			
0152000	b) *Jarðarber*	0,02(*)		
0153000	c) *Klungurber*	0,02(*)		
0153010	Brómber			
0153020	Daggarber (logaber, teigsber, bersaber, múltuber og aðrir *Rubus*-blendingar)			
0153030	Hindber, (vínhindber, heimskautaber/hindber, (*Rubus arcticus*), mjaðarhindber (*Rubus arcticus* x *Rubus idaeus*))			
0153990	Annað			
0154000	d) *Önnur smá aldin og ber*	0,02(*)		
0154010	Bláber (aðalbláber)			
0154020	Trönuber (rauðber/týtuber (*V. vitis idaea*))			
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber			
0154040	Stikilsber (þ.m.t. blendingar við aðrar *Ribes*-tegundir)			
0154050	Rósaldin			
0154060	Mórber (aldin jarðarberjatrés)			
0154070	Eplaþyrniber (kívíber (*Actinidia arguta*))			

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a])	Flúmíoxasín	Flúpýrsúlfúron-metýl	Píkólínafen
0154080	Ylliber (logalaufsber, reyniber, hafþyrnisber/strandþyrnisber, snæþyrnisber, amalber og önnur ber af trjákenndum plöntum)			
0154990	Annað			
0160000	vi) **Ýmis aldin**	0,02(*)		
0161000	a) *Ætt hýði*			
0161010	Döðlur			
0161020	Fíkjur			
0161030	Ólífur til átu			
0161040	Gullappelsínur (Marumi gullappelsínur, nagami gullappelsínur, læmhvatar (*Citrus aurantifolia* × *Fortunella* spp.))			
0161050	Stjörnualdin (bilimbi)			
0161060	Gallaldin			
0161070	Jövuplómur (jövuepli, malajaepli, rósaepli, brasilíukirsuber, grumichama (*Eugenia uniflora*))			
0161990	Annað			
0162000	b) *Óætt hýði, lítið*			
0162010	Kíví			
0162020	Litkaber (tröllígulber, ígulber, vörtuber, gullaldin, búlukka, salak)			
0162030	Píslaraldin			
0162040	Kaktusfíkjur			
0162050	Stjörnuepli			
0162060	Persimónur (Virginíu-kakí) (svartaldin, hvítaldin, grænaldin, gulaldin, mjúkaldin)			
0162990	Annað			
0163000	c) *Óætt hýði, stórt*			
0163010	Lárperur			
0163020	Bananar (dvergbananar, mjölbananar, eplabananar)			
0163030	Mangó			
0163040	Papæjualdin			
0163050	Granatepli			
0163060	Morgunberkjur (kvöldberkjur, sykurepli/sólberkjur, flosberkjur (*Annona diversifolia*) og önnur miðlungsstór aldin af berkjuviðarætt)			

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a])	Flúmíoxasín	Flúpýrsúlfúron-metýl	Píkólínafen
0163070	Gvövur (drottningarhrísi/drekaávextir (*Hylocereus undatus*))			
0163080	Ananas			
0163090	Brauðaldin (saðningaraldin)			
0163100	Dáraaldin			
0163110	Nónberkjur			
0163990	Annað			
0200000	2. **NÝTT EÐA FRYST GRÆNMETI**			
0210000	i) **Rótarávextir og hnýði**	0,02(*)	0,02(*)	0,01(*)
0211000	a) *Kartöflur*			
0212000	b) *Hitabeltisrótarávextir og -hnýði*			
0212010	Kassava (þerrirætur, japanskar þerrirætur, fílseyru)			
0212020	Sætuhnúðar			
0212030	Mjölrótarhnýði (svarðarhnetur, jíkamarætur)			
0212040	Örvarrætur			
0212990	Annað			
0213000	c) *Aðrir rótarávextir og hnýði, að sykurrófum undanskildum*			
0213010	Rauðrófur			
0213020	Gulrætur			
0213030	Hnúðsilla			
0213040	Piparrót (hvannarætur, skessujurtarrætur, gulvandarætur)			
0213050	Ætisólblóm (hnúskaljós)			
0213060	Nípur			
0213070	Steinseljurætur			
0213080	Hreðkur (vetrarhreðkur, japanskar hreðkur, ætihreðkur og svipuð yrki, hnetusveipsef (*Cyperus esculentus*))			
0213090	Hafursrætur (svartrætur, æt krókalappa)			
0213100	Gulrófur			
0213110	Næpur			
0213990	Annað			
0220000	ii) **Laukar**	0,02(*)	0,02(*)	0,01(*)
0220010	Hvítlaukur			
0220020	Laukar (aðrir laukar, silfurlaukar)	(+)		
0220030	Skalottlaukar			

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a])	Flúmíoxasín	Flúpýrsúlfúron-metýl	Píkólínafen
0220040	Vorlaukar og pípulaukar (aðrir vorlaukar og svipuð yrki)			
0220990	Annað			
0230000	iii) **Aldingrænmeti**	0,02(*)	0,02(*)	0,01(*)
0231000	a) Náttskuggaætt			
0231010	Tómatar (kirsuberjatómatar, *Physalis* spp., goðaber, úlfaber (*Lycium barbarum* og *L. chinense*), trjátómatar)			
0231020	Paprikur (eldpipar)			
0231030	Eggaldin (melónuperur, ljósaeggaldin (*S. macrocarpon*))			
0231040	Okrur			
0231990	Annað			
0232000	b) *Plöntur af graskersætt — með ætu hýði*			
0232010	Gúrkur			
0232020	Smágúrkur			
0232030	Dvergbítar (sumargrasker, grasker (gárugrasker), flöskugrasker (*Lagenaria siceraria*), peruker, beiskjugúrkur, slöngugúrkur, rifjalúffur)			
0232990	Annað			
0233000	c) *Graskersætt — með óætu hýði*			
0233010	Melónur (horngúrkur)			
0233020	Risagrasker (vetrargrasker, grasker (seinsprottið yrki))			
0233030	Vatnsmelónur			
0233990	Annað			
0234000	d) *Sykurmais (dvergmais)*			
0239000	e) *Annað aldingrænmeti*			
0240000	iv) **Kál**	0,02(*)	0,02(*)	0,01(*)
0241000	a) *Blómstrandi kál*			
0241010	Spergilkál (sprotakál, næpukál, kínaspergilkál)			
0241020	Blómkál			
0241990	Annað			

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a])	Flúmíoxasín	Flúpýrsúlfúron-metýl	Píkólínafen
0242000	b) *Kálhöfuð*			
0242010	Rósakál			
0242020	Höfuðkál (toppkál, rauðkál, blöðrukál, hvítkál)			
0242990	Annað			
0243000	c) *Blaðkál*			
0243010	Kínakál (sinnepskál, blaðkál, rósettukál, blómsturkál)			
0243020	Grænkál (sveitakál, portúgalskt grænkál, portúgalskt hvítkál, fóðurkál)			
0243990	Annað			
0244000	d) *Hnúðkál*			
0250000	v) **Blaðgrænmeti og ferskar kryddjurtir**			
0251000	a) *Salat og aðrar salatplöntur, þ.m.t. plöntur af krossblómaætt*	0,02(*)	0,02(*)	0,01(*)
0251010	Vorsalat (strábrúða)			
0251020	Salat (höfuðsalat, lollo rosso-salat (laufsalat), jöklasalat, bindisalat)			
0251030	Breiðblaða salatfíflar (villtir kaffifíflar, rauðlaufssalat, hrokkinblaðssalat, sykurbrauðssalat (*C. endivia* var. *crispum*/*C. intybus* var. *foliosum*), túnfífilsblöð)			
0251040	Karsi (mungbaunaspírur, refasmáraspírur)			
0251050	Vetrarkarsi			
0251060	Klettasalat (gyltumustarður (*Diplotaxis* spp.))			
0251070	Sinnepskál			
11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutninga á vegum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 107, 10.4.2014, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 88.

([2]) Stjtíð. EB L 268, 3.10.1998, bls. 10.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

EFTIRLITSSKJÖL

1. gr.

1. Eftirlitsskjalið (aksturssskráin) fyrir óreglubundna flutninga, sem skilgreindir eru í 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009, skal vera í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Aksturssskrárnar skulu vera í hefti með 25 eyðublöðum, sem hægt er að rífa úr, og í tvíriti. Hvert hefti skal tölusett. Eyðublöðin skulu einnig tölusett frá 1 upp í 25. Kápa heftisins skal vera í samræmi við fyrirmyndina í II. viðauka. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að breyta þessum kröfum þannig að hægt sé að vinna aksturssskrár í tölvu.

2. gr.

1. Heftið, sem um getur í 1. gr., skal gefið út á heiti viðkomandi flutningafyrirtækis og er ekki framseljanlegt.

2. Áður en hver ferð hefst skal flutningafyrirtækið eða ökumaðurinn fylla út aksturssskrána í tvíriti þannig að hún sé læsileg og með óafmáanlegum stöfum. Hún gildir fyrir alla ferðina.

3. Frumrit aksturssskrárinnar, sem hægt er að rífa eyðublöð úr, skal geymt í ökutækinu alla ferðina sem það er útfyllt fyrir. Afrit skal geymt í höfuðstöðvum fyrirtækisins.

4. Flutningafyrirtækið ber ábyrgð á að halda utan um aksturssskrárnar.

3. gr.

Ef um er að ræða óreglubundinn flutning milli landa, sem er skipulagður af hópi flutningafyrirtækja, sem starfa á vegum sama verktaka og sem getur falið í sér að ferðamenn geta náð tengingu á akstursleið með öðru flutningafyrirtæki í sama hópi, skal frumrit aksturssskrárinnar geymt í ökutækinu sem annast flutninginn. Geyma skal afrit af aksturssskránni í höfuðstöðvum hvers flutningafyrirtækis.

4. gr.

1. Flutningafyrirtækið skal skila afritum af þeim aksturssskrám sem notaðar voru sem eftirlitsskjöl fyrir gestaflutninga í formi óreglubundinna flutninga, samkvæmt b-lið 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009, til lögbærra yfirvalda eða stofnunar staðfestuaðildarríkisins í samræmi við þá málsmeðferð sem framangreint yfirvald eða stofnun mælir fyrir um.

2. Ef um er að ræða gestaflutninga í formi sérstakra áætlunarferða, samkvæmt a-lið 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009, skal flutningafyrirtækið fylla aksturssskrána í I. viðauka þessarar reglugerðar þannig út að hún sýni mánaðarlegt yfirlit og skila henni til lögbærs yfirvalds eða stofnunar í staðfestuaðildarríkinu í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem framangreint yfirvald eða stofnun mælir fyrir um.

5. gr.

Í samræmi við skilyrðin, sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009, veitir aksturssskráin handhafa hennar, í tengslum við óreglubundna flutninga milli landa, heimild til að bjóða upp á stuttar skoðunarferðir í öðru aðildarríki en því sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu í. Þessar stuttu skoðunarferðir skulu skráðar í aksturssskrána fyrir brottför ökutækisins í viðkomandi ferð. Frumrit aksturssskrárinnar skal geymt um borð í ökutækinu meðan á stuttu skoðunarferðinni stendur.

6. gr.

Framvísa skal eftirlitsskjalinu ef viðurkenndur eftirlitsmaður krefst þess.

II. ÞÁTTUR

LEYFI

7. gr.

1. Umsóknir um leyfi fyrir reglubundnum flutningum og sérstökum áætlunarferðum skulu vera í samræmi við fyrirmyndina í III. viðauka.

2. Í umsóknum um leyfi skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

a) tímaáætlun,

b) gjaldskrár,

c) staðfest eintak af Bandalagsleyfi fyrir farþegaflutningum milli landa með hópbifreiðum gegn gjaldi sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009,

d) upplýsingar um tegund og umfang flutningaþjónustunnar, sem umsækjandinn hyggst veita, sé verið að sækja um leyfi til að koma á fót flutningaþjónustu, eða, sem hefur verið veitt, sé verið að sækja um endurnýjun á leyfi,

e) kort í heppilegum mælikvarða sem sýnir leiðina og viðkomustaði þar sem farþegar eru sóttir eða þeim skilað,

f) akstursáætlun svo unnt sé að sannprófa að farið sé að löggjöf Sambandsins um aksturs- og hvíldartíma.

3. Umsækjendur skulu, til stuðnings umsókn sinni, leggja fram allar aðrar upplýsingar sem þeir telja að skipti máli eða sem útgáfuyfirvaldið óskar eftir.

8. gr.

1. Leyfi skulu vera í samræmi við fyrirmyndina í IV. viðauka.

2. Í öllum ökutækjum, sem notuð eru við leyfisbundna flutninga, skal vera leyfi eða afrit sem er staðfest af útgáfuyfirvaldinu.

3. Leyfin gilda í fimm ár hið mesta.

III. ÞÁTTUR

VOTTORÐ

9. gr.

1. Vottorðin fyrir flutninga fyrir eigin reikning, sem um getur í 5. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009, skulu vera í samræmi við fyrirmyndina í V. viðauka við þessa reglugerð.

2. Fyrirtæki, sem óska eftir vottorði, skulu láta útgáfuyfirvaldinu í té sannanir eða tryggingu fyrir því að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009, hafi verið uppfyllt.

3. Vottorð eða staðfest eftirrit skal geymt ferðina á enda í öllum ökutækjum, sem eru notuð við flutninga sem eru háðir vottorðakerfi, og skal framvísa vottorðinu ef viðurkenndur eftirlitsmaður fer fram á það.

4. Vottorð skulu gilda í fimm ár hið mesta.

IV. ÞÁTTUR

MIÐLUN TÖLFRÆÐILEGRA GAGNA

10. gr.

Senda skal gögnin um gestaflutningana, sem um getur í 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009, í formi töflu í samræmi við fyrirmyndina í VI. viðauka við þessa reglugerð.

V. ÞÁTTUR

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

11. gr.

1. Aðildarríki geta heimilað að fyrirliggjandi birgðir af þeim akstursskrám, umsóknum um leyfi, leyfum og vottorðum, sem útbúin eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2121/98, verði notaðar til 31. desember 2015.

2. Önnur aðildarríki skulu samþykkja þessar akstursskrár og umsóknir um leyfi á yfirráðasvæði sínu til 31. desember 2015.

3. Leyfin og vottorðin, sem útbúin eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2121/98 og eru gefin út fyrir 31. desember 2015, halda gildi sínu þar til gildistími þeirra rennur út.

12. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2121/98 er felld úr gildi.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.


I. VIÐAUKI

AKSTURSSKRÁ – FYRIRMYND Nr. …… í hefti nr. …….

(Óhúðaður pappír í litnum Pantone 358 (ljósgrænn), eða eins nálægt þeim lit og mögulegt er, með sniðinu DIN A4)

ÓREGLUBUNDNIR FLUTNINGAR MILLI LANDA og GESTAFLUTNINGAR Í FORMI ÓREGLUBUNDINNA FLUTNINGA

(Bæta má við hvern lið á sér blaði ef þörf krefur)

1	 Skráningarnúmer hópbifreiðar	..... Staður, dagsetning og undirskrift flutningafyrirtækis
2	 Flutningafyrirtæki og, þar sem við á, undirverktaki eða hópur flutningafyrirtækja	1. ..... 2. ..... 3. .....
3	 Nafn ökumanns eða ökumanna	1. ..... 2. ..... 3. .....
4	Fyrirtæki eða einstaklingur sem ber ábyrgð á óreglubundnum flutningum	1. ..... 3..... 2. ..... 4.....
5	**Tegund flutninga**	□ Óreglubundnir flutningar milli landa □ Gestaflutningar í formi óreglubundinna flutninga □ Gestaflutningar í formi sérstakra áætlunarferða – mánaðarlegt yfirlit Mánuður ..... Ár .....
6	Brottfararstaður: ..... Land: ..... Ákvörðunarstaður: .....Land:	

7	Ferð	Akstursleið/dagleiðir og/eða viðkomustaðir þar sem farþegar eru sóttir eða þeim skilað		 Fjöldi farþega	 Tóm hópferðabifreið (merkja skal með X)	Áætlaður fjöldi km
	Dagsetningar	frá	til			

8	Skiptistaðir, ef einhverjir eru, við annað flutningafyrirtæki í sama hópi	Fjöldi farþega sem er skilað	Lokaákvörðunarstaður farþega sem er skilað	Flutningafyrirtæki sem sækir farþega

9	**Stuttar skoðunarferðir**				
	Dagsetning	Áætlaður fjöldi km	Brottfararstaður	Ákvörðunarstaður skoðunarferðar	Fjöldi farþega

10	**Ófyrirsjáanlegar breytingar**
	....

II. VIÐAUKI

Kápa

(Óhúðaður pappír á sniðinu DIN A4, a.m.k. 100 g/m^2 að þyngd)

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu

ÚTGÁFURÍKI Lögbært yfirvald

Auðkenni lands ([1]) .....

Hefti nr. ...

með aksturs skrám:

a) **fyrir óreglubundna flutninga milli landa með hópbifreiðum milli aðildarríkja, gefið út á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1073/2009,**

b) **fyrir gestaflutninga í formi óreglubundinna flutninga í öðru aðildarríki en því sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu í, gefið út á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1073/2009.**

til handa:.....

(kenninafn og eiginnafn eða viðskiptaheiti flutningafyrirtækis)

.....

.....

(Fullt heimilisfang, síma- og bréfasímanúmer)

....

(Staður og útgáfudagur) *(Undirskrift og stimpill yfirvaldsins eða stofnunarinnar sem gefur leyfið út)*

([1]) Austurríki (A), Belgía (B), Búlgaría (BG), Króatía (HR), Kýpur (CY), Tékkland (CZ), Danmörk (DK), Eistland (EST), Finnland (FIN), Frakkland (F), Þýskaland (D), Grikkland (GR), Írland (IRL), Ítalía (I), Lettland (LV), Litháen (LT), Lúxemborg (L), Ungverjaland (H), Malta (M), Holland (NL), Pólland (PL), Portúgal (P), Rúmenía (RO), Slóvakía (SLO), Spánn (E), Svíþjóð (S), Bretland (UK).

(Önnur síða)

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu í.

ÁRÍÐANDI ATRIÐI

A. ALMENN ÁKVÆÐI

1. Í 12. gr. (1. mgr.), 5. gr. (annarri málsgrein 3. mgr.) og 17. gr. (1. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1073/2009 segir að óreglubundnir flutningar skuli starfræktir með hliðsjón af eftirlitsskjali (akstursskrá úr akstursskrárheftinu sem gefið er út fyrir flutningafyrirtækið).

2. Í 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009 eru óreglubundnir flutningar skilgreindir sem „flutningar sem falla ekki undir skilgreiningu á reglubundnum flutningum, þ.m.t. sérstakar áætlunarferðir, og sem einkennast öðru fremur af því að fluttir eru farþegahópar sem eru settir saman að frumkvæði viðskiptavinar eða flutningafyrirtækisins sjálfs“.

   Reglubundnir flutningar eru í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 1073/2009 skilgreindir sem „flutningar á farþegum milli tiltekinna staða með tilteknu millibili á ákveðnum leiðum þar sem farþegar eru sóttir og þeim skilað á fyrirfram ákveðnum viðkomustöðum“. Öllum er heimilt að notfæra sér reglubundna flutninga, óháð því, eftir því sem við á, hvort þess sé krafist að bóka þurfi far.

   Flutningar teljast áfram til reglubundinna flutninga jafnvel þótt breytingar séu gerðar á rekstrarskilyrðum þeirra.

   Flutningaþjónusta, hver svo sem skipuleggur hana, þar sem séð er fyrir flutningum á tilteknum hópum farþega en aðrir farþegar eru útilokaðir, telst til reglubundinna flutninga. Slíkir flutningar kallast „sérstakar áætlunarferðir“ og til þeirra teljast:

   a) flutningar á starfsmönnum milli heimilis og vinnustaðar,

   b) flutningar á nemendum til og frá skóla. Jafnvel þótt sérstakar áætlunarferðir kunna að vera sniðnar að þörfum notenda teljast þær samt sem áður til reglubundinna flutninga.

3. Aksturssskráin gildir fyrir alla ferðina.

4. Bandalagsleyfið og aksturssskráin veita handhafa rétt til að starfrækja:

   i. óreglubundna flutninga milli landa með hópbifreiðum milli tveggja eða fleiri aðildarríkja,

   ii. gestaflutninga í formi óreglubundinna flutninga í öðru aðildarríki en flutningafyrirtækið hefur staðfestu í.

5. Aksturssskráin er fyllt út í tvíriti, annaðhvort af flutningafyrirtækinu eða ökumanni, áður en lagt er upp í hverja ferð. Afrit af aksturssskránni skal geymt hjá fyrirtækinu. Ökumaðurinn geymir frumritið í ökutækinu alla ferðina og skal framvísa því ef eftirlitsstarfsmenn fara fram á það.

6. Ökumaðurinn skilar aksturssskránni aftur til fyrirtækisins, sem afhenti hana, við lok viðkomandi ferðar. Flutningafyrirtækið ber ábyrgð á geymslu þessara skjala. Þau eru fyllt út með læsilegu og óafmáanlegu letri.

(Þriðja síða)

B. SÉRTÆK ÁKVÆÐI UM ÓREGLUBUNDNA FLUTNINGA MILLI LANDA

1. Í annarri undirgrein 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009 er kveðið á um að skipulagning samhliða eða tímabundinna flutninga, sem eru sambærilegir við reglubundna flutninga, sem fyrir eru, og þjóna sömu farþegahópum, skuli vera leyfisbundin.

2. Flutningafyrirtækjum er heimilt, innan ramma óreglubundinna flutninga milli landa, að bjóða upp á stuttar skoðunarferðir í öðru aðildarríki en því sem það hefur staðfestu í. Slík þjónusta er ætluð farþegum sem eru ekki búsettir í landinu og hafa áður verið fluttir af sama flutningafyrirtæki innan ramma óreglubundinna flutninga milli landa. Þeir eru fluttir með sama ökutæki eða öðru ökutæki frá sama flutningafyrirtæki eða sama hópi flutningafyrirtækja.

3. Þegar um er að ræða stuttar skoðunarferðir skal fylla akstursskrána út fyrir brottför ökutækisins í viðkomandi skoðunarferð.

4. Í óreglubundnum flutningum milli landa, sem hópur flutningafyrirtækja starfrækir fyrir hönd sama viðskiptavinar, og hugsanlega einnig þar sem farþegar eiga möguleika á að skipta um flutningafyrirtæki úr sama hópi á leiðinni, skal frumrit akstursskrárinnar geymt í ökutækinu. Afrit af akstursskránni skal geymt í höfuðstöðvum allra viðkomandi flutningafyrirtækja.

C. SÉRTÆK ÁKVÆÐI UM GESTAFLUTNINGA Í FORMI ÓREGLUBUNDINNA FLUTNINGA

1. Ef ekki er kveðið á um annað í löggjöf Sambandsins skal starfræksla gestaflutninga í formi óreglubundinna flutninga lúta gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í gistiríkinu að því er varðar eftirfarandi atriði:

   i. skilyrði sem gilda um flutningssamninginn,

   ii. þyngd og mál ökutækja,

   iii. kröfur varðandi flutninga á tilteknum hópum farþega, s.s. skólabörnum, börnum og hreyfihömluðum einstaklingum,

   iv. aksturs- og hvíldartíma,

   v. virðisaukaskatt (VSK) á flutningaþjónustu. Á þessu sviði gildir tilskipun ráðsins 2006/112/EB frá 28. nóvember 2006 um sameiginlega virðisaukaskattkerfið ([2]), einkum 48. gr., með hliðsjón af 193. og 194. gr., um þá þjónustu sem um getur í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009.

2. Ökutæki, sem eru notuð til gestaflutninga, skulu uppfylla sömu tæknistaðla um smíði og búnað ökutækja og mælt er fyrir um fyrir ökutæki sem eru viðurkennd til millilandaflutninga.

3. Aðildarríki skulu beita landsákvæðunum, sem um getur í 1. og 2. lið hér að framan, þegar um er að ræða flutningafyrirtæki, sem hafa ekki aðsetur innan þeirra, með sömu skilyrðum og um væri að ræða ákvæði, sem gilda um flutningafyrirtæki, sem hafa staðfestu í gistiaðildarríkinu, svo hægt sé koma í veg fyrir hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs eða staðfestustaðar.

4. Ef um er að ræða gestaflutninga í formi óreglubundinna flutninga skal flutningafyrirtækið skila akstursskrám til lögbærs yfirvalds eða þar til bærrar stofnunar í staðfestuaðildarríkinu, í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem sama yfirvald eða stofnun mælir fyrir um ([3]).

5. Ef um er að ræða gestaflutninga í formi sérstakra áætlunarferða skal flutningafyrirtækið fylla akstursskrána þannig út að hún sýni mánaðarlegt yfirlit og skila henni til lögbærs yfirvalds eða þar til bærrar stofnunar í staðfestuaðildarríkinu, í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem sama yfirvald eða stofnun mælir fyrir um.

([2]) Stjtíð. ESB L 347, 11.12.2006, bls. 1.

([3]) Lögbærum yfirvöldum aðildarríkis er heimilt að bæta við 4. lið upplýsingum um starfsfólk stofnunarinnar, sem ber ábyrgð á að safna saman aksturssskrám, og um málsmeðferðina við að framsenda upplýsingarnar.

III. VIÐAUKI

Kápa

(Óhúðaður pappír á sniðinu DIN A4, a.m.k. 100 g/m^2 að þyngd)

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu

UMSÓKN ([1])

UM LEYFI TIL AÐ HEFJA REGLUBUNDNA FLUTNINGA ☐

UM LEYFI TIL AÐ HEFJA SÉRSTAKAR ÁÆTLUNARFERÐIR ([2]) ☐

UM ENDURNÝJUN LEYFIS TIL FLUTNINGA ([3]) ☐

UM BREYTINGAR Á SKILYRÐUM FYRIR LEYFÐUM FLUTNINGUM ([4]) ☐

sem starfræktir eru með hópbifreiðum milli aðildarríkjanna í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1073/2009

til: .....

(Lögbært yfirvald)

1. Kenninafn og eiginnafn eða viðskiptaheiti og heimilisfang, símanúmer, bréfsímanúmer og/eða tölvupóstfang umsækjanda og, ef við á, flutningafyrirtækisins, sem stýrir aðgerðum, ef um er að ræða samtök fyrirtækja (rekstrarsamvinna (e. *pool*)):

.....

.....

2. Flutningaþjónusta sem er starfrækt ([1])

   af fyrirtæki ☐ sem aðili að samtökum (rekstrarsamvinna) ☐ sem er undirverktaki ☐

3. Nöfn og heimilisföng:

   flutningafyrirtækis, flutningafyrirtækis eða flutningafyrirtækja sem eru samstarfsaðilar eða undirverktaka ([4]) ([5]).

3.1 ..... sími:.....

3.2 ..... sími:.....

3.3 ..... sími:.....

3.4 ..... sími:.....

([1]) Merkja skal við eða fylla út, eins og við á.
([2]) Sérstakar áætlunarferðir þar sem ekki hefur verið gerður samningur á milli skipuleggjanda og flutningafyrirtækis.
([3]) Með skírskotun til 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009.
([4]) Taka skal fram í hverju tilviki fyrir sig hvort um sé að ræða samstarfsaðila eða undirverktaka.
([5]) Skrá skal fylgja með, ef við á.

(Önnur síða umsóknar um leyfi eða endurnýjun á leyfi)

4. Ef um er að ræða sérstakar áætlunarferðir:

4.1 Tegund farþega .....

5. Gildistími leyfisins, sem sótt er um, eða sá dagur sem þjónustunni lýkur:

.....

.....

.....

.....

6. Aðalleið (strika skal undir viðkomustaði þar sem farþegar eru sóttir)

.....

.....

.....

.....

7. Rekstrartímabil

.....

.....

.....

8. Ferðatíðni (daglega, vikulega, o.s.frv.)

.....

9. Gjaldskrá: ..... meðfylgjandi viðauki

10. Akstursáætlun skal fylgja með, svo unnt sé að sannprófa að hún sé í samræmi við löggjöf Bandalagsins um aksturs- og hvíldartíma.

11. Fjöldi leyfa eða afrita af leyfum sem sótt er um ([1])

.....

12. Frekari upplýsingar:

.....

.....

.....

13. ....

(Staður og dagsetning) *(Undirskrift umsækjanda)*

([1]) Athygli umsækjanda er vakin á því að þar eð leyfið á að vera í ökutækinu ættu leyfin, sem umsækjandi verður að hafa, að vera jafnmörg ökutækjunum sem notuð verða samtímis við flutningana sem sótt er um leyfi fyrir.

(Þriðja síða umsóknar um leyfi eða endurnýjun á leyfi)

ÁRÍÐANDI ATRIÐI

1. Eftirfarandi gögn fylgja með umsókninni, eins og við á:

   a) tímaáætlun,

   b) gjaldskrár,

   c) staðfest eintak af Bandalagsleyfi til farþegaflutninga á vegum milli landa gegn gjaldi, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009,

   d) upplýsingar um tegund og umfang flutningaþjónustunnar, sem umsækjandinn hyggst veita, sé verið að sækja um leyfi til að koma á fót nýrri flutningaþjónustu, eða sem hefur áður verið veitt, sé um að ræða endurnýjun á leyfi,

   e) kort í heppilegum mælikvarða sem sýnir leiðina og viðkomustaði þar sem farþegar eru sóttir eða þeim skilað,

   f) akstursáætlun svo unnt sé að sannprófa að farið sé að löggjöf Bandalagsins um aksturs- og hvíldartíma.

2. Umsækjendur skulu, til stuðnings umsókn sinni, leggja fram allar aðrar upplýsingar sem þeir telja máli skipta eða sem útgáfuyfirvaldið óskar eftir.

3. Í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009 er kveðið á um að eftirfarandi flutningaþjónusta eigi að vera leyfisbundin:

   a) reglubundnir flutningar, flutningar á farþegum milli tiltekinna staða með tilteknu millibili á ákveðnum leiðum þar sem farþegar eru sóttir og þeim skilað á fyrirfram ákveðnum viðkomustöðum. Öllum er heimilt að notfæra sér reglubundna flutninga, óháð því, eftir því sem við á, hvort þess sé krafist að bóka þurfi far. Flutningar teljast áfram til reglubundinna flutninga jafnvel þótt breytingar séu gerðar á rekstrarskilyrðum þeirra,

   b) sérstakar áætlunarferðir þar sem ekki hefur verið gerður samningur á milli skipuleggjanda og flutningafyrirtækis. Flutningaþjónusta, hver svo sem skipuleggur hana, þar sem séð er fyrir flutningum á tilteknum hópum farþega en aðrir farþegar eru útilokaðir, telst til reglubundinna flutninga. Slíkir flutningar nefnast „sérstakar áætlunarferðir“ og til þeirra teljast:

      i. flutningar á starfsmönnum milli heimilis og vinnustaðar,

      ii. flutningar á nemendum til og frá skóla.

   Jafnvel þótt sérstakar áætlunarferðir kunna að vera sniðnar að þörfum notendanna teljast þær samt sem áður til sérstakra áætlunarferða.

4. Umsóknin skal send lögbæru yfirvaldi í því aðildarríki sem lagt er upp frá, nánar tiltekið einhver endastöðvanna.

5. Gildistími leyfis skal eigi vera lengri en fimm ár.

IV. VIÐAUKI

(Fyrsta síða leyfisins)

(Óhúðaður pappír á sniðinu DIN A4 í litnum Pantone 182 (bleikur), eða eins nálægt þeim lit og mögulegt er, a.m.k. 100 g/m^2 að þyngd)

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu

ÚTGÁFURÍKI

Auðkenni lands ([1])

Lögbært yfirvald

.....

LEYFI nr. ...

til reglubundinna flutninga ([2])

til sérstakra áætlunarferða

með hópbifreiðum milli aðildarríkja í samræmi við

III. kafla reglugerðar (EB) nr. 1073/2009

til handa:.....

(kenninafn og eiginnafn eða viðskiptaheiti flutningafyrirtækis eða flutningafyrirtækisins, sem stýrir aðgerðum, ef um er að ræða samtök fyrirtækja (rekstrarsamvinna))

.....

Heimilisfang.....

Símanúmer, bréfsímanúmer og/eða tölvupóstfang: .....

Nafn, heimilisfang, símanúmer og bréfasímanúmer og/eða tölvupóstfang samstarfsaðila eða aðila í samtökum fyrirtækja (samlagi) og undirverktaka:

1) .....

2) .....

3) .....

4) .....

5) .....

Skrá fylgir með, ef við á.

Leyfið rennur út: .....

....

(Staður og útgáfudagur) *(Undirskrift og stimpill yfirvaldsins eða stofnunarinnar sem gefur leyfið út)*

([1]) Austurríki (A), Belgía (B), Búlgaría (BG), Króatía (HR), Kýpur (CY), Tékkland (CZ), Danmörk (DK), Eistland (EST), Finnland (FIN), Frakkland (F), Þýskaland (D), Grikkland (GR), Írland (IRL), Ítalía (I), Lettland (LV), Litháen (LT), Lúxemborg (L), Ungverjaland (H), Malta (M), Holland (NL), Pólland (PL), Portúgal (P), Rúmenía (RO), Slóvakía (SLO), Spánn (E), Svíþjóð (S), Bretland (UK).

([2]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

(Önnur síða leyfis nr. .....)

1. Akstursleið

   a) Brottfararstaður: .....

   b) Ákvörðunarstaður: .....

   c) Aðalleið, strika skal undir staðina þar sem farþegar eru sóttir og þeim skilað: .....

   .....

   .....

   .....

   .....

2. Rekstrartímabil: .....

   .....

3. Ferðatíðni: .....

4. Tímaáætlun: .....

5. Sérstakar áætlunarferðir:

   — Tegund farþega: .....

6. Önnur skilyrði eða sérstakar aðstæður (t.d. leyfilegir gestaflutningar ([3])):

   .....

   .....

   .....

   .....

   .....

   .....

.....

(Stimpill og/eða undirskrift yfirvaldsins sem gefur út leyfið)

([3]) Með samþykki gistiaðildarríkisins og tilkynnt leyfisyfirvaldinu innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009.

(Þriðja síða leyfisins)

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu

ÁRÍÐANDI ATRIÐI

1. Þetta leyfi gildir fyrir alla ferðina. Einungis þeim er ber nafnið, sem stendur í leyfinu, er heimilt að nota það.
2. Leyfið eða endurrit af því, sem staðfest er af yfirvaldinu sem gaf út leyfið, skal geymt í ökutækinu alla ferðina og ber að framvísa því ef eftirlitsstarfsmenn fara fram á það.
3. Staðfest endurrit af Bandalagsleyfinu skal geymt í ökutækinu.

V. VIÐAUKI

(Fyrsta síða vottorðsins)

(Óhúðaður pappír á sniðinu DIN A4 í litnum Pantone 100 (gulur), eða eins nálægt þessum lit og mögulegt er, a.m.k. 100 g/m^2 að þyngd)

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu

ÚTGÁFURÍKI

Auðkenni lands ([1])

Lögbært yfirvald

.....

VOTTORÐ

gefið út fyrir flutninga fyrir eigin reikning með hópbifreiðum milli aðildarríkja á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1073/2009

(Þessi hluti er fyrir einstaklinginn eða lögaðilann sem starfrækir flutninga fyrir eigin reikning)

Undirritaður .....

ábyrgðarmaður fyrir fyrirtækið, stofnun, sem er ekki rekin í hagnaðarskyni, eða einhvern annan (þessu skal lýsa),

.....

(Kenninafn og eiginnafn eða opinbert nafn, fullt heimilisfang)

vottar hér með:

— að flutningaþjónustan er ekki starfrækt í hagnaðar- eða ábataskyni

— að flutningar eru aðeins aukastarfsemi einstaklingsins eða lögaðilans

— hópbifreið með skráningarnúmerið ..... er í eigu einstaklingsins eða lögaðilans eða hefur verið keypt með afborgunum eða tekin á leigu samkvæmt langtímaleigusamningi

— starfsmaður viðkomandi einstaklings eða lögaðila, sem skrifar undir, eða sá sem skrifar undir eða starfsfólk í vinnu hjá eða til reiðu fyrir fyrirtækið mun, samkvæmt samningsskuldbindingu, aka hópbifreiðinni.

.....

(Undirskrift einstaklings eða fulltrúa lögaðilans)

(Þessi hluti er fyrir lögbært yfirvald)

Þetta er vottorð í skilningi 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009.

....

(Gildistími) *(Staður og útgáfudagur)*

.....

(Undirskrift og stimpill lögbæra yfirvaldsins)

([1]) Austurríki (A), Belgía (B), Búlgaría (BG), Króatía (HR), Kýpur (CY), Tékkland (CZ), Danmörk (DK), Eistland (EST), Finnland (FIN), Frakkland (F), Þýskaland (D), Grikkland (GR), Írland (IRL), Ítalía (I), Lettland (LV), Litháen (LT), Lúxemborg (L), Ungverjaland (H), Malta (M), Holland (NL), Pólland (PL), Portúgal (P), Rúmenía (RO), Slóvakía (SLO), Spánn (E), Svíþjóð (S), Bretland (UK).

(Önnur síða vottorðsins)

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu

ALMENN ÁKVÆÐI

1. Í 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009 segir: „flutningar fyrir eigin reikning er flutningastarfsemi á vegum einstaklings eða lögaðila, sem ekki er starfrækt í ábata- eða hagnaðarskyni, svo fremi:

   — að flutningarnir séu aukastarfsemi fyrir einstaklinginn eða lögaðilann og

   — ökutækin, sem notuð eru, séu í eigu viðkomandi einstaklings eða lögaðila eða hafi verið keypt með afborgunum eða tekin á leigu samkvæmt langtímaleigusamningi og starfsmaður viðkomandi einstaklings eða lögaðila, eða viðkomandi einstaklingur sjálfur eða starfsfólk í vinnu hjá eða til reiðu fyrir fyrirtækið, samkvæmt samningsskuldbindingu, aki þeim.“

2. Öllum flutningafyrirtækjum, sem stunda flutninga fyrir eigin reikning, er heimilt, skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009, að stunda flutningaþjónustu án mismununar á grundvelli ríkisfangs eða staðfestustaðar ef þau:

   — hafa leyfi í því aðildarríki þar sem þau hafa staðfestu til að stunda flutninga með hópbifreiðum í samræmi við skilyrði um aðgang að markaðinum, sem mælt er fyrir um í landslögum, og

   — uppfylla lagaskilyrði um umferðaröryggi að því er varðar ökumenn og ökutæki, eins og mælt er fyrir um í viðeigandi löggjöf Sambandsins.

3. Flutningar fyrir eigin reikning, sem um getur í 1. lið, eru bundnir vottorðakerfi.

4. Vottorðið veitir handhafa þess rétt til að stunda flutninga með hópbifreiðum milli landa fyrir eigin reikning. Það er gefið út af lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem ökutækið er skráð og gildir fyrir alla ferðina, að gegnumferð meðtalinni.

5. Viðkomandi hlutar vottorðsins skulu fylltir út með óafmáanlegu letri í þríriti af einstaklingunum eða fulltrúa lögaðilans, sem annast reksturinn, og af lögbæru yfirvaldi. Eitt afrit skal vera hjá yfirvaldinu og annað hjá einstaklingnum eða lögaðilanum. Ökumaðurinn geymir ávallt frumritið, eða staðfest eintak, í ökutækinu í hverri ferð sinni á milli landa. Því er framvísað ef eftirlitsyfirvöld fara fram á það. Einstaklingurinn eða lögaðilinn, eins og við á, ber ábyrgð á geymslu vottorðanna.

6. Vottorðið gildir í fimm ár hið lengsta.

VI. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ ORÐSENDINGUM

(sem um getur í 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópbifreiðum milli landa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 561/2006)

Fjöldi leyfa, sem gefin eru út fyrir gestaflutninga, í formi reglubundinna flutninga sem starfræktir eru á tímabilinu

..... (tveggja ára tímabil)

í ..... (heiti gistiaðildarríkis)

Landið þar sem flutningsaðilinn hefur staðfestu	Fjöldi útgefinna leyfa
B	
BG	
CZ	
DK	
D	
EST	
GR	
E	
F	
IRL	
HR	
I	
CY	
LV	
LT	
L	
H	
M	
NL	
A	
PL	
P	
RO	
SLO	
SK	
FIN	
S	
UK	
Alls	

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 2015/187 **2015/EES/46/17**

frá 6. febrúar 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar skimun handfarangurs (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nýleg gögn sýna að hryðjuverkamenn reyna nú að þróa nýjar aðferðir til að fela heimatilbúinn sprengibúnað sem er hannaður með hliðsjón af því að sniðganga núverandi flugverndarráðstafanir í tengslum við skimun handfarangurs.

2) Tilteknum sértækum flugverndarráðstöfunum, sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 ([2]), ætti því að breyta í því skyni að styrkja ráðstafanir gegn þeirri ógn sem stafar af heimatilbúnum sprengibúnaði sem falinn er í handfarangri.

3) Breytingarnar ættu að skerpa á tækniforskriftum um skimun handfarangurs þar sem notað er greiningarkerfi fyrir sprengiefni (EDS).

4) Breytingarnar ættu einnig að gera kleift að skima handfarangur, sem inniheldur fartölvur og önnur stór raftæki, við tilteknar aðstæður.

5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 185/2010 til samræmis við það.

6) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi, eins fljótt og auðið er, í því skyni að lágmarka þá hættu sem steðjar að flugvernd.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Þessi reglugerð öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar. Henni skal beitt frá og með 1. mars 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 31, 7.2.2015, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtíð. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1).

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 4. kafla er breytt sem hér segir:

   a) Í stað liðar 4.1.2.1 komi eftirfarandi:

      „4.1.2.1 Fartölvur og önnur stór raftæki skulu fjarlægð úr handfarangri áður en skimun fer fram og skulu þau skimuð sérstaklega nema ætlunin sé að skima handfarangurinn með búnaði til greiningar sprengiefnis sem uppfyllir staðal C2 eða strangari staðal.“

   b) Í stað liðar 4.1.2.8 komi eftirfarandi:

      „4.1.2.8 Sérhver taska, sem inniheldur stórt raftæki, skal endurskimuð þegar raftækið hefur verið fjarlægt úr töskunni og skal það skimað sérstaklega nema handfarangurinn hafi verið skimaður með búnaði til greiningar sprengiefnis sem uppfyllir staðal C2 eða strangari staðal.“

2. Eftirfarandi liðir 12.4.2.7–12.4.2.9 bætist við í 12. kafla:

   „12.4.2.7 Allur búnaður til greiningar sprengiefnis, sem er hannaður til að skima handfarangur, skal a.m.k. uppfylla staðal C1.

   12.4.2.8 Allur búnaður til greiningar sprengiefnis, sem er hannaður til að skima handfarangur sem inniheldur fartölvur og önnur stór raftæki, skal a.m.k. uppfylla staðal C2.

   12.4.2.9 Allur búnaður til greiningar sprengiefnis, sem er hannaður til að skima handfarangur, sem inniheldur fartölvur, önnur stór raftæki og vökva, úðaefni og gel (LAGs), skal a.m.k. uppfylla staðal C3.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 139/2014 2015/EES/46/18

frá 12. febrúar 2014

um kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1108/2009 ([2]), einkum 5. mgr. 8. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 216/2008 er stefnt að því að koma á og viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Evrópu.

2) Framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 216/2008 krefst þess að komið verði á ítarlegum framkvæmdarreglum, sérstaklega að því er varðar öryggisreglur fyrir flugvelli til þess að viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Sambandinu á sama tíma og leitast er við að ná markmiðinu um heildarúrbætur á öryggi á flugvöllum.

3) Því er nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin samþykki, fyrir 31. desember 2013, nauðsynlegar framkvæmdarreglur til að setja skilyrði fyrir hönnun og öruggum rekstri flugvalla, sem um getur í 5. mgr. 8. gr. a.

4) Til að tryggja snurðulausa umbreytingu og öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Sambandinu ættu framkvæmdarreglurnar að endurspegla nýjustu tækni sem völ er á og bestu starfsvenjur á sviði flugvalla, taka tillit til viðeigandi krafna og ráðlagðra starfsvenja Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og virða þannig viðeigandi flokkun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í öllu reglukerfinu og taka tillit til reynslu af rekstri flugvalla um heim allan og til framfara í vísindum og tækni á sviði flugvalla, vera í réttu hlutfalli við stærð, umferð, flokk og flækjustig flugvallar og eðli og umfang rekstursins, veita möguleika á nauðsynlegum sveigjanleika til að uppfylla kröfur með sérsniðnum hætti ásamt því að taka tillit til þeirra tilvika þar sem grunnvirki flugvallar hafa verið byggð upp fyrir gildistöku þessarar reglugerðar í samræmi við mismunandi kröfur löggjafar aðildarríkjanna.

5) Nauðsynlegt er að flugvallaiðnaðinum og stjórnsýslustofnunum aðildarríkjanna sé veittur nægilegur tími til að aðlagast nýja reglurammanum og til að sannreyna áframhaldandi gildi skírteina sem gefin voru út fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

6) Í því skyni að tryggja samræmi við beitingu sameiginlegra krafna er mikilvægt að lögbær yfirvöld og, eftir atvikum, Flugöryggisstofnun Evrópu („Flugöryggisstofnunin“), beiti sameiginlegum stöðlum þegar metið er hvort þessar kröfur séu uppfylltar. Flugöryggisstofnunin ætti að semja viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur og leiðbeiningar til að greiða fyrir nauðsynlegri samræmingu reglna. Sameiginlegu kröfurnar ættu að taka mið af sams konar ferlum hjá lögbærum yfirvöldum þvert á mismunandi svið flugmála. Þær ættu þó ekki að koma

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 44, 14.2.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 13.3.2008, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 51.

í veg fyrir að notuð séu lítillega frábrugðin ferli, ef og þegar það telst nauðsynlegt eða gagnlegt, t.d. þegar flugvellir og flugrekstur eru ekki undir eftirliti sömu eininga. Öryggismarkmið þessara krafna ætti að haldast óbreytt þó um sé að ræða ólíkar aðferðir við að uppfylla tæknilegar kröfur.

7) Með tilliti til stjórnunar á hindrunum í umhverfi flugvallarins, sem og annarri starfsemi sem á sér stað utan svæðamarka flugvallarins, má hvert aðildarríki tilnefna mismunandi yfirvöld og aðrar einingar til þess að vakta, meta og draga úr þessari áhættu. Markmið þessarar reglugerðar er ekki að breyta núverandi verkefnaskiptingu innan aðildarríkis. Hvert aðildarríki ætti þó að tryggja að valdsvið sé aðgreint með skýrum hætti í því skyni að vernda umhverfi flugvallarins og til að vakta og draga úr áhættu sem stafar af starfsemi manna. Það ætti því að tryggja að yfirvöld, sem falið er að bera ábyrgð á að vernda flugvallarsvæðið, hafi fullnægjandi valdsvið til að uppfylla skyldur sínar.

8) Í B-kafla IV. viðauka (hluta ADR.OPS) eru tilgreindar sérstakar tegundir þjónustu sem eiga að vera í boði á flugvelli. Í sumum tilvikum veitir rekstraraðili flugvallar ekki þessa þjónustu sjálfur, heldur annar aðili eða ríkiseining, eða samsetning af þessu tvennu. Í slíkum tilvikum ætti rekstraraðili flugvallar, sem ber ábyrgð á rekstri flugvallarins, að koma á tilhögun og samskiptaleiðum við þessa aðila eða einingar til að tryggja að þjónustan sé veitt í samræmi við kröfurnar í IV. viðauka. Þegar slík tilhögun og samskiptaleiðir eru fyrir hendi ætti að líta svo á að rekstraraðili flugvallar hafi sinnt skyldum sínum og ætti hann ekki að teljast bera neina beina ábyrgð á eða vera ábyrgur fyrir því ef önnur eining að samkomulaginu uppfyllir ekki tilskildar kröfur, að því tilskildu að hún hafi farið að öllum viðeigandi kröfum og skyldum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, sem snerta ábyrgð hennar samkvæmt fyrirkomulaginu.

9) Reglugerð (EB) nr. 216/2008 tekur aðeins til flugvallarskírteina, sem lögbært yfirvald á að gefa út, að svo miklu leyti sem það snertir öryggisþætti. Þættir í gildandi landsbundnum flugvallarskírteinum, sem ekki tengjast öryggi, haldast því óbreyttir.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á áliti sem Flugöryggisstofnunin gaf út í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í reglugerð þessari er mælt fyrir um nákvæmar reglur varðandi:

a) skilyrðin fyrir því að ákvarða og tilkynna umsækjanda um þann vottunargrunn sem gildir um tiltekinn flugvöll eins og sett er fram í II. og III. viðauka,

b) skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla skírteini fyrir flugvelli og aðila sem bera ábyrgð á rekstri flugvallarins, þ.m.t. takmörkun á rekstri, sem tengist tiltekinni hönnun flugvallarins, eins og sett er fram í II. og III. viðauka,

c) skilyrðin fyrir því að reka flugvöll í samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í V. viðauka a og, ef við á, V. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 216/2008, eins og fram kemur í IV. viðauka,

d) ábyrgð handhafa skírteina, eins og sett er fram í III. viðauka,

e) skilyrðin fyrir því að viðurkenna og breyta gildandi flugvallarskírteinum, sem aðildarríkin hafa gefið út,

f) skilyrðin fyrir ákvörðun um að heimila ekki undanþágur, sem um getur í 3. mgr. b 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, þ.m.t. viðmiðanir fyrir farmflugvelli, tilkynning um undanþegna flugvelli og endurskoðun á veittum undanþágum,

g) við hvaða skilyrði rekstur skal bannaður, takmarkaður eða háður tilteknum skilyrðum í öryggisskyni, eins og sett er fram í III. viðauka,

h) tiltekin skilyrði og verklag, að því er varðar yfirlýsingar frá veitendum hlaðstjórnunarþjónustunnar, sem um getur í e-lið 2. mgr. 8. gr. a í reglugerð (EB) nr. 216/2008, eins og sett er fram í II. og III. viðauka, og eftirlit með þeim.

2. Lögbær yfirvöld, sem fást við vottun og sinna eftirliti með flugvöllum, rekstraraðilar flugvalla og veitendur hlaðstjórnunarþjónustu, skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

3. Rekstraraðilar flugvalla og veitendur hlaðstjórnunarþjónustu skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

4. Rekstraraðilar flugvalla skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „flugvöllur“: tiltekið svæði (þ.m.t. allar byggingar, mannvirki og búnaður) á landi eða á vatni eða á föstu mannvirki, föstu eða fljótandi mannvirki úti fyrir strönd, sem ætlað er að nokkru eða öllu leyti til afnota við komur og brottfarir loftfara eða hreyfingar þeirra á jörðu niðri,

2) „flugvél“: vélknúið loftfar, þyngra en loft, sem helst á flugi aðallega vegna verkana loftsins á vængfleti sem eru óhreyfanlegir meðan á tilteknum þætti flugs stendur,

3) „loftfar“: tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar,

4) „hlað“: skilgreint svæði sem ætlað er fyrir loftför við hleðslu eða afhleðslu farþega, pósts eða farms, áfyllingu eldsneytis, stöðu eða viðhald,

5) „hlaðstjórnunarþjónusta (e. *apron management service*)“: þjónusta, sem veitt er, til að stjórna aðgerðum og hreyfingum loftfara og ökutækja á hlaði,

6) „úttekt“: kerfisbundið, sjálfstætt og skjalfest ferli til að safna sönnunargögnum og leggja hlutlægt mat á þau til að ákvarða að hve miklu leyti kröfurnar eru uppfylltar,

7) „vottunarforskriftir“: tæknistaðlar, sem Flugöryggis-stofnunin samþykkir, þar sem tilgreindar eru aðferðir til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar og sem aðili má nota vegna vottunar,

8) „lögbært yfirvald“: það yfirvald sem er tilnefnt í hverju aðildarríki með nauðsynlegar valdheimildir og ábyrgð til að fást við vottun og sinna eftirliti með flugvöllum, sem og með starfsfólki og aðilum sem koma að rekstri hans,

9) „samfellt eftirlit“: sú vinna sem lögbært yfirvald innir af hendi á hverjum tíma í því skyni að framkvæma eftirlitsáætlunina til að sannreyna að skilyrðin fyrir veitingu skírteinisins séu jafnan uppfyllt á meðan skírteinið er í gildi,

10) „skjal samþykktra frábrigða og aðgerða“ (e. *Deviation Acceptance and Action Document,* DAAD): skjal sem lögbært yfirvald útbýr til að taka saman sönnunargögn sem lögð eru fram til að rökstyðja samþykki á frábrigðum frá þeim vottunarforskriftum sem Flugöryggisstofnunin gefur út,

11) „skoðun“: sjálfstætt mat til að meta hvort farið sé að viðeigandi kröfum þar sem stuðst er við athuganir og álit og, ef þörf er á, mælingu, prófun eða kvörðun,

12) „hreyfing“: annaðhvort flugtak eða lending,

13) „hindrun“: allir fastir (hvort heldur til bráðabirgða eða frambúðar) og hreyfanlegir hlutir, eða hlutar þeirra, sem:

– eru staðsettir á svæði sem ætlað er til hreyfinga loftfara á jörðu niðri eða

– ná hærra en skilgreindur flötur sem á að vera hindrunarlaus til verndar loftförum á flugi eða

– eru utan þessara skilgreindu flata og teljast skapa hættu fyrir flugumferð,

14) „hindranaflötur“: flötur sem skilgreinir mörk þess sem hindranir mega ná inn í loftrýmið,

15) „hindranavarnarflötur“: flötur sem ætlaður er fyrir aðflugshallaljós, en hlutir eða viðbætur við hluti eru ekki leyfðar fyrir ofan þetta svæði nema þegar hlutaðeigandi yfirvald álítur að nýi hluturinn eða viðbótin fái skjól af óhreyfanlegum hlut sem fyrir er.

3. gr.

Eftirlit með flugvöllum

1. Aðildarríki skulu tilnefna eina einingu eða fleiri sem lögbært yfirvald með nauðsynlegar valdheimildir og ábyrgð til að fást við vottun og sinna eftirliti með flugvöllum, sem og með starfsfólki og aðilum sem koma að rekstri hans.

2. Lögbæra yfirvaldið skal vera óháð rekstraraðilum flugvalla og veitendum hlaðstjórnunarþjónustu. Unnt er að fullnægja þessari kröfu um óhæði með aðgreiningu, a.m.k. á starfræna stiginu, á milli lögbæra yfirvaldsins og þessara rekstraraðila flugvalla og veitenda hlaðstjórnunarþjónustu. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld beiti valdi sínu af óhlutdrægni og á gagnsæjan hátt.

3. Ef aðildarríki tilnefnir fleiri en eina einingu sem lögbært yfirvald skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a) hvert lögbært yfirvald skal bera ábyrgð á sérstaklega skilgreindum verkefnum og ákveðnu landsvæði og

b) koma skal á samvinnu milli þessara yfirvalda til að tryggja skilvirkt eftirlit með öllum flugvöllum og flugvallarrekendum sem og veitendum hlaðstjórnunarþjónustu.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi nauðsynlega getu og úrræði til að uppfylla kröfurnar sem gerðar eru til þeirra samkvæmt þessari reglugerð.

5. Aðildarríki skulu tryggja að starfsfólk lögbærra yfirvalda sinni ekki eftirlitsstarfsemi þegar eitthvað bendir til þess að það gæti valdið hagsmunaárekstrum, beint eða óbeint, sérstaklega að því er varðar hagsmuni tengda fjölskyldu eða fjárhag.

6. Starfsfólk, sem hefur heimild lögbærs yfirvalds til að sinna verkefnum er lúta að vottun og/eða eftirliti, skal hafa vald til að inna af hendi a.m.k. eftirfarandi verkefni:

a) að rannsaka skrár, gögn, verklagsreglur og annað efni sem viðkemur framkvæmd verkefna er lúta að vottun og/eða eftirliti,

b) að taka afrit af eða gera útdrátt úr slíkum skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni,

c) að óska eftir munnlegum skýringum á staðnum,

d) að fá aðgang að flugvöllum, viðkomandi húsnæði, starfrækslusvæðum eða öðrum viðeigandi svæðum og flutningatækjum,

e) að framkvæma úttektir, rannsóknir, prófanir, æfingar, mat og skoðanir,

f) að grípa til framfylgdarráðstafana eða hefja þær, eins og við á.

7. Verkefnin í 6. mgr. skulu innt af hendi í samræmi við landslöggjöf aðildarríkjanna.

4. gr.

Upplýsingar til Flugöryggisstofnunar Evrópu

Innan þriggja mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin upplýsa Flugöryggisstofnun Evrópu („Flugöryggisstofnunina“) um heiti, staðsetningar og ICAO-kóða flugvallanna og nöfn á rekstraraðilum flugvalla, ásamt fjölda farþega og hreyfingum á farmi á þeim flugvöllum sem ákvæði reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og þessarar reglugerðar gilda um.

5. gr.

Undanþágur

1. Innan eins mánaðar frá því að aðildarríki hefur ákveðið að veita undanþágu í samræmi við 3. mgr. b í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skal það tilkynna Flugöryggisstofnuninni um ákvörðun sína. Upplýsingarnar, sem sendar eru til Flugöryggisstofnunarinnar, skulu innihalda skrá yfir viðkomandi flugvelli, nafn rekstraraðila flugvallarins og fjölda farþega og hreyfinga á farmi á flugvellinum á viðkomandi ári.

2. Aðildarríkið skal árlega skoða tölurnar yfir umferð á flugvöllum sem hafa hlotið undanþágu. Ef umferð á slíkum flugvelli hefur í þrjú ár samfellt farið yfir þær tölur sem kveðið er á um í 3. mgr. b í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skal aðildarríkið tilkynna Flugöryggisstofnuninni um það og afturkalla undanþáguna.

3. Framkvæmdastjórnin getur hvenær sem er ákveðið að heimila ekki undanþágu í eftirfarandi tilvikum:

a) almenn öryggismarkmið reglugerðar (EB) nr. 216/2008 eru ekki uppfyllt,

b) farið hafi verið yfir viðeigandi tölur yfir fjölda farþega og hreyfingar á farmi í þrjú ár samfleytt,

c) undanþágan er ekki í samræmi við aðra viðeigandi löggjöf ESB.

4. Hafi framkvæmdastjórnin ákveðið að undanþágan sé ekki heimil skal hlutaðeigandi aðildarríki afturkalla undanþáguna.

6. gr.

Breyting skírteina

1. Skírteini, sem lögbæra yfirvaldið gefur út fyrir 31. desember 2014 á grundvelli landslöggjafar, skulu halda gildi sínu þar til þau eru gefin út í samræmi við þessa grein, eða ef engin slík skírteini eru gefin út, þá til 31. desember 2017.

2. Áður en tímabilinu, sem tilgreint er í 1. mgr., er lokið skal lögbæra yfirvaldið gefa út skírteini fyrir viðkomandi flugvelli og rekstraraðila flugvalla, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) vottunargrunnurinn, sem um getur í II. viðauka, hefur verið ákveðinn með notkun vottunarforskrifta sem Flugöryggisstofnunin gefur út að meðtöldum öllum tilvikum þar sem jafngilt öryggisstig og sérstök skilyrði hafa verið tilgreind og skjalfest,

b) handhafi skírteinisins hefur sýnt fram á að kröfur vottunarforskrifta, sem eru frábrugðnar þeim landsbundnu kröfum sem útgáfa núverandi skírteinis var byggð á, séu uppfylltar,

c) handhafi skírteinisins hefur sýnt fram á að þær kröfur í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar sem gilda um fyrirtæki handhafa og rekstur þess og sem eru ólíkar þeim landsbundnu kröfum sem útgáfa núverandi skírteinis var byggð á, séu uppfylltar.

3. Þrátt fyrir b-lið 2. mgr. getur lögbært yfirvald ákveðið að falla frá kröfunni um að sýnt sé fram á að kröfur séu uppfylltar ef það telur að það hafi í för með sér óhóflega fyrirhöfn.

4. Lögbært yfirvald skal halda skrár yfir skjölin sem tengjast málsmeðferðinni við að breyta skírteinum í a.m.k. fimm ár.

7. gr.

Frábrigði frá vottunarforskriftum

1. Ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt getur lögbæra yfirvaldið tekið við umsóknum um skírteini til 31. desember 2024, þ.m.t. umsóknum um frábrigði frá vottunarforskriftunum, sem Flugöryggisstofnunin gefur út:

a) frábrigðin uppfylla ekki kröfurnar um jafngilt öryggisstig samkvæmt ADR.AR.C.020 né kröfurnar um sérstök skilyrði samkvæmt ADR.AR.C.025 í II. viðauka við þessa reglugerð,

b) frábrigðin voru fyrir hendi áður en þessi reglugerð tók gildi,

c) frábrigðin, og ef við á, viðbættar mildandi ráðstafanir og aðgerðir til úrbóta, uppfylli grunnkröfurnar í V. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 216/2008,

d) öryggismat til stuðnings hverju frábrigði hafi verið framkvæmt.

2. Lögbært yfirvald skal taka saman sönnunargögnin, sem sýna fram á að þau skilyrði sem um getur í 1. mgr. séu uppfyllt, í skjali samþykktra frábrigða og aðgerða (DAAD). Skjal samþykktra frábrigða og aðgerða skal fylgja með skírteininu. Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina gildistíma skjals samþykktra frábrigða og aðgerða.

3. Rekstraraðili flugvallarins og lögbæra yfirvaldið skulu staðfesta að skilyrðin, sem um getur í 1. mgr., séu enn uppfyllt. Ef skilyrðin eru ekki uppfyllt skal skjali samþykktra frábrigða og aðgerða breytt, það fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað.

8. gr.

Verndun flugvallarumhverfis

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að samráð fari fram að því er varðar þau áhrif á öryggi sem byggingar, sem fyrirhugað er að reisa innan marka hindranaflatarins og hindranavarnarflatarins, sem og annarra flata sem tengjast flugvellinum, kunna að hafa.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að samráð fari fram að því er varðar þau áhrif á öryggi sem byggingar, sem fyrirhugað er að reisa út fyrir mörk hindranaflatarins og hindranavarnarflatarins sem og annarra flata, sem tengjast flugvellinum, sem eru umfram þá hæð sem aðildarríkin ákvarða, kunna að hafa.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að vernd flugvalla, sem eru staðsettir nálægt landamærum annarra aðildarríkja, sé samræmd.

9. gr.

Vöktun flugvallarumhverfis

Aðildarríki skulu tryggja að samráð fari fram að því er varðar starfsemi manna og landnotkun, s.s:

a) hvers konar byggingastarfsemi eða breyting á landnotkun á flugvallarsvæðinu,

b) hvers konar byggingastarfsemi, sem getur valdið því að hindranir valdi ókyrrð í lofti, sem getur verið hættuleg starfrækslu loftfara,

c) notkun hættulegra, ruglandi og villandi ljósa,

d) notkun flata sem valda miklu endurvarpi og geta valdið glýju,

e) gerð svæða, sem geta leitt til aukinnar virkni villtra lífvera, sem er skaðleg starfrækslu loftfara,

f) uppruna geislunar, sem ekki er sýnileg, eða tilvist færanlegra eða fastra hluta sem geta haft truflandi eða skaðleg áhrif á nothæfi fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarkerfa í flugi.

10. gr.

Stjórnun hættu af völdum villtra lífvera

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hættan á árekstri við villtar lífverur sé metin:

a) með því að koma á landsbundnu verklagi við skráningu og tilkynningar um árekstur loftfars við villtar lífverur,

b) með söfnun upplýsinga frá umráðendum loftfara, starfsfólki flugvalla og öðrum aðilum um tilvist villtra lífvera, sem geta mögulega skapað hættu fyrir starfrækslu loftfara og

c) með áframhaldandi mati til þess bærs starfsfólks á hættu sem stafar af villtum lífverum.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skýrslum um árekstur við villtar lífverur sé safnað saman og þær sendar áfram til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar svo hægt sé að setja þær inn í gagna- og upplýsingabanka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um árekstur fugla við loftför (e. *ICAO Bird Strike Information System* (IBIS)).

11. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Lögbær yfirvöld, sem sjá um vottun flugvalla, rekstraraðila flugvalla og veitenda hlaðstjórnunarþjónustu og annast eftirlit með þeim, skulu uppfylla kröfurnar, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þessa reglugerð, fyrir 31. desember 2017.

3. Ákvæðin í III. og IV. viðauka gilda um flugvelli sem hafa fengið vottun í samræmi við 6. gr. frá og með útgáfudegi skírteinisins.

4. Flugvellir, sem hafa hafið vottunarmálsmeðferð fyrir 31. desember 2014 en hafa ekki fengið útgefið skírteini fyrir þá dagsetningu, skulu aðeins fá slíkt útgefið þegar þeir hafa uppfyllt ákvæði þessarar reglugerðar.

5. Liðirnir ADR.AR.C.050 og ADR.OR.B.060 í II. og III. viðauka við þessa reglugerð gilda frá og með þeim degi sem framkvæmdarreglurnar um veitingu hlaðstjórnunarþjónustu öðlast gildi. Liðirnir ADR.AR.A.015 í II. viðauka og ADR.OR.A.015 í III. viðauka gilda um veitendur hlaðstjórnunarþjónustu frá og með þeim degi sem framkvæmdarreglurnar um veitingu hlaðstjórnunarþjónustu öðlast gildi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar á hugtökum sem notuð eru í II.-IV. viðauka

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur“ (AMC): staðlar sem eru ekki bindandi, sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt, til að sýna fram á aðferðir til að tryggja að kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar séu uppfylltar,

2) „tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak“ (e. *accelerate-stop distance available* (ASDA)): tiltæk lengd flugtaksbruns að viðbættri lengd öryggisbrautar, ef slíkt er fyrir hendi,

3) „flugturnsþjónusta“: flugstjórnarþjónusta veitt vegna flugvallarumferðar,

4) „flugvallabúnaður“: hvers konar búnaður, tæki, fylgihlutir, hugbúnaður eða aukahlutir sem notaðir eru eða ætlaðir til að styðja við starfrækslu loftfara á flugvelli,

5) „flugmálagögn“: formleg framsetning staðreynda, hugtaka eða leiðbeininga um flugmál sem eru viðeigandi fyrir samskipti, túlkun eða vinnslu,

6) „upplýsingaþjónusta flugmála“: þjónusta sem er stofnuð innan skilgreinds rýmis og sem er ábyrg fyrir að miðla flugmálaupplýsingum og gögnum sem nauðsynleg eru til að tryggja öryggi, reglufestu og skilvirkni í flugleiðsögu,

7) „flugleiðsöguþjónusta“: flugumferðarþjónusta, fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarþjónusta, veðurþjónusta fyrir flugleiðsögu og upplýsingaþjónusta flugmála,

8) „flugumferðarþjónusta“: mismunandi tegundir flugupplýsingaþjónustu, viðbúnaðarþjónustu, ráðgjafarþjónustu um flugumferð og flugstjórnarþjónustu (flugstjórnarsvæðisþjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu og flugturnsþjónustu),

9) „flugstjórnarþjónusta“: þjónusta sem er veitt í þeim tilgangi:

   1. að koma í veg fyrir árekstur:

      – milli loftfara og

      – milli loftfars og hindrana á umferðarsvæði flugvallar og

   2. að flýta fyrir og stuðla að skipulegri flugumferð,

10) „loftfarastæði“: tiltekið svæði á hlaði sem er ætlað til að leggja loftfari,

11) „akrein loftfarastæðis“: hluti hlaðs, merktur sem akbraut og eingöngu ætlaður til að komast að loftfarastæðum,

12) „aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur“: aðferðir þar sem lagt er til valkostur sem er frábrugðinn núverandi viðurkenndum aðferðum til að uppfylla kröfur eða aðferðir þar sem lagt er til nýjar aðferðir til að uppfylla kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar þegar Flugöryggisstofnunin hefur ekki samþykkt neinar aðrar viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur,

13) „viðbúnaðarþjónusta“: þjónusta sem veitt er til að tilkynna viðeigandi aðilum um loftför sem þarfnast leitar- og björgunaraðstoðar og til að aðstoða slíka aðila eftir þörfum,

14) „akbraut á hlaði“: hluti akbrautarkerfis á hlaði sem er ætlaður til að aka yfir hlaðið,

15) „hindrunarlaust klifursvæði“: skilgreint rétthyrnt svæði á láði eða legi undir stjórn viðkomandi einingar, valið eða undirbúið sem svæði þar sem hluti af frumklifri flugvélar í tiltekna hæð getur farið fram,

16) „hættulegur varningur“: hlutir eða efni sem geta stofnað heilbrigði, öryggi, eignum eða umhverfinu í hættu og sem er að finna í skránni yfir hættulegan varning í Tæknilegu fyrirmælunum eða sem eru flokkuð í samræmi við Tæknilegu fyrirmælin,

17) „gagnagæði“: mælikvarði á tiltrú þess að gögnin sem veitt eru uppfylli kröfur gagnanotanda að því er varðar nákvæmni, upplausn og heilleika,

18) „tilgreindar viðmiðunarvegalengdir“:

– „tiltækt flugtaksbrun (TORA)“,

– „tiltæk flugtaksvegalengd (TODA)“,

– „tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak (ASDA)“,

– „tiltæk lendingarvegalengd (LDA)“,

19) „flugupplýsingaþjónusta“: þjónusta sem veitt er í þeim tilgangi að veita ráð og upplýsingar sem nýtast til öruggrar og skilvirkrar framkvæmdar flugs,

20) „meginreglur um mannlega þætti“: meginreglur sem varða flugtæknilega hönnun, vottun, þjálfun, starfrækslu og viðhald og er leitast við með reglunum að setja upp örugga tengingu milli manna og kerfisíhluta með því að taka tilhlýðilegt tillit til mannlegrar getu,

21) „mannleg geta“: mannleg færni og takmarkanir sem hafa áhrif á öryggi og skilvirkni í flugi,

22) „blindflugsbraut“ (e. *instrument runway*): ein af eftirtöldum tegundum flugbrauta sem er ætluð loftförum sem fljúga samkvæmt blindaðflugsverklagi:

1. „flugbraut fyrir grunnaðflug (e. *non-precision approach runway*)“: blindflugsbraut með bæði sjónrænum leiðsögutækjum og öðrum leiðsögutækjum, sem veita a.m.k. stefnuleiðsögu sem nægir fyrir beint aðflug,

2. „flugbraut fyrir nákvæmnisaðflug, I. flokkur“ (e. *precision approach runway, category I*): blindflugsbraut með bæði sjónrænum leiðsögutækjum og öðrum leiðsögutækjum, ætluð til starfrækslu með ákvörðunarhæð sem er ekki undir 60 m (200 fetum) og annaðhvort við skyggni sem er ekki minna en 800 m eða flugbrautarskyggni sem er ekki minna en 550 m,

3. „flugbraut fyrir nákvæmnisaðflug, II. flokkur“ (e. *precision approach runway, category II*): blindflugsbraut með bæði sjónrænum leiðsögutækjum og öðrum leiðsögutækjum, ætluð til starfrækslu með ákvörðunarhæð sem er undir 60 m (200 fetum) en ekki undir 30 m (100 fetum) og flugbrautarskyggni sem er ekki minna en 300 m,

4. „flugbraut fyrir nákvæmnisaðflug, III. flokkur“: blindflugsbraut með bæði sjónrænum leiðsögutækjum og öðrum leiðsögutækjum að og eftir yfirborði flugbrautar og:

A. ætluð til starfrækslu með ákvörðunarhæð sem er undir 30 m (100 fetum) eða enga ákvörðunarhæð og flugbrautarskyggni ekki minna en 175 m eða

B. ætluð til starfrækslu með ákvörðunarhæð sem er undir 15 m (50 fetum) eða enga ákvörðunarhæð og flugbrautarskyggni minna en 175 m en ekki minna en 50 m eða

C. ætluð til starfrækslu með enga ákvörðunarhæð og enga takmörkun á flugbrautarskyggni,

23) „heilleiki“: ákveðin trygging fyrir því að fluggögn og gildi þeirra hafi ekki týnst eða verið breytt frá gagnasköpun eða frá því að breyting þeirra var heimiluð,

24) „tiltæk lendingarvegalengd“ (LDA): lengd flugbrautar sem hefur verið lýst tiltæk og nothæf fyrir brautarbrun flugvélar í lendingu,

25) „verklag í lélegu skyggni“: verklagsreglur á flugvöllum sem miða að því að tryggja öryggi í aðflugi skv. I. flokki við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði, skv. II. flokki við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði og II. og III. flokki og við flugtak í lélegu skyggni,

26) „flugtak í lélegu skyggni“ (LVTO): flugtak með flugbrautarskyggni sem er undir 400 m en þó ekki minna en 75 m,

27) „starfræksla við lakari skilyrði en stöðluð skilyrði skv. I. flokki“: blindaðflug og lending skv. I. flokki þar sem notuð er ákvörðunarhæð skv. I. flokki með flugbrautarskyggni sem er minna en það sem vanalega tengist gildandi ákvörðunarhæð, en þó ekki minna en 400 m,

28) „umferðarsvæði“: sá hluti flugvallar, sem ætlaður er fyrir flugtök, lendingar og akstur loftfara, þó ekki hlöð,

29) „veðurþjónusta“: sá búnaður og þjónusta sem lætur loftfari í té veðurspár, yfirlit og athuganir sem og hvers konar aðrar veðurupplýsingar og gögn sem veitt eru af ríkjum til notkunar fyrir flug,

30) „marki“ (e. *marker*): sýnilegur hlutur ofan jarðyfirborðs sem gefur til kynna hindrun eða sýnir mörk,

31) „flugvallarmerking“ (e. *marking*): eitt eða fleiri tákn á yfirborði athafnasvæðis sem varðar flugumferð,

32) „athafnasvæði“: sá hluti flugvallar sem ætlaður er fyrir flugtök, lendingar og akstur loftfara, þ.e. umferðarsvæði og hlað/hlöð,

33) „leiðsöguþjónusta“: sá búnaður og þjónusta sem lætur í té upplýsingar um stöðu og tíma loftfara,

34) „sjónflugsbraut“: flugbraut ætluð loftförum sem fljúga samkvæmt sjónaðflugsverklagi,

35) „starfræksla við önnur skilyrði en stöðluð skilyrði skv. II. flokki“: nákvæmnisblindaðflug og -lending þar sem notað er blindlendingarkerfi (ILS) eða örbylgjulendingarkerfi (MLS) þar sem sumir eða allir þættir lýsingar fyrir nákvæmnisaðflug skv. II. flokki eru ekki tiltækir og þar sem:

   – ákvörðunarhæð (DH) er undir 200 fetum en ekki minni en 100 fet og

   – flugbrautarskyggni (RVR) er ekki undir 350 m,

36) „eftirlitslota“: tímabil þar sem staðfest er að áfram sé farið að kröfum,

37) „flýtiakbraut“ (e. *rapid exit taxiway*): akbraut tengd flugbraut með hvössu horni og hönnuð til aksturs af flugbraut eftir lendingu með meiri hraða en kleift er á öðrum akbrautum út af flugbraut svo að dvöl á flugbraut verði sem styst,

38) „flugbraut“: afmarkað, rétthyrnt svæði á flugvelli sem er gert fyrir lendingu og flugtak loftfara,

39) „tegund flugbrautar“: blindflugsbraut eða sjónflugsbraut,

40) „flugbrautarskyggni“: sú fjarlægð sem flugmaður loftfars á miðlínu flugbrautar getur eygt á yfirborðsmerkingum flugbrautarinnar eða þeim ljósum sem afmarka hana eða auðkenna miðlínu hennar,

41) „öryggisstjórnunarkerfi“: kerfisbundin nálgun við öryggisstjórnun, þ.m.t. nauðsynlegt stjórnskipulag, ábyrgðarskylda, stefnumál og verklagsreglur,

42) „öryggisbraut“: skilgreint, rétthyrnt svæði á jörðu niðri við enda tiltæks flugtaksbruns sem er útbúið þannig að þar er hægt að stöðva loftfar ef hætt er við flugtak,

43) „tiltæk flugtaksvegalengd“ (e. *take-off distance available* (TODA)): tiltæk lengd flugtaksbruns að viðbættri lengd tiltæks hindrunarlauss klifursvæðis, ef slíkt er fyrir hendi,

44) „tiltækt flugtaksbrun“ (e. *take-off run available* (TORA)): lengd flugbrautar sem hefur verið lýst tiltæk og nothæf fyrir brautarbrun flugvélar í flugtaki,

45) „akbraut“: tiltekin braut á flugvelli á landi, gerð fyrir akstur loftfara og ætluð til tengingar milli mismunandi hluta flugvallar, þ.m.t.:

- akrein loftfarastæðis,
- akbraut á hlaði,
- flýtiakbraut,

46) „Tæknileg fyrirmæli“: nýjasta, gildandi útgáfa af *„Tæknilegum fyrirmælum um öruggan flutning á hættulegum varningi flugleiðis“* (skjal nr. 9284-AN/905), ásamt viðbætum og hvers konar viðbótum sem Alþjóðaflugmálastofnunin hefur samþykkt og birt,

47) „skilmálar skírteinis“:

- staðarauðkenni Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,
- skilyrði fyrir starfrækslu (sjónflug/blindflug, dagur/nótt),
- flugbraut — tilgreindar viðmiðunarvegalengdir,
- tegund/tegundir flugbrauta og aðflug í boði,
- viðmiðunarkóði flugvalla,
- umfang starfrækslu loftfara sem hafa hærri viðmiðunarkóða en flugvöllurinn,
- veiting hlaðstjórnunarþjónustu (já/nei),
- verndarstig björgunar- og slökkvistarfs,

48) „sjónræn leiðsögutæki“: vísi- og merkjabúnaður, flugvallarmerkingar, ljós, tákn og markar eða samsetning þessa.

———

II. VIÐAUKI

Kröfur sem gerðar eru til yfirvalda — flugvellir (ADR.AR-hluti)

A-KAFLI — ALMENNAR KRÖFUR (ADR.AR.A)

ADR.AR.A.001 Gildissvið

Í þessum viðauka eru settar kröfur, sem gilda um lögbær yfirvöld, sem sjá um vottun flugvalla, rekstraraðila flugvalla og veitenda hlaðstjórnunarþjónustu og annast eftirlit með þeim.

ADR.AR.A.005 Lögbært yfirvald

Lögbært yfirvald, sem er tilnefnt af því aðildarríki þar sem flugvöllurinn er staðsettur, skal bera ábyrgð á:

a) vottun flugvalla og rekstraraðila flugvalla og eftirliti með þeim,

b) eftirliti með veitendum hlaðstjórnunarþjónustu.

ADR.AR.A.010 Eftirlitsgögn

a) Lögbært yfirvald skal útvega hlutaðeigandi starfsfólki allar lagagerðir, staðla, reglur, tæknirit og tengd skjöl til að það geti innt af hendi verkefni sín og skyldur.

b) Lögbært yfirvald skal gera lagagerðir, staðla, reglur, tæknirit og tengd skjöl aðgengileg rekstraraðilum flugvalla og öðrum hagsmunaaðilum til að greiða fyrir því að þeir geti uppfyllt viðeigandi kröfur.

ADR.AR.A.015 Aðferðir til að uppfylla kröfur

a) Flugöryggisstofnunin skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur sem má nota til að staðfesta samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar. Hafi viðurkenndum aðferðum verið beitt til að uppfylla kröfur teljast samsvarandi kröfur í framkvæmdarreglunum uppfylltar.

b) Nota má aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að staðfesta samræmi við framkvæmdarreglurnar.

c) Lögbært yfirvald skal koma á fót kerfi til að meta með samræmdum hætti hvort aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem yfirvaldið notar sjálft eða sem rekstraraðilar flugvalla eða veitendur hlaðstjórnunarþjónustu undir þeirra eftirliti nota, geri kleift að uppfylla kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar.

d) Lögbært yfirvald skal meta tillögur rekstraraðila flugvallar eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustu hvað varðar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, í samræmi við ADR.OR.A.015, með því að greina gögnin sem eru lögð fram og, ef það er talið nauðsynlegt, að framkvæma skoðun hjá rekstraraðila flugvallar, á flugvellinum eða hjá veitanda hlaðstjórnunarþjónustu.

Þegar lögbært yfirvald telur að aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem rekstraraðili flugvallar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu leggur til, séu í samræmi við framkvæmdarreglur, skal það án ástæðulausrar tafar:

1) tilkynna umsækjanda að hrinda megi í framkvæmd öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur og, ef við á, breyta skírteini eða samþykki umsækjandans í samræmi við það,

2) tilkynna Flugöryggisstofnuninni um innihald þeirra, þ.m.t. afrit af viðeigandi skjölum,

3) tilkynna öðrum aðildarríkjum um aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem samþykktar voru og

4) tilkynna öðrum vottuðum flugvöllum, sem eru staðsettir í aðildarríki lögbæra yfirvaldsins, eins og við á.

e) Þegar lögbært yfirvald notast sjálft við aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að samrýmast reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, skal það:

1) gera þær tiltækar rekstraraðilum flugvalla og veitendum hlaðstjórnunarþjónustu, sem eru undir eftirliti þess, og

2) tilkynna Flugöryggisstofnun um þær án ástæðulausrar tafar.

Lögbært yfirvald skal útvega Flugöryggisstofnuninni nákvæma lýsingu á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur, þ.m.t. allar breytingar á verklagi sem geta skipt máli, auk mats sem sýnir fram á að farið sé að framkvæmdarreglum.

ADR.AR.A.025 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunar

a) Lögbæra yfirvaldið skal án ástæðulausrar tafar tilkynna Flugöryggisstofnuninni ef upp koma vandamál við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar.

b) Lögbæra yfirvaldið skal veita Flugöryggisstofnun upplýsingar sem varða öryggi, sem komnar eru til vegna tilkynninga um atvik sem því hefur borist.

ADR.AR.A.030 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

a) Með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB ([3]) skal lögbært yfirvald taka upp kerfi til að safna, greina og miðla öryggisupplýsingum með viðeigandi hætti.

b) Flugöryggisstofnunin skal taka upp kerfi til að greina með viðeigandi hætti allar viðeigandi upplýsingar sem henni berast um öryggismál og til að veita aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni tafarlaust allar upplýsingar, þ.m.t. tilmæli eða aðgerðir til úrbóta sem grípa á til, sem nauðsynlegar eru til þess að þau geti brugðist tímanlega við öryggisvandamáli sem tengist flugvöllum, rekstraraðilum flugvalla og veitendum hlaðstjórnunarþjónustu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.

c) Við móttöku upplýsinganna, sem um getur í a- og b-lið, skal lögbært yfirvald grípa til viðunandi aðgerða til að ráða bót á öryggisvandamálinu, þ.m.t. málum sem tengjast tilskipunum um öryggi í samræmi við ADR.AR.A.040.

d) Ráðstafanir, sem gripið er til samkvæmt c-lið, skulu tafarlaust tilkynntar þeim rekstraraðilum flugvalla eða veitendum hlaðstjórnunarþjónustu sem þurfa að fara að þeim samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar. Lögbært yfirvald skal einnig tilkynna Flugöryggisstofnun um þessar ráðstafanir sem og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum ef þessar ráðstafanir krefjast sameiginlegra aðgerða.

ADR.AR.A.040 Fyrirmæli um öryggi

a) Lögbært yfirvald skal gefa út fyrirmæli um öryggi ef það hefur komist að því að um sé að ræða óöruggar aðstæður, sem krefjast tafarlausra aðgerða, þ.m.t. að sýnt sé fram á að allar breytingar eða viðbætur við vottunarforskriftir, sem Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og sem lögbæra yfirvaldið telur að nauðsynlegt sé að sýna fram á, standist kröfur.

b) Fyrirmæli um öryggi skulu send áfram til hlutaðeigandi rekstraraðila flugvalla eða veitenda hlaðstjórnunarþjónustu og skulu að lágmarki fela í sér eftirfarandi upplýsingar:

1) lýsingu á óöruggu aðstæðunum,

2) upplýsingar um hvaða hönnun, búnaður eða starfræksla á í hlut,

3) aðgerðir sem krafist er og rökstuðning þeirra, þ.m.t. breytingar eða viðbætur við vottunarforskriftir sem fara þarf að,

4) hver fresturinn er til að fara að aðgerðunum, sem krafist er, og

5) gildistökudaginn.

([3]) Stjtíð. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 23.

c) Lögbært yfirvald skal senda Flugöryggisstofnuninni afrit af tilskipuninni um öryggi.

d) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta að rekstraraðilar flugvalla og veitendur hlaðstjórnunarþjónustu fari að viðeigandi tilskipunum um öryggi.

B-KAFLI — STJÓRNUN (ADR.AR.B)

ADR.AR.B.005 Stjórnunarkerfi

a) Lögbært yfirvald skal koma á fót og viðhalda stjórnunarkerfi sem inniheldur a.m.k.:

1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur til að lýsa stjórnskipulagi sínu, úrræðum og aðferðum við að uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar; verklagsreglurnar skulu jafnan uppfærðar og notaðar sem grundvallarvinnuskjöl hjá þessu lögbæra yfirvaldi fyrir öll tilheyrandi verkefni,

2) nægilegan fjölda starfsfólks til að sinna verkefnum sínum og skyldum, þ.m.t. skoðunarmenn flugvalla; starfsfólkið skal vera hæft til að inna af hendi störf sem því er úthlutað og hafa nauðsynlega þekkingu, reynslu, grunnþjálfun, þjálfun í starfi og reglubundna þjálfun í starfi til að tryggja áframhaldandi hæfni; skipulagskerfi skal vera til staðar til að tryggja að starfsfólk sé til taks til að tryggja að öll tengd verkefni séu innt af hendi með fullnægjandi hætti,

3) viðunandi aðstöðu og skrifstofuhúsnæði til að inna af hendi úthlutuðum verkefnum,

4) formlegt ferli til að vakta að stjórnunarkerfið uppfylli viðeigandi kröfur og að verklagsreglur séu fullnægjandi, þ.m.t. að koma á fót ferli fyrir innri úttektir og ferli fyrir öryggistengda áhættustjórnun.

b) Lögbæra yfirvaldið skal tilnefna fyrir hvert athafnasvið í stjórnkerfinu, einn eða fleiri einstaklinga sem bera heildarábyrgð á stjórn viðeigandi verkefnis eða verkefna.

c) Lögbært yfirvald skal setja verklagsreglur um gagnkvæm skipti á nauðsynlegum upplýsingum og aðstoð við önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld.

ADR.AR.B.010 Úthlutun verkefna til hæfra eininga

a) Aðildarríki skal aðeins úthluta verkefnum, sem tengjast fyrstu vottun eða samfelldu eftirliti með einstaklingum eða aðilum sem heyra undir reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, til hæfra eininga. Þegar verkefnum er úthlutað skal lögbært yfirvald tryggja að aðilinn hafi:

1) yfir að ráða kerfi fyrir upphafsmat og stöðugt mat á því að hæfa einingin uppfylli kröfur V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008;

þetta kerfi og niðurstöðurnar úr matinu skulu skjalfest,

2) komið á skjalfestu samkomulagi við hæfu einingunа, sem báðir aðilar hafa samþykkt á viðeigandi stjórnunarstigi, þar sem tilgreint er með skýrum hætti:

i. verkefnin sem inna á af hendi,

ii. yfirlýsingar, skýrslur og skrár sem leggja skal fram,

iii. tæknileg skilyrði, sem skulu uppfyllt þegar slík verkefni eru innt af hendi,

iv. tilheyrandi bótaábyrgð og

v. verndun upplýsinga sem aflað er þegar slík verkefni eru innt af hendi.

b) Lögbæra yfirvaldið skal tryggja að innra úttektarferlið og ferlið fyrir öryggistengda áhættustýringu, sem gerð er krafa um í 4. lið a-liðar ADR.AR.B.005, nái yfir öll verkefni í tengslum við vottun eða samfellt eftirlit sem framkvæmd eru fyrir hönd yfirvaldsins.

ADR.AR.B.015 Breytingar á stjórnunarkerfinu

a) Lögbæra yfirvaldið skal hafa yfir að ráða kerfi til að auðkenna breytingar, sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf, eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar. Þetta kerfi skal gera því kleift að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að stjórnunarkerfið verði áfram fullnægjandi og árangursríkt.

b) Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra stjórnunarkerfi sitt tímanlega til að endurspegla allar breytingar á reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd.

c) Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar.

ADR.AR.B.020 Skráahald

a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gefur möguleika á viðunandi geymslu, aðgengi að og áreiðanlegum rekjanleika hvað varðar:

1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur stjórnunarkerfisins,

2) þjálfun, menntun og hæfi og heimildir starfsfólks þess,

3) úthlutun verkefna til hæfra eininga, sem ná yfir þættina sem gerð er krafa um í ADR.AR.B.010 sem og upplýsingar um úthlutuð verkefni,

4) vottunarferli flugvalla og rekstraraðila flugvalla og samfellt eftirlit með þeim,

5) yfirlýsingarferli veitenda hlaðstjórnunarþjónustu og samfellt eftirlit með þeim,

6) gögn varðandi tilvik um jafngilt öryggisstig eða sérstök skilyrði, sem tilgreind eru í vottunargrunninum, sem og öll hugsanleg skjöl samþykktra frábrigða og aðgerða,

7) mat og tilkynningar til Flugöryggisstofnunarinnar hvað varðar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem rekstraraðilar flugvalla og veitendur hlaðstjórnunarþjónustu leggja til, og mat á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur, sem lögbæra yfirvaldið notast sjálft við,

8) frávik, aðgerðir til úrbóta og dagsetningar fyrir lok aðgerða og athugana,

9) framfylgdarráðstafanir sem gerðar hafa verið,

10) upplýsingar um öryggismál og ráðstafanir til eftirfylgni,

11) notkun ákvæða um sveigjanleika í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

b) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir öll skírteini sem það hefur gefið út og yfirlýsingar sem það hefur tekið á móti.

c) Skrár, sem tengjast vottun flugvallar og rekstraraðila flugvallar eða yfirlýsingu frá veitanda hlaðstjórnunarþjónustu, skulu geymdar á meðan skírteinið eða yfirlýsingin er í gildi, eins og við á.

d) Gögn sem tengjast 1.–3. lið a-liðar og 7.–11. lið a-liðar skulu geymd í a.m.k. fimm ár með fyrirvara um viðeigandi lög um gagnavernd.

C-KAFLI — EFTIRLIT, VOTTUN OG FRAMFYLGD (ADR.AR.C)

ADR.AR.C.005 Eftirlit

a) Lögbært yfirvald skal staðfesta:

1) að vottunargrunnurinn og allar kröfur, sem eiga við um flugvelli og rekstraraðila flugvalla, séu uppfyllt áður en samþykki eða skírteini er gefið út,

2) á grundvelli tilkynningarskyldu, að vottunargrunnurinn og kröfurnar, sem eiga við um flugvelli og rekstraraðila flugvalla eða veitendur hlaðstjórnunarþjónustu, séu ávallt uppfyllt og

3) að hrundið verði í framkvæmd viðeigandi öryggisráðstöfunum í samræmi við c- og d-lið í ADR.AR.A.030.

b) Þessi sannprófun skal:

1) studd skjölum með leiðbeiningum fyrir starfsfólk sem ber ábyrgð á öryggiseftirliti varðandi það hvernig það eigi að sinna störfum sínum,

2) veita hlutaðeigandi rekstraraðilum flugvalla og veitendum hlaðstjórnunarþjónustu niðurstöður úr öryggiseftirlitinu,

3) byggjast á úttektum og skoðunum, þ.m.t. fyrirvaralausum skoðunum, eftir því sem við á, og

4) veita lögbæra yfirvaldinu þær sannanir sem nauðsynlegar eru, ef þörf er á frekari aðgerðum, þ.m.t. fyrirhugaðar ráðstafanir samkvæmt ADR.AR.C.055.

c) Umfang eftirlitsins skal ákvarðað á grundvelli niðurstaðna úr fyrri eftirlitsstarfsemi og tilgreindra forgangsverkefna varðandi öryggi.

d) Lögbæra yfirvaldið skal safna og vinna úr öllum upplýsingum, sem teljast gagnlegar við eftirlit, þ.m.t. fyrirvaralausar skoðanir, eins og við á.

e) Innan ramma eftirlitsheimilda sinna getur lögbæra yfirvaldið ákveðið að krefjast fyrirframsamþykkis fyrir hvers konar hindrunum, nýbyggingum og annarri starfsemi á þeim svæðum sem rekstraraðili flugvallar vaktar í samræmi við ADR.OPS.B.075, sem gætu stofnað öryggi í hættu og truflað starfrækslu flugvallar.

ADR.AR.C.010 Eftirlitsáætlun

a) Fyrir hvern rekstraraðila flugvallar og veitanda hlaðstjórnunarþjónustu, sem veitir lögbæra yfirvaldinu yfirlýsingu um starfsemi sína, skal lögbæra yfirvaldið:

1) koma á fót og viðhalda eftirlitsáætlun, sem nær yfir eftirlitsstarfsemina sem krafist er samkvæmt ADR. AR.C.005,

2) nota hentuga eftirlitslotu, sem er að hámarki 48 mánuðir.

b) Eftirlitsáætlunin skal fela í sér úttektir og skoðanir innan ramma hverrar eftirlitslotu, þ.m.t. fyrirvaralausar skoðanir, eftir því sem við á.

c) Eftirlitsáætlunin og -lotan skulu endurspegla öryggisframmistöðu rekstraraðila flugvallarins og áhættu flugvallarins.

d) Í eftirlitsáætluninni skulu vera skrár yfir dagsetningar þegar úttektir og skoðanir eiga að fara fram og hvenær úttektirnar og skoðanirnar hafa átt sér stað.

ADR.AR.C.015 Vottunarferli hafið

a) Við móttöku umsóknar um fyrstu útgáfu skírteinis skal lögbæra yfirvaldið meta umsóknina og staðfesta að viðeigandi kröfur séu uppfylltar.

b) Ef um er að ræða flugvöll, sem fyrir er, skal lögbært yfirvald mæla fyrir um með hvaða skilyrðum rekstraraðili flugvallarins eigi að starfa á vottunartímabilinu, nema lögbæra yfirvaldið ákveði að stöðva þurfi tímabundið starfrækslu flugvallarins. Lögbæra yfirvaldið skal upplýsa rekstraraðila flugvallarins um fyrirhugaða tímaáætlun fyrir vottunarferlið og ljúka við vottunina eins fljótt og við verður komið.

c) Lögbæra yfirvaldið skal ákvarða vottunargrunninn og tilkynna umsækjanda þar um í samræmi við ADR.AR.C.020.

ADR.AR.C.020 Vottunargrunnur

Lögbæra yfirvaldið skal ákvarða vottunargrunninn og tilkynna umsækjandanum þar um og skal hann samanstanda af:

a) vottunarforskriftunum, sem Flugöryggisstofnunin gefur út og lögbæra yfirvaldið telur eiga við um hönnun flugvallarins og tegund starfrækslu, sem eru í gildi daginn sem sótt er um skírteinið, nema:

   1) umsækjandi kjósi að hlíta breytingum sem öðlast gildi síðar eða

   2) lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegt að hlíta breytingum sem öðlast gildi síðar,

b) öllum ákvæðum, sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt jafngilt öryggisstig fyrir og sem umsækjandi á að sýna fram á,

c) öllum sérstökum skilyrðum, sem mælt er fyrir um í samræmi við ADR.AR.C.025, sem lögbæra yfirvaldið telur að nauðsynlegt sé að taka með í vottunargrunninn.

ADR.AR.C.025 Sérstök skilyrði

a) Lögbært yfirvald skal mæla fyrir um sérstakar, nákvæmar tækniforskriftir, kallaðar sérstök skilyrði, fyrir flugvöll, ef hlutaðeigandi vottunarforskriftir sem Flugöryggisstofnun gefur út og sem um getur í a-lið ADR.AR.C.020, eru ófullnægjandi eða óviðeigandi, til að tryggja samræmi við grunnkröfurnar í V. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 216/2008, vegna þess að:

   1) ekki er unnt að uppfylla vottunarforskriftirnar vegna efnislegra, staðfræðilegra eða sambærilegra takmarkana sem tengjast staðsetningu flugvallarins,

   2) flugvöllurinn hefur hönnunareinkenni sem eru ný eða óvenjuleg eða

   3) reynsla af starfrækslu flugvallarins eða annarra flugvalla, sem hafa svipuð hönnunareinkenni, hefur sýnt að öryggi kunni að vera stofnað í hættu.

b) Sérstöku skilyrðin skulu innihalda tækniforskriftir, þ.m.t. takmarkanir eða verklagsreglur sem fara skal að, sem lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegar til að tryggja að farið sé að grunnkröfunum, sem settar eru í V. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

ADR.AR.C.035 Útgáfa skírteina

a) Lögbæra yfirvaldið getur farið fram á hverskyns skoðun, prófun, öryggismat eða æfingu sem það telur nauðsynlegt áður en það gefur út skírteinið.

b) Lögbæra yfirvaldið skal annaðhvort gefa út:

   1) stakt flugvallarskírteini eða

   2) tvö aðgreind skírteini, annað fyrir flugvöllinn og hitt fyrir rekstraraðila flugvallarins.

c) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út það/þau skírteini sem mælt er fyrir um í b-lið þegar rekstraraðili flugvallar hefur sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á það með fullnægjandi hætti að hann uppfylli kröfurnar í ADR.OR.B.025 og ADR.OR.E.005.

d) Skírteinið skal teljast innihalda vottunargrunn flugvallarins, handbók flugvallarins og, ef við á, öll önnur rekstrarskilyrði eða takmarkanir, sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um og sem mælt er fyrir um í skjölum samþykktra frábrigða og aðgerða.

e) Skírteinið skal gefið út með ótakmarkaðan gildistíma. Réttindi rekstraraðila flugvallarins og sú starfsemi sem hann hefur heimild til að annast skulu tilgreind í skilmálum skírteinisins.

f) Ef öðrum viðeigandi aðilum er falin ábyrgð skulu þeir greinilega auðkenndir og skráðir.

g) Framkvæma skal öryggismat á öllum opnum frávikum, að undanskildum fyrsta stigs frávikum og frávikum sem hefur ekki verið lokað fyrir vottunardaginn, gerðar skulu nauðsynlegar mildunarráðstafanir til að draga úr áhættu af þeirra völdum og skal lögbæra yfirvaldið samþykkja áætlun um aðgerðir til úrbóta til að loka frávikunum.

h) Til að gera rekstraraðila flugvallar kleift að gera breytingar án fyrirframsamþykkis lögbæra yfirvaldsins í samræmi við d-lið ADR.OR.B.040 skal lögbæra yfirvaldið samþykkja verklag þar sem umfang slíkra breytinga er skilgreint og því lýst hvernig slíkar breytingar verða meðhöndlaðar og þær tilkynntar.

ADR.AR.C.040 Breytingar

a) Við móttöku umsóknar um breytingu, í samræmi við ADR.OR.B.40, sem krefst fyrirframsamþykkis, skal lögbæra yfirvaldið meta umsóknina og, ef við á, tilkynna rekstraraðila flugvallar um:

1) viðeigandi vottunarforskriftir, sem Flugöryggisstofnunin gefur út, sem eiga við um fyrirhugaða breytingu og sem eru í gildi á þeim degi sem sótt er um, nema:

a) umsækjandi kjósi að hlíta breytingum sem öðlast gildi síðar eða

b) lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegt að hlíta breytingum sem öðlast gildi síðar,

2) allar aðrar vottunarforskriftir sem Flugöryggisstofnunin gefur út og lögbæra yfirvaldið telur að tengist beint fyrirhugaðri breytingu,

3) öll sérstök skilyrði sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um í samræmi við ADR.AR.C.025 og sem yfirvaldið metur nauðsynleg, og breytingar á þeim, og

4) breyttan vottunargrunn, ef fyrirhuguð breyting hefur áhrif á hann.

b) Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja breytinguna þegar rekstraraðili flugvallar hefur sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á með fullnægjandi hætti að hann uppfylli kröfurnar í ADR.OR.B.040 og, ef við á, ADR.OR.E.005.

c) Ef samþykkta breytingin hefur áhrif á skilmála skírteinisins skal lögbæra yfirvaldið breyta þeim.

d) Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja hvert það skilyrði sem rekstraraðili flugvallar skal starfa eftir meðan á breytingunni stendur.

e) Ef rekstraraðili flugvallarins gerir breytingar, sem krefjast fyrirframsamþykkis, án þess að hafa fengið samþykki lögbæra yfirvaldsins, eins og skilgreint er í a-lið, skal lögbæra yfirvaldið taka það til athugunar hvort þörf sé á því að fella tímabundið úr gildi, takmarka eða afturkalla skírteini rekstraraðilans, með fyrirvara um aðrar framfylgdarráðstafanir.

f) Hvað varðar breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, skal lögbæra yfirvaldið meta upplýsingarnar, sem fram koma í tilkynningunni sem rekstraraðili flugvallarins sendir í samræmi við d-lið ADR.OR.B.040, til að staðfesta viðeigandi stjórnun þeirra og staðfesta að þær uppfylli vottunarforskriftirnar og aðrar viðeigandi kröfur, sem eiga við um breytinguna. Séu einhverjar kröfur ekki uppfylltar skal lögbæra yfirvaldið:

1) tilkynna rekstraraðila flugvallarins um þær kröfur sem ekki eru uppfylltar og fara fram á frekari breytingar og

2) ef um er að ræða fyrsta eða annars stigs frávik, fara eftir ákvæðum ADR.AR.C.055.

ADR.AR.C.050 Yfirlýsingar frá veitendum hlaðstjórnunarþjónustu

a) Þegar lögbæra yfirvaldið tekur á móti yfirlýsingu frá veitanda hlaðstjórnunarþjónustu, sem hyggst veita slíka þjónustu á flugvelli, skal yfirvaldið ganga úr skugga um að yfirlýsingin innihaldi allar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt ADR.OR-hluta og staðfesta móttöku yfirlýsingarinnar við þennan aðila.

b) Ef yfirlýsingin inniheldur ekki tilskildar upplýsingar, eða inniheldur upplýsingar, sem gefa til kynna að viðeigandi kröfur séu ekki uppfylltar, skal lögbæra yfirvaldið tilkynna veitanda hlaðstjórnunarþjónustu og rekstraraðila flugvallarins þar um og fara fram á frekari upplýsingar. Ef nauðsynlegt er framkvæmir lögbæra yfirvaldið skoðun á veitanda hlaðstjórnunarþjónustu og rekstraraðila flugvallarins. Ef það er staðfest að kröfur séu ekki uppfylltar skal lögbært yfirvald grípa til þeirra aðgerða sem tilgreindar eru í ADR.AR.C.055.

c) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir yfirlýsingarnar frá þeim veitendum hlaðstjórnunarþjónustu sem eru undir eftirliti þess.

ADR.AR.C.055 Frávik, athugasemdir, aðgerðir til úrbóta og framfylgdarráðstafanir

a) Lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti í samræmi við a-lið ADR.AR.C.005, skal búa yfir kerfi til að greina frávik vegna öryggissjónarmiða.

b) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út fyrsta stigs frávik þegar það kemur í ljós að ekki er farið að mikilvægum atriðum í vottunargrunninum fyrir flugvöllinn, í gildandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, í verklagsreglum og handbókum rekstraraðila flugvallarins eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustu, í skilmálum skírteinisins eða í sjálfu skírteininu eða í innihaldi yfirlýsingar sem dregur úr öryggi eða stofnar öryggi verulega í hættu.

Fyrsta stigs frávik telst m.a. vera eftirfarandi:

1) þegar lögbæru yfirvaldi er ekki veittur aðgangur að flugvellinum og aðstöðu rekstraraðila flugvallarins eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustu, eins og skilgreint er í ADR.OR.C.015, þann hluta dags sem starfsemin fer fram og eftir tvær skriflegar beiðnir þar um,

2) þegar lögð eru fram fölsuð skjöl til að fá eða viðhalda gildi skírteinis,

3) þegar sannanir eru um misferli eða sviksamlega notkun skírteinis og

4) þegar það er enginn ábyrgðarmaður.

c) Lögbært yfirvald gefur út annars stigs frávik þegar það kemur í ljós að ekki er farið að vottunargrunni flugvallarins, viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, að verklagsreglum og handbókum rekstraraðila flugvallar eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustu, að skilmálum skírteinis eða innihaldi yfirlýsingar, sem gæti dregið úr öryggi eða hugsanlega stofnað öryggi í hættu.

d) Þegar frávik greinist við eftirlit eða með einhverjum öðrum hætti skal lögbæra yfirvaldið, með fyrirvara um allar viðbótaraðgerðir, sem krafist er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, senda rekstraraðila flugvallarins eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustu skriflega ábendingu um frávikið og fara fram á aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á frávikinu eða frávikunum sem greindust.

1) Þegar um er að ræða fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa tafarlaust til viðeigandi aðgerða til að banna eða takmarka starfsemi, og ef við á, grípa til aðgerða til að afturkalla skírteinið eða afskrá yfirlýsinguna eða til að takmarka eða ógilda skírteinið eða yfirlýsinguna tímabundið, í heild eða að hluta, eftir umfangi fráviksins, þar til rekstraraðili flugvallarins eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu hefur lokið aðgerðum til úrbóta með viðunandi hætti.

2) Þegar um er að ræða annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið:

a) veita rekstraraðila flugvallarins eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustu frest til að framkvæma aðgerðir til úrbóta, sem eru tilgreindar í aðgerðaáætlun sem er viðeigandi fyrir eðli fráviksins og

b) meta aðgerðirnar til úrbóta og framkvæmdaáætlunina, sem rekstraraðili flugvallarins eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu leggur til, og samþykkja þær ef niðurstaðan úr matinu er sú að þetta dugi til að ráða bót á vanefndaratriðunum.

3) Ef rekstraraðili flugvallarins eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu leggur ekki fram viðunandi áætlun um aðgerðir til úrbóta eða framkvæmir ekki aðgerðirnar til úrbóta innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, skulu frávikin hækkuð upp í fyrsta stigs frávik og gripið skal til þeirra aðgerða sem mælt er fyrir um í 1. lið d-liðar.

4) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, sem það hefur bent á, og, þar sem við á, þær framfylgdarráðstafanir sem það hefur beitt sem og allar aðgerðir til úrbóta og þá dagsetningu sem aðgerð vegna frávika er lokið.

e) Ef ekki er um að ræða fyrsta eða annars stigs frávik er lögbæra yfirvaldinu heimilt að gera athugasemdir.

———

III. VIÐAUKI

Kröfur um stjórnskipulag — rekstraraðilar flugvalla (ADR.OR-hluti)

A-KAFLI — ALMENNAR KRÖFUR (ADR.OR.A)

ADR.OR.A.005 Gildissvið

Í þessum viðauka eru settar kröfur sem eftirfarandi aðilum ber að uppfylla:

a) rekstraraðilar flugvalla, sem falla undir reglugerð (EB) nr. 216/2008 að því er varðar vottun, stjórnun, handbækur og aðrar skyldur og

b) veitendur hlaðstjórnunarþjónustu.

ADR.OR.A.010 Lögbært yfirvald

Í þessum hluta telst lögbært yfirvald vera það yfirvald sem tilnefnt er af því aðildarríki þar sem flugvöllurinn er staðsettur.

ADR.OR.A.015 Aðferðir til að uppfylla kröfur

a) Rekstraraðili flugvallar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu má nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur en þær sem eru viðurkenndar af Flugöryggisstofnun til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.

b) Þegar rekstraraðili flugvallar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu óskar eftir því að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur en þær sem eru viðurkenndar og samþykktar af Flugöryggisstofnun til að staðfesta samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar skal hann veita lögbæra yfirvaldinu ítarlega lýsingu á þeim áður en þeim er hrint í framkvæmd. Lýsingin skal innihalda allar viðeigandi breytingar á handbókum eða verklagsreglum sem gætu skipt máli, sem og mat sem sýnir fram á að farið sé að framkvæmdarreglum.

   Rekstraraðili flugvallarins eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustunnar má hrinda þessum aðgerðum í framkvæmd með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins og eftir að hafa móttekið tilkynningu eins og lýst er í d-lið ADR.AR.A.015.

c) Þegar rekstraraðili flugvallar veitir ekki sjálfur hlaðstjórnunarþjónustu er einnig krafist undanfarandi samkomulags við rekstraraðilann á flugvelli sem veitir slíka þjónustu vegna notkunar veitenda slíkar þjónustu á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur í samræmi við a- og b-lið.

B-KAFLI — VOTTUN (ADR.OR.B)

ADR.OR.B.005 Skyldur varðandi vottun flugvalla og rekstraraðila flugvallar

Áður en rekstur flugvallar hefst eða þegar undanþága í samræmi við 5. gr. hefur verið afturkölluð verður rekstraraðili flugvallar að fá viðeigandi skírteini sem lögbært yfirvald gefur út.

ADR.OR.B.015 Umsókn um skírteini

a) Umsóknin um skírteini skal gerð á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður.

b) Umsækjandi skal lögbæru yfirvaldi eftirfarandi í té:

   1) opinbert nafn, firmaheiti, heimilisfang og póstfang umsækjanda,

   2) upplýsingar og gögn varðandi:

      i. staðsetningu flugvallarins,

      ii. tegund starfrækslu á flugvellinum og

iii. hönnun flugvallarins og flugvallarvirki, í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir sem Flugöryggisstofnunin setur fram,

3) öll fyrirhuguð frábrigði frá viðeigandi tilgreindum vottunarforskriftum, sem Flugöryggisstofnunin setur fram,

4) skjöl, sem sýna hvernig hann muni uppfylla viðeigandi kröfur, sem settar eru í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar; slík skjöl skulu innihalda verklagsreglu, sem er að finna í handbók flugvallarins, þar sem því er lýst hvernig meðhöndla eigi breytingar, sem krefjast ekki fyrirframsamþykkis, og hvernig eigi að tilkynna þær lögbæra yfirvaldinu; lögbæra yfirvaldið skal samþykkja fyrir fram síðari breytingar á þessari verklagsreglu,

5) sannanir fyrir því að úrræðin til að reka flugvöllinn í samræmi við viðeigandi kröfur séu viðunandi,

6) skrifleg sönnunargögn sem sýna fram á samband umsækjandans við eiganda flugvallarins og/eða landeigandann,

7) nafn og viðeigandi upplýsingar um ábyrgðarmann og aðra tilnefnda aðila, sem krafist er samkvæmt ADR. OR.D.015 og

8) afrit af flugvallarhandbókinni, sem gerð er krafa um í ADR.OR.E.005.

c) Ef lögbæra yfirvaldið samþykkir það má leggja fram upplýsingarnar í 7. og 8. lið á síðari stigum, sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar áður en skírteinið er gefið út.

ADR.OR.B.025 Sýnt fram á að kröfurnar séu uppfylltar

a) Rekstraraðili flugvallarins skal:

1) framkvæma og skrá þær aðgerðir, skoðanir, prófanir og það öryggismat eða æfingar sem þörf er á og sýna lögbæra yfirvaldinu fram á:

i. að hann fari að tilkynntum vottunargrunni, vottunarforskriftum sem gilda um breytingu, þeim tilskipunum um öryggi sem við eiga og viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar,

ii. að flugvöllurinn og hindranafletir hans og varnarfletir, sem og önnur svæði sem tengjast flugvellinum, hafi engin þau sérkenni eða eiginleika sem gera starfsemina óörugga og

iii. að flugferlar fyrir flugvöllinn hafi verið samþykktir,

2) leggja fyrir lögbæra yfirvaldið upplýsingar um þær aðferðir sem notaðar voru til að sýna fram á að kröfurnar séu uppfylltar og

3) lýsa því yfir við lögbæra yfirvaldið að hann uppfylli kröfurnar í 1. lið a-liðar.

b) Rekstraraðili flugvallarins skal geyma viðeigandi upplýsingar um hönnun, þ.m.t. teikningar, skoðanir, prófanir og aðrar viðeigandi skýrslur, og skulu þær vera tiltækar fyrir lögbæra yfirvaldið, í samræmi við ákvæði ADR. OR.D.035, og lagðar fram að ósk lögbæra yfirvaldsins.

ADR.OR.B.030 Skilmálar skírteinisins og sérréttindi handhafa skírteinis

Rekstraraðili flugvallar skal virða umfang og sérréttindi, sem skilgreind eru í skilmálum skírteinisins.

ADR.OR.B.035 Áframhaldandi gildi skírteinis

a) Skírteini heldur gildi sínu að því tilskildu:

1) að rekstraraðili flugvallarins fullnægi áfram viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar og að flugvöllurinn samrýmist enn vottunargrunninum, að teknu tilliti til þeirra ákvæða sem varða meðhöndlun frávika eins og tilgreint er í ADR.OR.C.020,

2) að lögbæru yfirvaldi verði veittur aðgangur að fyrirtæki rekstraraðilans, eins og skilgreint er í ADR.OR.C.015, til að staðfesta að viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar sé áfram fullnægt og

3) að skírteinið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað.

b) Þegar skírteinið er lagt inn eða afturkallað skal því skilað tafarlaust til lögbæra yfirvaldsins.

ADR.OR.B.037 Áframhaldandi gildi yfirlýsingar frá veitanda hlaðstjórnunarþjónustu

Yfirlýsing, sem veitandi hlaðstjórnunarþjónustu sendir frá sér í samræmi við ADR.OR.B.060, heldur gildi sínu, að því tilskildu:

a) að veitandi hlaðstjórnunarþjónustu og tilheyrandi virki fullnægi áfram viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar, að teknu tilliti til ákvæða sem varða meðhöndlun frávika, eins og tilgreint er í ADR.OR.C.020,

b) að lögbæru yfirvaldi verði veittur aðgangur að fyrirtæki veitanda hlaðstjórnunarþjónustu, eins og skilgreint er í ADR.OR.C.015, til að ákvarða hvort viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar séu áfram uppfylltar og

c) að veitandi slíkrar þjónustu hafi ekki afturkallað yfirlýsinguna eða lögbæra yfirvaldið afskráð hana.

ADR.OR.B.040 Breytingar

a) Allar breytingar:

1) sem hafa áhrif á skilmála skírteinisins, vottunargrunn þess og flugvallarbúnað sem er mikilvægur m.t.t. öryggis eða

2) sem hafa umtalsverð áhrif á þætti stjórnunarkerfis rekstraraðila flugvallarins, sem krafist er samkvæmt b-lið ADR.OR.D.005,

krefjast fyrirframsamþykkis lögbæra yfirvaldsins.

b) Fyrir aðrar breytingar, sem þarfnast fyrirframsamþykkis í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar, skal rekstraraðili flugvallar sækja um og hljóta samþykki, sem lögbært yfirvald gefur út.

c) Umsóknin um breytingu, í samræmi við a- eða b-lið, skal lögð fram áður en slíkum breytingum er hrint í framkvæmd til þess að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að ákvarða hvort áfram sé farið að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar og að breyta, ef þörf er á, skírteininu og tengdum skilmálum skírteinisins sem því fylgja.

Breytinguna má aðeins hrinda í framkvæmd eftir móttöku formlegs samþykkis lögbæra yfirvaldsins í samræmi við ADR.AR.C.040.

Á meðan á breytingunum stendur skal rekstraraðili flugvallarins starfa samkvæmt skilyrðunum sem lögbæra yfirvaldið samþykkir.

d) Breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, skulu meðhöndlaðar og þær tilkynntar lögbæru yfirvaldi, eins og skilgreint er í verklaginu sem samþykkt er af lögbæru yfirvaldi í samræmi við h-lið ADR.AR.C.035.

e) Rekstraraðili flugvallarins skal láta lögbæra yfirvaldinu í té viðeigandi gögn í samræmi við f-lið ADR.OR.E.005.

f) Sem hluti af stjórnunarkerfi sínu, sem skilgreint er í ADR.OR.D.005, skal sá rekstraraðili flugvallar sem leggur til breytingar á flugvelli, á starfrækslu hans, stjórnskipulagi eða stjórnunarkerfi:

1) ákvarða víxltengsl við alla hlutaðeigandi aðila og skipuleggja og framkvæma öryggismat í samstarfi við þessa aðila,

2) samræma forsendur og mildandi ráðstafanir við alla hlutaðeigandi aðila með kerfisbundnum hætti,

3) tryggja heildstætt mat á breytingunni, þ.m.t. nauðsynlegt samspil og

4) sjá til þess að fullgerð og gild rök, sönnunargögn og öryggisviðmiðanir verði fastsett og skjalfest í því skyni að styðja við öryggismatið og að breytingin stuðli að því að bæta öryggi þegar því verður við komið.

ADR.OR.B.050 Áframhaldandi samræmi við vottunarforskriftir Flugöryggisstofnunarinnar

Í kjölfar breytinga á vottunarforskriftum Flugöryggisstofnunarinnar skal rekstraraðili flugvallar:

a) endurskoða vottunarforskriftirnar til að auðkenna þær forskriftir sem eiga við um flugvöllinn og

b) ef við á, hefja breytingarferli í samræmi við ADR.OR.B.040 og framkvæma nauðsynlegar breytingar á flugvellinum.

ADR.OR.B.060 Yfirlýsing frá veitendum hlaðstjórnunarþjónustu

a) Veitendur hlaðstjórnunarþjónustu, sem hafa fengið leyfi til að gefa út yfirlýsingu um hæfni sína og getu til að rækja þær skyldur sem tengjast þjónustunni sem þeir veita, skulu, í kjölfar samkomulags við rekstraraðila flugvallar um að veita slíka þjónustu á flugvelli:

1) veita lögbæru yfirvaldi allar viðeigandi upplýsingar og lýsa því yfir að þeir uppfylli allar viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar, á því formi sem lögbært yfirvald ákveður,

2) láta lögbæru yfirvaldi í té skrá yfir aðrar aðferðir sem notaðar voru til að uppfylla kröfur í samræmi við b-lið ADR.OR.A.015,

3) viðhalda samræmi við gildandi kröfur og við upplýsingarnar sem veittar eru í yfirlýsingunni,

4) tilkynna lögbæru yfirvaldi um allar breytingar á yfirlýsingu sinni eða þeim aðferðum sem notast er við til að uppfylla kröfur með því að leggja fram breytta yfirlýsingu og

5) veita þjónustu sína í samræmi við flugvallarhandbókina og uppfylla öll viðeigandi ákvæði hennar.

b) Áður en veitandi hlaðstjórnunarþjónustu hættir að veita slíka þjónustu skal hann tilkynna það lögbæru yfirvaldi og rekstraraðila flugvallarins.

ADR.OR.B.065 Rekstri hætt

Rekstraraðili sem hyggst hætta rekstri flugvallar skal:

a) tilkynna það lögbæru yfirvaldi eins fljótt og unnt er,

b) leggja slíkar upplýsingar fyrir viðeigandi veitanda upplýsingaþjónustu flugmála,

c) afhenda lögbæru yfirvaldi skírteinið sama dag og rekstri er hætt og

d) tryggja að viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir að loftför noti flugvöllinn fyrir mistök, nema lögbæra yfirvaldið hafi samþykkt notkun flugvallarins í öðrum tilgangi.

C-KAFLI — VIÐBÓTARSKYLDUR REKSTRARAÐILA FLUGVALLA (ADR.OR.C)

ADR.OR.C.005 Skyldur rekstraraðila flugvalla

a) Rekstraraðili flugvallar ber ábyrgð á öruggum rekstri flugvallar og viðhaldi hans í samræmi við:

1) reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar,

2) skilmála skírteinisins,

3) innihald flugvallarhandbókarinnar og

4) allar aðrar handbækur fyrir flugvallarbúnað, sem er fyrir hendi á flugvellinum.

b) Rekstraraðili flugvallarins skal tryggja eftirfarandi þjónustu, með beinum hætti eða fyrir tilstuðlan samkomulags við ábyrgðareiningar sem veita eftirfarandi þjónustu:

1) að viðeigandi flugleiðsöguþjónusta sé veitt miðað við umfang flugumferðar og rekstrarskilyrði á flugvellinum og

2) að hönnun og viðhald flugferlanna samrýmist viðeigandi kröfum.

c) Rekstraraðili flugvallar skal starfa með lögbæru yfirvaldi til að tryggja að viðeigandi upplýsingar um öryggi loftfara komi fram í flugvallarhandbókinni og að þær séu birtar eftir því sem við á. Þetta felur í sér:

1) undanþágur eða frávik sem veitt eru frá viðeigandi kröfum,

2) ákvæði, sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt jafngilt öryggisstig fyrir sem hluta af vottunargrunninum og

3) sérstök skilyrði og takmarkanir að því er varðar notkun flugvallarins.

d) Ef óöruggt ástand skapast á flugvellinum skal rekstraraðili flugvallarins tafarlaust grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að loftför noti ekki þá hluta flugvallarins sem teljast stofna öryggi í hættu.

ADR.OR.C.015 Aðgangur

Í þeim tilgangi að ákvarða hvort farið sé að viðeigandi kröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglna hennar skal rekstraraðili flugvallar og veitandi hlaðstjórnunarþjónustu veita öllum einstaklingum, sem hafa heimild lögbæra yfirvaldsins, aðgang:

a) að öllum búnaði, skjölum, skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem viðkemur starfseminni, sem fellur undir kröfuna um vottun eða yfirlýsingu, hvort sem um hana er verktakasamningur eða ekki og

b) til að framkvæma eða vera vitni að aðgerðum, skoðunum, prófunum, mati eða æfingum, sem lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegt.

ADR.OR.C.020 Frávik og aðgerðir til úrbóta

Þegar rekstraraðila flugvallar eða veitanda hlaðstjórnunarþjónustu berst tilkynning um frávik skal hann:

a) greina frumorsök þess að tilskildar kröfur hafi ekki verið uppfylltar,

b) semja áætlun um aðgerðir til úrbóta og

c) sýna lögbæra yfirvaldinu fram á innleiðingu úrbótanna, eins og það telur fullnægjandi, innan þess tíma sem samið var um við þetta yfirvald, eins og skilgreint er í d-lið ADR.AR.C.055.

ADR.OR.C.025 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli — ákvæði tilskipana um öryggi uppfyllt

Rekstraraðili flugvallar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu skal hrinda í framkvæmd öllum öryggisráðstöfunum, þ.m.t. tilskipunum um öryggi, sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um í samræmi við c-lið ADR.AR.A.030 og ADR.AR.A.040.

ADR.OR.C.030 Tilkynning atvika

a) Rekstraraðili flugvallar og veitandi hlaðstjórnunarþjónustu skulu senda lögbæra yfirvaldinu og hverjum aðila, sem ríkið þar sem flugvöllurinn er staðsettur, krefst að sé látinn vita, tilkynningu um öll slys, alvarleg flugatvik og atvik, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 ([4]) og tilskipun 2003/42/EB.

([4]) Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 35.

b) Rekstraraðilinn skal senda lögbæra yfirvaldinu og aðilanum, sem er ábyrgur fyrir hönnun flugvallarbúnaðar, tilkynningu um allar bilanir, tæknigalla, frávik út fyrir tæknileg mörk, atvik eða aðrar óvenjulegar aðstæður, sem hafa haft eða kunna að hafa áhrif á öryggi, en hafa ekki haft í för með sér slys eða alvarlegt flugatvik, sbr. þó a-lið.

c) Tilkynningarnar, sem um getur í a- og b-lið, skulu gerðar á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður og skulu innihalda allar mikilvægar upplýsingar um ástandið, sem rekstraraðili flugvallarins eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu þekkir til, sbr. þó reglugerð (ESB) nr. 996/2010, tilskipun 2003/42/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 ([5]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1330/2007 ([6]).

d) Tilkynningum skal skilað svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að rekstraraðili flugvallarins eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu verður áskynja um það ástand sem tilkynningin fjallar um, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

e) Ef það á við skal rekstraraðili flugvallar eða veitandi hlaðstjórnunarþjónustu gera skýrslu til eftirfylgni til að veita ítarlegar upplýsingar um þær aðgerðir sem hann ætlar að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir svipuð atvik í framtíðinni, um leið og þessar aðgerðir liggja fyrir. Þessi skýrsla skal gerð á því formi og með þeim hætti sem lögbært yfirvald ákveður.

ADR.OR.C.040 Brunavarnir

Rekstraraðili flugvallar skal setja verklagsreglur til að banna:

a) reykingar á athafnasvæðinu, öðrum starfrækslusvæðum á flugvellinum eða á svæðum flugvallarins þar sem eldsneyti eða önnur eldfim efni eru geymd,

b) notkun opins elds eða ástundun starfsemi sem gæti skapað brunahættu á:

1) svæðum flugvallarins þar sem eldsneyti eða önnur eldfim efni eru geymd,

2) athafnasvæðinu eða öðrum starfrækslusvæðum á flugvellinum, nema rekstraraðili flugvallarins heimili þetta.

ADR.OR.C.045 Notkun áfengis, geðvirkra efna og lyfja

a) Rekstraraðili flugvallar skal setja verklagsreglur um neyslu áfengis, geðvirkra efna og lyfja fyrir:

1) starfsfólk, sem tekur þátt í starfrækslu flugvallarins, björgunar- og slökkvistarfi og viðhaldi flugvallarins,

2) einstaklinga sem eru án fylgdar og starfa á athafnasvæðinu eða öðrum starfrækslusvæðum flugvallarins.

b) Þessar verklagsreglur skulu fela í sér kröfur um að þessir einstaklingar skuli:

1) ekki neyta áfengis á vakt sinni,

2) ekki framkvæma nein skyldustörf undir áhrifum:

i. áfengis eða geðvirkra efna eða

ii. einhverra þeirra lyfja, sem geta haft áhrif á getu viðkomandi og stofna þannig öryggi í hættu.

D-KAFLI — STJÓRNUN (ADR.OR.D)

ADR.OR.D.005 Stjórnunarkerfi

a) Rekstraraðili flugvallar skal innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi sem inniheldur öryggisstjórnunarkerfi.

b) Stjórnunarkerfið skal innihalda:

1) skýrt skilgreint ábyrgðarsvið og ábyrgðarskyldur hjá rekstraraðila flugvallar, þ.m.t. að yfirstjórnin beri beina ábyrgð á öryggi,

([5]) Stjtíð. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 3.
([6]) Stjtíð. ESB L 295, 14.11.2007, bls. 7.

2) lýsingu á almennu viðhorfi og megináherslum rekstraraðila flugvallar, með tilliti til öryggis, sem nefnist öryggisstefnan og er undirrituð af ábyrgðarmanni,

3) formlegt ferli sem tryggir auðkenningu á hættum í starfseminni,

4) formlegt ferli sem tryggir greiningu, mat og mildun áhættu hvað varðar öryggisáhættur í rekstri flugvallar,

5) aðferðir til að sannreyna öryggisframmistöðuna innan fyrirtækis rekstraraðila flugvallar með tilliti til frammistöðuvísa öryggis og frammistöðumarkmiða öryggis öryggisstjórnunarkerfisins og til að meta skilvirkni með stjórn öryggisáhættu,

6) formlegt ferli til að:

i. auðkenna breytingar innan fyrirtækis rekstraraðila flugvallar, á stjórnunarkerfi hans, breytingar innan flugvallarins eða á rekstri hans, sem geta haft áhrif á þá ferla, verklagsreglur og þá þjónustu sem komið hefur verið á fót,

ii. lýsa fyrirkomulaginu til að tryggja öryggisframmistöðu áður en breytingar eru framkvæmdar og

iii. afnema eða breyta stjórn öryggisáhættu sem ekki er þörf á lengur eða er ekki lengur skilvirkt vegna breytinga á rekstrarumhverfinu,

7) formlegt ferli til að endurskoða stjórnunarkerfið, sem um getur í a-lið, auðkenna orsakir þess að frammistaða öryggisstjórnunarkerfisins er ófullnægjandi, ákvarða hvaða afleiðingar slík frammistaða hefur á rekstur flugvallarins og eyða eða draga úr slíkum orsökum,

8) þjálfunaráætlun um öryggismál sem tryggir að starfsfólk, sem kemur að rekstri, björgunar- og slökkvistarfi, viðhaldi og stjórnun flugvallarins, hafi viðeigandi þjálfun og hæfni til að sinna þeim skyldustörfum sem tengjast öryggisstjórnunarkerfinu,

9) formlegar aðferðir fyrir öryggissamskipti, sem tryggja að starfsfólk sé að fullu meðvitað um öryggisstjórnunarkerfið, miðla upplýsingum sem eru mikilvægar með tilliti til öryggis og gera grein fyrir af hverju gripið er til tiltekinna öryggisaðgerða og af hverju öryggisreglur eru innleiddar eða þeim breytt,

10) samhæfingu öryggisstjórnunarkerfis og neyðaráætlunar flugvallarins og samhæfingu neyðaráætlunar flugvallarins og neyðaráætlunar þeirra sem rekstraraðilinn þarf að samtvinna starfsemi sína við meðan á veitingu flugvallarþjónustu fer fram og

11) formlegan feril til að vakta að aðili uppfylli viðeigandi kröfur.

c) Rekstraraðili flugvallarins skal skjalfesta öll lykilferli stjórnunarkerfisins.

d) Stjórnunarkerfið skal vera í réttu hlutfalli við stærð fyrirtækisins og starfsemi þess, að teknu tilliti til hættu og tilheyrandi áhættu, sem fylgja þessari starfsemi.

e) Þegar rekstraraðili flugvallar er einnig handhafi skírteinis til að veita flugleiðsöguþjónustu skal hann tryggja að stjórnunarkerfið nái yfir alla þá starfsemi sem fellur undir gildissvið skírteina hans.

ADR.OR.D.007 Stjórnun fluggagna og flugmálaupplýsinga

a) Sem hluti af stjórnunarkerfi sínu skal rekstraraðili flugvallar innleiða og viðhalda gæðastjórnunarkerfi sem nær yfir:

1) starfsemi hans í tengslum við flugmálagögn og

2) starfsemi hans í tengslum við veitingu flugmálaupplýsinga.

b) Rekstraraðili flugvallar skal setja verklagsreglur til að uppfylla markmið um öryggis- og verndarstjórnun að því er varðar:

1) starfsemi í tengslum við flugmálagögn og

2) starfsemi í tengslum við veitingu flugmálaupplýsinga.

ADR.OR.D.010 Útvistuð starfsemi

a) Útvistuð starfsemi felur í sér alla starfsemi, sem samkvæmt skilmálum skírteinisins fellur undir gildissvið rekstraraðila flugvallarins, sem fer fram hjá öðrum aðila, sem hefur annaðhvort sjálfur fengið vottun til að stunda slíka starfsemi eða, ef hann hefur ekki fengið vottun, starfar með samþykki rekstraraðilans. Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að sú þjónusta, búnaður eða kerfi sem eru útvistuð eða aðkeypt uppfylli viðeigandi kröfur þegar einhver hluti starfseminnar er útvistaður eða aðkeyptur.

b) Þegar rekstraraðili flugvallar útvistar hluta af starfsemi sinni til annars aðila, sem ekki hefur sjálfur fengið vottun til að sinna þessari starfsemi í samræmi við þennan hluta, skal aðilinn, sem samið er við, starfa innan ramma samþykkis rekstraraðilans og undir eftirliti hans. Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að aðilanum, sem samið er við, til að ákvarða hvort viðeigandi kröfur séu áfram uppfylltar.

ADR.OR.D.015 Kröfur varðandi starfsfólk

a) Rekstraraðili flugvallar skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð til að sjá til þess að unnt sé að fjármagna alla starfsemi og að starfsemin geti farið fram í samræmi við viðeigandi kröfur. Ábyrgðarmaðurinn skal bera ábyrgð á að koma á fót og viðhalda skilvirku stjórnunarkerfi.

b) Rekstraraðili flugvallar skal tilnefna einstaklinga til að hafa umsjón með stjórnun og eftirliti á eftirfarandi sviðum:

1) rekstrarþjónustu flugvallarins og

2) viðhaldi á flugvellinum.

c) Rekstraraðili flugvallar skal tilnefna einstakling eða einstaklinga til að hafa umsjón með þróun, viðhaldi og daglegri stjórnun öryggisstjórnunarkerfisins.

Þessir einstaklingar skulu starfa óháðir öðrum stjórnendum innan fyrirtækisins, þeir skulu hafa beinan aðgang að ábyrgðarmanninum og að öðrum einstaklingum sem bera ábyrgð á öryggismálum og skulu bera ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum.

d) Rekstraraðili flugvallar skal hafa nægilega margt og nægilega hæft starfsfólk til að áformuð verkefni og starfsemi geti farið fram í samræmi við viðeigandi kröfur.

e) Rekstraraðili flugvallar skal tilnefna nægilega marga verkstjóra fyrir skilgreind skyldu- og ábyrgðarstörf, að teknu tilliti til þess hvernig fyrirtækið er skipulagt og fjölda starfsfólks sem hann hefur í vinnu.

f) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að starfsfólk, sem tekur þátt í rekstri, viðhaldi og stjórnun flugvallarins hafi fullnægjandi þjálfun í samræmi við þjálfunaráætlun.

ADR.OR.D.017 Áætlanir um þjálfun og hæfnipróf

a) Rekstraraðili flugvallar skal koma á og framkvæma þjálfunaráætlun fyrir starfsfólk sem tekur þátt í rekstri, viðhaldi og stjórnun flugvallarins.

b) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að einstaklingar sem eru án fylgdar og starfa á athafnasvæðinu eða öðrum starfrækslusvæðum flugvallarins, hafi fullnægjandi þjálfun.

c) Rekstraraðili flugvallar skal, með hæfniprófum með reglulegu millibili, tryggja að einstaklingarnir, sem um getur í a- og b-lið hér að framan, hafi sýnt fram á getu sína til að framkvæma þau skyldustörf sem þeim eru falin til að tryggja áframhaldandi hæfi þeirra.

d) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja:

1) að notast sé við kennara og matsmenn með tilskilin starfsréttindi og reynslu til að koma þjálfunaráætluninni í framkvæmd og

2) að notuð sé hentug aðstaða og búnaður til að veita þjálfunina.

e) Rekstraraðili flugvallarins skal:

1) halda viðeigandi skrár um réttindi, þjálfun og hæfnipróf til að sýna fram á að þessar kröfur séu uppfylltar,

2) gera slíkar skrár aðgengilegar hlutaðeigandi starfsfólki samkvæmt beiðni, og

3) ef einstaklingur starfar hjá öðrum vinnuveitanda, gera slíkar skrár um þann einstakling aðgengilegar þessum nýja vinnuveitanda samkvæmt beiðni þar um.

ADR.OR.D.020 Kröfur um aðstöðu

a) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að viðunandi og viðeigandi aðstaða sé til staðar fyrir starfsfólk hans eða starfsfólk, sem starfar fyrir aðila, sem hann hefur gert verktakasamning við um veitingu rekstrar- og viðhaldsþjónustu á flugvellinum.

b) Rekstraraðili flugvallar skal tilnefna viðeigandi svæði á flugvellinum sem nota á til að geyma hættulegan farm, sem fluttur er um flugvöllinn, í samræmi við Tæknilegu fyrirmælin.

ADR.OR.D.025 Samhæfing við aðra aðila

Rekstraraðili flugvallarins skal:

a) tryggja að stjórnunarkerfi flugvallarins tryggi samhæfingu og samþættingu við öryggisverklag annarra aðila, sem starfa eða veita þjónustu á flugvellinum, og

b) tryggja að slíkir aðilar hafi í gildi öryggisverklag til að uppfylla viðeigandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar og kröfurnar sem mælt er fyrir um í flugvallarhandbókinni.

ADR.OR.D.027 Öryggisáætlanir

Rekstraraðili flugvallarins skal:

a) koma á, leiða og framkvæma áætlanir til að efla öryggi og skipti á upplýsingum sem tengjast öryggismálum og

b) hvetja aðila, sem starfa eða veita þjónustu á flugvellinum, til að taka þátt í slíkum áætlunum.

ADR.OR.D.030 Kerfi fyrir öryggistilkynningar

a) Rekstraraðili flugvallar skal koma á og innleiða kerfi fyrir öryggistilkynningar fyrir allt starfsfólk og alla aðila, sem starfa eða veita þjónustu á flugvellinum, til þess að stuðla að öryggi á flugvellinum og öruggri notkun hans.

b) Í samræmi við 3. lið b-liðar ADR.OR.D.005 skal rekstraraðili flugvallar:

1) krefjast þess að starfsfólkið og aðilarnir, sem um getur í a-lið, noti kerfið fyrir öryggistilkynningar í tengslum við skyldubundnar tilkynningar um slys, alvarleg flugatvik og atvik og

2) tryggja að hægt sé að nota kerfið fyrir valkvæðar öryggistilkynningar um galla, bilanir og öryggishættur sem geta haft áhrif á öryggi.

c) Öryggistilkynningakerfið skal halda leyndu nafni þess sem tilkynnir, hvetja til valkvæðra tilkynninga og bjóða upp á þann möguleika að tilkynningar séu lagðar fram nafnlaust.

d) Rekstraraðili flugvallarins skal:

1) skrá allar tilkynningar sem eru lagðar fram,

2) greina og meta tilkynningarnar, eins og við á, til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum og greina leitni þeirra,

3) tryggja að allir aðilar, sem starfa og veita þjónustu á flugvellinum og sem skipta máli varðandi viðkomandi öryggisvanda, taki þátt í að greina slíkar tilkynningar og að allar tilgreindar ráðstafanir til úrbóta og/eða forvarna verði í raun framkvæmdar,

4) framkvæma rannsóknir á tilkynningum, eftir því sem við á og

5) forðast að ákveða hver beri sök í samræmi við meginreglurnar um „sanngirnismenningu“.

ADR.OR.D.035 Skráahald

a) Rekstraraðili flugvallar skal koma á viðunandi kerfi fyrir skráahald, sem nær yfir alla starfsemi sem framkvæmd er í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglur hennar.

b) Snið skránna skal tilgreint í flugvallarhandbókinni.

c) Varðveita skal skrár á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.

d) Skjöl skulu geymd í a.m.k. fimm ár, nema eftirfarandi skjöl, sem skulu geymd eins og hér segir:

1) vottunargrunnur fyrir flugvelli, aðrar aðferðir sem notaðar eru til að uppfylla kröfur og gildandi skírteini fyrir flugvelli eða rekstraraðila flugvallar, meðan skírteinið er í gildi,

2) samkomulag við aðra aðila, meðan slíkt samkomuleg er í gildi,

3) handbækur um flugvallarbúnað eða -kerfi, sem notuð eru á flugvellinum, meðan þau eru notuð á flugvellinum,

4) skýrslur um öryggismat, meðan kerfið/verklagið/starfsemin er fyrir hendi,

5) gögn um þjálfun, menntun og hæfi og heilsufarsskrá starfsfólks ásamt hæfniþróf þeirra, eftir því sem við á, í a.m.k. fjögur ár eftir starfslok eða þar til lögbæra yfirvaldið hefur gert úttekt á starfssviði þeirra og

6) gildandi útgáfu skrárinnar yfir hættur.

e) Allar skrár skulu falla undir gildandi lög um gagnavernd.

E-KAFLI — FLUGVALLARHANDBÓK OG -SKJÖL (ADR.OR.E)

ADR.OR.E.005 Flugvallarhandbók

a) Rekstraraðili flugvallarins skal setja saman og viðhalda flugvallarhandbók.

b) Innihald flugvallarhandbókarinnar skal endurspegla vottunargrunninn og kröfurnar sem settar eru fram í þessum hluta og í hluta ADR.OPS, eftir því sem við á, og skal ekki brjóta í bága við skilmála skírteinisins. Flugvallarhandbókin skal innihalda eða vísa til allra þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru fyrir örugga notkun, rekstur og viðhald flugvallarins, á búnaði hans sem og hindranaflötum hans og hindranavarnarflötum og öðrum svæðum sem tengjast flugvellinum.

c) Flugvallarhandbókina má gefa út í aðskildum hlutum.

d) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja að starfsfólk flugvallarins og starfsfólk annarra viðeigandi aðila hafi greiðan aðgang að þeim hlutum flugvallarhandbókarinnar sem skipta máli fyrir skyldustörf þeirra og ábyrgðir.

e) Rekstraraðili flugvallarins skal:

1) láta lögbæra yfirvaldinu í té fyrirhugaðar breytingar og leiðréttingar á flugvallarhandbókinni áður en þær taka gildi að því er varðar liði sem krefjast fyrirframsamþykkis í samræmi við ADR.OR.B.040 og sjá til þess að þær taki ekki gildi fyrir en lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt þær eða

2) láta lögbæra yfirvaldinu í té fyrirhugaðar breytingar og leiðréttingar á flugvallarhandbókinni fyrir gildistökudag þeirra, ef tillagan að breytingum eða leiðréttingum á flugvallarhandbókinni krefst aðeins að lögbæra yfirvaldinu sé tilkynnt um það í samræmi við d-lið ADR.OR.B.040 og b-lið ADR.OR.B.015.

f) Reynist nauðsynlegt að láta gera breytingar eða leiðréttingar af öryggisástæðum er heimilt að birta þær og beita þeim tafarlaust, að því tilskildu að sótt hafi verið um tilskilið samþykki, þrátt fyrir ákvæði e-liðar.

g) Rekstraraðili flugvallarins skal:

1) endurskoða innihald flugvallarhandbókarinnar, sjá til þess að hún sé uppfærð og henni breytti hvenær sem nauðsyn krefur,

2) bæta inn öllum breytingum og leiðréttingum sem lögbæra yfirvaldið gerir kröfu um og

3) láta allt starfsfólk flugvallarins og aðra viðeigandi aðila vita um allar breytingar sem skipta máli fyrir skyldu- og ábyrgðarstörf þeirra.

h) Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að upplýsingar, sem fengnar eru úr samþykktum skjölum og allar breytingar á þeim, komi rétt fram í flugvallarhandbókinni. Þetta kemur ekki í veg fyrir að rekstraraðili flugvallar geti birt strangari kröfur um gögn og verklagsreglur í flugvallarhandbókinni.

i) Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess:

1) að flugvallarhandbókin sé skrifuð á tungumáli sem lögbæra yfirvaldið samþykkir og

2) að allt starfsfólk geti lesið og skilið tungumálið sem þeir hlutar flugvallarhandbókarinnar og annarra rekstrargagna, sem lúta að skyldu- og ábyrgðarstörfum þeirra, eru skrifaðir á.

j) Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að flugvallarhandbókin:

1) sé undirrituð af ábyrgðarmanni flugvallarins,

2) sé prentuð eða á rafrænu formi og auðvelt að leiðrétta,

3) hafi kerfi fyrir útgáfueftirlit, sem er notað og gert sýnilegt í flugvallarhandbókinni og

4) taki tillit til meginreglna um mannlega þætti og sé skipulögð þannig að auðvelt sé að undirbúa hana, nota og endurskoða.

k) Rekstraraðili flugvallar skal geyma a.m.k. eitt fullklárað og gildandi afrit af flugvallarhandbókinni á flugvellinum og gera hana aðgengilega fyrir lögbæra yfirvaldið til skoðunar.

l) Innihald flugvallarhandbókarinnar skal vera sem hér segir:

1) almenn atriði,

2) stjórnunarkerfi flugvallar, kröfur um hæfi og þjálfun,

3) sérstakar upplýsingar um flugvallarsvæðið,

4) sérstakar upplýsingar um flugvöllinn, sem krafist er að séu tilkynntar til upplýsingaþjónustu flugmála og

5) sérstakar upplýsingar um verklagsreglur flugvallarins, um búnað hans og öryggisráðstafanir.

ADR.OR.E.010 Kröfur um skjöl

a) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja aðgengi að öllum öðrum skjölum, sem gerð er krafa um, og tengdra breytinga.

b) Rekstraraðili flugvallar skal vera fær um að dreifa rekstrarfyrirmælum og öðrum upplýsingum án tafar.

———

IV. VIÐAUKI

Rekstrarlegar kröfur — flugvellir (ADR.OPS-hluti)

A-KAFLI — FLUGVALLARGÖGN (ADR.OPS.A)

ADR.OPS.A.005 Flugvallargögn

Rekstraraðili flugvallar skal, eins og við á:

a) ákvarða, skjalfesta og viðhalda gögnum um flugvöllinn og þá þjónustu sem boðið er upp á,

b) leggja fram gögn um flugvöllinn og þá þjónustu sem boðið er upp á fyrir notendur og viðeigandi veitendur flugumferðarþjónustu og upplýsingaþjónustu flugmála.

ADR.OPS.A.010 Kröfur um gagnagæði

Rekstraraðili flugvallar skal koma á formlegu fyrirkomulagi við þá aðila sem hann skiptist á fluggögnum og/eða flugmálaupplýsingum við.

a) Rekstraraðili flugvallar skal leggja fram öll gögn um flugvöllinn og þá þjónustu sem er í boði og skulu gæði þeirra og heilleiki samræmast kröfum.

b) Þegar gögn um flugvöllinn og þá þjónustu sem er í boði eru birt, skal rekstraraðili flugvallar:

   1) vakta gögn, sem eiga uppruna sinn hjá rekstraraðila flugvallarins, um flugvöllinn og þá þjónustu sem er í boði og sem viðkomandi veitendur flugumferðarþjónustu og veitendur upplýsingaþjónustu flugmála koma á framfæri,

   2) tilkynna viðkomandi veitendum upplýsingaþjónustu flugmála um allar breytingar sem gera þarf til að tryggja að gögn, sem eiga uppruna sinn hjá rekstraraðili flugvallar, um flugvöllinn og þá þjónustu sem er í boði séu rétt og fullkláruð,

   3) tilkynna viðkomandi veitendum flugumferðarþjónustu og upplýsingaþjónustu flugmála þegar birt gögn, sem eiga uppruna sinn hjá rekstraraðila flugvallar, eru ekki rétt eða eiga ekki við.

ADR.OPS.A.015 Samhæfing milli rekstraraðila flugvallar og veitenda upplýsingaþjónustu flugmála

a) Til að tryggja að veitendur upplýsingaþjónustu flugmála fái upplýsingar til að gera þeim kleift að veita uppfærðar upplýsingar fyrir flug og uppfylla þörf fyrir upplýsingar meðan á flugi stendur, skal rekstraraðili flugvallar gera ráðstafanir til að viðkomandi veitendur upplýsingaþjónustu flugmála fái, eins fljótt og hægt er tilkynningar um eftirfarandi:

   1) upplýsingar um ástand flugvallar, brottflutning óökufærra loftfara, björgunar- og slökkviþjónustu og aðflugshallaljós,

   2) starfhæfi tilheyrandi aðstöðu, þjónustu og flugleiðsögutækja á flugvellinum,

   3) allar aðrar upplýsingar sem teljast mikilvægar starfrækslunni.

b) Áður en gerðar eru breytingar á flugleiðsögukerfinu skal rekstraraðili flugvallar taka tilhlýðilegt tillit til þess tíma sem viðkomandi upplýsingaþjónusta flugmála þarf til undirbúnings, gerðar og útgáfu viðeigandi efnis til dreifingar.

B-KAFLI — REKSTRARÞJÓNUSTA, TÆKI OG BÚNAÐUR Á FLUGVELLI (ADR.OPS.B)

ADR.OPS.B.001 Veiting þjónustu

Rekstraraðili flugvallar skal veita, annaðhvort með beinum eða óbeinum hætti, þjónusturnar, sem tilgreindar eru í B-kafla þessa viðauka, á flugvellinum.

ADR.OPS.B.005 Neyðaráætlun fyrir flugvöll

Rekstraraðili flugvallar skal vera með og innleiða neyðaráætlun fyrir flugvöll sem:

a) er í samræmi við þá starfrækslu loftfara og aðra starfsemi sem fram fer á flugvellinum,

b) kveður á um samhæfingu viðeigandi aðila til að bregðast við neyðarástandi, sem á sér stað á flugvellinum eða í grennd við hann, og

c) inniheldur verklagsreglur fyrir reglubundnar prófanir á því hvort áætlunin sé viðunandi og endurskoðun á niðurstöðunum til að auka skilvirkni áætlunarinnar.

ADR.OPS.B.010 Björgunar- og slökkvistörf

a) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja:

1) að til staðar sé björgunar- og slökkviaðstaða, búnaður og þjónusta fyrir flugvelli,

2) að viðunandi búnaður, slökkviefni og nægilegur fjöldi starfsfólks séu tiltæk tímanlega,

3) að starfsfólk björgunar- og slökkviþjónustu hafi tilskilin búnað, hæfi og þjálfun til að starfa á flugvallarsvæðinu og

4) að starfsfólk björgunar- og slökkviþjónustu, sem þarf mögulega að bregðast við neyðarástandi í tengslum við flug, sýni fram á heilbrigði til að geta gegnt með fullnægjandi hætti skyldustörfum sínum, að teknu tilliti til tegundar starfrækslu.

b) Rekstraraðili flugvallar skal koma á og framkvæma þjálfunaráætlun fyrir einstaklinga sem taka þátt í björgunar- og slökkviþjónustu á flugvellinum.

c) Rekstraraðili flugvallar skal framkvæma hæfnipróf með nægjanlegu millibili til að tryggja stöðuga hæfni.

d) Rekstraraðili flugvallar skal tryggja:

1) að notast sé við kennara og matsmenn með fullnægjandi hæfi og reynslu til að innleiða þjálfunaráætlunina og

2) að notuð sé hentug aðstaða og búnaður til að veita þjálfunina.

e) Rekstraraðili flugvallarins skal:

1) halda viðeigandi skrár um hæfi, þjálfun og hæfnipróf til að sýna fram á að þessar kröfur séu uppfylltar,

2) gera slíkar skrár aðgengilegar hlutaðeigandi starfsfólki, samkvæmt beiðni, og

3) ef einstaklingur starfar hjá öðrum vinnuveitanda, gera slíkar skrár um þann einstakling aðgengilegar þessum nýja vinnuveitanda samkvæmt beiðni þar um.

f) Ekki er krafist fyrirframsamþykkis lögbæra yfirvaldsins þegar verndarstig björgunar- og slökkviþjónustu á flugvelli skerðist tímabundið vegna ófyrirséðra aðstæðna.

ADR.OPS.B.015 Vöktun og skoðun á athafnasvæði og tilheyrandi virkjum

a) Rekstraraðili flugvallar skal vakta ástand athafnasvæðisins og starfhæfi tilheyrandi virkja og tilkynna viðkomandi veitendum flugumferðarþjónustu og veitendum upplýsingaþjónustu flugmála um mál, sem eru mikilvæg starfhæfinu, hvort sem ástandið er tímabundið eða varanlegt.

b) Rekstraraðili flugvallar skal framkvæma reglulegar skoðanir á athafnasvæðinu og tilheyrandi virkjum.

ADR.OPS.B.020 Dregið úr hættunni á árekstri við villtar lífverur

Rekstraraðili flugvallarins skal:

a) meta hættuna sem stafar af villtum lífverum á flugvelli og í nágrenni hans,

b) koma á aðferðum og verklagsreglum til að lágmarka hættuna á árekstrum villtra lífvera við loftför á flugvellinum

c) tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum ef mat á villtum lífverum gefur til kynna að aðstæður í nágrenni flugvallarins auki hættuna á árekstri við villtar lífverur.

ADR.OPS.B.025 Starfræksla ökutækja

Rekstraraðili flugvallar skal setja og taka í notkun verklagsreglur um þjálfun, mat og leyfisveitingar fyrir alla stjórnendur ökutækja sem starfa á athafnasvæðinu.

ADR.OPS.B.030 Leiðsögu- og stjórnkerfi fyrir umferð á jörðu niðri

Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að á flugvellinum sé til staðar leiðsögu- og stjórnkerfi fyrir umferð á jörðu niðri.

ADR.OPS.B.035 Starfræksla að vetrarlagi

Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að aðferðir og verklagsreglur séu settar og teknar í notkun sem tryggja örugg skilyrði fyrir starfrækslu flugvallarins að vetrarlagi.

ADR.OPS.B.040 Starfræksla að nóttu til

Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að aðferðir og verklagsreglur séu settar og teknar í notkun sem tryggja örugg skilyrði fyrir starfrækslu flugvallarins að nóttu til.

ADR.OPS.B.045 Starfræksla í lélegu skyggni

a) Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að aðferðir og verklagsreglur séu settar og teknar í notkun sem tryggja örugg skilyrði fyrir starfrækslu flugvallar í lélegu skyggni.

b) Verklag í lélegu skyggni krefst fyrirframsamþykkis lögbæra yfirvaldsins.

ADR.OPS.B.050 Starfræksla við óhagstæð veðurskilyrði

Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að aðferðir og verklagsreglur séu settar og teknar í notkun sem tryggja örugg skilyrði fyrir starfrækslu flugvallar við óhagstæð veðurskilyrði.

ADR.OPS.B.055 Gæði eldsneytis

Rekstraraðili flugvallar skal sannreyna að aðilar, sem sjá um að geyma eldsneyti og sjá loftförum fyrir eldsneyti, hafi til staðar verklagsreglur til að tryggja að loftförum sé útvegað ómengað eldsneyti og af réttri tegund.

ADR.OPS.B.065 Sjónræn leiðsögutæki og rafkerfi flugvalla

Rekstraraðili flugvallar skal hafa til staðar verklagsreglur til að tryggja að sjónræn leiðsögutæki og rafkerfi flugvallarins starfi eins og til er ætlast.

ADR.OPS.B.070 Öryggi við störf á flugvelli

a) Rekstraraðili flugvallar skal setja og taka í notkun verklagsreglur til að tryggja:

   1) að störf á flugvelli hafi ekki áhrif á öryggi loftfara og

   2) að öryggi við störf á flugvelli hafi ekki áhrif á starfrækslu flugvallar.

ADR.OPS.B.075 Öryggisvöktun á flugvöllum

a) Á flugvellinum og nágrenni hans skal rekstraraðili flugvallar vakta:

   1) hindranafleti og hindranavarnarfleti, sem ákveðnir eru í samræmi við vottunargrunninn, og aðra fleti og svæði sem tengjast flugvellinum, í því skyni að grípa til viðeigandi aðgerða, innan sinna heimilda, til að draga úr áhættu í tengslum við það þegar farið er inn á þessa fleti eða svæði,

   2) hindranamerkingar og hindranalýsingu til að hann geti gripið til aðgerða innan sinna heimilda, eins og við á og

   3) hættur sem skapast vegna starfsemi manna og landnotkunar til að grípa til aðgerða innan sinna heimilda, eins og við á.

b) Rekstraraðili flugvallar skal hafa til staðar verklagsreglur til að draga úr áhættum sem tengjast hindrunum, nýbyggingum og annarri starfsemi á vöktuðu svæðunum sem gætu haft áhrif á örugga starfrækslu loftfara, sem eru starfrækt á flugvellinum eða er flogið til eða frá flugvellinum.

ADR.OPS.B.080 Merkingar og lýsingar farartækja og annarra hreyfanlegra hluta

Rekstraraðili flugvallar skal sjá til þess að ökutæki og aðrir hreyfanlegir hlutir á athafnasvæði flugvallarins, að undanskildum loftförum, séu merkt, og ef farartækin eru notuð að nóttu eða í lélegu skyggni, að þau séu upplýst. Heimilt er að undanskilja búnað til þjónustu loftfara og ökutækja sem eru aðeins notuð á hlaði.

ADR.OPS.B.090 Notkun flugvallar fyrir loftför með hærri viðmiðunarkóða

a) Einungis þegar um er að ræða neyðarástand loftfars getur rekstraraðili flugvallar leyft, að fengnu fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins, notkun flugvallarins eða hluta hans fyrir loftfar með hærri viðmiðunarkóða en tilgreint er í hönnunareiginleikum flugvallarins í skilmálum skírteinisins.

b) Þegar sýnt er fram á að ákvæði a-liðar séu uppfyllt gilda ákvæði ADR.OR.B.040.

C-KAFLI — VIÐHALD Á FLUGVÖLLUM (ADR.OPS.C)

ADR.OPS.C.005 Almennt

Rekstraraðili flugvallar skal koma á fót og innleiða viðhaldsáætlun, þ.m.t. fyrirbyggjandi viðhald, eftir því sem við á, til að halda flugvallarvirkjum við svo þau uppfylli grunnkröfurnar sem settar eru fram í V. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

ADR.OPS.C.010 Slitlag, aðrir fletir við jörðu og frárennsli

a) Rekstraraðili flugvallar skal skoða fleti allra athafnasvæða, þ.m.t. slitlag (flugbrautir, akbrautir loftfara og hlöð), aðliggjandi svæði og frárennsli til að meta reglulega ástand þeirra, sem hluti af áætlun flugvallarins um fyrirbyggjandi viðhald og viðgerðir.

b) Rekstraraðili flugvallarins skal:

1) halda flötum á athafnasvæðum við með það að markmiði að koma í veg fyrir og fjarlægja alla lausa hluti og rusl sem gætu valdið skemmdum á loftförum eða skaðað starfhæfi kerfa í loftförum,

2) halda flötum flugbrauta, akbrautum og hlöðum við til að koma í veg fyrir að skaðlegar ójöfnur myndist,

3) grípa til viðgerða þegar núningseiginleikar, annaðhvort allrar flugbrautarinnar eða hluta hennar, eru undir núningsmörkum þegar hún er óspillt. Tíðni þessara mælinga skal vera þannig að það sé fullnægjandi til að ákvarða leitni núningseiginleika yfirborðs flugbrautarinnar.

ADR.OPS.C.015 Sjónræn leiðsögutæki og rafkerfi

Rekstraraðili flugvallar skal koma á fót og tryggja innleiðingu kerfis fyrir fyrirbyggjandi viðhald og viðgerðir sjónrænna leiðsögutækja og rafkerfa til að tryggja tiltækileika og áreiðanleika ljósakerfa og merkinga og að þau uppfylli tilskilin ákvæði.

_____

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/180 **2015/EES/46/19**

frá 9. febrúar 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB, 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum b-lið 3. mgr. 18. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB ([2]) breytti tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins taki til flugstarfsemi.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009 ([3]) er tekin saman skrá yfir umráðendur loftfara sem höfðu stundað flugstarfsemi, eins og hún er skilgreind í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, 1. janúar 2006 eða eftir þann dag.

3) Tilgangurinn með skránni er að draga úr stjórnsýslubyrði hjá umráðendum loftfara með því að leggja fram upplýsingar um það hvaða aðildarríki bera ábyrgð á tilteknum umráðanda loftfars.

4) Innfærsla umráðanda loftfars í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með losunarheimildir er háð starfrækslu flugstarfsemi eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og er ekki háð innfærslu í skrána yfir umráðendur loftfara sem framkvæmdastjórnin tók saman á grundvelli 3. mgr. 18.gr. a. í þeirri tilskipun.

5) Við samantekt á uppfærðri skrá yfir umráðendur loftfara til að hún tæki til umráðenda loftfara sem stunduðu flugstarfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, á árinu 2014 var tekið tillit til yfirlýsinga um flugflotaskrár sem framkvæmdastjórnin fékk frá umráðendum loftfara og þjónustufyrirtækjum. Vegna skorts á upplýsingum er þó fjöldi rekstrar- eða þjónustufyrirtækja og skrásetningarmerkja loftfara tilgreindur í uppfærðu skránni í stað umráðenda loftfara.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 748/2009 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 10.2.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu taki einnig til flugstarfsemi (Stjtíð. ESB L 8, 13.1.2009, bls. 3).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009 frá 5. ágúst 2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint (Stjtíð. ESB L 219, 22.8.2009, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 748/2009 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

BELGÍA		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
31102	ACT AIRLINES	TYRKLAND
41049	AHS AIR INT	PAKISTAN
7649	AIRBORNE EXPRESS	BANDARÍKIN
33612	ALLIED AIR LIMITED	NÍGERÍA
29424	ASTRAL AVIATION LTD	KENÍA
31416	AVIA TRAFFIC COMPANY	TADSJIKISTAN
30020	AVIASTAR-TU CO.	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
123	Abelag Aviation NV	BELGÍA
908	BRUSSELS AIRLINES	BELGÍA
25996	CAIRO AVIATION	EGYPTALAND
4369	CAL CARGO AIRLINES	ÍSRAEL
29517	CAPITAL AVTN SRVCS	HOLLAND
f11336	CORPORATE WINGS LLC	BANDARÍKIN
32909	CRESAIR INC	BANDARÍKIN
32432	EGYPTAIR CARGO	EGYPTALAND
f12977	EXCELLENT INVESTMENT LLC	BANDARÍKIN
32486	FAYARD ENTERPRISES	BANDARÍKIN
f11102	FedEx Express Corporate Aviation	BANDARÍKIN
13457	Flying Partners CVBA	BELGÍA
29427	Flying Service N.V.	BELGÍA
24578	GAFI GENERAL AVIAT	SVISS
40991	GLOBAL AFRICA AVTN	SIMBABVE
32737	GREAT ALLIANCE WORLD	BRETLAND
f12983	GREEN DIESEL LLC	BANDARÍKIN
29980	HAINAN AIRLINES (2)	KÍNA
23700	HEWA BORA AIRWAYS	LÝÐVELDIÐ KONGÓ

BELGÍA		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
28582	INTER WETAIL AG	SVISS
9542	INTL PAPER CY	BANDARÍKIN
27709	KALITTA AIR	BANDARÍKIN
28087	LAS VEGAS CHARTER	BANDARÍKIN
32303	MASTER TOP LINHAS	BRASILÍA
37066	MERIDIAN (AIRWAYS)	BELGÍA
1084	MIL BELGIUM	BELGÍA
31207	N604FJ LLC	BANDARÍKIN
f11462	N907WS AVIATION LLC	BANDARÍKIN
26688	NEWELL RUBBERMAID	BANDARÍKIN
f10341	OfficeMax Inc	BANDARÍKIN
31660	RIPPLEWOOD AVTN	BANDARÍKIN
2344	SAUDIA	SÁDI-ARABÍA
f14295	SDA Worldwide	BANDARÍKIN
27769	SEA-AIR	BELGÍA
27975	SIA CARGO PTE LTD	SINGAPÚR
29222	SILVERBACK CARGO	RÚANDA
39079	SOLARIUS AVIATION	BANDARÍKIN
35334	SONOCO PRODUCTS CO	BANDARÍKIN
26784	SOUTHERN AIR	BANDARÍKIN
38995	STANLEY BLACK & DECKER	BANDARÍKIN
28453	THOMAS COOK ARL BELG	BELGÍA
27011	TNT AIRWAYS	BELGÍA
34920	TRIDENT AVIATION SVC	BANDARÍKIN
30011	TUI AIRLINES — JAF	BELGÍA
27911	ULTIMATE ACFT SERVIC	BANDARÍKIN
20065	V L M	BELGÍA
13603	VF CORP	BANDARÍKIN
36269	VF INTERNATIONAL	SVISS

BELGÍA		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
37064	VIPER CLASSICS LTD	BRETLAND
40760	WESTERN GLOBAL	BANDARÍKIN
f11467	WILSON & ASSOCIATES OF DELAWARE LLC	BANDARÍKIN
37549	YILTAS GROUP	TYRKLAND
a11534	Umráðandi sem notar skráningarstafina: VPBDV	Óþekkt

BÚLGARÍA		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
33329	AERO POWER LTD	BRETLAND
27359	AEROTRANS KAZAKSTAN	KASAKSTAN
27698	AEROVISTA	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
23962	AIR BAN	BÚLGARÍA
35743	AIR IBERIA LTD.	GEORGÍA
26520	AIR LIBYA 2	LÍBÍA
11775	AIR VIA BULGARIAN	BÚLGARÍA
33225	AIR VICTORY	GEORGÍA
34357	AIR WEST GEORGIA	GEORGÍA
31007	ANIKAY AIR MIDDLE E	JÓRDANÍA
36020	ARARAT INTERNATIONAL	ARMENÍA
34563	ASIA AIRWAYS	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
28818	ASIAN SPIRIT	FILIPPSEYJAR
24508	BALTIC AIRLINES UU	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
32131	BEIBARS CJSC	KASAKSTAN
28445	BH AIR	BÚLGARÍA
29056	BULGARIA AIR	BÚLGARÍA
27538	BULGARIAN AIR CHRTR.	BÚLGARÍA
25981	CARGO AIR LTD.	BÚLGARÍA
32313	EAST WING KAZAKHSTAN	KASAKSTAN
36884	FLY ADJARA	GEORGÍA
36995	GR AVIA S.A.	GÍNEA
10165	HEMUS AIR	BÚLGARÍA

BÚLGARÍA		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
25134	INTERNAL MINISTRY UU	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
28505	IRANIAN AIR TRANSPOR	ÍSLAMSKA LÝÐVELDIÐ ÍRAN
31721	JORDAN INT AIR CARGO	JÓRDANÍA
27345	KHORIV AVIA	ÚKRAÍNA
28246	KOKSHETAU AIRLINE	KASAKSTAN
32034	KOMIAVIAVIATRANS 2	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
31019	KREMENCHUK FLIGHT	ÚKRAÍNA
38939	KRUNK AVIATION 2	ÚKRAÍNA
21448	MOSCOW AIRLINES JSC	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
30622	PMT AIR	KAMBÓDÍA
37661	RGB ENTERPRISES LLC	BANDARÍKIN
27203	ROSAVIA AIR COMPANY	ÚKRAÍNA
32835	SAYAT AIR KAZAKSTAN	KASAKSTAN
1830	SENEGALAIR	SENEGAL
32037	SKY JET KAZAKHSTAN	KASAKSTAN
32664	STARLINE KZ JSC	KASAKSTAN
32347	TABAN AIR	ÍSLAMSKA LÝÐVELDIÐ ÍRAN
37954	TROPICAL AIR (Z) LTD	SAMBANDSLÝÐVELDIÐ TANSANÍA
37793	UKRSPECEXPORT	ÚKRAÍNA
31648	VIP-AVIA	GEORGÍA
37987	YAK AIR	GEORGÍA
35082	ZAGROS AIRLINES	ÍSLAMSKA LÝÐVELDIÐ ÍRAN

KRÓATÍA		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
12495	Croatia Airlines Hrvatska zrakoplovna tvrtka d.d.	KRÓATÍA

TÉKKLAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
7824	ACL SLOVACKY	TÉKKLAND

TÉKKLAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
35387	ACS SA	SPÁNN
16895	AERO VODOCHODY	TÉKKLAND
f11813	AERSALE INC	BANDARÍKIN
38060	AIR NAVIGATION LK	TÉKKLAND
31304	AIRCRAFT INDUSTRIES	TÉKKLAND
39019	AIRLINE CONT.MNTN EQ	BANDARÍKIN
31433	ALANDIA AIR AB	FINNLAND
30203	ATMA AIRLINES	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
34057	AVTN SPECIALTIES INC	BANDARÍKIN
35333	AXIS AVIATION GROUP	BANDARÍKIN
22621	CAA CZECH REPUBLIC	TÉKKLAND
34430	CAIMITO ENTERP. LTD	KÝPUR
859	CZECH AIRLINES	TÉKKLAND
36294	CZECH CONNECT AIRLIN	TÉKKLAND
33327	EARTH ONE LIMITED	BRETLAND
f10182	Executive Flight Services, Inc.	BANDARÍKIN
36242	GEORGIAN INTERNATION	GEORGÍA
31631	GLOBAL AVIATION LIBY	LÍBÍA
36746	HOLIDAY CZECH	TÉKKLAND
35825	HYUNDAI MOTOR CO	LÝÐVELDIÐ KÓREA
32231	ILIN AIRCOMPANY	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
30145	INCLEDON ENTERPRISES	KÝPUR
27908	JOB AIR SRO	TÉKKLAND
39009	JUMP-TANDEM	TÉKKLAND
30825	LETS FLY SRO	TÉKKLAND
38713	LITTLE AVIATION LTD	ÁSTRALÍA
32935	MIDAMERICA HOLDINGS	BANDARÍKIN
3597	MIL CZECH REPUBLIC	TÉKKLAND
30743	NORSE AIR CHARTER	SUÐUR-AFRÍKA
29976	NOVA CHEMICALS	BANDARÍKIN
35361	OKAY HOLDING AS	TÉKKLAND

TÉKKLAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
24121	PETROPAVLOVSK AIR	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
38114	PRAGA AVIATION S.R.O	TÉKKLAND
36763	RETENTURA LTD.	KÝPUR
2276	ROCKWELL AUTOMATION	BANDARÍKIN
f10379	Red.Com	BANDARÍKIN
32812	SKY DIVING FOR FUN	SLÓVAKÍA
27292	SKY GEORGIA	GEORGÍA
31351	SKY KG AIRLINES	TADSJIKISTAN
32157	SKYDIVE LK	TÉKKLAND
37554	SOVEREIGN EXPRESS	BRESKU JÓMFRÚAREYJAR
13702	STEVENS EXPRESS	BANDARÍKIN
24903	TRAVEL SERVIS A.S.	TÉKKLAND
f13143	Timber LLC	BANDARÍKIN
25890	UKRAINIAN PILOT	ÚKRAÍNA
32721	VIDEOTAPE CENTER	BANDARÍKIN
38948	VIETJET AIR S.R.O.	VÍETNAM
a12699	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N150RN	BANDARÍKIN

DANMÖRK		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
35753	A/S MAERSK AVIATION	DANMÖRK
33185	AIR ALPHA A/C SALES	DANMÖRK
3456	AIR ALSIE	DANMÖRK
22466	AIR GREENLAND	DANMÖRK
37856	AIR PANAMA	PANAMA
34774	ALIGAP A/S	DANMÖRK
36866	ALUMECO A/S	DANMÖRK
142	ATLANTIC AIRWAYS	DANMÖRK
36122	AVIATION HOLDINGS	BANDARÍKIN
39508	BGR I/S	DANMÖRK
36842	BRASILIA JET CENTER	BRASILÍA

DANMÖRK		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
32921	CANYON GATE FLT SVCS	BANDARÍKIN
33047	CITICAPITAL LOCAVIA	FRAKKLAND
781	Cimber Sterling	DANMÖRK
27919	DRT VERTRIEBS GMBH	DANMÖRK
366	Danish Air Transport A/S	DANMÖRK
f10500	Duchossois Industries, Inc.	BANDARÍKIN
25431	ELMAGAL AVIATION	SÚDAN
26272	EXECUJET EUROPE A/S	DANMÖRK
35478	FIRST GREENWICH	BRETLAND
f10218	GCTPA, LLC	BANDARÍKIN
33254	GE CAPITAL SOLUTIONS	DANMÖRK
37052	GENCHART B.V.	HOLLAND
32364	GLOBAL TRANSERVICE	BANDARÍKIN
32595	GRAAKJAER A/S	DANMÖRK
38120	HUNNU AIR	MONGÓLÍA
36297	JET FLEET INTL	BANDARÍKIN
32158	JET TIME A/S	DANMÖRK
34892	JJO Invest ApS	DANMÖRK
33518	KIRKBI INVEST	DANMÖRK
31243	KIRKBI TRADING	DANMÖRK
34672	LAO CAPRICORN AIR	ALÞÝÐULÝÐVELDIÐ LAOS
38155	MOENS, G	HOLLAND
32541	NAPLES FLIGHT MGMT	BANDARÍKIN
9914	NILAN A/S	DANMÖRK
12230	Nordic Aviation Capital A/S	DANMÖRK
34830	OLGA LEASING LTD	BERMÚDAEYJAR
33803	PARTNERSELSKABET	DANMÖRK
23090	PHARMA NORD	DANMÖRK
35196	PRIMERA AIR SCAND	DANMÖRK
29123	RHEINLAND AIR SERV.	ÞÝSKALAND
31890	ROMANIAN AIRPORT SVC	RÚMENÍA

DANMÖRK		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
37008	SCANDINAVIA EXECUTIV	DANMÖRK
9918	STAR AIR	DANMÖRK
36191	SUN WAY GEORGIA	GEORGÍA
4357	SUN-AIR of Scandinavia	DANMÖRK
21484	THOMAS COOK SCAND.	DANMÖRK
38112	VINCENT AVIATION LTD	NÝJA-SJÁLAND
32655	VIP PARTNERFLY	DANMÖRK
12327	WEIBEL SCIENTIFIC	DANMÖRK

ÞÝSKALAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
31485	328 SUPPORT SERVICES	ÞÝSKALAND
26507	AAA AVIATION & AIRCR	ÞÝSKALAND
34963	ACG AIR CARGO	ÞÝSKALAND
17942	ACH HAMBURG	ÞÝSKALAND
20017	ACM AIR CHARTER GMBH	ÞÝSKALAND
24933	ADVANCE AIR LFG	ÞÝSKALAND
38865	AERO BEE AIRLINES	KANADA
150	AERODIENST	ÞÝSKALAND
32334	AEROFLOT CARGO	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
11454	AFI FLIGHT INSPECT.	ÞÝSKALAND
31799	AGRATA AVIATION	EISTLAND
27692	AHSEL HAVA	TYRKLAND
36719	AIR 1 AVIATION	BANDARÍKIN
22484	AIR ALLIANCE GMBH	ÞÝSKALAND
36344	AIR ARABIA EGYPT	EGYPTALAND
35195	AIR CHINA BUSINESS	KÍNA
36986	AIR FINKENWERDER	ÞÝSKALAND
36989	AIR FUHLSBUETTEL	ÞÝSKALAND
32268	AIR HAMBURG	ÞÝSKALAND
22378	AIR KUBAN	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ

ÞÝSKALAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
5663	AIR NAMIBIA	NAMIBÍA
29743	AIR NATIONAL CORP	NÝJA-SJÁLAND
17595	AIR SERVICE BERLIN	ÞÝSKALAND
31446	AIR TRANSPORT INTL 2	BANDARÍKIN
17794	AIRBUS HELICOPTERS	ÞÝSKALAND
32484	AIRCASTLE ADVISOR	BANDARÍKIN
33817	AIRCRAFT ASSET MGT.	ÞÝSKALAND
32868	AIRCRAFT GENERAL	ÍTALÍA
f11396	AIRCRAFT GUARANTY CORP TRUSTEE	BANDARÍKIN
34984	AIRCRAFT MNGMT LS	SVISS
37424	AIRCRAFT PARTNER	ÞÝSKALAND
36019	AIRCRAFT RENT A.S.	TÉKKLAND
38063	AIRCRAFT SOLUTIONS	LÚXEMBORG
33852	AIRLIFT SERVICE D.O.	MAKEDÓNÍA, FYRRVERANDI LÝÐVELDI JÚGÓSLAVÍU
24283	AIRPHIL EXPRESS	FILIPPSEYJAR
34629	AIRVIP LTD.	BERMÚDAEYJAR
33836	AJWA AVIATION	SÁDI-ARABÍA
30361	AL HOKAIR	SVISS
36165	AL SAHAB LIMITED	BAREIN
25435	AL-THANI	KATAR
5165	ALPLA AIR CHARTER	AUSTURRÍKI
38135	ALSCO	BANDARÍKIN
36981	AMENTUM CAPITAL LTD	ÍRLAND
32684	AMJET AVIATION	BANDARÍKIN
31290	AOP AIR OPERATING	SVISS
34337	API HOLDING	ÞÝSKALAND
33706	ARCAS AVIATION GMBH	ÞÝSKALAND
27073	ARTOC Group for Investment and Development	EGYPTALAND
38398	ASG AVIATION	ÞÝSKALAND

ÞÝSKALAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
35310	ASIA CONTINENT AVIA	KASAKSTAN
25551	ASIA CONTINENTAL	KASAKSTAN
24940	ASIA TODAY LTD	KÍNA
14559	ASW Air-Service Werkflugdiesnt GmbH & Co. KG	ÞÝSKALAND
40316	ATA CONCEPT GMBH	SVISS
30698	ATG SWISS FIRST	SVISS
36360	AUGSBURG AIRWAYS GMB	ÞÝSKALAND
29122	AURON LTD	BERMÚDAEYJAR
38352	AVAZ D.O.O.	BOSNIA AND HERZEGOVINA
37650	AVIANDO SERVICES	BANDARÍKIN
31551	AVIATION CAP GRP	BRETLAND
35968	AVIATION INVESTMENT	ÞÝSKALAND
35708	AVIATION JOLINA SEC	KANADA
33093	AVIATION PARTNERS S	HONDÚRAS
38617	AZT LLC	BANDARÍKIN
f10001	Academy of Art University	BANDARÍKIN
3647	Adolf Würth GmbH & Co. KG	ÞÝSKALAND
6802	Aero Personal s.a de c.v.	MEXÍKÓ
156	Aeroflot — Russian Airlines	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
35126	Aerologic GmbH	ÞÝSKALAND
35389	Agiles Aviation GmbH & Co.KG	ÞÝSKALAND
28844	Air Astana JSC	KASAKSTAN
8221	Air Berlin PLC & Co. Luftverkehrs KG	ÞÝSKALAND
33133	Air China Cargo Co., Ltd	KÍNA
786	Air China Limited	KÍNA
1562	Air Serbia	SERBÍA
22317	Air-Service GmbH	ÞÝSKALAND
32419	AirBridgeCargo Airlines LLC	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
21756	Airtrans Flugzeugvermietungs GmbH	ÞÝSKALAND
8901	Archer Daniels Midland Company	BANDARÍKIN

ÞÝSKALAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
19480	Asiana Airlines	LÝÐVELDIÐ KÓREA
20979	Atlas Air, Inc.	BANDARÍKIN
27868	Atlasjet Airlines	TYRKLAND
7897	BAE SYSTEMS FLT SYST	BANDARÍKIN
30586	BALL CORP	BANDARÍKIN
32840	BARBEDOS GROUP LTD	NÍGERÍA
509	BASF SE	ÞÝSKALAND
29137	BATAVIA AIR	INDÓNESÍA
35233	BAVARIA INTERNATION	ÞÝSKALAND
30306	BEDO BETEILIGUNGS	ÞÝSKALAND
17395	BEECHCRAFT BERLIN	ÞÝSKALAND
38554	BERATEX GROUP LTD	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
11312	BIZAIR FLUG GMBH	ÞÝSKALAND
f12963	BLACK FOREST VENTURES LLC	BANDARÍKIN
28042	BLUE SKY GROUP	BANDARÍKIN
14658	BMW AG	ÞÝSKALAND
38111	BOEKHOORN M&A	HOLLAND
6667	BOMBARDIER AEROSPACE	BANDARÍKIN
36062	BORAJET HAVACILIK	TYRKLAND
37261	BOSTON POST LEASING	BANDARÍKIN
37922	BOURNEMOUTH AIR LTD.	SVISS
34852	BREMENFLY GMBH	ÞÝSKALAND
680	BURDA REISEFLUG	ÞÝSKALAND
516	Bahag Baus Handelsgesellschaft AG Zug/Schweiz Zweigniederlassung Mannheim	ÞÝSKALAND
25978	Bauhaus Gesellschaft für Bau- und Hausbedarf mbH & Co.	ÞÝSKALAND
f10795	Beef Products Inc./BPI Technology Inc.	BANDARÍKIN
23956	Blue Sky Airservice GmbH	ÞÝSKALAND
29389	Bombardier PreOwned	BANDARÍKIN
31614	Bombardier Transportation GmbH	ÞÝSKALAND
15176	Bundespolizei-Fliegergruppe	ÞÝSKALAND

ÞÝSKALAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
32874	Business Jet Ltd	NÝJA-SJÁLAND
19823	CA ‘Air Moldova’ IS	LÝÐVELDIÐ MOLDÓVA
33282	CANJET AIRLINES	KANADA
34985	CAPE CHAMONIX WINE	SUÐUR-AFRÍKA
32482	CARSON AIR LTD	KANADA
26021	CEBU PACIFIC AIR	FILIPPSEYJAR
30714	CENTRAL MOUNTAIN AIR	KANADA
35194	CHONGQING AIRLINES	KÍNA
28178	CIRRUS AVIATION	ÞÝSKALAND
35527	CLASSIC SERVICES INC	BANDARÍKIN
36157	CLUB SAAB 340	SVISS
4782	COMFORT AIR	ÞÝSKALAND
23741	COMMANDER MEXICANA	MEXÍKÓ
33189	CONTINENT AIRLINE UU	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
31333	CORP JET SVCS	BRETLAND
39156	CSM MINING SUPPLIES	SUÐUR-AFRÍKA
24481	CTL LOGISTICS S.A.	PÓLLAND
35021	Chai Ltd.	BERMÚDAEYJAR
35418	Challenge Aero AG	ÚKRAÍNA
22448	Cirrus Airlines Luftfahrtgesellschaft mbH	ÞÝSKALAND
f10709	Colgan Air Services	BANDARÍKIN
824	Condor Flugdienst GmbH	ÞÝSKALAND
34179	DAO AVIATION	DANMÖRK
967	DAS DIRECT AIR	ÞÝSKALAND
28800	DATELINE OVERSEAS	KÝPUR
30651	DAUAIR	ÞÝSKALAND
18003	DBA LUFTFAHRTGESELL.	ÞÝSKALAND
26466	DC Aviation GmbH	ÞÝSKALAND
f10558	DCS Management Services	BANDARÍKIN
30996	DEERE & COMPANY	BANDARÍKIN
38547	DEKALB FARMERS MARK.	BANDARÍKIN

ÞÝSKALAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
37580	DERMAPHARM	ÞÝSKALAND
f10774	DFZ, LLC	BANDARÍKIN
f10589	DH Flugcharter GmbH	ÞÝSKALAND
25139	DIETZ AG	ÞÝSKALAND
37808	DIETZ AVIATION GMBH	ÞÝSKALAND
18824	DLR BRAUNSCHWEIG	ÞÝSKALAND
10853	DLR OBERPFAFFENHOFEN	ÞÝSKALAND
37798	DO-TEC GMBH	ÞÝSKALAND
22593	S BRUNEI SULTAN	BRÚNEI DARÚSSALAM
27535	S PRESIDENT SUDAN	SÚDAN
29242	S TANZANIA	SAMBANDSLÝÐVELDIÐ TANSANÍA
37012	SA EXPRESS AIRWAYS	SUÐUR-AFRÍKA
30329	SAGA AIRLINES	TYRKLAND
29648	SAGITTA LLC	BANDARÍKIN
38892	SAM FLIER SERVICES	BANDARÍKIN
38645	SANTOS DUMONT LTD	ÍRLAND

BRETLAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
34319	SAPOFINA AVTN LTD.	BRESKU JÓMFRÚAREYJAR
32608	SAVANNAH AVIATION	BANDARÍKIN
12627	SCANDI AIRLEASING	SVÍÞJÓÐ
f10894	SCB Falcon, LLC	BANDARÍKIN
3236	SCOTTISH & NEWCASTLE	BRETLAND
22305	SEAFLIGHT AVTN	BERMÚDAEYJAR
36492	SEAGRAVE AVIATION	BANDARÍKIN
33214	SEENO CONSTRUCTION	BANDARÍKIN
f11025	SELA HOLDING COMPANY LTD	SÁDI-ARABÍA
26695	SELECT PLANT HIRE	BRETLAND
36444	SETON DAVID	KENÍA
37439	SEVCS AEREOS ILSA	MEXÍKÓ
36843	SG FINANS AS	NOREGUR
f11250	SGSF Capital Venture LLC	BANDARÍKIN
22418	SHAMROCK AVTN NJ	BANDARÍKIN
38490	SHANGHAI DEER JET	KÍNA
22814	SHARJAH RULERS FLT	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
33126	SHAW COMMUNICATIONS	KANADA
35777	SHAW WALLACE	INDLAND
32093	SHEARWATER AIR	BANDARÍKIN
27163	SHERIDAN AVTN	BANDARÍKIN
29727	SHUKRA	BRETLAND
f11453	SIAREX SOCIETY INC	BANDARÍKIN
38910	SIBITI 1 INC	BELÍS
28022	SIEBEL SYSTEMS UK	BRETLAND
36604	SIERRA AVIATION LP	BANDARÍKIN
32002	SIERRA STELLAR	BANDARÍKIN
33581	SIGNAL AVIATION LTD	BRETLAND
2463	SINGAPORE AIRLINES	SINGAPÚR
39068	SITM JET LTD	BRETLAND
7867	SIXT	ÞÝSKALAND

BRETLAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
36037	SK TELECOMM	LÝÐVELDIÐ KÓREA
35145	SKA INTERNATIONAL	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
37703	SKIVA AIR	ARMENÍA
34918	SKY AERONAUTICAL	ÍRLAND
29880	SKY AVIATION	SÁDI-ARABÍA
31208	SKY BEYOND HOLDINGS	SINGAPÚR
38711	SKY UNLIMITED WEZUP	HOLLAND
37740	SKYBIRD AIR LTD	NÍGERÍA
30241	SKYBLUE AVIATION	BRETLAND
34695	SKYBUS INC	BANDARÍKIN
35065	SKYBUS LLC	BANDARÍKIN
24926	SKYDRIFT LTD	BRETLAND
32526	SKYEXPRESS JSC	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
33042	SKYHOPPER	BRETLAND
38190	SKYJET AVIATION SVCS	NÍGERÍA
39057	SKYLINE ENTERPRISES	BANDARÍKIN
39132	SKYPLAN FZC	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
23638	SKYSERVICE BUSINESS	KANADA
32337	SKYSTEAD	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
33788	SKYTRAVEL LLC	BANDARÍKIN
31074	SKYWAY RUSSIA	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
38350	SKYWAYAERO INC.	BANDARÍKIN
32553	SKYWORKS CAPITAL	BANDARÍKIN
30794	SLEEPWELL AVTN	BRETLAND
38895	SOBHA PURAVANKARA	INDLAND
6404	SONY AVIATION	BANDARÍKIN
36182	SOPHAR PROPERTY	BRESKU JÓMFRÚAREYJAR
36653	SOUTH AFR. BREWERIES	SUÐUR-AFRÍKA
2316	SOUTH AFRICAN AIRWAYS	SUÐUR-AFRÍKA
38491	SOUTHERN AVTN SVCS	BANDARÍKIN
17330	SOUTHERN CROSS AV FL	BANDARÍKIN

BRETLAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
32897	SPC AVIATION LTD	BRETLAND
34137	SPECIAL OPS LTD.	SÁDI-ARABÍA
25246	SPECSAVERS AVTN	BRETLAND
31762	SPORTSMENS AVTN GRP	BANDARÍKIN
28904	SPX CORPORATION	BANDARÍKIN
5216	SRILANKAN AIRLINES	SRÍ LANKA
28152	ST AVIATION	BANDARÍKIN
24644	ST MERRYN AIR	BRETLAND
30500	STANDARD & POORS	BANDARÍKIN
38586	STAR AERO HOLDINGS	BANDARÍKIN
32446	STAR AVIATION SRVCS	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
35816	STAR PERU	PERÚ
36639	STARS AWAY AVIATION	SUÐUR-AFRÍKA
32993	STC BERMUDA LTD.	EGYPTALAND
33469	STEPHEN R. LLOYD	BRETLAND
30889	STIRLING AVTN	BRETLAND
17378	STOCKHOLM AIRCRAFT	HOLLAND
27889	STULLER SETTINGS	BANDARÍKIN
24529	SUBPRICE	BRETLAND
9182	SUCKLING AIRWAYS (CAMBRIDGE) LTD T/A SCOTAIRWAYS	BRETLAND
20474	SUMMIT AVTN USA 2	BANDARÍKIN
32807	SUN TV NETWORK	INDLAND
29813	SUNCOR ENERGY	KANADA
f11402	SUNTRUST EQUIPMENT FINANCE & LEASING CORP	BANDARÍKIN
31354	SUNWING AIRLINES	KANADA
8963	SUREWINGS	BRETLAND
28720	SUZUKI DEL CARIBE	PÚERTÓ-RÍKÓ
34329	SVCS AEREOS DENIM	MEXÍKÓ
5683	SWAGELOK	BANDARÍKIN
38217	SWEDEWINGS AB	SVÍÞJÓÐ

BRETLAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
28494	SWISS	SVISS
9768	SWISS PRIVATE AVTN	SVISS
38361	SYBERJET AIRCRAFT	BANDARÍKIN
31527	SYMPHONY MILLENIUM	BERMÚDAEYJAR
2642	SYRIAN ARAB AIRLINES	SÝRLENSKA ARABALÝÐVELDIÐ
f1467	Sails In Concert, Inc.	BANDARÍKIN
20467	Samaritan's Purse	BANDARÍKIN
f12147	SanRidge Operating Company	BANDARÍKIN
3991	Sioux Company Ltd	SVISS
f11112	Sky Aviation LTD.	GÍBRALTAR
34281	Sky Aviation Services	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
30904	Skyflight	BANDARÍKIN
f10405	Snapper Consulting Inc.	BRASILÍA
30582	Space Exploration	BANDARÍKIN
f12459	Spitfire USA Limited	BANDARÍKIN
36081	Starbucks Corporation	BANDARÍKIN
f10410	Starwood Asset Management, LLC	BANDARÍKIN
f10899	Sterling Aviation LLC	BANDARÍKIN
26684	TAG AVIATION UK LTD	BRETLAND
33802	TAIL WIND LTD.	SINGAPÚR
36754	TAK AVIATION	BANDARÍKIN
33497	TAK SERVICES LTD AVV	JÓRDANÍA
f12709	TAMPA BAY AIRLINES LLC C/O BLUMBERGEXCELSIOR CORP	BANDARÍKIN
27291	TARRANT ADVISORS	BANDARÍKIN
31697	TAS CORP	BANDARÍKIN
4189	TAUBMAN	BANDARÍKIN
32242	TAYLOR ENERGY COMPANY LLC	BANDARÍKIN
36827	TCC AIR SERVICES INC	BANDARÍKIN
38545	TEAM AERO	BANDARÍKIN
36108	TEAM VIPER	BRETLAND

BRETLAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
37359	TEKLOC	BANDARÍKIN
29164	TELUS COMMUNICATIONS	KANADA
37446	TEMPEST CAPITAL	BRETLAND
39539	TEMPUS JETS INC	BANDARÍKIN
39160	TENACIOUS ADVENTURES	BANDARÍKIN
39127	TESCO STORES LTD	BRETLAND
28114	TEXAS AVTN SALES&LSN	BANDARÍKIN
15677	TEXTRON	BANDARÍKIN
37352	THOMAS & BETTS	BANDARÍKIN
27034	THOMAS COOK AIRLINES LTD	BRETLAND
35441	THOMAS ENTERPRISES	BANDARÍKIN
f10971	THOMAS William H.	BANDARÍKIN
30131	THOMSON AIRWAYS LTD	BRETLAND
32727	THREE OF A KIND XL	BANDARÍKIN
35153	THUN AB	SVÍÞJÓÐ
27799	TIDEWATER	BANDARÍKIN
4744	TITAN AIRWAYS LTD	BRETLAND
36184	TNT EXPRESS (UK)	BRETLAND
f12990	TOKECO INCORPORATED	BANDARÍKIN
36462	TOP ACES INC	KANADA
32110	TOP AIRCRAFT	BANDARÍKIN
9705	TOWER HOUSE CONSULTS	BRETLAND
33891	TOWN & COUNTRY FOOD	BANDARÍKIN
38996	TP AERO	BANDARÍKIN
32029	TPG AVIATION	SUÐUR-AFRÍKA
5759	TRANS CAN PIPELINES	KANADA
30585	TRANS EURO AIR	BRETLAND
34674	TRANSCONT. WINGS	BRESKU JÓMFRÚAREYJAR
26670	TRANSMERIDIAN AVTN	BANDARÍKIN
37267	TRANSWORLD AV TRADE	BRETLAND
31673	TRAVELERS INDEMNITY CO	BANDARÍKIN

BRETLAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
33923	TREK-AIR B.V.	HOLLAND
29593	TRIDENT JET JERSEY	BRETLAND
28999	TRIDENT LEASING	ÍRLAND
37551	TRIDENT PETROLEUM	EGYPTALAND
36495	TRIMEL INVESTMENT	BANDARÍKIN
33853	TRINITY AVIATION LTD	BRETLAND
36471	TRIPLE S AVIATION LLC	BANDARÍKIN
13174	TRUSTAIR LTD	BRETLAND
26165	TRYGON LTD	BRETLAND
32832	TUCK AVIATION	BANDARÍKIN
21887	TUDOR INVESTMENTS	BANDARÍKIN
24731	TURKMENISTAN	TÚRKMENISTAN
7971	TW AIR	BERMÚDAEYJAR
28983	TWINWOOD TRANSPORT.	CAYMAN-EYJAR
f12492	Target corporation	Óþekkt
f11003	Tendencia Asset Management	CAYMAN-EYJAR
f10439	Tesoro Aviation Company	BANDARÍKIN
38565	Tetran Assets Ltd.	BRESKU JÓMFRÚAREYJAR
25363	The Boeing Company	BANDARÍKIN
f12612	The Private Jet Company	BRETLAND
f10831	The Richard E. Jacobs Group, LLC	BANDARÍKIN
f12238	The Whitewind Company US	BANDARÍKIN
f11873	Tillford Limited	BERMÚDAEYJAR
f12235	Top Delight Worldwide Ltd	BRESKU JÓMFRÚAREYJAR
f12186	Tor Air AB	SVÍÞJÓÐ
f10446	Tour Air, Inc.	BANDARÍKIN
f12231	Translatin S.A.	BANDARÍKIN
38580	Triple A Aviation SA	LÚXEMBORG
f10452	Truman Arnold Companies	BANDARÍKIN
f10990	Ty-Tex Exploration Inc.	BANDARÍKIN
f12479	Tyremax Pty Ltd	ÁSTRALÍA

BRETLAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
22512	UGANDA EXEC FLIGHT	ÚGANDA
32889	UNIQE AIR (UK)	BRETLAND
35763	UNITED AIRWAYS (BD)	BANGLADESS
4090	UNITED COMPANY THE	BANDARÍKIN
21505	UNITED CONSTRUCTION	TYRKLAND
34059	UNITED WEST AIRLINES	BANDARÍKIN
33177	UNIV AVN MIDDLE EAST	SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN
f10462	US Bank NA Trustee	BANDARÍKIN
34260	US MARSHALS SERVICE	BANDARÍKIN
34914	USA JET AIRLINES 3	BANDARÍKIN
35834	UTFLIGHT	BANDARÍKIN
18224	UZBEKISTAN AIRWAYS	ÚSBEKISTAN
f10460	Unisys Corporation	BANDARÍKIN
2782	United Airlines, Inc.	BANDARÍKIN
2795	Universal Weather and Aviation, Inc.	BANDARÍKIN
34977	V1 FLT SUP. INTL	BANDARÍKIN
37678	VALEANT PHARMACEUT	BANDARÍKIN
8962	VALERO SERVICES, INC	BANDARÍKIN
33003	VEDANTA ALUMINA LTD	INDLAND
38968	VERHILL CORPORATE	BRESKU JÓMFRÚAREYJAR
7861	VERIZON CORPORATE SERVICES GROUP	BANDARÍKIN
35720	VICIS CAPITAL L.L.C	BANDARÍKIN
34107	VIPER AVIATION LLC	BANDARÍKIN
37019	VIPJET LIMITED	ÍRLAND
8142	VIRGIN ATLANTIC AIRWAYS LTD	BRETLAND
39392	VLF CREW SERVICES	BANDARÍKIN
30418	VMD AVIATION	BANDARÍKIN
30637	Vale S/A	BRASILÍA
f10591	Vulcan Materials Company	BANDARÍKIN
31377	WA DEVELOPMENTS	BRETLAND
35911	WALLAN AVIATION 2	SÁDI-ARABÍA

BRETLAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
38924	WAR ENTERPRISES	BANDARÍKIN
30900	WARNER ROAD AVTN	BANDARÍKIN
35511	WARWICKSHIRE BLUE	BRETLAND
f10470	WASTE MANAGEMENT, INC	BANDARÍKIN
36041	WATSCO HOLDINGS INC	BANDARÍKIN
35535	WELLS FARGO BANK (2)	BANDARÍKIN
2885	WESTAIR FLYING	BRETLAND
36283	WESTERN AIR CHTR KX	BANDARÍKIN
34328	WESTFIELD LLC	BANDARÍKIN
2890	WESTLAND	BRETLAND
25990	WESTSHORE AVTN MGMT	BANDARÍKIN
34873	WESTSTAR AVTN SVCS	MALASÍA
22445	WHITE CLOUD	BANDARÍKIN
38210	WHITE MOUNTAIN AVTN	BANDARÍKIN
28542	WHITE ROSE AVTN	BANDARÍKIN
32120	WILDERNESS POINT ASS	BANDARÍKIN
3021	WILLIAMS COMPANIES	BANDARÍKIN
1162	WILLIAMS GRAND PRIX	BRETLAND
f11390	WILLIS LEASE FINANCE CORP	BANDARÍKIN
36185	WILMINGTON TRUST(EI)	ÍRLAND
37767	WIN AVIATION LTD.	BRETLAND
38987	WINDSOR JET MNGT	BANDARÍKIN
36815	WING AVTN CHTR SVC	BANDARÍKIN
25648	WING AVTN USA	BANDARÍKIN
34008	WINGED BULL AVIATION	BRETLAND
29596	WINNEPEG C/O REYES	BANDARÍKIN
32802	WIV AIR-2 LLC	BANDARÍKIN
31438	WOOD J M	BRETLAND
30474	WORLD IS YOURS	BRETLAND
22444	WORTHINGTON INDUSTRY	BANDARÍKIN
32152	WYNDHAM WORLDWIDE	BANDARÍKIN

BRETLAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
f12485	Waco Air Supply	BANDARÍKIN
25432	Wal-Mart Stores	BANDARÍKIN
f10471	Wayne A Reaud	BANDARÍKIN
2634	Western Air Charter Inc	BRETLAND
8721	Westfield Aviation Inc	ÁSTRALÍA
f10629	Weyerhaeuser Company	BANDARÍKIN
f10479	Wichita Air Services, Inc.	BANDARÍKIN
f10482	Windsor Media Inc.	BANDARÍKIN
f11514	Windway Capital Corp	Óþekkt
f10483	World Harvest Church Flight Operations	BANDARÍKIN
f12248	World Noble Limited Cayman Island	BRESKU JÓMFRÚAREYJAR
f11532	Worldwide Aircraft Holding Company	Óþekkt
f10881	Worldwide Business Jets Corp	BANDARÍKIN
24421	XAMEX INVESTMENTS	BANDARÍKIN
32609	XIAMEN AVIATION AVV	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
f10485	Xerox Corporation	BANDARÍKIN
38359	YAAS	BANDARÍKIN
34976	YH AVIATION LTD	SVISS
37033	YUM RESTAURANT SVCS	BANDARÍKIN
40036	YYA MANAGEMENT LTD	BRETLAND
f12223	ZC Aviation	BANDARÍKIN
34953	ZENITH CAPITAL LTD	SVISS
f11027	ZENITH INSURANCE COMPANY	BANDARÍKIN
38819	ZEST AVIATION PVT	INDLAND
38977	ZWEITE XR-GMBH	ÞÝSKALAND
f10983	Zachry Industrial Inc.	BANDARÍKIN
f10488	Ziff Brothers Investment, LLC	BANDARÍKIN
f10490	Zimmer Inc.	BANDARÍKIN
f11242	Zoe Air	SUÐUR-AFRÍKA
a11749	Umráðandi sem notar skráningarstafina: CFLHQ	Óþekkt
a11758	Umráðandi sem notar skráningarstafina: GOCSE	Óþekkt

BRETLAND		
CRCO-auðkennisnúmer	Heiti rekstraraðila	Ríki flugrekanda
a11482	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N192NC	Óþekkt
a11485	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N22NG	Óþekkt
a11486	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N254GA	Óþekkt
a11743	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N289MU	Óþekkt
a11493	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N44EG	Óþekkt
a11494	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N450LC	Óþekkt
a11499	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N588AT	Óþekkt
a11507	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N86LF	Óþekkt
a12844	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N886DT	BANDARÍKIN
a11513	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N928GC	Óþekkt
a11518	Umráðandi sem notar skráningarstafina: N995BE	Óþekkt
a12656	Umráðandi sem notar skráningarstafina: VPCBY	CAYMAN-EYJAR
a11538	Umráðandi sem notar skráningarstafina: VPCJM	Óþekkt
a11540	Umráðandi sem notar skráningarstafina: VPCRO	Óþekkt
a11544	Umráðandi sem notar skráningarstafina: VQBAM	Óþekkt
a12914	Umráðandi sem notar skráningarstafina: VTDHA	INDLAND
a11747	Umráðandi sem notar skráningarstafina: VTRAK	Óþekkt
a12916	Umráðandi sem notar skráningarstafina: WW1	Óþekkt
a12924	Umráðandi sem notar skráningarstafina: XARGB	MEXÍKÓ

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/46/20**

frá 3. nóvember 2010

um viðmiðanir og ráðstafanir vegna fjármögnunar sýniverkefna í viðskiptaskyni, sem miða að umhverfisvænni föngun og geymslu CO_2 í jörðu, og sýniverkefna er varða nýskapandi tækni á sviði endurnýjanlegrar orku innan kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB

(tilkynnt með númeri C(2010) 7499)

(2010/670/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum þriðju undirgrein 8. mgr. 10. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Á fundi leiðtogaráðsins í júní 2008 var framkvæmdastjórnin hvött til að leggja fram, svo fljótt sem unnt væri, kerfi til að hvetja aðildarríkin og einkageirann til fjárfestinga í því skyni að tryggja að fyrir 2015 yrðu byggð og starfrækt allt að 12 sýniver til koltvísýringsföngunar og -geymslu.

2) Í 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB er komið á fót kerfi vegna fjármögnunar sýniverkefna í viðskiptaskyni, sem miða að umhverfisvænni föngun koltvísýrings og geymslu hans í jörðu (hér á eftir „sýniverkefni CO_2-föngunar og -geymslu“), og sýniverkefna er varða nýskapandi tækni í tengslum við endurnýjanlega orku (hér á eftir „sýniverkefni endurnýjanlegra orkugjafa“). Með það fyrir augum að tryggja snurðulausa starfsemi þessa kerfis er nauðsynlegt að mæla fyrir um bæði reglur og viðmiðanir vegna vals og framkvæmdar þessara verkefna og grundvallarreglur vegna mats losunarheimilda til fjár og vegna tekjustýringar.

3) Hinn 7. október 2009 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendingu með titlinum „Fjárfesting í þróun tækni sem krefst lítillar koltvísýringslosunar“ (e. *Investing in the Development of Low Carbon Technologies*) ([2]) þar sem lögð er áhersla á hlutverk fjármögnunar samkvæmt þessari ákvörðun við framkvæmd stefnumiðuðu, evrópsku áætlunarinnar um orkutækni að því er varðar nauðsynleg sýniverkefni.

4) Fjármögnun samkvæmt þessari ákvörðun ætti að vera háð samþykki framkvæmdastjórnarinnar á sérhverjum hluta ríkisaðstoðar í heildarfjárframlagi úr opinberum sjóðum skv. 107. og 108. gr. sáttmálans með það fyrir augum að tryggja að fjármögnunin sé takmörkuð að því marki sem nauðsynlegt er vegna framkvæmdar og reksturs verkefnisins, að teknu tilliti til hugsanlegra neikvæðra áhrifa á samkeppni. Aðildarríki ættu því að tilkynna framkvæmdastjórninni um sérhverja fjármögnun sem felur í sér ríkisaðstoð, skv. 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, til að hægt sé að samræma valferlið í þessari ákvörðun og matið á ríkisaðstoðinni.

5) Fjármögnunin sem veitt er samkvæmt þessari ákvörðun er ekki hluti af fjárlögum Evrópusambandsins. Hana má því sameina öðrum fjármögnunarleiðum, þ.m.t. uppbyggingar- og samheldnissjóðunum og evrópsku orkuáætluninni vegna endurreisnar (EEPR). Hana má einnig sameina lánsfjármögnun samkvæmt fjárfestingarfyrirgreiðslu með áhættuhlutdeild (RSFF) sem Sambandið og Fjárfestingarbanki Evrópu komu á fót.

6) Til að koma í veg fyrir samkeppni aðildarríkjanna um styrki ætti að fastsetja fjármögnun samkvæmt þessari ákvörðun við 50% af kostnaði sem við á nema heildarfjárhæð fjármögnunar samkvæmt þessari ákvörðun fari yfir 15% af fáanlegum heildarlosunarheimildum, eins og um getur í tilskipun 2003/87/EB, en í því tilviki ætti fjármögnunin að vera að hámarki 15% af fáanlegum heildarlosunarheimildunum. Fjármögnunin ætti einnig að vera til viðbótar við umtalsverða sameiginlega fjármögnun rekstraraðilans. Til þess að koma í veg fyrir að verkefni sem eru fjármögnuð samkvæmt evrópsku orkuáætluninni vegna endurreisnar hljóti ívilnandi meðferð ætti að minnka fjármögnunina samkvæmt þessari ákvörðun sem nemur upphæðinni frá Evrópsku orkuáætluninni vegna endurreisnar.

7) Sýniáætlun Evrópusambandsins, sem samanstendur af bestu mögulegu verkefnum sem nota tækni á breiðu sviði og jafndreifast landfræðilega á staði innan yfirráðasvæða aðildarríkjanna, sérefnahagslögsögu þeirra og á landgrunni þeirra, verður ekki komið á fót svo fullnægjandi sé ef verkefnin eru valin á landsvísu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 290, 6.11.2010, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 frá 26. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 63, 8.11.2012, s. 43.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) COM(2009) 519, lokagerð.

Valið ætti því fara fram á vettvangi Sambandsins. Í því skyni að tryggja að samræmi sé með vali á landsvísu og fjármögnunarferlum ættu aðildarríkin að vera ábyrg fyrir að safna saman fjármögnunarumsóknum frá bakhjörlum og fyrir því að meta verkefnin á grundvelli hæfisviðmiðaninna sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun. Þar sem þau verkefni sem eru fjármögnuð samkvæmt þessari ákvörðun fá í flestum tilvikum samfjármögnun frá aðildarríkjunum ætti aðildarríkjunum að vera kleift að ákveða hvaða verkefni þau kjósa að styðja og umsóknir hverra þeir kjósa að leggja fram vegna valferlis Sambandsins. Ekki er ætlast til að framlagning þeirra umsókna komi í stað tilkynninga um ríkisaðstoð í þeim tilvikum þar sem fjármögnun felur í sér ríkisaðstoð að hluta. Renna ætti enn frekari stoðum undir hlutverk aðildarríkjanna með því að hafa aftur samráð við hlutaðeigandi aðildarríki til að staðfesta, eftir því sem við á, gildi og skipulag heildarframlags opinberrar fjármögnunar og með því að leggja drög að skrá yfir valin verkefni, þ.m.t. um gæði þeirra, fyrir nefndina um loftslagsbreytingar áður en ákvarðanir um úthlutun eru teknar.

8) Framkvæmdastjórnin hefur leitast eftir því að Fjárfestingarbanki Evrópu taki þátt í framkvæmd þessarar ákvörðunar vegna sérfræðiþekkingar innan hans á vali verkefna og fjármögnun þeirra. Fjárfestingarbanki Evrópu hefur samþykkt að framkvæma tiltekin verk að beiðni, fyrir hönd og fyrir reikning framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar valið á verkefnunum, mat losunarheimilda til fjár og tekjustýringar. Mæla ætti fyrir um sérstaka skilmála og sérstök skilyrði samvinnunnar, þ.m.t. þóknun Fjárfestingarbanka Evrópu, í samningi framkvæmdastjórnarinnar og Fjárfestingarbankans, með fyrirvara um samþykki aðila innan bankans sem fara með ákvarðanatöku. Fjárfestingarbanka Evrópu ætti að vera endurgoldið fyrir framkvæmd verkanna af hagnaðinum sem myndast með tekjustýringu hans.

9) Fyrirliggjandi tekjum af 300 milljón losunarheimildum ætti að vera úthlutað með tveimur umferðum auglýsinga eftir tillögum, annars vegar til að gera kleift að fjármagna langt komin verkefni strax í fyrri umferð og hins vegar til að geta stillt af allan tæknilegan eða landfræðilegan ójöfnuð í síðari umferðinni. Ef samkeppni er ekki næg í tilteknum undirflokki verkefna í fyrri umferðinni ætti að fresta ákvörðunum um úthlutun í þeim undirflokki þar til í síðari umferðinni með það í huga að nýtingin á fjármagni samkvæmt þessari ákvörðun sé hámörkuð.

10) Fjármögnun samkvæmt þessari ákvörðun ætti eingöngu að nota vegna verkefna þar sem notuð er tækni sem er nýjung í samanburði við hið nýjasta á lykilsviði hverrar tækni. Tæknin ætti ekki að fást á almennum markaði enn en vera þó það langt komin að hægt sé að sýna hana áður en hún er notuð í ábataskyni. Raunhæft ætti að vera að sýningin takist vel, þó með tilliti til óhjákvæmilegrar tæknilegrar áhættu, og það umfang sem lagt er til að verði sýnt ætti að vera það mikið að ekki sé líklegt að umtalsverður vandi bætist við þótt umfangið verði meira. Eftirmyndun tækninnar ætti einnig að vera auðveld og ætti hún því að bjóða upp á umtalsverða möguleika á að draga úr losun koltvísýrings á kostnaðarhagkvæman hátt, bæði í Sambandinu og hnattrænt. Því ættu aðeins verkefni, sem falla undir tiltekinn verkefnaflokk og uppfylla tilteknar kröfur sem eru settar fram í þessari ákvörðun, að vera hæf að því er varðar fjármögnun.

11) Til þess að tryggja fjölbreytni í tækni ætti að fjármagna átta sýniverkefni CO_2-föngunar og -geymslu (að minnsta kosti eitt og í mesta lagi þrjú verkefni í hverjum verkefnaflokki, að minnsta kosti þrjú sem varða geymslu í vetniskolefnisgeymum (e. *hydrocarbon reservoir storage*) og að minnsta kosti þrjú sem varða geymslu í saltvatnsveitum) og fjármagna ætti eitt verkefni í hverjum undirflokki sýniverkefna með endurnýjanlegum orkugjöfum í fyrri umferð auglýsinga eftir tillögum. Ef fjármagn er nægilegt ætti að vera hægt að fjármagna fleiri verkefni um leið og jafnvægi milli sýniverkefna CO_2-föngunar og -geymslu og sýniverkefna endurnýjanlegra orkugjafa er viðhaldið. Enn fremur, og með það í huga að tryggja landfræðilegan jöfnuð, ætti að fjármagna að minnsta kosti eitt og að hámarki þrjú verkefni innan hvers aðildarríkis. Þær viðmiðanir ættu ekki að vera takmarkandi fyrir verkefnin, sem fyrirhugað er að verði framkvæmd á yfirráðasvæði nokkurra aðildarríkja, með tilliti til eðlis þeirra.

12) Að meginreglu til ætti að velja þau verkefni sem uppfylla kröfurnar um fjölda verkefna í hverjum flokki á sem kostnaðarhagkvæmastan hátt.

13) Með það fyrir augun að tryggja að verkefnin sem eru valin hefjist samkvæmt áætlun og til að fjármunirnir nýtist á skilvirkan hátt ættu ákvarðanir um úthlutun að vera háðar því að gefin séu út öll viðkomandi landsbundin leyfi, í samræmi við viðkomandi kröfur samkvæmt löggjöf Sambandsins, og að bakhjarlar taki lokaákvörðun um fjárfestingu innan tiltekins tíma frá því að úthlutunarákvarðanirnar eru samþykktar.

14) Greiðslur aðildarríkjanna á tekjunum til verkefnanna ættu að vera á grunni lagalega bindandi gerninga. Samkvæmt kröfum í tilskipun 2003/87/EB ættu greiðslurnar að vera árlegar og á grunni koltvísýringsmagns sem fer í geymslu í tengslum við sýniverkefni CO_2-föngunar og -geymslu, eins og gefin er skýrsla um, vaktað og sannprófað samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, og á grunni framleidds orkumagns í tengslum við sýniverkefni endurnýjanlegra orkugjafa. Ef aðildarríkin ábyrgjast að öll umframfjármögnun verði endurgreidd ætti þó að vera mögulegt að greiða hluta af fjármögnuninni fyrir verkefni, eða hana alla, áður en starfræksla þess hefst. Vegna þess að miðlun þekkingar hefur sérstakt mikilvægi í tengslum við sýniáætlun ætti aðeins að greiða fjármunina ef kröfur um miðlun þekkingar eru uppfylltar.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um reglur og viðmiðanir fyrir:

1) val á sýniverkefnum í viðskiptaskyni sem miða að umhverfisvænni föngun og geymslu CO_2 í jörðu og á sýniverkefnum er varða nýskapandi tækni á sviði endurnýjanlegrar orku eins og um getur í tilskipun 2003/87/EB,

2) mat á losunarheimildum til fjár, eins og um getur í tilskipun 2003/87/EB, til að styðja sýniverkefni CO_2-föngunar og -geymslu og sýniverkefni endurnýjanlegra orkugjafa og tekjustýringu tengda þeim,

3) greiðslu á tekjum og framkvæmd á sýniverkefnum CO_2-föngunar og -geymslu og sýniverkefnum endurnýjanlegra orkugjafa.

Þessi ákvörðun, þ.m.t. ákvæði í tengslum við mat á losunarheimildum til fjár, skal ekki hafa áhrif á aðrar framkvæmdargerðir sem eru samþykktar samkvæmt tilskipun 2003/87/EB.

2. gr.

Meginreglur

1. Losunarheimildir í varasjóði nýju aðilanna, sem um getur í 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, skulu vera 300 milljónir.

2. Val á sýniverkefnum CO_2-föngunar og -geymslu og sýniverkefnum endurnýjanlegra orkugjafa til fjármögnunar samkvæmt þessari ákvörðun skal fara fram með tveimur umferðum af auglýsingum eftir tillögum, sem framkvæmdastjórnin skipuleggur og beint er til aðildarríkjanna, sem ná yfir jafngildi 200 milljóna losunarheimilda í fyrri umferðinni af auglýsingum eftir tillögum og jafngildi 100 milljóna losunarheimilda ásamt því sem eftir er af losunarheimildum frá fyrri umferð af auglýsingunum í síðari umferðinni.

3. Með fyrirvara um fjórða málslið fjórðu undirgreinar 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB skal fjármögnun samkvæmt þessari ákvörðun vera 50% af kostnaði sem við á. Ef beiðnin um opinbera fjármögnun er í heild sinni undir 50% af kostnaði sem við á skal fjármagna beiðnina um opinbera fjármögnun í heild sinni samkvæmt þessari ákvörðun.

Ef fjármögnun samkvæmt þessari ákvörðun er sameinuð fjármögnun frá Evrópsku orkuáætluninni vegna endurreisnar skal þó minnka fjármögnunina samkvæmt þessari ákvörðun um þá upphæð sem er fjármögnuð af Evrópsku orkuáætluninni vegna endurreisnar.

3. gr.

Kostnaður sem við á

1. Að því er varðar 3. mgr. 2. gr. skulu reglurnar í 2. til 5. mgr. þessarar greinar gilda.

2. Kostnaður sem við á vegna sýniverkefna CO_2-föngunar og -geymslu skal vera sá fjárfestingarkostnaður sem verkefnið ber vegna beitingar á CO_2-föngun og -geymslu, að frádregnu hreinu núvirði besta mats á ávinningi starfrækslu ásamt kostnaði við hana sem skapast vegna beitingar á CO_2-föngun og -geymslu fyrstu 10 ár starfrækslunnar.

3. Kostnaður sem við á vegna sýniverkefna endurnýjanlegra orkugjafa skal vera hinn aukni fjárfestingarkostnaður sem verkefnið ber vegna beitingar á nýsköpunartækni fyrir endurnýjanlega orku, að frádregnu hreinu núvirði besta mats á ávinningi starfrækslu ásamt kostnaði við hana sem skapast fyrstu 5 árin í samanburði við hefðbundna framleiðslu með sömu afköstum með tilliti til skilvirkrar orkuframleiðslu.

4. Fjárfestingarkostnaðurinn sem um getur í 2. og 3. mgr. skal ná yfir kostnaðinn við fjárfestingu í landi, stöð og búnaði.

Fjárfestingarkostnaður getur einnig tengst fjárfestingu í tækniyfirfærslu og rekstrarleyfum vegna verkkunnáttu (hér á eftir „óefnislegar eignir“) ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) óefnislega eignin getur talist afskrifanleg eign,

b) óefnislega eignin er keypt á markaðsforsendum á lægsta mögulega verði,

c) óefnislega eignin er staðsett áfram í starfsstöð viðtakanda í a.m.k. 5 ár.

Ef óefnislega eignin er seld áður en 5 ára tímabilið, sem um getur í c-lið annars undirliðar, rennur út skal hagnaðurinn af sölunni dreginn frá kostnaðinum sem við á.

5. Hreinn kostnaður og ávinningur af rekstrinum, sem um getur í 2. og 3. mgr., skal byggjast á besta mati rekstrarkostnaðar sem verkefnið ber að því er varðar framleiðslukostnað og tekið skal tillit til sérhvers viðbótarávinnings sem stafar af stuðningsáætlunum, þótt þær teljist ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 107. gr. sáttmálans, ásamt kostnaði sem sparast og gildandi ráðstafana varðandi skattaívilnanir.

4. gr.

Hlutverk Fjárfestingarbanka Evrópu

Fjárfestingarbanki Evrópu skal framkvæma verk sín samkvæmt þessari ákvörðun að beiðni, fyrir hönd og fyrir reikning framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð að því er varðar þriðju aðila.

Fjárfestingarbanka Evrópu skal endurgoldið fyrir framkvæmd verkanna af hagnaðinum sem myndast með tekjustýringu hans.

Framkvæmdastjórnin og Fjárfestingarbanki Evrópu skulu gera samning þar sem mælt er fyrir um sérstaka skilmála og sérstök skilyrði vegna framkvæmdar Fjárfestingabanka Evrópu á verkum sínum.

5. gr.

Valferli

1. Auglýsingar eftir tillögum skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Aðildarríkin skulu safna saman fjármögnunarumsóknum fyrir verkefni sem er fyrirhugað að framkvæma á yfirráðasvæði þeirra.

Ef fyrirhugað er að verkefni skuli framkvæmt á yfirráðasvæði nokkurra aðildarríkja (hér á eftir nefnt „verkefni sem nær yfir landamæri“) skal aðildarríkið sem tekur á móti fjármögnunarumsókninni tilkynna hinum hluteigandi aðildarríkjunum um hana og vinna með hinum aðildarríkjunum með það í huga að ná sameiginlegri ákvörðun um framlagningu aðildarríkisins, sem tekur á móti fjármögnunarumsókninni, á verkefninu.

3. Aðildarríkin skulu meta hvort verkefni uppfyllir hæfisviðmiðanirnar sem um getur í 6. gr. Ef svo er, og ef aðildarríkin styðja verkefnið, skulu aðildarríki leggja tillöguna fyrir Fjárfestingarbanka Evrópu og tilkynna framkvæmdastjórninni þar um.

Þegar aðildarríkið leggur fram tillöguna um fjármögnun skal það veita eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert verkefni:

a) kostnað sem við á, í evrum, eins og um getur í 3. mgr. 2. gr.,

b) beiðnina um opinbera fjármögnun í heild sinni í evrum en hún er sá kostnaður sem við á að frádregnum öllum hlut rekstraraðilans í þeim kostnaði,

c) besta mat á hreinu núvirði viðbótarávinnings sem stafar af stuðningsáætlununum, eins og það er reiknað út skv. 5. mgr. 3. gr.,

d) framreiknað heildarmagn CO_2 sem er geymt á fyrstu 10 árum starfrækslu vegna sýniverkefna CO_2-föngunar og -geymslu eða framreiknað heildarmagn framleiddrar orku á fyrstu 5 árum starfrækslu vegna sýniverkefna endurnýjanlegra orkugjafa.

Aðildarríki skulu einnig tilkynna framkvæmdastjórninni um sérhverja fjármögnun fyrir verkefni, sem felur í sér ríkisaðstoð skv. 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, til að hægt sé að samræma valferlið og matið á ríkisaðstoðinni.

4. Á grunni tillagnanna sem eru lagðar fram skv. 3. mgr. þessarar greinar skal Fjárfestingarbanki Evrópu framkvæma mat á fjárhags- og tæknilegum lífvænleika verkefnisins (fjárhags- og tæknileg áreiðanleikakönnun) í samræmi við 7. gr.

Ef niðurstaða þess mats er jákvæð skal Fjárfestingarbanki Evrópu, í samræmi við 8. gr., gefa framkvæmdastjórninni ráðleggingar um úthlutunarákvarðanir.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja úthlutunarákvarðanir sem er beint til viðkomandi aðildarríkja, þar sem úthlutun fjármögnunar til verkefnanna er tilgreind í evrum, á grunni ráðlegginganna, sem um getur í 4. mgr., eftir endurtekið samráð við hlutaðeigandi aðildarríki til að staðfesta, ef við á, virði og skipulag heildarframlags opinberrar fjármögnunar og að fengnu áliti nefndarinnar um loftslagsbreytingar skv. 3. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/468/EB ([1]).

6. gr.

Hæfisviðmiðanir

1. Verkefni skal hæft til fjármögnunar ef það uppfyllir eftirfarandi viðmiðanir:

a) verkefni þarf að falla í einn af flokkunum sem eru settir fram í A-hluta I. viðauka,

b) verkefni þarf að uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í B-hluta I. viðauka,

c) verkefnin sem eru skráð í hluta A.II í I. viðauka verða að vera nýskapandi í eðli sínu. Fyrirliggjandi, viðurkennd tækni er ekki aðstoðarhæf.

2. Ef aðildarríki er ekki í aðstöðu til að leggja tillögur um verkefni, sem falla undir einhvern af undirflokkunum sem eru tilgreindir í hluta A.II í I. viðauka og uppfylla viðeigandi viðmiðunarmörk, skv. 3. mgr. 5. gr., fyrir Fjárfestingarbanka Evrópu er því aðildarríki heimilt að leggja fram tillögur um verkefni undir viðkomandi viðmiðunarmörkum fyrir hvern af viðkomandi undirflokkum og skulu þau teljast hæf að því er varðar úthlutun fjármögnunar þrátt fyrir 1. mgr.

7. gr.

Fjárhags- og tæknileg áreiðanleikakönnun

Fjárfestingarbanki Evrópu skal framkvæma matið vegna áreiðanleikakönnunarinnar á öllum tillögðum verkefnum í samræmi við skilgreiningar, sem mælt er fyrir um í auglýsingunum eftir tillögum sem um getur í 1. mgr. 5. gr., og skal fjalla um a.m.k. eftirfarandi þætti:

1) tæknilegt gildissvið

2) kostnað,

3) fjármögnun,

4) framkvæmd,

5) starfrækslu,

6) umhverfisáhrif,

7) innkaupaferli.

8. gr.

Val á verkefnum

1. Fjármagna skal átta verkefni sem falla undir hluta A.I í I. viðauka og eitt verkefni í hverjum undirflokki verkefna sem er skilgreindur í hluta A.II í I. viðauka.

Ef fjármagn leyfir má þó fjármagna fleiri verkefni um leið og jafnvægi er viðhaldið milli sýniverkefna CO_2-föngunar og -geymslu og sýniverkefna endurnýjanlegra orkugjafa.

Ef ekki eru lögð inn nema tvö verkefni í einhverjum undirflokki skal framkvæmdastjórnin meta möguleg áhrif takmarkaðs fjölda tillagna á samkeppnina um val samkvæmt þessari ákvörðun og er heimilt, eftir því sem við á, að ákveða að seinka ákvörðunum um úthlutanir í viðkomandi undirflokki þar til í síðari umferð auglýsinga eftir tillögum.

2. Verkefnum skal skipað í röð eftir vaxandi kostnaði á einingu miðað við frammistöðu. Sýniverkefnum CO_2-föngunar og -geymslu skal skipað í röð sem einum hópi. Sýniverkefnum endurnýjanlegra orkugjafa skal skipað í röð innan hvers undirhóps sem er tilgreindur í hluta A.II í I. viðauka.

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

Að því er varðar fyrsta undirlið skal kostnaður á einingu miðað við frammistöðu reiknaður út sem summa magnsins, sem er tilgreint í b- og c-lið 3. mgr. 5. gr., deilt með framreiknuðu heildarmagni CO_2 sem er geymt á fyrstu 10 árum starfrækslu vegna sýniverkefna CO_2-föngunar og -geymslu eða með framreiknuðu heildarmagni orkunnar sem er framleidd á fyrstu 5 árum starfrækslu vegna sýniverkefna endurnýjanlegra orkugjafa.

Ef viðkomandi aðildarríki staðfesta skv. 5. mgr. 5. gr. að opinber fjármögnun sé nægileg fyrir sýniverkefni CO_2-föngunar og -geymslu skal velja verkefni fremst í röðinni og eftir röð, að því tilskildu að allar eftirfarandi viðmiðanir séu uppfylltar:

a) að minnsta kosti eitt og í mesta lagi þrjú verkefni eru valin í hverjum verkefnisflokki,

b) valin eru að minnsta kosti þrjú verkefni sem varða geymslu í vetniskolefnisgeymum,

c) valin eru að minnsta kosti þrjú verkefni sem varða geymslu í saltvatnsveitum.

Ef þessar viðmiðanir eru ekki uppfylltar skal ekki velja það verkefni sem kom til álita og taka verkefnið sem er næst í röðinni til álita vegna vals. Ferlið skal endurtekið þar til búið er að velja átta verkefni.

Ef viðkomandi aðildarríki staðfestir skv. 5. mgr. 5. gr. að opinber fjármögnun fyrir sýniverkefni endurnýjanlegra orkugjafa sé nægileg skal velja fremsta verkefnið í röðinni innan hvers undirflokks. Ef ekki eru nein aðstoðarhæf og fjárhags- og tæknilega lífvænleg verkefni í einum eða fleiri undirflokkum verkefna í annarri af umferðum auglýsinga eftir tillögum skal fjármagna samsvarandi fjölda viðbótarverkefna í öðrum undirflokkum sama verkefnisflokks. Einstök atriði skulu tilgreind í auglýsingum eftir tillögum skv. 1. mgr. 5. gr.

Þau sýniverkefni CO_2-föngunar og -geymslu sem eru valin skulu saman mynda "hóp CO_2-föngunar og -geymslu" og þau sýniverkefni endurnýjanlegrar orku sem eru valin skulu saman mynda „hóp endurnýjanlegrar orku".

3. Þrátt fyrir 1. mgr. skal draga úr fjölda valinna verkefna ef beiðni um fjármögnun í heild sinni samkvæmt þessari ákvörðun er hærri en tiltæk fjármögnun þannig að beiðni um fjármögnun lækki hlutfallslega jafn mikið í öllum hópunum sem um getur í þriðja og fimmta undirlið 2. málsgreinar.

Fyrst skal hætt við val á verkefninu sem hefur mesta kostnað á einingu miðað við frammistöðu, innan hvers hóps, og næst hætt við val á verkefninu sem hefur mesta kostnað á einingu miðað við frammistöðu innan annars flokks. Ferlið skal endurtekið þar til tiltækir fjármunir nægja fyrir fjármögnunarbeiðninni.

4. Með fyrirvara um tiltækar tillögur sem eru lagðar fyrir Fjárfestingarbanka Evrópu skv. 3. mgr. 5. gr. og sem Fjárfestingabankinn mælir með við framkvæmdastjórnina vegna úthlutunarákvörðunar skv. 4. mgr. 5. gr. skal fjármagna að minnsta kosti eitt og að hámarki þrjú verkefni innan hvers aðildarríkis.

Fyrsta undirgrein gildir þó ekki um verkefni sem ná yfir landamæri.

9. gr.

Ákvarðanir um úthlutun

Ákvarðanir um úthlutun skulu háðar því að gefin séu út öll viðkomandi landsbundin leyfi í samræmi við viðkomandi kröfur samkvæmt löggjöf Sambandsins, að framkvæmdastjórnin samþykki alla ríkisaðstoð sem verkefninu er veitt og að bakhjarlar taki lokaákvörðun um fjárfestingu innan 24 mánaða frá því að úthlutunarákvarðanirnar eru samþykktar.

Að því er varðar sýniverkefni CO_2-föngunar og -geymslu, sem varða geymslu í saltvatnsveitum, skulu ákvarðanir um úthlutun háðar því að gefin séu út öll viðkomandi landsbundin leyfi í samræmi við viðkomandi kröfur samkvæmt löggjöf Sambandsins, að framkvæmdastjórnin samþykki alla ríkisaðstoð sem verkefninu er veitt og að bakhjarlar taki lokaákvörðun um fjárfestingu innan 36 mánaða frá því að úthlutunarákvarðanirnar eru samþykktar.

Ákvarðanir um úthlutun skulu hætta að hafa réttaráhrif ef skilyrðin sem um getur í fyrstu eða annarri málsgrein eru ekki uppfyllt.

10. gr.

Mat á losunarheimildum til fjár og tekjustýring

1. Framkvæmdastjórnin skal koma fram fyrir hönd aðildarríkjanna að því er varðar mat á losunarheimildum til fjár og tekjustýringu.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tryggja að hinar 300 milljón losunarheimildir, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., skuli millifærðar til Fjárfestingarbanka Evrópu til mats til fjár og tekjustýringar.

3. Áður en framkvæmdastjórnin samþykkir úthlutunarákvarðanirnar fyrir hvora umferð auglýsinganna eftir tillögum, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., skal Fjárfestingarbanki Evrópu selja losunarheimildirnar fyrir fyrri umferð.

Fjárfestingarbanki Evrópu skal sinna stýringu tekna og færa þær til aðildarríkjanna eftir þörfum vegna greiðslu skv. 11. gr.

11. gr.

Greiðsla á tekjum og notkun tekna sem eru ekki greiddar út

1. Aðildarríkin skulu greiða bakhjörlum verkefnanna tekjur á grunni lagalega bindandi gerninga þar sem fram skal koma að minnsta kosti eftirfarandi:

a) verkefnið og úthlutað framlag í evrum,

b) upphafsdagsetning starfrækslu,

c) kröfur vegna miðlunar þekkingar skv. 12. gr.,

d) kröfur varðandi greiðslur tekna skv. 2. til 6. mgr. þessarar greinar,

e) skýrslugjafarkröfur skv. 13. gr.,

f) upplýsingar um skilyrði vegna gildissviðs ákvörðunarinnar sem um getur í 9. gr.

Upphafsdagsetning starfrækslu, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, skal eigi vera síðar en 31. desember 2015 vegna fyrri umferðar auglýsinga eftir tillögum, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., nema ef viðkomandi úthlutunarákvörðun er samþykkt eftir 31. desember 2011 en þá skal upphafsdagsetning starfrækslu eigi vera síðar en fjórum árum frá dagsetningu úthlutunarákvörðunarinnar.

2. Greiðslur skulu fara fram árlega. Greidd upphæð vegna sýniverkefna CO_2-föngunar og -geymslu skal vera magn CO_2 sem er geymt á viðkomandi ári, eins og það er vaktað, gert grein fyrir því í skýrslum og sannprófað skv. 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/87/EB, margfaldað með fjármögnunarhlutfallinu og vegna sýniverkefna endurnýjanlegra orkugjafa skal hún vera magn framleiddrar orku margfaldað með fjármögnunarhlutfallinu.

Fjármögnunarhlutfallið skal reiknað út með því að deila í úthlutaða fjármögnun með 75% af framreiknuðu heildarmagni af geymdu CO_2 á fyrstu 10 árum starfrækslu, ef um er að ræða sýniverkefni CO_2-föngunar og -geymslu, eða 75% af framreiknuðu heildarmagni orkunnar sem er framleidd á fyrstu 5 árum starfrækslu, ef um er að ræða sýniverkefni endurnýjanlegra orkugjafa.

3. Greiðsla fyrir tiltekið ár skal aðeins gerð ef farið er að kröfunum um miðlun þekkingar á því ári.

4. Greiðslur skulu takmarkast við 10 ára tímabil frá dagsetningunni sem um getur í b-lið 1. mgr., ef um er að ræða sýniverkefni CO_2-föngunar og -geymslu, og við 5 ára tímabil frá þeirri dagsetningu, ef um er að ræða sýniverkefni endurnýjanlegra orkugjafa. Heildarupphæð greiðslnanna skal ekki fara yfir úthlutaða fjármögnun sem um getur í a-lið 1. mgr.

5. Ef hlutaðeigandi aðildarríki ábyrgist að öll fjármögnun umfram fjármögnunina sem er ákvörðuð í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. verði endurgreidd Fjárfestingarbanka Evrópu er heimilt að greiða hluta af fjármögnuninni eða hana alla fyrir upphafsdag starfrækslu þess verkefnis, í samræmi við skilgreiningarnar sem eru settar fram í úthlutunarákvörðuninni.

6. Með fyrirvara um aðra málsgrein 4. gr. skal nota tekjur, sem eru ekki greiddar út til verkefna, og hagnað sem myndast með tekjustýringu til að samfjármagna frekari sýniverkefni samkvæmt þessari ákvörðun þar til 31. desember 2015.

Aðildarríki skulu endurgreiða Fjárfestingarbanka Evrópu tekjur sem eru ekki greiddar út.

Eftir 31. desember 2015 skulu allir fjármunir sem eftir verða koma í hlut aðildarríkjanna. Þegar greiðslum lýkur skulu þeir fjármunir ganga til aðildarríkjanna, í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í 7. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

12. gr.

Miðlun þekkingar

Aðildarríkin skulu tryggja að allir rekstraraðilar verkefna, samstarfsaðilar, birgjar og undirverktakar sem hafa umtalsverðan ávinning af opinberu fjármögnuninni, að því er varðar þróunina á vöru þeirra eða þjónustu, miðli upplýsingum um þættina sem eru settir fram í II. viðauka til annarra rekstraraðila verkefna, opinberra yfirvalda, rannsóknastofnana, frjálsra félagasamtaka og almennings í samræmi við frekari skilgreiningar sem eru settar fram í auglýsingunum eftir tillögum sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

Upplýsingum skal miðlað á ársgrundvelli og skulu samanstanda af öllum upplýsingum sem aflast og eru unnar á tilteknu ári.

13. gr.

Skýrslugjöf aðildarríkjanna

Aðildarríkin skulu leggja fram skýrslur til framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd verkefnanna meðan á tímabilunum sem um getur í 4. mgr. 11. gr. stendur.

Í þeim skýrslum skulu felast a.m.k. eftirfarandi upplýsingar fyrir hvert verkefni:

1) magn CO_2 sem er geymt eða umhverfisvænnar orku sem er framleidd,

2) fjármagnið sem er greitt,

3) öll umtalsverð vandamál vegna framkvæmdar verkefnisins.

14. gr.

Skýrslugjöf framkvæmdastjórnarinnar

Þegar fyrri umferð auglýsinga eftir tillögum er lokið skal framkvæmdastjórnin gefa nefndinni um loftslagsbreytingar skýrslu um framkvæmd þeirrar umferðar og tilgreina hvort einhverjar breytingar á þessari ákvörðun séu nauðsynlegar með það fyrir augum að tryggja landfræðilegan og tæknilegan jöfnuð í síðari umferð auglýsinganna eftir tillögum.

15. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Connie HEDEGAARD

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

HÆFISVIÐMIÐANIR

A. VERKEFNAFLOKKAR

I. **Sýniverkefnaflokkar CO_2-föngunar og -geymslu (með viðmiðunarmörkum lágmarksgetu** ([1]))

— orkuframleiðsla: fyrir bruna 250 MW,

— orkuframleiðsla: eftir bruna 250 MW,

— orkuframleiðsla: súrefniseldsneyti 250 MW,

— notkun í iðnaði: a) CO_2-föngun og -geymsla í hreinsunarstöðvum þar sem geymt CO_2 á ári er 500 kílótonn (kt/ári) frá einum eða fleiri upptökum innan hreinsunarstöðvarinnar, b) notkun CO_2-föngunar og -geymslu í sementsofnum þar sem geymt CO_2 er 500 kt/ári, c) notkun CO_2-föngunar og -geymslu við frumframleiðsluleiðir í járn- og stálframleiðslu þar sem geymt CO_2 er 500 kt/ári eða d) notkun CO_2-föngunar og -geymslu við frumframleiðsluleiðir í álframleiðslu þar sem geymt CO_2 er 500 kt/ári.

II. **Flokkar nýskapandi verkefna endurnýjanlegra orkugjafa (með viðmiðunarmörkum lágmarksgetu)**

— Líforka – undirflokkar verkefna:

— Umbreyting lignósellulósa með hitasundrun í milliefni líforkubera í föstu eða fljótandi formi eða sem grugglausn með afkastagetunni 40 kt/ári af lokaafurðinni.

— Umbreyting lignósellulósa með ristun í milliefni líforkubera í föstu eða fljótandi formi eða sem grugglausn með afkastagetunni 40 kt/ári af lokaafurðinni.

— Umbreyting lignósellulósa í tilbúið jarðgas eða tilbúið gas og/eða í orku með gösun með afkastagetunni 40 milljón normalrúmmetrar á ári (MNm3/ári) af lokaafurðinni eða 100 gígavattstundir á ári af raforku.

— Umbreyting lignósellulósa í lífeldsneyti eða fljótandi lífeldsneyti og/eða í orku, þ.m.t. með gösun með beinni hitun, með afkastagetunni 15 milljón lítrar á ári (Ml/ári) af lokaafurðinni eða 100 gígavattstundir á ári af raforku. Framleiðsla á tilbúnu jarðgasi fellur ekki undir þennan undirflokk.

— Umbreyting hráefna lignósellulósa, s.s. svartlúts og/eða afurða hitasundrunar eða ristunar með gösun í meðsogi, í allar gerðir lífeldsneytis með afkastagetunni 40 Ml/ári af lokaafurðinni.

— Umbreyting lignósellulósa í raforku með 48% skilvirkni sem byggist á lægri mörkum brunagildis (50% raki) með afkastagetunni 40 rafmegavött (MWe) eða meira.

— Umbreyting lignósellulósa í etanól og stærri alkóhól með efna- og líffræðilegum ferlum, með afkastagetunni 40 Ml/ári af lokaafurðinni.

— Umbreyting lignósellulósa og/eða húsasorps í lífgas, lífeldsneyti eða fljótandi lífeldsneyti með efna- og líffræðilegum ferlum með afkastagetunni 6 MNm3/ári af metan eða 10 Ml/ári af lokaafurðinni.

— Umbreyting þörunga og/eða örvera í lífeldsneyti eða fljótandi lífeldsneyti með efna- og/eða líffræðilegum ferlum með afkastagetunni 40 Ml/ári af lokaafurðinni.

Athugasemd: Viðmiðanir um sjálfbærni, eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB ([2]) um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, skulu uppfylltar að því er varðar lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti í skilningi þeirrar tilskipunar.

— Þjöppuð sólarorka – undirflokkar verkefna:

— Fleygbogarennur eða Fresnel-kerfi þar sem notuð eru bráðin sölt, eða annar umhverfisvænn varmaflutningsvökvi, með málaflið (e. *nominal capacity)* 30 MW.

([1]) Viðmiðunarmörk orku vegna föngunar koltvísýrings og geymslu hans í jörðu eru gefin upp sem verg rafmagnsaflgeta fyrir föngun.
([2]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

— Fleygbogarennur eða Fresnel-kerfi, byggt á beinni gufuframleiðslu, með málaflið 30 MW. Hiti gufunnar sem er framleiddur beint með sólu skal vera hærri en 500 °C.

— Turnkerfi þar sem notuð er ofurhituð gufuhringrás (annaðhvort með mörgum turnum eða samsetningu safnara í röðum og turna), með málaflið 50 MW.

— Turnkerfi þar sem notað er loft undir þrýstingi, sem er meira en 750 °C heitt, og samsettur sólar- og gashverfill, með málaflið 30 MW.

— Stórvirk Stirling-diska orkuver með nýtni á sólarorku yfir í raforku sem er meira en 20% og málafl sem er a.m.k. 25 MW.

Athugasemd: Heimilt er að hafa þurrkælingu, samsetningu og (þróaða) lausn á hitageymslu í sýniverunum.

— Ljósspennuaðferð – undirflokkar verkefna:

— Stórvirk orkuver sem nota þjöppun á ljósspennurafhlöður, með málaflið 20 MW.

— Stórvirk orkuver sem nota margsamskeyttar ljósspennurafhlöður með sílíkonþunnfilmu, með málaflið 40 MW.

— Stórvirk orkuver sem nota ljósspennurafhlöður sem byggja á kopar, indíum, gallíum, (dí-)seleni, með málaflið 40 MW.

— Jarðvarmi – undirflokkar verkefna:

— Endurbætt jarðvarmakerfi á svæðum með togspennu, með málaflið 5 MWe.

— Endurbætt jarðvarmakerfi á svæðum með þrýstispennu, með málaflið 5 MWe.

— Endurbætt jarðvarmakerfi á svæðum með þéttu set- og granítbergi og öðrum kristallamyndunum, með málaflið 5 MWe.

— Endurbætt jarðvarmakerfi á svæðum með djúpt liggjandi kalksteini, með málaflið 5 MWe.

Athugasemd: Umsóknir vegna samþættrar varma- og raforkuvinnslu, sem hafa sömu viðmiðunarmörk vegna raforkuframleiðslu, eru jafn aðstoðarhæfar.

— Vindur – undirflokkar verkefna:

— Vindur á hafi úti (lágmarksstærð hverfils 6 MW), með málaflið 40 MW.

— Vindur á hafi úti (lágmarksstærð hverfils 8 MW), með málaflið 40 MW.

— Vindur á hafi úti (lágmarksstærð hverfils 10 MW), með málaflið 40 MW.

— Fljótandi vindkerfi á hafi úti, með málaflið 25 MW.

— Vindhverflar á landi, bestaðir fyrir flókin svæði (s.s. skóg- eða fjalllendi), með málaflið 25 MW.

— Vindhverflar á landi, bestaðir fyrir kalt loftslag (samrýmast hitastigi sem er lægra en -30 °C og mikla ísingu), með málaflið 25 MW.

— Sjór – undirflokkar verkefna:

— Útbúnaður til að nýta ölduorku, með málaflið 5 MW.

— Útbúnaður til að nýta hafræna orku/sjávarfallaorku, með málaflið 5 MW.

— Orkuumbreyting sjávarhita, með málaflið 10 MW.

— Vatnsorka – undirflokkar verkefna:

— Orkuframleiðsla með háhitaofurleiðandi rafölum: 20 MW.

— Dreifð stjórnun á endurnýjanlegri orku (snjallnet) – undirflokkar verkefna:

— Stýring á endurnýjanlegri orku og bestun fyrir litla og meðalstóra dreifða rafala í dreifbýli sem framleiða aðallega með sólarorku: 20 MW í lágspennuneti (LV) + 50 MW í meðalspennuneti (MV).

— Stýring á endurnýjanlegri orku og bestun fyrir litla og meðalstóra dreifða rafala í dreifbýli sem framleiða aðallega með vindorku: 20 MW í lágspennuneti (LV) + 50 MW í meðalspennuneti (MV).

— Stýring á endurnýjanlegri orku og bestun fyrir litla og meðalstóra dreifða rafala í þéttbýli: 20 MW í lágspennuneti (LV) + 50 MW í meðalspennuneti (MV).

Athugasemd: Ekki skal undanskilja notkun virkra álagseininga (rafmagnshitarar/varmadælur o.s.frv.).

B. KRÖFUR VEGNA VERKEFNA

I. **Almennar kröfur**

— Fara verður eftir viðmiðunarmörkum lágmarksgetu sem mælt er fyrir um í A-hluta.

— Að því er varðar fyrri umferð auglýsinga eftir tillögum verða verkefnin að sýna fram á að á grunni samþykkis á viðkomandi úthlutunarákvörðun fyrir 31. desember 2011 teljist raunhæft að vænta þess að upphaf starfrækslu verði fyrir 31. desember 2015.

— Öll viðkomandi landsbundin leyfi fyrir verkefninu verða að vera til staðar og í samræmi við viðkomandi kröfur samkvæmt löggjöf Sambandsins eða viðkomandi leyfisferli að standa yfir og nægilega langt komið til að tryggja að starfrækslu í ábataskyni hefjist fyrir 31. desember 2015, vegna fyrri umferðarinnar, á grunni þess að viðkomandi úthlutunarákvörðun sé samþykkt fyrir 31. desember 2011.

— Rekstraraðili verkefnisins verður að skuldbinda sig til að miðla upplýsingum samkvæmt kröfunum sem mælt er fyrir um í 12. gr.

— Verkefnin skulu staðsett á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna, sérefnahagslögsögum þeirra og landgrunni þeirra.

II. **Sýniverkefni CO_2-föngunar og -geymslu**

— Hvert verkefni verður koma allri keðjunni í framkvæmd (föngun, flutningi og geymslu).

— Hvert sýniverkefni verður að samþætta varma við föngunarþátt ferlisins.

— Föngunarstigið verður að vera a.m.k. 85% af CO_2 úr útblæstrinum sem fönguninni er beitt á.

— Hvert verkefni verður að fela í sér sjálfstæðan rannsóknarhluta sem tengist öryggi geymslusvæða og endurbótum á vöktunartækni, einkum á sviði saltvatnsflæðis, mögulegum ferlum þess og áhrifum af því.

II. VIÐAUKI

KRÖFUR VEGNA MIÐLUNAR UPPLÝSINGA

A. **Tæknilegt skipulag og frammistaða**

— Áreiðanleiki

— Fangað CO_2

— Frammistaða á mismunandi stigum, þ.m.t. mismunur á tilætlaðri og raunverulegri frammistöðu

— Aukning á eldsneytisþörf, þörf á raforku, hita og kælingu

— Stærstu ílags- og frálagsþættir og hönnun

— Spurningar sem vaknað hafa vegna rannsókna og þróunar í framtíðinni

B. **Kostnaður**

— Stofnfé og rekstrarkostnaður

— Niðurstöðutala og kostnaður á einingu miðað við frammistöðu (geymsla CO_2 í tonnum, framleiðsla á umhverfisvænum MW/klst.)

C. **Verkefnastjórnun**

— Löggjöf/leyfi

— Umgengni við hagsmunaaðila, þ.m.t. samskipti við ríkisstjórnir

— Áætlanagerð

— Skipulagning verkefnis

D. **Umhverfisáhrif**

— Skilvirkni: dregið úr losun koltvísýrings á hverja orkueiningu

— Önnur umhverfisáhrif við ótruflaða starfrækslu

E. **Heilsa og öryggi**

— Tilvik og atvik þar sem lá við slysi (truflun á starfrækslu)

— Vöktunar- og greiningakerfi til að fylgjast með öryggi.

— Heilbrigðisvandamál við ótruflaða starfrækslu

F. **Frammistaða á vettvangi CO_2-föngunar og -geymslu**

— Líkön og hermun (þróun CO_2-slóða – þrýstingsskil (e. *pressure front*))

— Niðurstöður sögulegs samanburðar og aðlaganir (mat sem gera skal: eðlilegt innan frávikssviðs eða umtalsvert frávik sem þarf að bregðast við)

— Hegðun saltvatns sem færist úr stað við inndælingu CO_2.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 258/97 2015/EES/46/21

frá 27. janúar 1997

um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100 gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ([3]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 9. desember 1996,

1) Ósamræmi í landslögum milli aðildarríkjanna varðandi ný matvæli eða innihaldsefni matvæla getur hindrað frjálsa flutninga matvæla og kann að leiða til ójafnra samkeppnisskilyrða sem hefur bein áhrif á starfsemi innri markaðarins.

2) Til verndar lýðheilsu er nauðsynlegt að tryggja að ný matvæli og ný innihaldsefni matvæla gangist undir eitt öryggismat með málsmeðferð Bandalagsins áður en þau eru sett á markað innan Bandalagsins og kveða skal á um einfaldaða málsmeðferð þegar um er að ræða ný matvæli og ný innihaldsefni matvæla sem eru að verulegu leyti sambærileg matvælum eða innihaldsefnum matvæla sem þegar eru til staðar.

3) Matvælaaukefni, bragðefni til notkunar í matvæli og útdráttarleysar falla undir aðra löggjöf Bandalagsins og skulu því falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar.

4) Gera skal viðeigandi ráðstafanir varðandi setningu nýrra matvæla og nýrra innihaldsefna matvæla, sem unnin eru úr plöntuyrkjum sem falla undir tilskipun ráðsins 70/457/EBE frá 29. september 1970 um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði ([4]) og tilskipun ráðsins 70/458/EBE frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja ([5]), á markað,

5) Áhætta kann að stafa að umhverfinu í tengslum við ný matvæli eða ný innihaldsefni matvæla sem innihalda eða samanstanda af erfðabreyttum lífverum og í tilskipun ráðsins 90/220/EBE frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið ([6]) er mælt fyrir um að ávallt skuli gera mat á umhverfisáhættu að því er varðar slíkar afurðir til að tryggja umhverfisöryggi og til að koma á fót sameinuðu kerfi í Bandalaginu til að leggja mat á slíkar afurðir skal, samkvæmt þessari reglugerð, kveða á um sértækt mat á umhverfisáhættu sem, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 10. gr. tilskipunar 90/220/EBE, skal vera svipað og það sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun en einnig fela í sér mat á hentugleika afurðarinnar til notkunar sem matvæli eða innihaldsefni í matvæli.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 43, 14.2.1997, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB C 190, 29.7.1992, bls. 3 og Stjtíð. EB C 16, 19.1.1994, bls. 10.

([2]) Stjtíð. EB C 108, 19.4.1993, bls. 8.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 27. október 1993 (Stjtíð. EB C 315 22.11.1993, bls. 139). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 23. október 1995 (Stjtíð. EB C 320, 30.11.1995, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. mars 1996 (Stjtíð. EB C 96, 1.4.1996, bls. 26). Ákvörðun ráðsins frá 19. desember 1996 og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. janúar 1997.

([4]) Stjtíð. EB L 225, 12.10.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/654/EBE (Stjtíð. EB L 353, 17.12.1990, bls. 48).

([5]) Stjtíð. EB L 225, 12.10.1970, bls. 7. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/654/EBE (Stjtíð. EB L 353, 17.12.1990, bls. 48).

([6]) Stjtíð. EB L 117, 8.5.1990, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/15/EB (Stjtíð. EB L 103, 22.4.1994, bls. 20).

6) Hafa skal samráð við vísindanefndina um matvæli, sem komið var á fót með ákvörðun 74/234/EBE ([1]), varðandi allar spurningar í tengslum við þessa reglugerð sem geta haft áhrif á lýðheilsu.

7) Tilskipun ráðsins 89/397/EBE frá 14. júní 1989 um opinbert matvælaeftirlit ([2]) og tilskipun ráðsins 93/99/EBE frá 29. október 1993 um viðbótarákvæði um opinbert matvælaeftirlit ([3]) gilda um ný matvæli eða innihaldsefni matvæla.

8) Með fyrirvara um aðrar kröfur í löggjöf Bandalagsins er varða merkingu matvæla skal mæla fyrir um sértækar viðbótarkröfur um merkingar og sértæk ákvæði skulu gilda um þessar kröfur til að tryggja aðgang neytenda að nauðsynlegum upplýsingum, tilteknir hópar fólks sem tengjast viðteknum venjum varðandi matvæli skulu upplýstir um það þegar efni, sem gætu verið þessum hópum fólks siðferðilegt áhyggjuefni, er að finna í nýjum matvælum en ekki í sambærilegum matvælum sem þegar eru til staðar, og matvæli og innihaldsefni matvæla, sem innihalda erfðabreyttar lífverur og sett eru á markað, skulu vera örugg að því er varðar heilbrigði manna, og þetta skal tryggt með því að fylgja málsmeðferðinni við leyfisveitingu sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/220/EBE og/eða með sértæku matsaðferðinni sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og að því er varðar lífverur sem skilgreindar eru í lögum Bandalagsins skal það að upplýsa neytanda um að erfðabreytt lífvera sé til staðar teljast viðbótarkrafa um merkingu matvæla og innihaldsefna matvæla sem um getur í þessari reglugerð.

9) Að því er varðar matvæli og innihaldsefni matvæla sem ætluð eru til setningar á markað til afhendingar til lokaneytanda og sem geta innihaldið bæði erfðabreyttar og hefðbundnar afurðir, og án þess að það hafi áhrif á aðrar kröfur þessarar reglugerðar varðandi merkingar, þá teljast upplýsingar ætlaðar neytendum um að erfðabreyttar lífverur geti verið til staðar í viðkomandi matvælum og innhaldsefnum matvæla, sem undantekning og einkum að því er varðar sendingar í lausu, uppfylla kröfur 8. gr.

10) Ekkert skal koma í veg fyrir að birgir upplýsi neytanda á merkingum matvæla eða innihaldsefna matvæla um að viðkomandi afurð sé ekki ný matvæli í skilningi þessarar reglugerðar eða að sú tækni sem er notuð til að fá ný matvæli, eins og um getur í 2. mgr. 1. gr., hafi ekki verið notuð við framleiðslu matvælanna eða innihaldsefna matvælanna.

11) Samkvæmt þessari reglugerð skal setja ákvæði um málsmeðferð þar sem komið er á nánu samstarfi milli aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar innan fastanefndarinnar um matvæli, sem komið var á fót með ákvörðun 69/414/EBE ([4]).

12) Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin gerðu með sér bráðabirgðasamkomulag 20. desember 1994 um ráðstafanir sem lúta að framkvæmd gerða sem samþykktar eru í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ([5]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi reglugerð varðar setningu nýrra matvæla eða nýrra innihaldsefna matvæla á markað innan Bandalagsins.

2. Þessi reglugerð skal gilda um setningu matvæla og innihaldsefna matvæla á markað í Bandalaginu sem hingað til hafa ekki verið notuð í Bandalaginu til manneldis að verulegu leyti og sem falla í eftirfarandi flokka:

a) matvæli og innihaldsefni matvæla sem innihalda eða samanstanda af erfðabreyttum lífverum í skilningi tilskipunar 90/220/EBE,

b) matvæli og innihaldsefni matvæla sem eru framleidd úr erfðabreyttum lífverum en innhalda þær ekki,

c) matvæli og innihaldsefni matvæla þar sem sameindabyggingin sem liggur að grunni þeirra er ný eða henni hefur verið breytt af ásetningi,

d) matvæli og innihaldsefni matvæla sem samanstanda af örverum, sveppum eða þörungum eða eru einangruð úr þeim,

e) matvæli og innihaldsefni matvæla, sem samanstanda af eða eru einangruð úr plöntum, og innihaldsefni matvæla, sem eru einangruð úr dýrum, að undanskildum matvælum og innihaldsefnum matvæla sem fást með hefðbundnum fjölgunar- eða undaneldisaðferðum og sem eru hefðbundið talin örugg til notkunar sem matvæli,

([1]) Stjtíð. EB L 136, 20.5.1974, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 186, 30.6.1989, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/99/EBE (Stjtíð. EB L 290, 24.11.1993, bls. 14).
([3]) Stjtíð. EB L 290, 24.11.1993, bls. 14
([4]) Stjtíð. EB L 291, 19.11.1969, bls. 9.
([5]) Stjtíð. EB C 102, 4.4.1996, bls. 1.

f) matvæli og innihaldsefni matvæla sem gengist hafa undir framleiðsluferli sem er ekki venjulega notað og sem leiðir til verulegra breytinga í samsetningu eða byggingu matvælanna eða innihaldsefna matvælanna sem hafa áhrif á næringargildi þeirra, efnaskipti eða magn óæskilegra efna.

3. Ef nauðsyn krefur er hægt að ákvarða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr., hvort tiltekin gerð matvæla eða innihaldsefnis matvæla fellur undir gildissvið 2. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

1. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) aukefni í matvæli sem falla undir gildissvið tilskipunar ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum ([1]),

b) bragðefni til notkunar í matvæli, sem falla undir gildissvið tilskipunar ráðsins 88/388/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um bragðefni til notkunar í matvælum og grunnefni til framleiðslu þeirra ([2]),

c) útdráttarleysa sem notaðir eru í framleiðslu matvæla og falla undir gildissvið tilskipunar ráðsins 88/344/EBE frá 13. júní 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi leysiefni sem notuð eru við framleiðslu matvæla og efnisþátta sem notaðir eru við matvælavinnslu ([3]).

2. Undanþágurnar frá gildissviði þessarar reglugerðar, sem um getur í a- til c-lið 1. mgr., skulu aðeins gilda svo lengi sem öryggisstigin sem mælt er fyrir um í tilskipunum 89/107/EBE, 88/388/EBE and 88/344/EBE samsvara öryggisstigi þessarar reglugerðar.

3. Að teknu tilhlýðilegu tilliti til 11. gr. skal framkvæmdastjórnin tryggja að öryggisstigin sem mælt er fyrir um í áðurnefndum tilskipunum, sem og í framkvæmdarráðstöfunum þessara tilskipana og þessarar reglugerðar, samsvari öryggisstigi þessarar reglugerðar.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/34/EB (Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 1).
([2]) Stjtíð. EB L 184, 15.7.1988, bls. 61. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/71/EBE (Stjtíð. EB L 42, 15.2.1991, bls. 25).
([3]) Stjtíð. EB L 157, 24.6.1988, bls. 28. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/115/EBE (Stjtíð. EB L 409, 31.12.1992, bls. 31).

3. gr.

1. Matvæli og innihaldsefni matvæla sem falla innan gildissviðs þessarar reglugerðar skulu ekki:

— vera hættuleg fyrir neytandann,

— villa um fyrir neytandanum,

— vera svo frábrugðin matvælum eða innihaldsefnum matvæla sem þau eiga að koma í staðinn fyrir að venjuleg neysla þeirra sé síðri kostur fyrir neytandann í næringarlegu tilliti.

2. Við setningu matvæla og innihaldsefna matvæla, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, á markað í Bandalaginu skulu málsmeðferðarreglurnar, sem mælt er fyrir um í 4., 6., 7. og 8. gr. gilda á grundvelli viðmiðananna sem eru skilgreindar í 1. mgr. þessarar greinar og annarra viðkomandi þátta sem um getur í þessum greinum.

Þegar um er að ræða matvæli eða innihaldsefni matvæla, sem um getur í þessari reglugerð og sem eru unnin úr plöntuyrkjum sem tilskipanir 70/457/EBE og 70/458/EBE gilda um skal ákvörðunin um leyfi, sem um getur í 7. gr. þessarar reglugerðar, þó tekin í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem kveðið er á um í þessum tilskipunum, að því tilskildu að tekið sé tillit til grundvallarreglnanna um mat sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og viðmiðananna sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar, að undanskildum ákvæðunum varðandi merkingu slíkra matvæla eða innihaldsefna matvæla sem skv. 8. gr. skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr.

3. Ákvæði 2. mgr. skulu ekki gilda um matvæli og innihaldsefni matvæla sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr. þegar erfðabreytta lífveran, sem er notuð í framleiðslu matvælanna eða innihaldsefnanna, hefur verið sett á markað í samræmi við þessa reglugerð.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. gildir málsmeðferðin, sem mælt er fyrir um í 5. gr., um matvæli og innihaldsefni matvæla, sem um getur í b-, d- og e-lið 2. mgr. 1. gr. og sem á grundvelli fyrirliggjandi og almennt viðurkenndra vísindagagna eða á grundvelli álits einhvers þeirra lögbæru aðila, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., samsvara í aðalatriðum þeim matvælum eða innihaldsefnum matvæla sem þegar eru til að því er varðar samsetningu, næringargildi, efnaskipti, fyrirhugaða notkun og styrk óæskilegra efna í þeim.

Ef nauðsyn krefur er hægt að ákvarða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr., hvort tiltekin gerð matvæla eða innihaldsefnis matvæla fellur undir þessa grein.

4. gr.

1. Sá aðili sem ber ábyrgð á setningu á markað Bandalagsins (hér á eftir nefndur „umsækjandinn“) skal leggja beiðni fyrir aðildarríkið þar sem setja á afurðina á markað í fyrsta sinn. Á sama tíma skal hann senda framkvæmdastjórninni afrit af beiðninni.

2. Frummat, eins og kveðið er á um í 6. gr., skal fara fram.

Að lokinni málsmeðferðinni, sem um getur í 4. mgr. 6. gr., skal aðildarríkið sem um getur í 1. mgr. tilkynna umsækjanda án tafar:

— að hann megi setja matvælin eða innihaldsefnið á markað, svo fremi sem ekki sé þörf á viðbótarmatinu sem um getur í 3. mgr. 6. gr. og að ekki hafi verið lögð fram rökstudd andmæli í samræmi við 4. mgr. 6. gr., eða

— að þörf sé á ákvörðun um leyfi í samræmi við 7. gr.

3. Hvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um heiti og heimilisfang aðilanna sem annast mat á matvælum á yfirráðasvæði þess og sem bera ábyrgð á gera skýrslurnar um frummat, sem um getur í 2. mgr. 6. gr.

4. Áður en þessi reglugerð tekur gildi skal framkvæmdastjórnin birta tilmæli sem lúta að vísindalegum þáttum varðandi:

— upplýsingarnar sem nauðsynlegar eru til stuðnings umsóknar og framsetningu slíkra upplýsinga,

— gerð skýrslna um frummat, sem kveðið er á um í 6. gr.

5. Heimilt er að samþykkja hvers kyns ítarlegar reglur um framkvæmd þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 13. gr.

5. gr.

Þegar um er að ræða matvæli eða innihaldsefni matvæla sem um getur í 4. mgr. 3. gr. skal umsækjandinn tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar hann setur þau á markað. Þeirri tilkynningu skulu fylgja viðkomandi upplýsingar sem kveðið er á um í 4. mgr. 3. gr. Framkvæmdastjórnin skal senda aðildarríkjum afrit af tilkynningunni innan 60 daga og, að beiðni aðildarríkis, afrit af viðkomandi upplýsingunum. Framkvæmdastjórnin skal ár hvert birta samantekt á þessum tilkynningum í C-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna.

Ákvæði 8. gr. skulu gilda um merkingu.

6. gr.

1. Beiðnin, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., skal innihalda nauðsynlegar upplýsingar, þ.m.t. afrit af rannsóknum sem hafa verið gerðar og allt annað fyrirliggjandi efni sem sýnir fram á að viðkomandi matvæli eða innihaldsefni matvæla sé í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr., auk viðeigandi tillögu um framsetningu og merkingu matvælanna eða innihaldsefnisins, í samræmi við kröfur 8. gr.. Beiðninni skal þar að auki fylgja samantekt á málsskjölunum.

2. Við móttöku beiðninnar skal aðildarríkið, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., sjá til þess að frummat fari fram. Í því skyni skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um heiti lögbæra aðilans sem annast mat á matvælum og sem ber ábyrgð á gerð skýrslunnar um frummatið, eða fara þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún sjái til þess, í samráði við annað aðildarríki, að einhver lögbæru aðilanna sem annast mat á matvælum, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., geri þá skýrslu.

Framkvæmdastjórnin skal án tafar senda aðildarríkjunum afrit af samantektinni sem umsækjandinn lagði fram, sem og heiti lögbæra aðilans sem ber ábyrgð á framkvæmd frummatsins.

3. Gera skal skýrslu um frummatið innan þriggja mánaða frá móttöku beiðni sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr., í samræmi við tilmælin sem um getur í 4. mgr. 4. gr., og í henni skal tekin afstaða til þess hvort krefjast skuli viðbótarmats fyrir viðkomandi matvæli eða innihaldsefni matvæla í samræmi við 7. gr.

4. Viðkomandi aðildarríki skal án tafar senda skýrslu lögbæra aðilans, sem annast mat á matvælum, til framkvæmdastjórnarinnar, sem skal senda hana til hinna aðildarríkjanna. Aðildarríki eða framkvæmdastjórnin má gera athugasemdir eða leggja fram rökstudd andmæli gegn setningu viðkomandi matvæla eða innihaldsefnis matvæla á markað, innan 60 daga frá þeim degi sem framkvæmdastjórnin dreifði skýrslunni. Athugasemdirnar eða andmælin geta einnig varðað framsetningu eða merkingu matvælanna eða innihaldsefnanna.

Athugasemdir eða andmæli skal senda framkvæmdastjórninni, sem skal dreifa þeim til aðildarríkja innan 60 daga tímabilsins sem um getur í fyrstu undirgrein.

Þegar aðildarríki fer fram á það skal umsækjandinn láta í té afrit af öllum viðeigandi upplýsingum sem koma fram í beiðninni.

7. gr.

1. Þegar þörf er á viðbótarmati í samræmi við 6. gr. (3. mgr.) eða andmæli eru gerð í samræmi við 6. gr. (4. mgr.) skal taka ákvörðun um leyfi í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr.

2. Í ákvörðuninni skal skilgreina gildissvið leyfisins og, ef við á, kveða á um:

— skilyrði fyrir notkun viðkomandi matvæla eða innihaldsefnis matvæla,

— heiti viðkomandi matvæla eða innihaldsefnis matvæla, og forskrift þess,

— sértækar kröfur um merkingu, eins og um getur í 8. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal án tafar tilkynna umsækjandanum um þá ákvörðun sem tekin er. Birta skal þessar ákvarðanir í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

8. gr.

1. Með fyrirvara um aðrar kröfur í lögum Bandalagsins varðandi merkingu matvæla skulu eftirfarandi sértækar viðbótarkröfur um merkingar gilda um matvæli til að tryggja að lokaneytandi sé upplýstur um:

a) öll einkenni eða eiginleika matvæla á borð við:

— samsetningu,

— næringargildi eða næringaráhrif,

— fyrirhugaða notkun matvælanna,

sem hefur þau áhrif að ný matvæli eða innihaldsefni matvæla er ekki lengur jafngildi matvæla eða innihaldsefnis matvæla sem þegar er til staðar.

Að því er varðar þessa grein skulu ný matvæli eða innihaldsefni matvæla ekki lengur teljast jafngildi matvæla eða innihaldsefnis matvæla, sem þegar er til staðar, ef vísindalegt mat á grundvelli viðeigandi greiningar á fyrirliggjandi gögnum sýnir fram á að einkennin, sem lagt er mat á, eru ólík í samanburði við hefðbundin matvæli eða innihaldsefni matvæla, að teknu tilliti til viðurkenndra takmarkana náttúrulegs breytileika slíkra einkenna.

Í því tilviki skal á merkingum tilgreina breyttu einkennin eða eiginleikana, auk aðferðarinnar sem var beitt til að fá þau einkenni eða eiginleika,

b) efni, sem er í nýju matvælunum eða innihaldsefninu en er ekki að finna í jafngildum matvælum sem þegar eru til staðar, og sem getur haft áhrif á heilbrigði tiltekinna hópa fólks,

c) efni, sem er í nýju matvælunum eða innihaldsefninu en er ekki að finna í jafngildum matvælum sem þegar eru til staðar, og sem getur haft í för með sér siðferðileg áhyggjuefni,

d) hvort lífvera, sem er erfðabreytt með tækni til erfðabreytingar, er til staðar en skráin yfir slíka tækni , sem er ekki tæmandi, er lögð fram í 1. hluta I. viðauka A við tilskipun 90/220/EBE.

2. Þegar jafngild matvæli eða innihaldsefni matvæla eru ekki til staðar skal, ef nauðsyn krefur, samþykkja viðeigandi ákvæði til að tryggja að neytendur séu upplýstir á viðunandi hátt um eðli matvælanna eða innihaldsefnisins.

3. Heimilt er að samþykkja hvers kyns ítarlegar reglur um framkvæmd þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 13. gr.

9. gr.

1. Þegar matvæli eða innihaldsefni matvæla, sem fellur innan gildissviðs þessarar reglugerðar, inniheldur eða samanstendur af erfðabreyttri lífveru í skilningi 1. og 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 90/220/EBE, skal eftirfarandi fylgja upplýsingunum sem krafist er í beiðninni um setningu á markað sem um getur í 1. mgr. 6. gr.:

— afrit af skriflegu samþykki lögbæra yfirvaldsins, ef það liggur fyrir, fyrir sleppingu erfðabreyttu lífveranna af ásettu ráði til rannsókna og þróunar, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 90/220/EBE, ásamt niðurstöðum viðvíkjandi slíkri sleppingu með tilliti til áhættunnar fyrir heilbrigði manna og umhverfið,

— öll tæknileg málsskjöl þar sem fram koma viðkomandi upplýsingar sem farið er fram á í 11. gr. tilskipunar 90/220/EBE og matið á umhverfisáhættu á grundvelli þessara upplýsinga, niðurstöður rannsókna sem hafa verið gerðar í tilgangi rannsókna og þróunar eða, eftir því sem við á, ákvörðunin um að leyfa setningu á markað sem kveðið er á um í C-hluta tilskipunar 90/220/EBE.

Ákvæði 11.–18. gr. tilskipunar 90/220/EBE gilda ekki um matvæli eða innihaldsefni matvæla sem innihalda eða samanstanda af erfðabreyttum lífverum.

2. Þegar um er að ræða matvæli eða innihaldsefni matvæla, sem falla innan gildissviðs þessarar reglugerðar og sem innihalda eða samanstanda af erfðabreyttum lífverum, skal við ákvörðunina sem um getur í 7. gr. taka tillit til krafnanna um umhverfisöryggi, sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/220/EBE, til að tryggja að allar viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif fyrir heilbrigði manna og umhverfið sem slepping erfðabreyttra lífvera af ásettu ráði gæti haft í för með sér. Við mat á umsóknum um leyfi til setningar afurða, sem innhalda eða samanstanda af erfðabreyttum lífverum, á markað skal framkvæmdastjórnin eða aðildarríkin hafa nauðsynlegt samráð við aðilana sem Bandalagið eða aðildarríkin hafa komið á fót í samræmi við tilskipun 90/220/EBE.

10. gr.

Samþykkja ber ítarlegar reglur um vernd upplýsinganna sem umsækjandinn lætur í té, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr.

11. gr.

Hafa ber samráð við vísindanefndina um matvæli um öll þau mál sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar og líklegt er að hafi áhrif á lýðheilsu.

12. gr.

1. Þegar aðildarríki hefur rökstudda ástæðu til að telja, á grundvelli nýrra upplýsinga eða endurmats á fyrirliggjandi upplýsingum, að notkun matvæla eða innihaldsefnis matvæla sem samræmist þessari reglugerð hafi í för með sér áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið getur aðildarríkið annað hvort takmarkað eða stöðvað tímabundið að verslað sé með viðkomandi matvæli eða innihaldsefni matvæla sem og notkun þessara matvæla og innihaldsefna á yfirráðasvæði þess. Það skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum þar um og rökstyðja ákvörðun sína.

2. Framkvæmdastjórnin skal taka rökstuðninginn, sem um getur í 1. mgr., til athugunar eins fljótt og auðið er innan fastanefndarinnar um matvæli og grípa til viðeigandi ráðstafana í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. Aðildarríkið sem tók ákvörðunina sem um getur í 1. mgr. má láta hana gilda þar til ráðstafanirnar hafa öðlast gildi.

13. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvæli, hér á eftir kölluð „nefndin“, þegar framkvæma á þá málsmeðferð sem er skilgreind í þessari grein.

2. Formanni nefndarinnar ber að vísa málum til nefndarinnar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal leggja fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila áliti sínu á drögunum innan frests sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans ef um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og kveðið er á um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

4. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir ef þær eru í samræmi við álit nefndarinnar.

   b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki áliti ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um þær ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

14. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en fimm árum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar og í ljósi fenginnar reynslu, framsenda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd þessarar reglugerðar ásamt viðeigandi tillögum, eftir því sem við á.

2. Með fyrirvara um endurskoðunina sem kveðið er á um í 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin fylgjast með beitingu þessarar reglugerðar og áhrifum hennar á heilbrigði, neytendavernd, upplýsingamiðlun til neytenda og starfsemi innri markaðarins og, ef nauðsyn krefur, leggja fram tillögur hið fyrsta.

15. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 90 dögum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. janúar 1997.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. ZALM

forseti.

YFIRLÝSING FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR - VIÐ 2. GR.

Framkvæmdastjórnin staðfestir að ef þess verður vart í ljósi fenginnar reynslu að ágallar séu á kerfinu til verndar lýðheilsu sem kveðið er á um í núverandi lagaramma, einkum að því er varðar hjálparefni við vinnslu, mun hún gera viðeigandi tillögur til að bæta úr þessum göllum.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 110/2011 **2015/EES/46/22**

frá 8. febrúar 2011

um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS) að því er varðar viðeigandi snið fyrir sendingu gagna, niðurstöður, sem senda á, og viðmiðanir fyrir mælingu á gæðum viðhengja um hreinar félagslegar bætur í evrópsku kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 458/2007 frá 25. apríl 2007 um evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um almannatryggingar (ESSPROS) ([1]), einkum 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 458/2007 var komið á samræmdri aðferðafræði sem nota á við samantekt hagtalna á sambærilegum grunni til hagræðis fyrir Evrópusambandið og tímamörk fyrir sendingu og miðlun hagtalna sem teknar voru saman í samræmi við evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (hér á eftir nefnt „ESSPROS-kerfið“).

2) Breyta ætti, skv. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 458/2007, framkvæmdarráðstöfunum sem varða snið gagnaskila, niðurstöðum sem senda skal og viðmiðunum til að mæla gæði viðhengis um hreinar félagslegar bætur.

3) Viðhengið um hreinar félagslegar bætur ætti að fást með því að nota „takmarkaða nálgun“ til að hafa sama þýði aðstoðarþega í vergum félagslegum bótum sem fengnar eru í grunnkerfi hins evrópska kerfis samþættra hagskýrslna um félagslega vernd (ESSPROS).

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Sniðin fyrir sendingu gagna og niðurstöðurnar sem afhentar verða fyrir viðhengið um hreinar félagslegar bætur skulu vera eins og mælt er fyrir um í I. viðauka.

2. Viðmiðanirnar fyrir mælingu á gæðum gagna sem varða viðhengið um hreinar félagslegar bætur skulu vera eins og mælt er fyrir um í II. viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 9.2.2011, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, s. 76.

([1]) Stjtíð. ESB L 113, 30.4.2007, bls. 3.

I. VIÐAUKI

Snið fyrir sendingu gagna sem varða viðhengið um hreinar félagslegar bætur og niðurstöður sem sendar verða

1. GÖGN SEM SEND VERÐA

Senda skal gögn um hreinar félagslegar bætur (takmörkuð nálgun) í samræmi við sniðið sem framkvæmdastjórnin kveður á um.

Eftirfarandi eru breyturnar sem sendar verða:

1.1. Meðaltal sundurliðaðra skatthlutfalla (AITR) og meðaltal sundurliðaðra hlutfalla framlaga til félagslegra kerfa (AISCR), sundurliðuð samtímis með:

– ítarlegri flokkun á félagslegum bótum sem eru aðeins greiddar í peningum, eins og tilgreint er í I. viðauka við ESSPROS-handbókina,

– kerfunum sem skráð eru í töfluna „skrá yfir kerfi“ sem kveðið er á um í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1322/2007 ([1]).

1.2. Eftirstandandi skattalegar bætur (sem einungis verða veittar ef ekki er gerð grein fyrir þeim á beinan hátt í meðaltali sundurliðaðra skatthlutfalla og/eða meðaltali sundurliðaðra hlutfalla framlaga til félagslegra kerfa).

Eftirstandandi skattalegum bótum ætti að skipta niður í málaflokka með hliðsjón af skránni yfir áhættu og þarfir sem skilgreind er í b-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 4598/2007, á fyrsta stigi flokkunar.

Láta skal gögn um eftirstandandi skattalegar bætur í té í gjaldmiðli hvers ríkis.

1.3. Gögn um hreinar félagslegar bætur (takmörkuð nálgun), sundurliðuð samtímis með:

– ítarlegri flokkun á félagslegum bótum, eins og tilgreint er í I. viðauka við ESSPROS-handbókina,

– kerfunum sem skráð eru í töfluna „skrá yfir kerfi“ sem kveðið er á um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1322/2007, (einnig ætti að tilkynna um gögn á „stigi yfir öll kerfi“ sem eru jöfn summunni af öllum kerfunum).

Hreinar félagslegar bætur ættu að fást með því að tengja vergar félagslegar bætur, sem kveðið er á um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1322/2007, við breyturnar sem skráðar eru í liðum 1.1. og 1.2.

2. UPPSLÁTTARHANDBÓK

Mælt er fyrir um hinar ítarlegu flokkanir og skilgreiningar, sem nota skal við beitingu þessarar reglugerðar, í ESSPROS-handbókinni sem framkvæmdastjórnin gerði í samvinnu við aðildarríkin.

———

([1]) Stjtíð. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 5.

II. VIÐAUKI

A. VIÐMIÐANIR TIL AÐ META GÆÐI GAGNA SEM VARÐA VIÐHENGIÐ UM HREINAR FÉLAGSLEGAR BÆTUR

Árlegt gæðamat hreinna félagslegra bóta, í samræmi við 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 ([1]), gildir um eftirfarandi gæðaviðmiðanir: mikilvægi, áreiðanleika, tímanleika og stundvísi, aðgengi og skýrleika, samanburðarhæfi og samræmi.

B. UPPLÝSINGAR TIL SENDINGAR

Aðildarríki skulu láta í té upplýsingar varðandi:

1. **Tengilið**

1.1. Upplýsingar um þann sem tekur saman gögn.

2. **Nákvæmni**

2.1. Umfjöllun um gagnalindir: tegundir heimilda sem notaðar eru (skrár eða aðrar stjórnsýsluheimildir, kannanir, matsgerðir), upplýsingar um kerfi/hlutverk sem falla undir mismunandi tegundir heimilda, skýrslur um vandamál hvað varðar umfjöllun um gagnalindir sem leiða til mats á gögnum.

2.2. Aðferðafræði og forsendur sem notaðar eru við matsgerðir og þegar ófullnægjandi umfjöllun fer fram um gagnalindir:

– stjórnsýslugögn,

– könnun,

– reiknilíkön,

– annað (tilgreinið).

2.3. Endurskoðun hagtalna:

– breytingar á gagnalindum sem notaðar eru,

– breytingar á aðferðum og forsendum sem notaðar eru við mat á gögnum,

– endurskoðun gagna vegna viðurkenndra leiðréttinga (t.d. breytinga á þjóðhagsreikningum),

– endurskoðun gagna vegna tiltækileika lokahagskýrslna,

– endurskoðun gagna vegna gæðaeftirlits,

– lýsing á stefnu fyrir endurskoðun samþykktra gagna.

3. **Sambærileiki**

3.1. Landfræðilegur sambærileiki:

– frávik frá öllum þáttum endanlegra gagna,

– frávik frá ESSPROS-aðferðafræðinni,

– upplýsingar um ástæður fráviks og aðferðir sem notaðar eru,

– mat á áhrifum þessara frávika um sambærileika.

3.2. Sambærileiki mismunandi tímabila:

– lýsing á samsvörun milli þess hvernig unnið er með söguleg gögn og núverandi gögn,

– lýsing á samsvörun milli sögulegra gagna og núverandi gagna.

([1]) Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

4. **Aðgengileiki og skýrleiki**

4.1. Lýsing á stefnu fyrir dreifingu gagna sem ríki samþykkir.

4.2. Lýsing á lýsigögnum/aðferðafræði sem notendur fá í hendur.

5. **Mikilvægi**

5.1. Lýsing á því hvernig tölfræðilegar upplýsingar mæta þörfum núverandi og væntanlegra notenda.

C. TÍMAÁÆTLUN FYRIR GERÐ GÆÐASKÝRSLNANNA

Gæðaskýrslurnar um viðhengið um hreinar félagslegar bætur eru árlegar.

Senda skal framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) skýrsluna fyrir árið N eigi síðar en 31. janúar á ári N + 3.

D. TÆKNILEGT SNIÐ FYRIR SENDINGU GÆÐASKÝRSLNANNA

Upplýsingar varðandi gæði gagnanna sem senda skal samkvæmt sniðinu sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) lætur í té.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1893/2006

2015/EES/46/23

frá 20. desember 2006

um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 ([3]) var atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins komið á fót (hér á eftir nefnd „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE), 1. endurskoðun“ eða „.atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE), endurskoðun 1.1“).

2) Til þess að endurspegla tækniþróun og skipulagsbreytingar í hagkerfinu, skal koma á uppfærðri flokkun sem nefnist atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endurskoðun (hér á eftir nefnd „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.“).

3) Uppfærð flokkun, s.s. atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., er mikilvæg fyrir yfirstandandi aðgerðir framkvæmdastjórnarinnar við að nútímavæða hagskýrslugerð Bandalagsins og búist er við að hún efli stjórnunarhætti í efnahagsmálum, bæði innan Bandalagsins og hvers aðildarríkis með sambærilegum og viðeigandi gögnum.

4) Til þess að innri markaðurinn starfi rétt, krefst hann hagskýrslustaðla sem gilda um söfnun, afhendingu og útgáfu innlendra hagskýrslna og hagskýrslna Bandalagsins þannig að fyrirtæki, fjármálastofnanir og ríkisstjórnir og allir aðrir aðilar á innri markaðnum hafi aðgang að áreiðanlegum og samanburðarhæfum hagskýrslugögnum. Í þessu skyni er mikilvægt að mismunandi flokkar við flokkun á starfsemi í Bandalaginu séu túlkaðir eins í öllum aðildarríkjunum.

5) Áreiðanlegar og samanburðarhæfar hagskýrslur eru nauðsynlegar til að auðvelda fyrirtækjum að meta samkeppnishæfi sitt og eru gagnlegar fyrir stofnanir Bandalagsins til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni.

6) Með upptöku sameiginlegrar atvinnugreinaflokkunar eru aðildarríkin ekki skuldbundin til þess að safna, gefa út eða afhenda gögn. Einungis er unnt að veita samþættar upplýsingar af þeim áreiðanleika, hraða, sveigjanleika og nákvæmni, sem er nauðsynlegt fyrir stjórn innri markaðarins, ef aðildarríkin nota atvinnugreinaflokkun sem er í beinum tengslum við flokkun Bandalagsins.

7) Setja skal ákvæði svo að aðildarríkin geti samþætt viðbótarflokka sem byggjast á atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna við eigin flokkun og uppfyllt þannig innlendar kröfur.

8) Til þess að meta alþjóðlegan sambærileika efnahagslegra hagskýrslna verða aðildarríkin og stofnanir Bandalagsins að nota flokkanir á atvinnustarfsemi sem eru í beinum tengslum við atvinnugreinaflokkun Hagstofu Sameinuðu þjóðanna (ISIC), 4. endursk., sem var samþykkt af hagtölunefnd Sameinuðu þjóðanna.

9) Notkun á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins krefst þess að framkvæmdastjórnin njóti aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ([4]), einkum að því er varðar: könnun á vanda sem kemur upp við framkvæmd atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endursk., er tryggir algerlega samræmdar breytingar frá atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 1. endursk., yfir í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., og undirbúning fyrirhugaðra breytinga á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2007 frá 8. júní 2007 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 11.10.2007, s. 18.

([1]) Stjtíð. ESB C 79, 1.4.2006, bls. 31.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 12. október 2006 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 19. desember 2006.

([3]) Stjtíð. EB L 293, 24.10.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([4]) Stjtíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

10) Með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93 ([5]) var settur sameiginlegur rammi fyrir fyrirtækjaskrár með samræmi í skilgreiningum, könnunaratriðum, gildissviði og aðferðum við uppfærslu.

11) Með upptöku, endurskoðaðrar atvinnugreinaflokkunar er nauðsynlegt að breyta sérstaklega ýmsum tilvísunum í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 1. endursk., ásamt því að breyta fjölda viðkomandi gerninga. Því er nauðsynlegt að breyta eftirfarandi gerningum: reglugerð (EBE) nr. 3037/90, reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 frá 19. desember 1991 um að hefja könnun á iðnaðarframleiðslu í Bandalaginu ([6]), reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 frá 20. desember 1996 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ([7]), reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 frá 19. maí 1998 varðandi hagskýrslur til skamms tíma ([8]), reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/98 frá 25. maí 1998 um hagskýrslur um vöruflutninga á vegum ([9]), reglugerð ráðsins (EB) nr. 530/1999 frá 9. mars 1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar ([10]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 frá 25. nóvember 2002 um hagskýrslur um úrgang ([11]) , reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 450/2003 frá 27. febrúar 2003 um vísitölu launakostnaðar ([12]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 48/2004 frá 5. desember 2003 um árlega hagskýrslugerð Bandalagsins um stáliðnaðinn fyrir viðmiðunarárin 2003–2009 ([13]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 frá 21. apríl 2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið ([14]), og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1552/2005 frá 7. september 2005 um hagskýrslur um starfsmenntun í fyrirtækjum ([15]).

12) Breyta þarf nokkrum Bandalagsgerningum í samræmi við sérstaka málsmeðferð sem á við um þá áður en skipt er yfir í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., nánar tiltekið: reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Bandalaginu ([16]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 frá 5. desember 2003 um hagreikninga landbúnaðarins í Bandalaginu ([17]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 frá 12. janúar 2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu ([18]).

13) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([19]).

14) Einkum skal framkvæmdastjórninni veitt vald til að breyta eða bæta við atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., til að taka tillit til tækniframfara eða hagþróunar eða til samræmingar við aðra efnahagslega og félagslega flokkun. Þar eð þessar ráðstafanir eru almennar ráðstafanir og miða að því að breyta atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari reglugerð eða að því að bæta við þessa reglugerð viðbótaratriðum, sem ekki teljast grundvallaratriði, skulu þær samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með athugun sem mælt er fyrir um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

15) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð til fulls markmiðum reglugerðar þessarar, þ.e. að koma á sameiginlegum hagskýrslustöðlum, sem gera kleift að afla samhæfðra gagna, hvert í sínu lagi og markmiðin nást þar af leiðandi betur á vettvangi Bandalagsins, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, sbr. 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki framar en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð.

16) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með reglugerð þessari er komið á fót sameiginlegri atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, hér á eftir nefnd „atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.“. Þessi flokkun tryggir að flokkun Bandalagsins sé í samræmi

([5]) Stjtíð. EB L 196, 5.8.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.
([6]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.
([7]) Stjtíð. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.
([8]) Stjtíð. EB L 162, 5.6.1998, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1503/2006 (Stjtíð. ESB L 281, 12.10.2006, bls. 15).
([9]) Stjtíð. EB L 163, 6.6.1998, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003..
([10]) Stjtíð. EB L 63, 12.3.1999, bls. 6. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.
([11]) Stjtíð. EB L 332, 9.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 783/2005 (Stjtíð. ESB L 131, 25.5.2005, bls. 38).
([12]) Stjtíð. ESB L 69, 13.3.2003, bls. 1.
([13]) Stjtíð. ESB L 7, 13.1.2004, bls. 1.
([14]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 49.
([15]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 1.
([16]) Stjtíð. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1267/2003 (Stjtíð. ESB L 180, 18.7.2003, bls. 1).
([17]) Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2004, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 909/2006 (Stjtíð. ESB L 168, 21.6.2006, bls. 14).
([18]) Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 23. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 602/2006 (Stjtíð. ESB L 106, 19.4.2006, bls. 10).
([19]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

við hagrænan veruleika og auki samanburðarhæfi innlendra flokkana, flokkana Bandalagsins og alþjóðlegra flokkana og þar af leiðandi hagskýrslna aðildarríkjanna, hagskýrslna Bandalagsins og alþjóðlegra hagskýrslna.

2. Reglugerð þessi skal einungis gilda um notkun flokkunar vegna hagskýrslugerðar.

2. gr.

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.

1. Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., skal fela í sér:

a) fyrsta þrep, auðkennt með bókstafskóða (bálkar),

b) annað þrep, auðkennt með tveimur tölustöfum (deildir),

c) þriðja þrep, auðkennt með þremur tölustöfum (flokkar) og

d) fjórða þrep, auðkennt með fjórum tölustöfum (undirgreinar).

2. Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., er sett fram í I. viðauka.

3. gr.

Notkun á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.

Framkvæmdastjórninni ber að nota atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., fyrir allar hagskýrslur sem flokkaðar eru samkvæmt atvinnustarfsemi.

4. gr.

Innlendar flokkanir á atvinnustarfsemi

1. Hagskýrslur aðildarríkja, sem miðast við atvinnustarfsemi, skulu unnar á grundvelli atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endursk., eða innlendrar flokkunar sem byggist á henni.

2. Í innlendu flokkuninni er heimilt að bæta við liðum og þrepum og nota aðra kóða. Hvert þrep, að undanskildu því hæsta, skal annaðhvort vera sami liður og vera í samsvarandi þrepi og í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., eða í liðum sem eru nákvæm sundurliðun þess.

3. Aðildarríkin skulu framsenda drögin með skilgreiningum eða breytingum á innlendum flokkunum þeirra til framkvæmdastjórnarinnar til samþykkis fyrir birtingu þeirra. Framkvæmdastjórnin skal kanna samræmi þessara draga við 2. mgr. innan tveggja mánaða. Framkvæmdastjórnin skal senda samþykkta, innlenda flokkun til aðildarríkjanna til fróðleiks. Í innlendum flokkunum aðildarríkjanna skal vera samsvörunartafla innlendu flokkunarinnar og atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endursk.

4. Þegar ósamræmi er milli tiltekinna liða í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., og skipulags efnahagslífs aðildarríkis, getur framkvæmdastjórnin veitt því leyfi til þess að sameina liði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endursk., í sérstökum geira.

Til þess að afla slíks leyfis verður viðkomandi aðildarríki að láta framkvæmdastjórninni í té allar nauðsynlegar upplýsingar til að fjalla um beiðnina. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun innan þriggja mánaða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal slíkt leyfi þó ekki veita viðkomandi aðildarríki rétt til að skipta sameinuðu liðunum á annan hátt en gert er í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.

5. Framkvæmdastjórnin skal í samvinnu við hlutaðeigandi aðildarríki, endurskoða reglulega leyfi sem veitt eru samkvæmt 4. mgr. til að sannreyna hvort þau eru réttmæt.

5. gr.

Starfsemi framkvæmdastjórnarinnar

Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, tryggja miðlun, viðhald og kynningu á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., einkum með því að:

a) móta, uppfæra og birta skýringar fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.,

b) semja og birta leiðbeiningar fyrir flokkun hagskýrslueininga í samræmi við atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.,

c) birta samanburðartöflur milli atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, endursk. 1.1 og 2. endursk., og atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endursk. og endursk. 1.1, og

d) vinna að því að bæta samræmi við aðra félagslega- og efnahagslega flokkun.

6. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Samþykkja skal eftirfarandi ráðstafanir til framkvæmdar atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr.:

a) ákvarðanir sem krafist er ef vandi kemur upp við framkvæmd atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endursk., þ.m.t. skipting atvinnustarfsemi í tilteknar undirgreinar, og

b) tæknilegar ráðstafanir sem tryggja alsamræmd umskipti frá atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, endursk. 1.1, til atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endursk., einkum að því er varðar atriði í tengslum við

brot í tímaröðum, þ.m.t. tvöfaldar skýrslugjafir og bakspá um tímaraðir.

2. Þær ráðstafanir er tengjast atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., sem gerðar eru í því skyni að breyta þáttum í þessari reglugerð sem ekki eru grundvallaratriði, þ.m.t. viðbætur við hana, skulu samþykktar í samræmi við stjórnsýslumeðferð með athugun, sem um getur í 3. mgr. 7. gr., í eftirfarandi tilgangi:

a) að taka mið af tækni- og hagþróun eða

b) að samræma hana við aðra efnahagslega- og félagslega flokkun.

3. Taka skal tilliti til þeirrar meginreglu að ávinningur af uppfærslu atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endursk., vegi þyngra en kostnaðurinn við hana og þeirrar meginreglu að viðbótarkostnaður og fyrirhöfn verði áfram innan hæfilegra marka.

7. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndar sem komið var á fót með ákvörðun 89/382/EBE, KBE.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir málsmeðferðin sem mælt er fyrir um í 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir málsmeðferðin sem mælt er fyrir um í 1. til 4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

8. gr.

Framkvæmd atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endursk.

1. Hagskýrslueiningar, sem um getur í fyrirtækjaskrám, sem komið var á samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2186/93, skal flokka samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.

2. Aðildarríkin skulu gera hagskýrslur um atvinnustarfsemi sem á sér stað frá 1. janúar 2008 og áfram með því að nota atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., eða með innlendri flokkun sem byggir á henni skv. 4. gr.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. skulu skammtímahagskýrslur, sem byggjast á reglugerð (EB) nr. 1165/98, og vísitala launakostnaðar, sem byggist á reglugerð (EB) nr. 450/2003, gerðar með því að nota atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., frá 1. janúar 2009.

4. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um gerð eftirfarandi hagskýrslna:

a) þjóðhagsreikninga samkvæmt reglugerð (EB) 2223/96,

EPSC	*Szczecin – Goleniów*	*1*
EPWA	**Warszawa – Okęcie**	**3**
EPWR	Wrocław – Strachowice	2
EPLL	*Lódź – Lublinek*	*1*

Portúgal: Skrá yfir flugvelli í Bandalaginu

ICAO-kóði flugvallar	Heiti flugvallar	Flokkun flugvallar 2007
LPFL	*Flores*	*1*
LPFR	**Faro**	**3**
LPFU	**Madeira/Madeira**	**3**
LPHR	Horta	2
LPLA	Lajes	2
LPPD	Ponta Delgada	2
LPPO	*Santa Maria*	*1*
LPPR	**Porto**	**3**
LPPS	Porto Santo	2
LPPT	**Lisboa**	**3**

Rúmenía: Skrá yfir flugvelli í Bandalaginu

ICAO-kóði flugvallar	Heiti flugvallar	Flokkun flugvallar 2007
LRBC	*Bacău*	*1*
LRBS	București/Băneasa	2
LRCK	*Constanța/M. Kogălniceanu*	*1*
LRCL	Cluj-Napoca/Someșeni	2
LRIA	*Iași*	*1*
LROD	*Oradea*	*1*
LROP	**București/Otopeni**	**3**
LRSB	*Sibiu/Turnișor*	*1*
LRTR	Timișoara/Giarmata	2

Slóvenía: Skrá yfir flugvelli í Bandalaginu

ICAO-kóði flugvallar	Heiti flugvallar	Flokkun flugvallar 2007
LJLJ	Ljubljana	2

Slóvakía: Skrá yfir flugvelli í Bandalaginu

ICAO-kóði flugvallar	Heiti flugvallar	Flokkun flugvallar 2007
LZIB	Bratislava	2
LZKZ	Košice	2
LZSL	*Sliač*	*1*
LZTT	*Poprad-Tatry*	*1*

Finnland: Skrá yfir flugvelli í Bandalaginu

ICAO-kóði flugvallar	Heiti flugvallar	Flokkun flugvallar 2007
EFHK	**Helsinki-Vantaa**	**3**
EFIV	Ivalo	2
EFJO	Joensuu	2
EFJY	Jyväskylä	2
EFKE	*Kemi-Tornio*	*1*
EFKI	*Kajaani*	*1*
EFKK	*Kruunupyy*	*1*
EFKS	*Kuusamo*	*1*
EFKT	Kittilä	2
EFKU	Kuopio	2
EFLP	*Lappeenranta*	*1*
EFMA	*Mariehamn*	*1*
EFOU	Oulu	2
EFPO	*Pori*	*1*
EFRO	Rovaniemi	2
EFSA	*Savonlinna*	*1*
EFSI	*Seinäjoki*	*1*
EFTP	Tampere-Pirkkala	2
EFTU	Turku	2
EFVA	Vaasa	2
EFVR	*Varkaus*	*1*

Svíþjóð: Skrá yfir flugvelli í Bandalaginu

ICAO-kóði flugvallar	Heiti flugvallar	Flokkun flugvallar 2007
ESDF	Ronneby	2
ESGG	**Göteborg-Landvetter**	**3**
ESGJ	*Jönköping*	*1*
ESGP	Göteborg City	2
ESGT	*Trollhättan/Vänersborg*	*1*
ESKN	**Stockholm/Skavsta**	**3**
ESMK	*Kristianstad/Everöd*	*1*
ESMQ	Kalmar	2
ESMS	**Malmö-Sturup**	**3**

ICAO-kóði flugvallar	Heiti flugvallar	Flokkun flugvallar 2007
ESMT	*Halmstad*	*1*
ESMX	Växjö/Kronoberg	2
ESNG	*Gällivare*	*1*
ESNK	*Kramfors*	*1*
ESNL	*Lycksele*	*1*
ESNN	Sundsvall-Härnösand	2
ESNO	*Örnsköldsvik*	*1*
ESNQ	Kiruna	2
ESNS	Skellefteå	2
ESNU	Umeå	2
ESNX	*Arvidsjaur*	*1*
ESOE	*Örebro*	*1*
ESOK	Karlstad	2
ESOW	Stockholm/Västerås	2
ESPA	Luleå	2
ESPC	Östersund	2
ESSA	**Stockholm-Arlanda**	**3**
ESSB	Stockholm-Bromma	2
ESSD	*Borlänge*	*1*
ESSL	*Linköping/Saab*	*1*
ESSP	*Norrköping*	*1*
ESSV	Visby	2
ESTA	Ängelholm	2

Bretland: Skrá yfir flugvelli í Bandalaginu

ICAO-kóði flugvallar	Heiti flugvallar	Flokkun flugvallar 2007
EGAA	**Belfast International**	**3**
EGAC	**Belfast City**	**3**
EGAE	City of Derry (Eglinton)	2
EGBB	**Birmingham**	**3**
EGBE	Coventry	2
EGCC	**Manchester**	**3**
EGCN	Doncaster Sheffield	2
EGDG	Newquay	2
EGFF	**Cardiff Wales**	**3**
EGGD	**Bristol**	**3**
EGGP	**Liverpool**	**3**
EGGW	**Luton**	**3**
EGHC	*Lands End*	*1*
EGHD	*Plymouth*	*1*
EGHE	*Isles of Scilly (St.Marys)*	*1*
EGHH	Bournemouth	2
EGHI	**Southampton**	**3**
EGHK	*Penzance Heliport*	*1*
EGHT	*Isles of Scilly (Tresco)*	*1*
EGKK	**Gatwick**	**3**

ICAO-kóði flugvallar	Heiti flugvallar	Flokkun flugvallar 2007
EGLC	**London City**	**3**
EGLL	**Heathrow**	**3**
EGMH	Kent International	2
EGNH	Blackpool	2
EGNJ	Humberside	2
EGNM	**Leeds Bradford**	**3**
EGNR	*Hawarden*	*1*
EGNT	**Newcastle**	**3**
EGNV	Durham Tees Valley	2
EGNX	**Nottingham East Midlands**	**3**
EGPA	*Kirkwall*	*1*
EGPB	*Sumburgh*	*1*
EGPC	*Wick*	*1*
EGPD	**Aberdeen**	**3**
EGPE	Inverness	2
EGPF	**Glasgow**	**3**
EGPH	**Edinburgh**	**3**
EGPI	*Islay*	*1*
EGPK	**Prestwick**	**3**
EGPL	*Benbecula*	*1*
EGPM	Scatsta	2
EGPN	*Dundee*	*1*
EGPO	*Stornoway*	*1*
EGSH	Norwich	2
EGSS	**Stansted**	**3**
EGTE	Exeter	2

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1365/2006 2015/EES/46/25

frá 6. september 2006

um hagskýrslur um vöruflutninga á skipgengum vatnaleiðum og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 80/1119/EBE (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Skipgengar vatnaleiðir eru mikilvægur hluti af flutninganeti Bandalagsins og efling flutninga um skipgengar vatnaleiðir er eitt af markmiðum sameiginlegrar stefnu í flutningamálum, bæði til efla efnahagslega skilvirkni og til að draga úr orkunotkun og umhverfisáhrifum af flutningum, eins og lýst er í hvítbók framkvæmdastjórnarinnar: „Stefna Evrópu í flutningamálum fram til 2010: tími ákvarðanatöku“.

2) Framkvæmdastjórnin hefur þörf fyrir hagskýrslur um vöruflutninga á skipgengum vatnaleiðum til að geta vaktað og þróað sameiginlegu stefnuna í flutningamálum, sem og flutningstengda þætti í stefnunum um landsvæðin og samevrópsk netkerfi.

3) Hagskýrslum um skipgengar vatnaleiðir hefur verið safnað samkvæmt tilskipun ráðsins 80/1119/EBE frá 17. nóvember 1980 um hagskýrslur um vöruflutninga á skipgengum vatnaleiðum ([2]) sem uppfyllir ekki lengur kröfur sem nú eru gerðar á þessu sviði. Því er viðeigandi að leysa þá tilskipun af hólmi með nýjum gerningi sem víkkar út gildissvið hennar og bætir skilvirkni hennar.

4) Af þessum sökum ber að fella tilskipun 80/1119/EBE úr gildi.

5) Safna ætti hagskýrslum Bandalagsins um allar gerðir flutninga samkvæmt almennum hugmyndum og stöðlum í því skyni að ná fram sem mestum mögulegum sambærileika milli flutningsmáta.

6) Þar eð flutningastarfsemi á skipgengum vatnaleiðum fer ekki fram í öllum aðildarríkjum eru áhrifin af þessari reglugerð takmörkuð við þau aðildarríki þar sem þessi flutningsmáti er við lýði.

7) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð til fulls markmiðum reglugerðar þessarar, þ.e. að koma á sameiginlegum hagskýrslustöðlum, sem gera kleift að afla samhæfðra gagna, hvert í sínu lagi og markmiðin nást þar af leiðandi betur á vettvangi Bandalagsins, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, sbr. 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

8) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ([3]) er kveðið á um viðmiðunarramma fyrir ákvæði þessarar reglugerðar.

9) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([4]).

10) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ([5]), í samræmi við 3. gr. þeirrar ákvörðunar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2007 frá 27. apríl 2007 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 38, 9.8.2007, s. 43.

([1]) Álit Evrópuþingsins frá 17. janúar 2006 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 24. júlí 2006.

([2]) Stjtíð. EB L 339, 15.12.1980, bls. 30. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

([3]) Stjtíð. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1. Reglugerðin, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([4]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðun, eins og henni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtíð. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

([5]) Stjtíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð eru settar sameiginlegar reglur um hagskýrslugerð Bandalagsins að því er varðar skipgengar vatnaleiðir.

2. gr.

Gildissvið

1. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) gögn sem varða flutninga á skipgengum vatnaleiðum á yfirráðasvæði þeirra.

2. Aðildarríki, þar sem heildarmagn vöru, sem flutt er árlega á skipgengum vatnaleiðum í innanlandsflutningum, alþjóðlegum flutningum eða gegnumflutningi, fer yfir 1 000 000 tonn, skulu útvega gögnin sem um getur í 1. mgr. 4. gr.

3. Með fyrirvara um 2. mgr., skulu aðildarríki þar sem ekki er neinn alþjóðlegur flutningur eða gegnumflutningur á skipgengum vatnaleiðum, en árlegt heildarmagn vöru á skipgengum vatnaleiðum, sem flutt er innanlands, fer yfir 1 000 000 tonn, aðeins útvega gögnin sem krafist er skv. 2. mgr. 4. gr.

4. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) vöruflutninga með skipum með burðargetu undir 50 tonnum,

b) skip sem aðallega eru notuð fyrir farþegaflutninga,

c) ferjur,

d) skip sem ekki eru notuð í viðskiptalegum tilgangi af hafnarstjórnum og opinberum yfirvöldum,

e) skip sem eingöngu eru notuð undir eldsneyti eða sem geymsla,

f) skip sem ekki eru notuð til vöruflutninga, s.s fiskiskip, dýpkunarprammar, fljótandi verkstæði, húsbátar og skemmtibátar.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „skipgengar vatnaleiðir“: vatnasvið sem ekki er hluti af hafinu, sem skip með flutningsgetu ekki undir 50 tonnum geta siglt yfir þegar þau eru eðlilega hlaðin. Þetta hugtak nær yfir bæði skipgengar ár og vötn og skipgengna skurði,

b) „skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum“: fljótandi far sem hannað er til vöruflutninga eða almennra farþegaflutninga á skipgengum vatnaleiðum.

c) „ríkisfang skips“: vísun í landið þar sem skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum er skráð.

4. gr.

Gagnasöfnun

1. Gögnum skal safnað í samræmi við töflurnar í viðaukum A til D.

2. Í því tilviki sem um getur í 3. mgr. 2. gr., skal safna gögnum í samræmi við töfluna í viðauka E.

3. Að því er varðar þessa reglugerð skulu vörur flokkaðar í samræmi við viðauka F.

5. gr.

Sending gagna

1. Fyrsta athugunartímabilið skal hefjast 1. janúar 2007. Sending gagna skal eiga sér stað eins fljótt og unnt er og eigi síðar en fimm mánuðum eftir að viðkomandi athugunartímabili lýkur.

2. Fyrstu þrjú árin sem þessari reglugerð er beitt má, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr., framlengja þann frest sem veittur er til að senda gögnin skv. 1. mgr. Hámarksfresturinn sem veittur er fyrir sendingu, þ.m.t. sérhver framlenging sem er gefin, skal ekki vera lengri en átta mánuðir.

Í viðauka G eru settir fram framlengingarfrestir fyrir sendingu.

6. gr.

Miðlun

Hagskýrslum Bandalagsins, sem byggjast á gögnunum sem um getur í 4. gr., skal miðlað álíka oft og mælt er fyrir um að aðildarríkin sendi inn gögn.

7. gr.

Gæði gagna

1. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal þróa og birta aðferðafræðilegar kröfur og viðmiðanir sem hannaðar eru til að tryggja gæði þeirra gagna sem tekin eru saman, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr.,

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja gæði gagnanna sem send eru.

3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal meta gæði gagnanna sem send eru. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) í té skýrslu sem inniheldur þær upplýsingar og gögn sem hún óskar eftir til að geta sannreynt gæði gagnanna sem send eru.

8. gr.

Skýrsla um framkvæmd

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 15. október 2009 og eftir samráð við hagskýrsluáætlunarnefndina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessarar reglugerðar. Í þeirri skýrslu skal einkum:

a) lagt mat á þann ávinning sem Bandalagið, aðildarríkin og veitendur og notendur tölfræðilegra upplýsinga hafa af hagskýrslunum sem gerðar eru, miðað við kostnað þeirra,

b) lagt mat á gæði þeirra hagskýrslna sem eru gerðar,

c) tilgreina svið þar sem mögulegt er að gera umbætur og allar breytingar sem teljast nauðsynlegar í ljósi fenginna niðurstaðna.

9. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Mæla skal fyrir um ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð, þ.m.t. ráðstafanir sem hafa hliðsjón af efnahagslegum og tæknilegum horfum, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr. Slíkar ráðstafanir skulu varða:

a) aðlögun viðmiðunarmarksins fyrir hagskýrslugerð um flutninga á skipgengum vatnaleiðum (2. gr.),

b) aðlögun á skilgreiningunum og viðbótarskilgreiningunum (3. gr.),

c) aðlögun á umfangi gagnasöfnunarinnar og innihaldi viðaukanna (4. gr.),

d) tilhögun á sendingu gagna til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) þ.m.t. stöðlum um gagnaskipti (5. gr.),

e) tilhögun á miðlun niðurstaðna frá framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) (6. gr.),

f) þróun og birtingu aðferðafræðilegra krafna og viðmiða (7. gr.).

10. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndar sem komið var á fót með 1. gr. ákvörðunar 89/382/EBE, KBE.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

11. gr.

Umbreytingarákvæði og niðurfelling

1. Aðildarríki skulu láta í té niðurstöður hagskýrslna fyrir árið 2006 í samræmi við tilskipun 80/1119/EBE.

2. Tilskipun 80/1119/EBE er hér með felld úr gildi frá og með 1. janúar 2007.

12. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 6. september 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

P. LEHTOMÄKI

forseti.

VIÐAUKI A

Tafla A1 Vöruflutningar eftir tegund vara (ársgögn)

Þættir	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi	Eining
Tafla	Tveir stafir	A1	
Skýrslugjafarland	Tveggja bókstafa	ISO-landskóði	
Ár	4 tölustafir	áááá	
Land þar sem fermt er/svæði þar sem fermt er	Tveir bókstafir eða fjórir stafir	ISO-landskóði eða flokkun hagskýrslusvæða II (NUTS II)	
Land þar sem affermt er/svæði þar sem affermt er	Tveir bókstafir eða fjórir stafir	ISO-landskóði eða flokkun hagskýrslusvæða II (NUTS II)	
Tegund flutninga	1 tölustafur	1 = landsbundinn 2 = alþjóðlegur (að undanþegnum gegnumflutningi) 3 = gegnumflutningur	
Tegund vöru	2 tölustafir	Vöruflokkunarkerfi Evrópusambandsins fyrir flutningahagskýrslur 2000 (NST 2000)	
Tegund umbúða	1 tölustafur	1 = vörur í gámum 2 = vörur ekki í gámum	
Flutt tonn			Tonn
Tonnkílómetrar			Tonnkílómetrar

VIÐAUKI B

Tafla B1 Flutningur eftir ríkisfangi skips og tegund skips (ársgögn)

Þættir	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi	Eining
Tafla	Tveir stafir	B1	
Skýrslugjafarland	Tveir bókstafir	ISO-landskóði	
Ár	Fjórir tölustafir	áááá	
Land þar sem fermt er/svæði þar sem fermt er	Tveir bókstafir eða fjórir stafir	ISO-landskóði eða flokkun hagskýrslusvæða II (NUTS II)	
Land þar sem affermt er/svæði þar sem affermt er	Tveir bókstafir eða fjórir stafir	ISO-landskóði eða flokkun hagskýrslusvæða II (NUTS II)	
Tegund flutninga	1 tölustafur	1 = landsbundinn 2 = alþjóðlegur (að undanskildum gegnumflutningi) 3 = gegnumflutningur	
Tegund skips	1 tölustafur	1 = vélknúinn prammi 2 = prammi sem ekki er vélknúinn 3 = vélknúinn tankprammi 4 = tankprammi sem ekki er vélknúinn 5 = önnur vöruflutningaskip	
Ríkisfang skips	Tveir bókstafir	ISO-landskóði	
Flutt tonn			Tonn
Tonnkílómetrar			Tonnkílómetrar

Tafla B2 Umferð á sjó (ársgögn)

Þættir	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi	Eining
Tafla	Tveir stafir	B2	
Skýrslugjafarland	Tveir bókstafir	ISO-landskóði	
Ár	4 tölustafir	áááá	
Fjöldi hlaðinna skipa			Skip
Fjöldi tómra skipa			Skip
Skip-km (hlaðin skip)			Skip-km
Skip-km (tóm skip)			Skip-km

Athugasemd: Afhending gagnanna sem nefnd eru í þessari töflu B2 er valfrjáls.

VIÐAUKI C

Tafla C1 Gámaflutningar eftir tegund vara (ársgögn)

Þættir	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi	Einíng
Tafla	Tveir stafir	C1	
Skýrslugjafarland	Tveir bókstafir	ISO-landskóði	
Ár	4 tölustafir	áááá	
Land þar sem fermt er/svæði þar sem fermt er	Tveir bókstafir eða stafir	ISO-landskóði eða flokkun hagskýrslusvæða (NUTS II)	
Land þar sem affermt er/svæði þar sem affermt er	Tveir bókstafir eða fjórir stafir	ISO-landskóði eða flokkun hagskýrslusvæða (NUTS II)	
Tegund flutninga	1 tölustafur	1 = landsbundinn 2 = alþjóðlegur (að undanskildum gegnumflutningi) 3 = gegnumflutningur	
Stærð gáma	1 tölustafur	1 = 20 feta farmeiningar 2 = 40 feta farmeiningar 3 = farmeiningar > 20 fet og < 40 fet 4 = farmeiningar > 40 fet	
Staða fermingar	1 tölustafur	1 = hlaðnir gámar 2 = tómir gámar	
Tegund vöru	2 tölustafir	Vöruflokkunarkerfi Evrópusambandsins fyrir flutningahagskýrslur 2000 (NST 2000)	
Flutt tonn (*)			Tonn
Tonnkílómetrar (*)			Tonnkílómetrar
Sáttmálinn um Evrópusambandið (SESB)			SESB
SESB-km			SESB-km

(*) Aðeins fyrir hlaðna gáma.

VIÐAUKI D

Tafla D1 Flutningur eftir ríkisfangi skips (ársfjórðungsgögn)

Þættir	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi	Eining
Tafla	Tveir stafir	D1	
Skýrslugjafarland	Tveir bókstafir	ISO-landskóði	
Ár	4 tölustafir	áááá	
Ársfjórðungur	Tveir stafir	Q1, Q2, Q3 eða Q4	
Tegund flutninga	1 tölustafur	1 = landsbundinn 2 = alþjóðlegur (að undanskildum gegnumflutningi) 3 = gegnumflutningur	
Ríkisfang skipsins	Tveir bókstafir	ISO-landskóði	
Flutt tonn			Tonn
Tonnkílómetrar			Tonnkílómetrar

Tafla D2. Gámaflutningur eftir ríkisfangi skipa (ársfjórðungsgögn)

Þættir	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi	Eining
Tafla	Tveir stafir	D2	
Skýrslugjafarland	Tveir bókstafir	ISO-landskóði	
Ár	4 tölustafir	áááá	
Ársfjórðungur	Tveir stafir	Q1, Q2, Q3 eða Q4	
Tegund flutninga	1 tölustafur	1 = landsbundinn 2 = alþjóðlegur (að undanskildum gegnumflutningi) 3 = gegnumflutningur	
Ríkisfang skips	Tveir bókstafir	ISO-landskóði	
Staða fermingar	1 tölustafur	1 = hlaðnir gámar 2 = tómir gámar	
Flutt tonn (*)			Tonn
Tonnkílómetrar (*)			Tonnkílómetrar
Sáttmálinn um Evrópusambandið (SESB)			SESB
SESB-km			SESB-km

(*) Aðeins fyrir hlaðna gáma

VIÐAUKI E

Tafla E1 Vöruflutningar (ársgögn)

Þættir	Lýsing kóða	Flokkunarkerfi	Eining
Tafla	Tveir stafir	E1	
Skýrslugjafarland	Tveir bókstafir	ISO-landskóði	
Ár	4 tölustafir	áááá	
Heildartonn flutt			tonn
Heildartonnkílómetrar			Tonnkílómetrar

VIÐAUKI F

Vöruflokkunarkerfi

Vöruflokkunarkerfi Evrópusambandsins fyrir flutningahagskýrslur 2000 (NST 2000)

Flokkar í vöruflokkunarkerfi Evrópusambandsins fyrir flutningahagskýrslur	Vörulýsing	Skilgreining eftir afurðum í deildum vöruflokkunar Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum
01	Afurðir frá landbúnaði, veiðum og skógrækt, fiskur og aðrar fiskafurðir	01, 02, 05
02	Kol og brúnkol, mór, hráolía og jarðgas, úran og þóríum	10, 11, 12
03	Málmgrýti og önnur efni unnin úr jörðu	13, 14
04	Matvæli, drykkjarvörur og tóbak	15, 16
05	Textílefni og textílvörur; leður og leðurvörur	17, 18, 19
06	Viður og vörur úr viði og korki (aðrar en húsgögn), vara úr hálmi og fléttiefnum, pappírsdeig, pappír og pappírsvörur, prentað efni og upptekið efni	20, 21, 22
07	Koks, hreinsaðar olíuvörur og kjarnaeldsneyti	23
08	Íðefni, iðnefnavörur og tilbúnar trefjar, gúmmí- og plastvörur	24, 25
09	Önnur málmlaus jarðefnaafurð	26
10	Hrámálmar, málmvörur, að undanskildum vélum og búnaði	27, 28
11	Vélar og búnaður, ót.a., skrifstofuvélar og tölvur, rafbúnaður og tæki, ót.a., útvarps- og sjónvarpstæki og fjarskiptabúnaður og tæki, tæki til lækninga og nákvæmnivinnu og sjóntæki, úr og klukkur	29, 30, 31, 32, 33
12	Flutningatæki	34, 35
13	Húsgögn, aðrar framleiðsluvörur ót.a.	36
14	Endurunnið hráefni, sorp og annar úrgangur, ekki skilgreindur annars staðar í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA)	37 + sorp (sem ílag til CPA deild 90) og annar úrgangur ekki skilgreindur annars staðar í CPA
15	Bréf, pakkar Aths.: þessi liður er venjulega notaður fyrir vörur sem fluttar eru með póstmálayfirvöldum og sérhæfðri hraðsendingarþjónustu í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE) 1. endursk. deild 64.	
16	Búnaður og efni notað við flutning á vörum Aths.: þessi liður nær yfir hluti eins og tóma gáma, vörubretti, öskjur, grindur og hjólabúr. Hann nær einnig yfir ökutæki sem notuð eru undir vörur, þegar ökutækið sjálft er flutt á öðru ökutæki. Að til sé kóði fyrir þessa gerð efna felur ekki í sér úrskurð um hvort telja eigi slík efni sem „vörur“, það mun ráðast af reglunum um gagnasöfnun fyrir hvern og einn flutningsmáta.	

Flokkar í vöruflokkunarkerfi Evrópusambandsins fyrir flutningahagskýrslur	Vörulýsing	Skilgreining eftir afurðum í deildum vöruflokkunar Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum
17	Vörur sem eru fluttar í tengslum við búslóðar- og skrifstofuflutning, farangur sem er fluttur aðskilinn frá farþegum, vélknúin ökutæki sem eru flutt til viðgerða, aðrar vörur sem eru ekki til sölu á markaði ót.a.	
18	Vörur sem er safnað saman: blanda vörutegunda sem eru fluttar saman Aths.: þessi liður er notaður hvenær sem ekki þykir rétt að setja vörur aðskilið í flokka 01-16.	
19	Óskilgreinanlegar vörur: vörur sem af einhverjum ástæðum ekki er unnt að skilgreina og því ekki hægt að setja þær í flokka 01-16 Aths.: þessum lið er ætlað að ná yfir vörur þegar skýrslugjafaeiningin hefur engar upplýsingar um gerð varanna sem fluttar eru.	
20	Aðrar vörur ót.a. Aths.: þessi liður nær yfir sérhvern hlut sem ekki er hægt að setja í neinn af flokkum 01-19. Þar sem flokkum 01-19 er ætlað að ná yfir alla fyrirsjáanlega flokka af fluttum vörum, ætti notkun á flokki 20 að teljast óvenjuleg og getur gefið til kynna að þörf sé á nánari skoðun á gögnunum sem skráð eru undir þessum lið.	

VIÐAUKI G

Framlenging innsendingarfrestsins (2. mgr. 5. gr.)

Aðildarríki	Framlenging innsendingartímabils eftir lok athugunartímabilsins	Lokaár sem framlenging er veitt
Belgía	8 mánuðir	2009

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 747/2008 **2015/EES/46/26**

frá 30. júlí 2008

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 um hagskýrslur Bandalagsins um skipulag og starfsemi erlendra hlutdeildarfélaga að því er varðar skilgreiningar á könnunaratriðum og framkvæmd atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, 2. endursk. (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 frá 20. júní 2007 um hagskýrslur Bandalagsins um skipulag og starfsemi erlendra hlutdeildarfélaga ([1]), einkum a-lið 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 716/2007 er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um skipulag og starfsemi erlendra hlutdeildarfélaga.

2) Nauðsynlegt er að aðlaga skilgreiningar á skráningaratriðum í tengslum við rannsóknar- og þróunarbreytur til að nota fyrir sameiginlegu eininguna fyrir hagskýrslur um erlend hlutdeildarfélög í því landi þar sem upplýsingarnar eru teknar saman.

3) Einnig er nauðsynlegt að aðlaga stig sundurliðunar eftir starfsemi eftir samþykkt reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) ([2]).

4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 716/2007 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 716/2007 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 2. þáttar I. viðauka komi textinn í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Í stað töflunnar um sundurliðun eftir starfsemi á 1. og 2. stigi sem um getur í III. viðauka komi taflan í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. Í stað töflunnar um sundurliðun eftir starfsemi á 3. stigi sem um getur í III. viðauka komi taflan í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. *gr.*

Aðildarríki skulu beita III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 716/2007 eins og honum er breytt með þessari reglugerð:

— að því er varðar 1. og 2. stig, frá 1. janúar 2010 (fyrir viðmiðunarárið 2010 og næstu ár),

— að því er varðar 3. stig, frá 1. janúar 2008 (fyrir viðmiðunarárið 2008 og næstu ár).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 202, 31.7.2008, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2008 frá 5. desember 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 5, 29.1.2009, s. 8

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 17.

([2]) Stjtíð ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 295/2008 (Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 13).

I. VIÐAUKI

„2. ÞÁTTUR

Skráningaratriði

Tekin eru saman gögn um eftirfarandi skráningaratriði, eins og þau eru skilgreind í viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2700/98 frá 17. desember 1998 um skilgreiningar á breytum fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ([1]):

Kóði	Heiti
11 11 0	Fjöldi fyrirtækja
12 11 0	Velta
12 12 0	Framleiðsluverðmæti
12 15 0	Vinnsluvirði á þáttaverði
13 11 0	Heildarkaup á vörum og þjónustu
13 12 0	Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi
13 31 0	Starfsmannakostnaður
15 11 0	Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum
16 11 0	Fjöldi starfsmanna

Eftirfarandi skráningaratriði verða einnig tekin saman af aðildarríkjunum fyrir viðmiðunarárið 2009 og síðari ár:

Kóði	Heiti og skilgreiningar
22 11 0	Heildarútgjöld vegna rannsókna og þróunar innanhúss (*) Rannsóknir og þróunarstarf taka til skapandi starfs sem sinnt er kerfisbundið í því skyni að auka þekkingu, m.a. þekkingu á manninum, menningu og þjóðfélagi, og nýta þessa þekkingu til þess að finna upp nýjungar. Innanhússútgjöld eru öll útgjöld vegna rannsókna og þróunar sem fram fara innan einingarinnar, án tillits til þess hver fjármagnar þær. Aðgreina ber útgjöld vegna rannsókna og þróunar frá útgjöldum vegna víðtækrar skyldrar starfsemi. Útgjöld vegna rannsókna og þróunar taka því ekki til: — útgjalda vegna menntunar og þjálfunar, — útgjalda vegna annarrar vísindalegrar og tæknilegrar starfsemi (s.s. upplýsingaþjónustu, prófana og stöðlunar, hagkvæmnisathugana), — útgjalda vegna annarrar atvinnustarfsemi (s.s. atvinnunýjunga sem ekki eru skilgreindar annars staðar), — útgjöld vegna starfsemi sem er eingöngu fjárhagslegs eðlis (tekur til annarrar stjórnsýslustarfsemi eða annarrar óbeinnar stoðstarfsemi). Útgjöld vegna rannsókna og þróunar má, með hliðsjón af innlendum lögum, skrá undir einhvern þriggja eftirtalinna liða: breytingu á óefnislegum fjármunum, breytingu á efnislegum fjármunum eða rekstrargjöldum. Ef kveðið er á um í innlendum lögum að útgjöldin megi færa í heild sinni eða að hluta til eignar heyra útgjöldin undir breytingar á óefnislegum eignum og eru færð í ársreikning fyrirtækis undir fastafjármuni – óefnislegar eignir – rannsókna- og þróunarkostnað. Ef kveðið er á um í innlendum lögum að útgjöldin séu aðeins færð til eignar að hluta eða alls ekki heyra rekstrargjöldin undir hráefni og hjálparefni, önnur ytri gjöld, kostnað vegna starfsfólks og önnur rekstrargjöld og fjárfestingarútgjöldin heyra undir breytingar á efnislegum fjármunum, sem eru færðar í ársreikning fyrirtækis undir fastafjármuni – efnislegar eignir.

([1]) Stjtíð. EB L 344, 18.12.1998, bls. 49. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1670/2003 (Stjtíð. ESB L 244, 29.9.2003, bls. 74).

Kóði	Heiti og skilgreiningar
22 12 0	Heildarfjöldi starfsfólks í rannsóknum og þróun (*) Rannsóknir og þróunarstarf taka til skapandi starfs sem sinnt er kerfisbundið í því skyni að auka þekkingu, m.a. þekkingu á manninum, menningu og þjóðfélagi, og nýta þessa þekkingu til þess að finna upp nýjungar. Telja ber með alla einstaklinga sem starfa beint við rannsóknir og þróun, auk þeirra sem láta í té beina þjónustu, svo sem yfirmenn, stjórnendur og skrifstofufólk á rannsókna- og þróunarsviði. Einstaklingar sem láta í té óbeina þjónustu, s.s. starfsfólk mötuneytis og öryggisverðir, eru undanskildir jafnvel þótt laun þeirra séu talin með sem óbeinn kostnaður við mælingu á útgjöldum. Aðgreina ber starfsfólk á rannsóknar- og þróunarsviði frá starfsfólki vegna margvíslegrar skyldrar starfsemi. Eftirfarandi teljast því ekki til starfsfólks á rannsóknar- og þróunarsviði: — starfsfólk sem starfar við menntun og þjálfun, — starfsfólk sem starfar við aðra vísindalega og tæknilega starfsemi (t.d. upplýsingaþjónustu, prófanir og stöðlun, hagkvæmnisathuganir), — starfsfólk sem starfar við aðra atvinnustarfsemi (t.d. atvinnunýjungar sem ekki eru skilgreindar annars staðar), — starfsfólk sem starfar við stjórnsýslu eða við aðra óbeina stoðstarfsemi. Tenging við reikningsskil fyrirtækja Heildarfjölda starfsmanna er vinna að rannsóknum og þróun má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja. Hann er hluti af fjölda starfsmanna, sem er skráður í skýringar með reikningsskilum fyrirtækja (8. mgr. 43. gr.). Tenging við aðrar breytur Hluti af fjölda starfsmanna (16 11 0)

(*) Gefa skal skýrslu um breyturnar 22 11 0 og 22 12 0 annað hvert ár. Ef samanlögð velta eða starfsmannafjöldi í deild undir bálkum B til F í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) í aðildarríki er minni en 1% af heildartölu Bandalagsins þarf ekki að safna nauðsynlegum upplýsingum til að taka saman hagskýrslur, sem tengjast könnunaratriðum 22 11 0 og 22 12 0, að því er þessa reglugerð varðar.

Ef fjöldi starfsmanna liggur ekki fyrir er fjöldi launþega (kóði 16 13 0) tekinn saman þess í stað.

Skráningaratriði „heildarútgjöld vegna rannsókna og þróunar innanhúss“ (kóði 22 11 0) og „heildarfjöldi starfsfólks í rannsóknum og þróun“ (kóði 22 12 0) skal einungis taka saman vegna starfsemi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna í bálkum B, C, D, E og F. Fram að viðmiðunarárinu 2009 munu aðildarríki taka saman þessi skráningaratriði eins og þau eru skilgreind í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2007/98 frá 17. desember 1998.
Að því er varðar bálk K í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna er aðeins tekinn saman fjöldi fyrirtækja, velta ([1]) og fjöldi starfsmanna (eða fjöldi launþega þess í stað).

([1]) Að því er varðar atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE 2. endurskoðun) deild 64 kemur framleiðsluverðmæti í stað veltu.“

II. VIÐAUKI

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 716/2007 komi eftirfarandi í stað töflunnar um sundurliðun eftir starfsemi á 1. og 2. stigi:

„Sundurliðun eftir starfsemi á 1. og 2. stigi fyrir hagskýrslur um erlend hlutdeildarfélög í útlöndum

1. stig	2. stig	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.
STARFSEMI SAMTALS	STARFSEMI SAMTALS	Bálkur B til S (þó ekki O)
NÁMUGRÖFTUR OG VINNSLA HRÁEFNA ÚR JÖRÐU	NÁMUGRÖFTUR OG VINNSLA HRÁEFNA ÚR JÖRÐU	Bálkur B
	Vinnsla á hráolíu og jarðgasi og þjónustustarfsemi við námuvinnslu	Deild 06, 09
FRAMLEIÐSLA	FRAMLEIÐSLA	Bálkur C
	Matvæli, drykkjarvörur og tóbaksvörur	Deild 10, 11, 12
	Textíl- og viðarstarfsemi, samtals	Deild 13, 14, 16, 17, 18
	Textílefni og fatnaður	Deild 13, 14
	Viður, pappír, prentun og fjölföldun	Deild 16, 17, 18
Olíuvörur, efni, lyf, gúmmívörur og plastvörur	Olíuvörur, efni, lyf, gúmmívörur og plastvörur samtals	Deild 19, 20, 21, 22
	Koks og hreinsaðar olíuvörur	Deild 19
	Efni og efnavörur	Deild 20
	Gúmmí- og plastvörur	Deild 22
	Málm- og vélbúnaðarvörur, samtals	Deild 24, 25, 26, 28
	Hrámálmar og fullunnar málmvörur	Deild 24, 25
Tölvu-, rafeinda- og optískar vörur	Tölvu-, rafeinda- og optískar vörur	Deild 26
	Vélar og tæki ót.a.	Deild 28
Ökutæki, önnur flutningatæki	Ökutæki og önnur flutningatæki, samtals	Deild 29, 30
	Vélknúin ökutæki, eftirvagnar og festivagnar	Deild 29
	Önnur flutningatæki	Deild 30
	Önnur framleiðsla, samtals	Deild 15, 23, 27, 31, 32, 33
RAFMAGNS-, GAS-, GUFU- OG LOFTRÆSTIKERFI	RAFMAGNS-, GAS-, GUFU- OG LOFTRÆSTIKERFI	Bálkur D
VATNSVEITA, FRÁVEITA, MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS OG AFMENGUNARSTARFSEMI	VATNSVEITA, FRÁVEITA, MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS OG AFMENGUNARSTARFSEMI	Bálkur E
	Vatnsöflun, meðferð vatns og vatnsveita	Deild 36
	Fráveitukerfi, meðhöndlun úrgangs og afmengunarstarfsemi	Deild 37, 38, 39
BYGGINGARSTARFSEMI	BYGGINGARSTARFSEMI	Bálkur F
ÞJÓNUSTA SAMTALS	ÞJÓNUSTA SAMTALS	Bálkar G, H, I, J, K, L, M, N, P, Q, R, S

1. stig	2. stig	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.
HEILDVERSLUN OG SMÁSALA OG VIÐGERÐIR Á VÉLKNÚNUM ÖKUTÆKJUM OG BIFHJÓLUM	HEILDVERSLUN OG SMÁSALA OG VIÐGERÐIR Á VÉLKNÚNUM ÖKUTÆKJUM OG BIFHJÓLUM	Bálkur G
	Heildverslun og smásala og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum	Deild 45
	Heildverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum og bifhjólum	Deild 46
	Smásöluverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum og bifhjólum	Deild 47
FLUTNINGAR OG GEYMSLA	FLUTNINGAR OG GEYMSLA	Bálkur H
	Flutningar og geymsla, samtals	Deild 49, 50, 51, 52
	Flutningar á landi og eftir leiðslum	Deild 49
	Flutningar á sjó og vatnaleiðum	Deild 50
	Flutningur með flugi	Deild 51
	Vörugeymsla og stoðstarfsemi fyrir flutninga	Deild 52
	Póst- og boðberaþjónusta	Deild 53
STARFSEMI TENGD GISTIAÐSTÖÐU OG VEITINGAREKSTRI	STARFSEMI TENGD GISTIAÐSTÖÐU OG VEITINGAREKSTRI	Bálkur I
UPPLÝSINGAR OG FJARSKIPTI	UPPLÝSINGAR OG FJARSKIPTI	Bálkur J
	Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum, sjónvarpsefni, annarri afþreyingarstarfsemi	Deild 59, 60
	Fjarskipti	Deild 61
	Önnur upplýsinga- og fjarskiptastarfsemi	Deild 58, 62, 63
FJÁRMÁLA- OG VÁTRYGGINGARSTARFSEMI	FJÁRMÁLA- OG VÁTRYGGINGARSTARFSEMI	Bálkur K
	Fjármálaþjónusta, þó ekki starfsemi vátryggingafélaga og lífeyrissjóða	Deild 64
	— Starfsemi eignarhaldsfélaga	flokkur 64.2
	Vátryggingafélög, endurtryggingafélög og lífeyrissjóðir, þó ekki lögboðnar almannatryggingar	Deild 65
	Önnur fjármálastarfsemi	Deild 66
	FASTEIGNAVIÐSKIPTI	Bálkur L
SÉRFRÆÐILEG, VÍSINDALEG OG TÆKNILEG STARFSEMI	SÉRFRÆÐILEG, VÍSINDALEG OG TÆKNILEG STARFSEMI	Bálkur M
	Lögfræðiþjónusta og reikningshald	Deild 69
	— Lögfræðiþjónusta	flokkur 69.1
	— Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf	flokkur 69.2

1. stig	2. stig	Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.
	Starfsemi höfuðstöðva, starfsemi við rekstrarráðgjöf	Deild 70
	— Starfsemi höfuðstöðva	flokkur 70.1
	— Starfsemi við rekstrarráðgjöf	flokkur 70.2
	Starfsemi arkitekta og verkfræðinga, tæknilegar prófanir og greining	Deild 71
Vísindarannsóknir og þróunarstarf	Vísindarannsóknir og þróunarstarf	Deild 72
	Auglýsingastarfsemi og markaðsrannsóknir	Deild 73
	— Auglýsingastarfsemi	flokkur 73.1
	— Markaðsrannsóknir og skoðanakannanir	flokkur 73.2
	Önnur sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi, dýralækningar	Deild 74, 75
	LEIGUSTARFSEMI OG ÝMIS SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA	Bálkur N
	Leigustarfsemi	Deild 77
	Önnur leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	Deild 78, 79, 80, 81, 82
	FRÆÐSLUSTARFSEMI	Bálkur P
	HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSÞJÓNUSTA	Bálkur Q
MENNING, SKEMMTUN OG TÓMSTUNDIR	MENNING, SKEMMTUN OG TÓMSTUNDIR	Bálkur R
	Starfsemi á sviði skapandi lista og afþreyingar	Deild 90
	Starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi	Deild 91
	Íþróttastarf og annað tómstundastarf, fjárhættustarfsemi og veðmálastarfsemi	Deild 92, 93
	ÖNNUR ÞJÓNUSTUSTARFSEMI	Bálkur S
	Starfsemi félagasamtaka	Deild 94
	Viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota, önnur persónuleg þjónustustarfsemi	Deild 95, 96
	Ekki úthlutað“	

III. VIÐAUKI

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 716/2007 komi eftirfarandi í stað töflunnar um sundurliðun eftir starfsemi á 3. stigi:

„Sundurliðun eftir starfsemi á 3. stigi fyrir hagskýrslur um erlend hlutdeildarfélög í útlöndum í því landi þar sem upplýsingar eru teknar saman

3. stig (atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.)	
Vöruliður	Tilskilið sundurliðunarstig
Atvinnurekstur	Bálkur B til N, þó ekki K
NÁMUGRÖFTUR OG VINNSLA HRÁEFNA ÚR JÖRÐU	B-þáttur
FRAMLEIÐSLA	Bálkur C
	Allar deildir 10 til 33
RAFMAGNS-, GAS-, GUFU- OG LOFTRÆSTIKERFI	Bálkur D
	Deild 35
VATNSVEITA, FRÁVEITA, MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS OG AFMENGUNARSTARFSEMI	Bálkur E
	Allar deildir 36 til 39
BYGGINGARSTARFSEMI	Bálkur F
	Allar deildir 41 til 43
	Allir flokkar 41.1 og 41.2, 42.1 til 42.9, 43.1 til 43.9
HEILDVERSLUN OG SMÁSALA OG VIÐGERÐIR Á VÉLKNÚNUM ÖKUTÆKJUM OG BIFHJÓLUM	Bálkur G
	Allar deildir 45 til 47
	Allir flokkar 45.1 til 45.2, 46.1 til 46.9, 47.1 til 47.9
FLUTNINGAR OG GEYMSLA	Bálkur H
	Allar deildir 49 til 53
	Flokkar 49.1 til 49.5
STARFSEMI TENGD GISTIAÐSTÖÐU OG VEITINGAREKSTRI	Bálkur I
	Allar deildir 55 til 56
	Allir flokkar 55.1 til 55.9, 56.1 til 56.3
UPPLÝSINGAR OG FJARSKIPTI	Bálkur J
	Allar deildir 58 til 63
	Flokkar 58.1, 58.2, 63.1, 63.9
FJÁRMÁLA- OG VÁTRYGGINGARSTARFSEMI	Bálkur K
	Allar deildir 64 til 66
FASTEIGNAVIÐSKIPTI	Bálkur L
	Deild 68

3. stig (atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.)	
SÉRFRÆÐILEG, VÍSINDALEG OG TÆKNILEG STARFSEMI	Bálkur M
	Allar deildir 69 til 75
LEIGUSTARFSEMI OG ÝMIS SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA	Bálkur N
	Allar deildir 77 til 82
	Flokkar 77.1 til 77.4“

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/46/27

frá 9. desember 2014

um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE að því er varðar viðurkenningu á að tiltekin svæði í Frakklandi séu opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis*)

(tilkynnt með númeri C(2014) 9218)

(2014/892/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/68/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með sauðfé og geitur ([1]), einkum II. lið í 1. kafla viðauka A,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 91/68/EBE eru skilgreind skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Sambandsins með sauðfé og geitur. Þar er mælt fyrir um skilyrðin fyrir því að aðildarríki eða svæði í aðildarríki geti verið viðurkennd sem opinberlega laus við öldusótt.

2) Í II. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE ([2]) eru skráð þau svæði í aðildarríkjum sem eru opinberlega viðurkennd sem laus við öldusótt (*B. melitensis*) í samræmi við tilskipun 91/68/EBE.

3) Frakkland hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina gögn þar sem sýnt er fram á að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/68/EBE, séu uppfyllt svo ríkið verði viðurkennt sem opinberlega laust við öldusótt (*B. melitensis*) að því er varðar 31 ný stjórnsýslusvæði (départements) til viðbótar við þau 64 stjórnsýslusvæði sem eru þegar viðurkennd sem opinberlega laus við þann sjúkdóm og eru sem stendur skráð í II. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE.

4) Í kjölfar mats á gögnunum, sem Frakkland lagði fram, ætti að viðurkenna þessi 31 stjórnsýslusvæði sem opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis).*

5) Því ætti að breyta færslunni fyrir Frakkland í II. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 354, 11.12.2014, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2015 frá 20. mars 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 46, 19.2.1991, bls. 19.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE frá 21. desember 1992 um staðfestingu á því að tiltekin aðildarríki eða héruð fullnægja skilyrðum vegna öldusóttar (B. melitensis) og um viðurkenningu þeirra sem aðildarríkja eða héraða sem eru opinberlega laus við sjúkdóminn (Stjtíð EB L 13, 21.1.1993, bls. 14).

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir Frakkland í II. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE komi eftirfarandi:

„Í Frakklandi:

Départements:

Ain, Aisne, Allier, Alpes de Haute-Provence, Hautes-Alpes, Alpes-Maritimes, Ardèche, Ardennes, Ariège, Aube, Aude, Aveyron, Bouches-du-Rhône, Calvados, Cantal, Charente, Charente-Maritime, Cher, Corrèze, Corse-du-Sud, Haute-Corse, Côte-d'Or, Côtes-d'Armor, Creuse, Dordogne, Doubs, Drôme, Eure, Eure-et-Loir, Finistère, Gard, Haute-Garonne, Gers, Gironde, Hérault, Ille-et-Vilaine, Indre, Indre-et-Loire, Isère, Jura, Landes, Loir-et-Cher, Loire, Haute-Loire, Loire-Atlantique, Loiret, Lot, Lot-et-Garonne, Lozère, Maine-et-Loire, Manche, Marne, Haute-Marne, Mayenne, Meurthe-et-Moselle, Meuse, Morbihan, Moselle, Nièvre, Nord, Oise, Orne, Pas-de-Calais, Puy-de-Dôme, Hautes-Pyrénées, Pyrénées-Orientales, Bas-Rhin, Haut-Rhin, Rhône, Haute-Saône, Saône-et-Loire, Sarthe, Savoie, Haute-Savoie, Ville de Paris, Seine-Maritime, Seine-et-Marne, Yvelines, Deux-Sèvres, Somme, Tarn, Tarn-et-Garonne, Var, Vaucluse, Vendée, Vienne, Haute-Vienne, Vosges, Yonne, Territoire de Belfort, Essonne, Hauts-de-Seine, Seine-Saint-Denis, Val-de-Marne, Val-d'Oise.“

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/46/28

frá 29. október 2014

varðandi takmarkanir á leyfi fyrir sæfivöru sem inniheldur 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamat (IPBC) sem Þýskaland tilkynnti um í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB

(tilkynnt með númeri C(2014) 7914)

(2014/757/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 3. mgr. 36 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) er skrá yfir virk efni sem eru samþykkt á vettvangi Sambandsins til notkunar í sæfivörur. Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/79/EB ([3]) var virka efninu 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamati (IPBC) bætt við til notkunar í vörur sem tilheyra vöruflokki 8, viðarvarnarefni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við tilskipun 98/8/EB. Samkvæmt 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er þetta efni því samþykkt virkt efni í skránni sem um getur í 2. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 98/8/EB lagði fyrirtækið ISP Cologne Holding GmbH umsókn fyrir Danmörku 22. desember 2010 um leyfi fyrir viðarvarnarefni (sæfivöru) sem inniheldur 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamat (IPBC) („umdeildu vöruna“). Hinn 19. desember 2011 veitti Danmörk leyfi fyrir umdeildu vörunni í notkunarflokkum 2 og 3 fyrir meðhöndlaðan við, eins og lýst er í tæknilegum leiðbeiningum um mat á vöru ([4]). Leyfið fyrir vörunni tekur til mismunandi notkunaraðferða, þ.m.t. sjálfvirkrar böðunar til nota í atvinnuskyni. Í kjölfarið hafa tvö aðildarríki gefið leyfi fyrir umdeildu vörunni með gagnkvæmri viðurkenningu.

3) ISP Cologne Holding GmbH („umsækjandinn“) lagði fram fullgerða umsókn fyrir Þýskaland 20. febrúar 2012 um gagnkvæma viðurkenningu á leyfinu sem Danmörk veitti fyrir umdeildu vörunum.

4) Hinn 30. ágúst 2013 tilkynnti Þýskaland framkvæmdastjórninni, hinum aðildarríkjunum og umsækjandanum um tillögu sína um að takmarka leyfið í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 98/8/EB. Þýskaland telur að umdeilda varan uppfylli ekki kröfurnar í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því er varðar heilbrigði manna og umhverfið.

5) Samkvæmt Þýskalandi fjallaði áhættumatið, sem Danmörk framkvæmdi, ekki á viðeigandi hátt um umhverfisvandamál sem fylgja umdeildu vörunni. Niðurstöður úr mati á umhverfisáhættu, sem Þýskaland framkvæmdi á endingartíma meðhöndlaðs viðar við skilyrði í notkunarflokki 3, sýndu fram á óviðunandi áhættu fyrir jarðvegshólfið á 30. degi („tímabil 1“) án tillits til notkunaraðferðarinnar. Þar af leiðandi leggur Þýskaland til að notkun á viði, sem er meðhöndlaður með umdeildu vörunni við aðstæður í notkunarflokki 3, verði ekki leyfð.

6) Þýskaland telur einnig að takmarka ætti notkun hennar við sjálfvirka böðun við kerfi sem eru nægilega sjálfvirk, vegna óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði notenda í atvinnuskyni.

7) Framkvæmdastjórnin gaf hinum aðildarríkjunum og umsækjandanum færi á að leggja fram skriflegar athugasemdir við tilkynninguna innan 90 daga í samræmi við 1. mgr. 27. gr. tilskipunar 98/8/EB. Þýskaland, Danmörk og umsækjandinn lögðu fram athugasemdir innan þessa frests. Enn fremur ræddu framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, sem bera ábyrgð á sæfivörum, tilkynninguna 24. september 2013 á fundi samráðshópsins sem stofnaður var skv. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 311, 31.10.2014, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2015 frá 20. mars 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/79/EB frá 28. júlí 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamati (IPBC) við í I. viðauka við hana (Stjtíð. ESB L 200, 29.7.2008, bls. 12).

([4]) Aðgengilegt á vefsetrinu http://echa.europa.eu/documents/10162/16960215/bpd_guid_tnsg-product-evaluation_en.pdf

8) Að teknu tilliti til áhættu fyrir umhverfið er ljóst, eftir þessar umræður og athugasemdir, að niðurstöður matsins sem Danmörk framkvæmdi eru í samræmi við núgildandi leiðbeiningar ([5]). Ef áhætta kemur í ljós á tímabili 1 vegna verstu hugsanlegu forsenda má gera ráð fyrir að notkun á viði, sem er meðhöndlaður við skilyrði í notkunarflokki 2 og 3, sé örugg þegar áhætta fyrir umhverfið við lok endingartímans telst viðunandi.

9) Framkvæmdastjórnin bendir einnig á að tilvik þar sem óviðunandi áhætta kom í ljós á tímabili 1 séu sem stendur til umræðu á vettvangi Sambandsins í því skyni að koma á fót samhæfðri nálgun. Með hliðsjón af þessu telur framkvæmdastjórnin að þar til slík nálgun er samþykkt með formlegum hætti ættu niðurstöður úr matinu, sem Danmörk framkvæmdi á umdeildu vörunni, að teljast gildar þar til vöruleyfið er endurnýjað.

10) Í ljósi þessara athugasemda styður framkvæmdastjórnin niðurstöður matsins sem Danmörk og önnur aðildarríki, sem samþykktu vöruna með gagnkvæmri viðurkenningu, framkvæmdu að teknu tilliti til þess að umdeilda varan uppfylli kröfurnar í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því er varðar umhverfið. Framkvæmdastjórnin telur því að beiðni Þýskalands um að takmarka leyfið sé ekki réttlætanleg á þeim forsendum sem voru lagðar fram.

11) Að því er varðar notkun með sjálfvirkri böðun telur framkvæmdastjórnin að umdeildu vörurnar ættu að falla undir ákvæðin sem komið var á með fyrri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar ([6]) sem fjallar um að vernda heilbrigði notenda í atvinnuskyni við notkun á vörum, sem innihalda 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamat, með þessari notkunaraðferð. Þar af leiðandi ætti að leyfa umdeildu vöruna með fyrirvara um leiðbeiningar á merkimiða sem takmarka notkunina við alsjálfvirk böðunarferli og breyta ætti leyfinu fyrir vörunni til samræmis við það.

12) Reglugerð (ESB) nr. 528/2012 gildir um umdeildu vörurnar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 92. gr. þeirrar reglugerðar. Þar eð lagagrundvöllur fyrir þessa ákvörðun er 3. mgr. 36. gr. þeirrar reglugerðar ætti að beina þessari ákvörðun til allra aðildarríkja í samræmi við 4. mgr. 36. gr. þeirrar reglugerðar.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi ákvörðun gildir um vörur sem eru auðkenndar með eftirfarandi tilvísunarnúmeri í tilvísunaraðildarríkinu, eins og kveðið er á um í sæfivöruskránni:

2010/5411/6906/DK/AA/8325

2. gr.

Tillögu Þýskalands um að takmarka leyfið, sem Danmörk veitti 19. desember 2011 fyrir vörunum sem um getur í 1. gr., er hafnað.

3. gr.

Leyfi fyrir sæfivörum, sem eru auðkenndar með tilvísunarnúmeri umsóknar sem er tilgreint í 1. gr., skulu fela í sér skilyrði um að merkimiði á vörunum innihaldi eftirfarandi leiðbeiningar ef þær eru notaðar við sjálfvirka böðun:

„Varan (tilgreinið heiti vörunnar) skal aðeins notuð í alsjálfvirkum böðunarferlum þar sem öll skref í meðhöndlunar- og þurrkunarferlinu eru vélknúin og án beinnar snertingar, þ.m.t. þegar meðhöndlaðir hlutir eru fluttir gegnum böðunartankinn þangað sem látið er drjúpa af þeim/þeir þurrkaðir og settir í geymslu (ef yfirborð hlutarins er ekki þegar þurrt áður en hann er fluttur til geymslu). Þar sem það á við skal tryggja að viðarhlutirnir sem á að meðhöndla séu tryggilega festir (t.d. með ólum eða klemmubúnaði) fyrir meðhöndlun og meðan á dýfingu stendur og ekki má handleika meðhöndlaða hluti fyrr en yfirborð þeirra er þurrt.“

([5]) Skýrsla frá vinnufundi um útskolun (Arona, Ítalía, 13.–14. júní 2005), aðgengileg á vefsetrinu: http://ihcp.jrc.ec.europa.eu/our_activities/public-health/risk_assessment_of_Biocides/doc/ESD/ESD_PT/PT_08/PT_8_Leaching_Workshop_2005.pdf/at_download/file

([6]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júní 2014 varðandi takmarkanir á leyfum fyrir sæfivörum sem innihalda 3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamat (IPBC) sem Þýskaland tilkynnti um í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB (Stjtíð. ESB L 188, 27.6.2014, bls. 85).

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/46/29

frá 29. október 2014

um að hafna synjun leyfis fyrir sæfivöru sem Þýskaland tilkynnti um í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB

(tilkynnt með númeri C(2014) 7915)

(2014/758/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

92.0	Fjárhættustarfsemi og þjónusta, tengd veðmálastarfsemi
92.00	Fjárhættustarfsemi og þjónusta, tengd veðmálastarfsemi
92.00.1	Þjónusta, tengd fjárhættustarfsemi
92.00.11	Þjónusta, tengd fjárhættuspilaborðum
92.00.12	Þjónusta, tengd fjárhættuspilavélum
92.00.13	Þjónusta tengd happdrættum, talnaleikjum og bingói
92.00.14	Þjónusta, tengd fjárhættustarfsemi, á Netinu
92.00.19	Önnur þjónusta, tengd fjárhættustarfsemi
92.00.2	Þjónusta, tengd veðmálastarfsemi
92.00.21	Þjónusta, tengd veðmálastarfsemi, á Netinu
92.00.29	Önnur þjónusta, tengd veðmálastarfsemi
93	Íþróttastarfsemi og þjónusta, tengd skemmtunum og tómstundastarfi
93.1	Íþróttastarfsemi
93.11	Rekstur íþróttamannvirkja
93.11.1	Rekstur íþróttamannvirkja
93.11.10	Rekstur íþróttamannvirkja
93.12	Þjónusta íþróttafélaga
93.12.1	Þjónusta íþróttafélaga
93.12.10	Þjónusta íþróttafélaga
93.13	Þjónusta heilsu- og líkamsræktarstöðva
93.13.1	Þjónusta heilsu- og líkamsræktarstöðva
93.13.10	Þjónusta heilsu- og líkamsræktarstöðva
93.19	Önnur íþróttastarfsemi
93.19.1	Önnur íþróttastarfsemi
93.19.11	Kynning íþróttaviðburða fyrir atvinnu- og áhugafólk
93.19.12	Þjónusta íþróttafólks
93.19.13	Stuðningsþjónusta tengd íþróttum og tómstundum
93.19.19	Önnur þjónusta tengd íþróttum og tómstundastarfi
93.2	Þjónusta tengd skemmtunum og tómstundastarfi
93.21	Þjónusta tengd skemmtigörðum og þemagörðum
93.21.1	Þjónusta tengd skemmtigörðum og þemagörðum
93.21.10	Þjónusta tengd skemmtigörðum og þemagörðum
93.29	Önnur þjónusta tengd skemmtunum og tómstundastarfi
93.29.1	Önnur þjónusta, tengd tómstundastarfi, ót.a.

Kóði	Vöruliðir
93.29.11	Þjónusta tengd tómstundagörðum og baðströndum
93.29.19	Ýmiss konar önnur þjónusta, tengd tómstundastarfi
93.29.2	Önnur þjónusta á sviði skemmtanaiðnaðar, ót.a.
93.29.21	Þjónusta tengd flugeldasýningum og „ljósa og hljóða“ sýningum
93.29.22	Þjónusta tengd myntstýrðum spilavélum
93.29.29	Þjónusta á sviði skemmtanaiðnaðar, ót.a.
S	ÖNNUR ÞJÓNUSTA
94	Þjónusta félagasamtaka
94.1	Þjónusta samtaka atvinnuvega-, vinnuveitenda- og fagfélaga
94.11	Þjónusta samtaka atvinnuveganna og vinnuveitenda
94.11.1	Þjónusta samtaka atvinnuveganna og vinnuveitenda
94.11.10	Þjónusta samtaka atvinnuveganna og vinnuveitenda
94.12	Þjónusta samtaka fagfélaga
94.12.1	Þjónusta samtaka fagfélaga
94.12.10	Þjónusta samtaka fagfélaga
94.2	Þjónusta stéttarfélaga
94.20	Þjónusta stéttarfélaga
94.20.1	Þjónusta stéttarfélaga
94.20.10	Þjónusta stéttarfélaga
94.9	Þjónusta annarra félagasamtaka
94.91	Þjónusta trúfélaga
94.91.1	Þjónusta trúfélaga
94.91.10	Þjónusta trúfélaga
94.92	Þjónusta stjórnmálasamtaka
94.92.1	Þjónusta stjórnmálasamtaka
94.92.10	Þjónusta stjórnmálasamtaka
94.99	Þjónusta annarra félagasamtaka, ót.a.
94.99.1	Þjónusta (þó ekki styrkveitingar) annarra félagasamtaka, ót.a.
94.99.11	Þjónusta mannréttindasamtaka
94.99.12	Þjónusta hópa umhverfissinna
94.99.13	Verndarþjónusta í þágu tiltekinna hópa
94.99.14	Önnur þjónusta félaga er vinna að almannaheill og bættu þjóðfélagi
94.99.15	Þjónusta ungliðahreyfinga
94.99.16	Þjónusta menningar- og tómstundafélaga
94.99.17	Þjónusta annarra borgaralegra- og félagslegra samtaka
94.99.19	Þjónusta annarra félagasamtaka, ót.a.
94.99.2	Styrkveitingar félagasamtaka
94.99.20	Styrkveitingar félagasamtaka
95	Viðgerðarþjónusta á tölvum og munum til einka- og heimilisnota

Kóði	Vöruliðir
95.1	Viðgerðarþjónusta á tölvum og fjarskiptabúnaði
95.11	Viðgerðarþjónusta á tölvum og jaðarbúnaði
95.11.1	Viðgerðarþjónusta á tölvum og jaðarbúnaði
95.11.10	Viðgerðarþjónusta á tölvum og jaðarbúnaði
95.12	Viðgerðarþjónusta á fjarskiptabúnaði
95.12.1	Viðgerðarþjónusta á fjarskiptabúnaði
95.12.10	Viðgerðarþjónusta á fjarskiptabúnaði
95.2	Viðgerðarþjónusta á munum til einka- og heimilisnota
95.21	Viðgerðarþjónusta á sjónvarps-, útvarps- og hljómtækjum og skyldum búnaði
95.21.1	Viðgerðarþjónusta á sjónvarps-, útvarps- og hljómtækjum og skyldum búnaði
95.21.10	Viðgerðarþjónusta á sjónvarps-, útvarps- og hljómtækjum og skyldum búnaði
95.22	Viðgerðarþjónusta á heimilistækjum og heimilis- og garðyrkjuáhöldum
95.22.1	Viðgerðarþjónusta á heimilistækjum og heimilis- og garðyrkjuáhöldum
95.22.10	Viðgerðarþjónusta á heimilistækjum og heimilis- og garðyrkjuáhöldum
95.23	Viðgerðarþjónusta á skófatnaði og leðurvörum
95.23.1	Viðgerðarþjónusta á skófatnaði og leðurvörum
95.23.10	Viðgerðarþjónusta á skófatnaði og leðurvörum
95.24	Viðgerðarþjónusta á húsgögnum og áklæðum
95.24.1	Viðgerðarþjónusta á húsgögnum og áklæðum
95.24.10	Viðgerðarþjónusta á húsgögnum og áklæðum
95.25	Viðgerðir á úrum, klukkum og skartgripum
95.25.1	Viðgerðir á úrum, klukkum og skartgripum
95.25.11	Viðgerðarþjónusta á úrum og klukkum
95.25.12	Viðgerðarþjónusta á skartgripum
95.29	Viðgerðir á öðrum hlutum til einka- og heimilisnota
95.29.1	Viðgerðir á öðrum hlutum til einka- og heimilisnota
95.29.11	Viðgerðar- og breytingaþjónusta á fatnaði og textílvörum til heimilisnota
95.29.12	Viðgerðarþjónusta á reiðhjólum
95.29.13	Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á hljóðfærum
95.29.14	Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á íþróttabúnaði
95.29.19	Viðgerðarþjónusta á öðrum hlutum til einka- og heimilisnota, ót.a.
96	Önnur persónuleg þjónusta
96.0	Önnur persónuleg þjónusta
96.01	Þvotta- og (þurr)hreinsunarþjónusta á textílefnum og loðfeldum
96.01.1	Þvotta- og (þurr)hreinsunarþjónusta á textílefnum og loðfeldum
96.01.11	Rekstur þvottahúsa með sjálfsafgreiðslu
96.01.12	Þurrhreinsunarþjónusta (þ.m.t. hreinsun á loðfeldum)
96.01.13	Pressunarþjónusta
96.01.14	Leysilitunar- og litunarþjónusta

Kóði	Vöruliðir
96.01.15	Hreinsun textílefna á heimilum
96.01.19	Önnur hreinsun textílefna
96.02	Hárgreiðslu- og snyrtistofuþjónusta
96.02.1	Hárgreiðslu- og snyrtistofuþjónusta
96.02.11	Hárgreiðsluþjónusta fyrir konur og stúlkur
96.02.12	Hárgreiðslu- og rakaraþjónusta fyrir karla og drengi
96.02.13	Snyrtistofuþjónusta, hand- og fótsnyrtiþjónusta
96.02.14	Hárgreiðslu- og rakaraþjónusta, snyrtistofuþjónusta, hand- og fótsnyrtiþjónusta á heimilum
96.02.19	Önnur snyrtistofuþjónusta
96.02.2	Mannshár, óunnið
96.02.20	Mannshár, óunnið
96.03	Útfararþjónusta og tengd þjónusta
96.03.1	Útfararþjónusta og tengd þjónusta
96.03.11	Kirkjugarða- og líkbrennsluþjónusta
96.03.12	Útfararþjónusta
96.04	Heilsuræktarþjónusta
96.04.1	Heilsuræktarþjónusta
96.04.10	Heilsuræktarþjónusta
96.09	Önnur persónuleg þjónusta, ót.a.
96.09.1	Önnur persónuleg þjónusta, ót.a.
96.09.11	Gæsluþjónusta fyrir gæludýr
96.09.12	Fylgdarþjónusta
96.09.13	Sjálfsafgreiðsluvélaþjónusta, ót.a.
96.09.19	Önnur þjónusta af ýmsu tagi, ót.a.
T	ATVINNUREKSTUR INNAN HEIMILIS, ÝMISS KONAR VÖRUFRAMLEIÐSLA OG ÞJÓNUSTUSTARFSEMI TIL EIGIN NOTA
97	Heimilishald með launuðu starfsfólki
97.0	Heimilishald með launuðu starfsfólki
97.00	Heimilishald með launuðu starfsfólki
97.00.1	Heimilishald með launuðu starfsfólki
97.00.11	Heimilishald með launuðu starfsfólki sem veitir dagvistunarþjónustu fyrir börn
97.00.12	Heimilishald með launuðu starfsfólki sem veitir aðstoðarþjónustu fyrir aldraða, án læknishjálpar
97.00.13	Heimilishald með launuðu starfsfólki sem veitir aðstoðarþjónustu fyrir fullorðna, fatlaða einstaklinga, án læknishjálpar
97.00.14	Heimilishald með launuðu starfsfólki sem veitir húsnæðis- og heimilisaðstoðarþjónustu fyrir daglegt líf
97.00.19	Önnur þjónusta heimila með launuðu starfsfólki
98	Þjónustustarfsemi og framleiðsla á heimilum á ýmiss konar vöru til eigin nota
98.1	Framleiðsla á heimilum á ýmiss konar vöru til eigin nota
98.10	Framleiðsla á heimilum á ýmiss konar vöru til eigin nota
98.10.1	Framleiðsla á heimilum á ýmiss konar vöru til eigin nota
98.10.10	Framleiðsla á heimilum á ýmiss konar vöru til eigin nota
98.2	Ýmiss konar þjónustustarfsemi á heimilum í eigin þágu
98.20	Ýmiss konar þjónustustarfsemi á heimilum í eigin þágu

Kóði	Vöruliðir
98.20.1	Ýmiss konar þjónustustarfsemi á heimilum í eigin þágu
98.20.10	Ýmiss konar þjónustustarfsemi á heimilum í eigin þágu
U	ÞJÓNUSTA STOFNANA OG SAMTAKA MEÐ ÚRLENDISRÉTT
99	Þjónusta stofnana og samtaka með úrlendisrétt
99.0	Þjónusta stofnana og samtaka með úrlendisrétt
99.00	Þjónusta stofnana og samtaka með úrlendisrétt
99.00.1	Þjónusta stofnana og samtaka með úrlendisrétt
99.00.10	Þjónusta stofnana og samtaka með úrlendisrétt

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1114/2014 **2015/EES/46/31**

frá 21. október 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2075/2005 um sértækar reglur um opinbert eftirlit með tríkínu í kjöti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ([1]), einkum 8. til 11. lið 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2075/2005 ([2]) er mælt fyrir um reglur um sýnatöku úr skrokkum af tegundum, sem eru næmar fyrir tríkínusmiti, til að ákvarða stöðu búa og hólfa og skilyrði fyrir innflutningi á kjöti til Sambandsins. Þar er einnig kveðið á um tilvísunaraðferðir og jafngildar aðferðir til að greina tríkínu í sýnum úr skrokkum.

2) Með reglugerð (EB) nr. 2075/2005 er stykkjun skrokka af alisvínum heimiluð við tiltekin skilyrði þar til niðurstöður liggja fyrir úr tríkínurannsókninni. Til að auðvelda rekstur stykkjunarstöðva ætti einnig að íhuga slíka heimild fyrir hesta við sömu skilyrði.

3) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 216/2014 ([3]) breyttust tilteknar undanþágur í reglugerð 2075/2005 að því er varðar sýnatöku úr alisvínum vegna tríkínu. Með reglugerð (ESB) nr. 216/2014 breyttust einnig kröfur sem stjórnendur matvælafyrirtækja þurfa að uppfylla til að öðlast opinbera viðurkenningu á búum sem beita hýsingu við stýrð skilyrði. Eitt þessara skilyrða er að stjórnanda er einungis heimilt að koma með ný dýr á búið ef þau eru frá búum sem hafa einnig verið opinberlega viðurkennd sem bú sem beita hýsingu við stýrð skilyrði. Koma ætti skýrt fram hvaða skilyrði gilda þegar alisvín, önnur en þau sem eru ætluð beint til slátrunar, eru flutt frá einu búi til annars gegnum söfnunarstöðvar. Að auki ætti að aðlaga viðeigandi vottorð vegna viðskipta innan Sambandsins og innflutnings til þess að þessum breyttu kröfum.

4) Opinber dýralæknir ætti að láta upplýsingar um opinbera viðurkenningu á upprunabúi, sem beitir hýsingu við stýrð skilyrði, fylgja dýraheilbrigðisvottorðum, sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 64/432/EBE ([4]) að því er varðar viðskipti með svín innan Sambandsins og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 ([5]) að því er varðar innflutning til Sambandsins á alisvínum frá þriðju löndum, til að gera aðildarríkjum kleift að beita viðeigandi fyrirkomulagi við tríkínuprófanir við slátrun og stofna ekki stöðu búsins, sem er ákvörðunarstaður svína til undaneldis eða framleiðslu, í hættu.

5) Til að tryggja rétta beitingu reglugerðar (EB) nr. 2075/2005 ætti að skrá þriðju lönd, sem flytja út alisvín eða kjöt af þeim, í viðeigandi gerðir um innflutningsskilyrði ef þau nota undanþágurnar varðandi sýnatöku úr alisvínum vegna tríkínu og ef bú eða hólf eru opinberlega viðurkennd sem bú eða hólf sem beita hýsingu við stýrð skilyrði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 302, 22.10.2014, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2075/2005 frá 5. desember 2005 um sértækar reglur um opinbert eftirlit með tríkínu í kjöti (Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 60).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 216/2014 frá 7. mars 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2075/2005 um sértækar reglur um opinbert eftirlit með tríkínu í kjöti (Stjtíð. ESB L 69, 8.3.2014, bls. 85).

([4]) Tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín (Stjtíð. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 frá 12. mars 2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtíð. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1).

6) Lýðheilsuvottun tríkínurannsóknarinnar ætti að fylgja heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir, sem fylgja nýju kjöti í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, unnum kjötvörum í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/572/EB ([6]) og kjötafurðum í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB ([7]).

7) Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á sníklum hefur mælt með því að texti reglugerðarinnar (EB) nr. 2075/2005 verði gerður skýrari í tengslum við verklagsreglur fyrir tilteknar, jafngildar aðferðir fyrir tríkínuprófun. Að auki fullgilti tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins nýja aðferð (PrioCHECK® Trichinella AAD KIT) til greiningar á tríkínu í kjöti alisvína. Því ætti að heimila þá aðferð til prófunar á þessari tegund.

8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2075/2005 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2075/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„*2. gr.*

Taka sýna úr skrokkum

1. Taka skal sýni úr skrokkum alisvína í sláturhúsum sem hluta af skoðun eftir slátrun á eftirfarandi hátt:

a) allir skrokkar af gyltum til undaneldis og göltum eða a.m.k. 10% skrokka af dýrum sem send eru til slátrunar á ári hverju frá öllum búum, sem eru opinberlega viðurkennd sem bú sem beita hýsingu við stýrð skilyrði, skulu rannsakaðir með tilliti til tríkínu,

b) allir skrokkar frá búum, sem eru ekki opinberlega viðurkennd sem bú sem beita hýsingu við stýrð skilyrði, skulu rannsakaðir kerfisbundið með tilliti til tríkínu.

Taka skal sýni úr hverjum skrokki og rannsaka það með tilliti til tríkínu á rannsóknarstofu, sem lögbært yfirvald tilnefnir, með einni af eftirfarandi greiningaraðferðum:

a) tilvísunargreiningaraðferðinni sem sett er fram í I. kafla I. viðauka eða

b) jafngildri greiningaraðferð sem sett er fram í II. kafla I. viðauka.

2. Taka skal sýni kerfisbundið úr skrokkum hrossa, villisvína og annarra dýrategunda, alinna og villtra, sem eru næmar fyrir tríkínusmiti, í sláturhúsum eða starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr, sem hluta af skoðun eftir slátrun.

Taka skal sýni úr hverjum skrokki og rannsaka það í samræmi við I. og III. viðauka á rannsóknarstofu sem lögbært yfirvald tilnefnir.

([6]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/572/EB frá 8. september 2000 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og lýðheilsu og útgáfu heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir vegna innflutnings á unnum kjötvörum frá þriðju löndum til Bandalagsins (Stjtíð. EB L 240, 23.9.2000, bls. 19).

([7]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB frá 29. nóvember 2007 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og fyrirmyndir að vottorðum vegna innflutnings frá þriðju löndum á tilteknum kjötafurðum og meðhöndluðum mögum, þvagblöðrum og þörmum til manneldis og um niðurfellingu á ákvörðun 2005/432/EB (Stjtíð. ESB L 312, 30.11.2007, bls. 49).

3. Þar til niðurstöður liggja fyrir úr tríkínurannsókninni og að því tilskildu að stjórnandi matvælafyrirtækisins ábyrgist fullan rekjanleika er heimilt að stykkja slíka skrokka af alisvínum og hrossum í sex hluta hið mesta í sláturhúsi eða stykkjunarstöð sem er á sama athafnasvæði.

Þrátt fyrir ákvæði fyrstu undirgreinar og í kjölfar samþykkis lögbærs yfirvalds er heimilt að stykkja skrokkana í stykkjunarstöð, hvort sem hún er tengd eða aðskilin sláturhúsinu, að því tilskildu að:

a) það sé gert undir eftirliti lögbærs yfirvalds,

b) hver skrokkur eða hluti hans endi ekki á fleiri en einni stykkjunarstöð,

c) stykkjunarstöðin sé innan yfirráðasvæðis aðildarríkisins og

d) allir hlutar skrokksins séu dæmdir óhæfir til manneldis ef niðurstöðurnar reynast jákvæðar.“

2) Í stað 13. gr. komi eftirfarandi:

„13. gr.

Heilbrigðiskröfur við innflutning

1. Aðeins er heimilt að flytja kjöt, sem inniheldur rákótta vöðva, af dýrategundum sem kunna að bera með sér tríkínusmit inn til Sambandsins ef kjötið hefur verið rannsakað með tilliti til tríkínu, í samræmi við 2. eða 3. gr., fyrir útflutning í því þriðja landi þar sem dýrunum var slátrað.

2. Þriðja landi er einungis heimilt að beita undanþágunum, sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 3. gr., ef það hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um beitingu þessara undanþága og ef það er skráð í þeim tilgangi:

i. í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 vegna innflutnings á lifandi alisvínum, eða

ii. í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 vegna innflutnings á nýju kjöti af alisvínum,

iii. í 2. hluta II. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB vegna innflutnings á kjötafurðum, sem eru eingöngu framleiddar úr kjöti eða kjötafurðum af alisvínum.“

3) Í stað 15. gr. komi eftirfarandi:

„15. gr.

Skjöl

1. Í fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir viðskipti innan Sambandsins með lifandi alisvín, sem sett er fram í fyrirmynd 2 í viðauka F við tilskipun 64/432/EBE, skal opinber dýralæknir láta fylgja upplýsingar um opinbera viðurkenningu á upprunabúi sem búi sem beitir hýsingu við stýrð skilyrði, eins og kveðið er á um í 8. gr. þessarar reglugerðar.

2. Í fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir innflutning á alisvínum til Sambandsins, sem sett er fram í fyrirmyndunum POR-X og POR-Y í 2. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, skal opinber dýralæknir láta fylgja upplýsingar um opinbera viðurkenningu lögbærs yfirvalds þriðja lands á upprunabúi sem búi sem beitir hýsingu við stýrð skilyrði, sem er jafngild þeim sem kveðið er á um í IV. viðauka við þessa reglugerð.

3. Í heilbrigðisvottorðinu fyrir dýr og dýraafurðir í samræmi við fyrirmyndirnar „POR“, sem settar eru fram í 2. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, sem fylgir vörusendingum af kjöti sem ætlað er til innflutnings til Sambandsins frá þriðju löndum, skal opinberi dýralæknirinn láta fylgja lýðheilsuvottun um rannsókn með tilliti til tríkínu, sem er framkvæmd í samræmi við 13. gr. þessarar reglugerðar, í þriðja landinu sem er upprunaland kjötsins.

4. Í dýraheilbrigðis- og lýðheilsuvottorðinu, en fyrirmynd að því er sett fram í II. viðauka við ákvörðun 2000/572/EB, sem fylgir vörusendingum af unnum kjötvörum sem ætlaðar eru til innflutnings til Sambandsins frá þriðju löndum, skal opinberi dýralæknirinn láta fylgja lýðheilsuvottun um rannsókn með tilliti til tríkínu, sem er framkvæmd í samræmi við 13. gr. þessarar reglugerðar, í þriðja landinu sem er upprunaland kjötsins.

5. Í dýraheilbrigðis- og lýðheilsuvottorðinu, en fyrirmynd að því er sett fram III. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB, sem fylgir vörusendingum af tilteknum kjötafurðum og meðhöndluðum mögum, þvagblöðrum og görnum, sem ætluð eru til innflutnings til Sambandsins frá þriðju löndum, skal opinber dýralæknirinn láta fylgja lýðheilsuvottun um rannsókn með tilliti til tríkínu, sem er framkvæmd í samræmi við 13. gr. þessarar reglugerðar, í þriðja landinu sem er upprunaland kjötsins.“

4) Í stað IV. mgr. í 3. lið I. kafla I. viðauka komi eftirfarandi:

„IV. Aðferð til hreinsunar- og afmengunar eftir jákvæðar eða vafasamar niðurstöður

Ef rannsókn á safnsýni eða stöku sýni gefur jákvæðar eða vafasamar niðurstöður skal allt efni sem hefur komist í snertingu við kjöt (blandaraskál og -hnífur, bikarglas, hræripinni, hitaskynjari, keilulaga síunartrekt, sigti og töng) vandlega afmengað með því að þvo það í volgu vatni (65–90 °C). Mælt er með því að skola hvern hlut vandlega til að fjarlægja allt þvotta- og hreinsiefni, ef þvotta- og hreinsiefni eru notuð við þvott.“

5) Í stað IV. mgr. í 3. lið D-hluta II. kafla I. viðauka komi eftirfarandi:

„IV. Aðferð til hreinsunar- og afmengunar eftir jákvæðar eða vafasamar niðurstöður

Ef rannsókn á safnsýni eða stöku sýni gefur jákvæðar eða vafasamar niðurstöður í latexkekkjun skal allt efni sem hefur komist í snertingu við kjöt (blandaraskál og -hnífur, stautur, bikarglas, hræripinni, hitaskynjari, keilulaga síunartrekt, sigti og töng) vandlega afmengað með því að bleyta það í nokkrar sekúndur í volgu vatni (65–90 °C). Leifar af kjöti eða lirfur, sem hafa verið gerðar óvirkar og kunna að vera eftir á yfirborðinu, skulu fjarlægðar með hreinum svampi og kranavatni. Ef þörf krefur er hægt að bæta nokkrum dropum af þvotta- og hreinsiefni við til að fituhreinsa búnaðinn. Síðan er mælt með því að skola hvern hlut vandlega til að fjarlægja allan vott af þvotta- og hreinsiefni.“

6) Í II. kafla I. viðauka bætist eftirfarandi E-hluti við:

„E. **Gervimeltingarprófun (e. *artificial digestion test*) til greiningar í glasi á tríkínulirfum í kjötsýnum, PrioCHECK® Trichinella AAD Kit.**

Þessi aðferð telst einungis jafngild við prófun á kjöti af alisvínum

Nota skal PrioCHECK® *Trichinella* AAD Kit samkvæmt notendahandbókinni með settinu og nota skiltrektir (Lenz NS 29/32) og tilraunaglas úr gleri sem tekur 80 ml.“

7) Í stað g- j-liðar í A-hluta I. kafla IV. viðauka komi eftirfarandi:

„g) stjórnandinn skal tryggja að alisvínin séu auðkennd svo að rekja megi hvert dýr aftur til búsins,

h) stjórnandinn skal tryggja að einungis sé komið með alisvín á búið ef þau eru upprunnin í og koma frá búum sem hafa verið opinberlega viðurkennd sem bú sem beita hýsingu við stýrð skilyrði,

i) ekkert alisvínanna hefur aðgang að aðstöðu utandyra nema stjórnandi geti sýnt lögbæru yfirvaldi fram á það á fullnægjandi hátt með áhættugreiningu að tímabil, aðstaða og aðstæður í tengslum við aðgang að útisvæðum skapi ekki hættu á aðflutningi tríkínu á búið,

j) ekkert svínanna til undaneldis og framleiðslu, eins og skilgreint er í c-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 64/432/EBE, hefur, eftir að það hefur yfirgefið upprunabúið, verið affermt á söfnunarstöð, eins og skilgreint er í o-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 64/432/EBE, nema söfnunarstöðin uppfylli kröfurnar í a- til i-lið í þessum hluta og öll alisvín, sem er safnað saman í sendingar á söfnunarstöðinni, eru upprunnin í og koma frá búum sem hafa verið opinberlega viðurkennd sem bú sem beita hýsingu við stýrð skilyrði eða frá opinberlega viðurkenndum hólfum.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/38 **2015/EES/46/32**

frá 13. janúar 2015

um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus acidophilus* CECT 4529 sem fóðuraukefni fyrir varphænur og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1520/2007 (leyfishafi er Centro Sperimentale del Latte) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Blanda með *Lactobacillus acidophilus* CECT 4529 var leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir varphænur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1520/2007 ([3]). Blandan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á blöndu með *Lactobacilllus acidophilus* CECT 4529 sem fóðuraukefni fyrir varphænur og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um nýja notkun í drykkjarvatn og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 1. júlí 2014 ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Lactobacillus acidophilus* CECT 4529 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að notkun blöndunnar geti hugsanlega aukið varp og bætt hlutfallið á milli fóðurs og eggjamassa. Hún taldi að niðurstöðurnar séu óháðar ákomuleið, að því tilskildu að váhrifin af völdum drykkjarvatns séu þau sömu og frá sambærilegum skammt í fóðri. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með *Lactobacillus acidophilus* CECT 4529 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af veitingu nýs leyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 leiðir að breyta ber reglugerð (EB) nr. 1520/2007 til samræmis við það.

7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 8, 14.1.2015, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1520/2007 frá 19. desember 2007 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 17).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(7), 3789.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1520/2007

Reglugerð (EB) nr. 1520/2007 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 4. gr. falli brott.

2) Ákvæði IV. viðauka falli brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 3. september 2015 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 3. mars 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/ kg heilfóðurs með 12% rakainnihald		CFU/l drykkjarvatns			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.											
4b1715	Centro Sperimentale del Latte	*Lactobacillus acidophilus* CECT 4529	**Samsetning aukefnis:** Blanda með *Lactobacillus acidophilus* CECT 4529 sem inniheldur að lágmarki: $5x10^{10}$ CFU/g aukefnis (fast form). **Lýsing á eiginleikum virka efnisins:** Lífvænlegar frumur *Lactobacillus acidophilus* CECT 4529. **Greiningaraðferð**(1) Ákvörðun á heildarfjölda: dreifingaraðferð (EN 15787). Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Varphænur	–	1×10^9	–	5×10^8	–	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu, forblöndunni og fóðurblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði, kögglafestu og stöðugleika í drykkjarvatni. 2. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn. 3. Við notkun aukefnisins í drykkjarvatn skal tryggja einsleita dreifingu aukefnisins.	3. mars 2025

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/244 **2015/EES/46/33**

frá 16. febrúar 2015

um leyfi fyrir kínólíngulu sem fóðuraukefni fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Kínólíngulur var leyfður án tímamarka sem fóðuraukefni fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis og fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis að því er varðar tiltekið unnið fóður, sem hluti af flokknum „litgjafar“, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE. Efnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni, sem komið var á í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á kínólíngulum sem fóðuraukefni fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis og umsækjandinn óskaði eftir, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 10. júlí 2013 að við tillögð skilyrði fyrir notkun í fóður hafi kínólíngulur ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Að teknu tilliti til þeirra gagna sem umsækjandinn lagði fram komst Matvælaöryggisstofnunin einnig að þeirri niðurstöðu að ekki sé unnt að meta skilvirkni kínólínguls að því er varðar skammt og eðli fóðurs og vinnslu þess. Þó lagði Matvælaöryggisstofnunin einnig áherslu á að hugsanlega væri ekki þörf á því að sýna frekar fram á skilvirkni þessa aukefnis, sem er leyft í matvæli, ef verkunarmáti þess sé eins í fóðri og matvælum. Þar eð tillagt hámarksgildi, sem Matvælaöryggisstofnunin mælir með fyrir þetta aukefni, er líkt þeim gildum sem leyfð eru fyrir matvæli í ólíkum vörutegundum, telur framkvæmdastjórnin að nægar sannanir séu fyrir hendi að því er varðar skilvirkni þessa efnis. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á kínólíngulum sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 41, 17.2.2015, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „litgjafar, efni sem gefa fóðri lit eða gefa því aftur sinn fyrri lit“, og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og fóður sem inniheldur efnið og eru framleidd og merkt fyrir 9. mars 2017 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 9. mars 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur skynrænna aukefna. Virkur hópur: Litgjafar. (i) efni sem gefa fóðri lit eða gefa því aftur sinn fyrri lit								
2a104	Kínólín-gulur	*Samsetning aukefnis* Kínólíngulur Lýsingin á kínólíngulum á við efnið sem natríumsalt sem helsta efnisþátt *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Hlutfall efnisþátta kínólínguls er: – 2-(2-kínólýl)indan-1,3-díón-dísúlfónöt: ≥ 80%, – 2-(2-kínólýl)indan-1,3-díón-mónósúlfónöt: ≤ 11%, – 2-(2-kínólýl)indan-1,3-díón-trísúlfónöt: ≤ 7%. Efnaformúla: $C_{18}H_9N\ Na_2O_8S_2$ (natríumsalt) CAS-nr.: 8004-92-0 (helsti efnisþáttur) Kínólíngulur, fast form, framleitt með efnasmíði Hreinleikaskilyrði: ≥ 70% litunarefnis, reiknað sem natríumsalt Kalsíum- og kalíumsölt ≤ 30% *Greiningaraðferðir*(1) Til að magnákvarða heildarinnihald litunarefnisins kínólíngulur í fóðuraukefninu og fóðrinu: litrófsmæling við 411 nm (Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilb rigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum, gæðalýsing efnis nr. 1, 4. bindi).	Dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis	—	—	25	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 2. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	9. mars 2025

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Sambandsins: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/264 **2015/EES/46/34**

frá 18. febrúar 2015

um leyfi fyrir neóhesperidíndíhýdrókalkóni sem fóðuraukefni fyrir sauðfé, fiska, hunda, kálfa og tiltekna flokka svína (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. er kveðið á um endurmat á fóðuraukefni samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Neóhesperidíndíhýdrókalkón var leyft án tímamarka sem fóðuraukefni fyrir smágrísi, hunda, kálfa og sauðfé í samræmi við tilskipun 70/524/EBE. Efnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni, sem komið var á í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. hennar, var lögð fram umsókn um endurmat á neóhesperidíndíhýdrókalkóni sem fóðuraukefni fyrir spenagrísi og fráfærugrísi, eldissvín, kálfa til eldis, kálfa til sláturéldis, sauðfé og hunda. Einnig var lögð fram umsókn í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar um nýja notkun í drykkjarvatn fyrir þær tegundir og flokka dýra og um nýja notkun fyrir fiska. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í flokkinn „skynræn aukefni“ Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 15. nóvember 2011 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun í fóður fyrir allar tegundir sem um er að ræða, að undanskildum fiskum, hafi neóhesperidíndíhýdrókalkón ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu í síðara áliti frá 9. apríl 2014 ([4]) að notkun neóhesperidíndíhýdrókalkóns sem fóðuraukefni fyrir fiska hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki sé nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þess þar eð hún er í grundvallaratriðum sú sama í fóðri og í matvælum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

4) Matið sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessa efnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

5) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 45, 19.2.2015, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(12), 2444.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3669.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 11. september 2015 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 11. mars 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir svín, kálfa, sauðfé og hunda.

Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 11. september 2015 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 11. mars 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir svín, kálfa og sauðfé.

Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 11. mars 2017 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 11. mars 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir hunda.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarksi-nnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald.			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni									
2b959	—	Neóhesperidín-díhýdrókalkón	*Samsetning aukefnis* Neóhesperidíndíhýdrókalkón Etanól ≤ 5 000 mg/kg *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Neóhesperidíndíhýdrókalkón $C_{28}H_{36}O_{15}$ CAS-nr.: 20702-77-6 Neóhesperidíndíhýdrókalkón, fast form, framleitt með efnasmíði Hreinleiki: a.m.k. 96% (þurrefni) *Greiningaraðferð*([1]) Til að ákvarða neóhesperidíndíhýdrókalkón í fóðuraukefninu: Þunnlagsskiljun, Evrópska lyfjaskráin 6.0, aðferð 01/2008:1547. Til að ákvarða neóhesperidíndíhýdrókalkón í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með díóðufjölnema (HPLC-DAD).	Smágrísir og eldissvín.	—	—	35	1. Í notkunarleið-beiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	11. mars 2025
				Kálfar	—	—	35		
				Sauðfé	—	—	35		
				Fiskar	—	—	35		
				Hundar	—	—	35		

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 991/2014 **2015/EES/46/35**

frá 19. september 2014

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fosetýl í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og a-lið 1. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir fosetýl.

2) Skilgreining á efnaleifum vegna vöktunar, sem gildir fyrir fosetýl, nær yfir móðurefnið fosetýl, niðurbrotsefnið fosfórsýrling og sölt þeirra. Sölt fosfórsýrlings eru nefnd fosfónöt.

3) Framkvæmdastjórnin fékk upplýsingar frá aðildarríkjum og rekstraraðilum sem sýna að fosfónöt eru fyrir hendi í eða á tilteknum afurðum sem leiðir til þess að styrkur leifa verður meiri en hámarksgildi leifa sem nemur 2 mg/kg, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 396/2005 að því er varðar þessar afurðir, sem svarar til magngreiningarmarka.

4) Árið 2014 safnaði framkvæmdastjórnin vöktunargögnum til að rannsaka tilvist fosfónata í matvælum. Stjórnendur matvælafyrirtækja öfluðu þessara gagna sem sýndu að fosfónöt eru fyrir hendi í mismunandi styrk sem fer eftir uppruna og afurð en fer oft yfir hámarksgildi leifa sem var fastsett við magngreiningarmörk sem nema 2 mg/kg. Frekari greining á gögnunum benti til þess að meirihluti þeirra sýna, sem eru ekki í samræmi við kröfur, innihaldi leifar fosfórsýrlings og salta hans í meira magni en magngreiningarmörk segja til um, á meðan leifar fosetýls og salta þess haldist undir magngreiningarmörkum.

5) Þótt fosfónöt hafi ekki verið tekin inn í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 ([2]) skv. 14. gr. þeirrar reglugerðar gæti áburður, sem er leyfður á landsvísu, innihaldið þau, þ.e.a.s. tilteknar áburðarvörur sem eru notaðar á laufblöð plantna (laufblaðaáburður). Að teknu tilliti til þess að viðeigandi leyfi vantar fyrir plöntuvarnarvörum sem innihalda fosetýl, bæði í Sambandinu og þriðju löndum sem eru mikilvægir útflytjendur viðkomandi matvæla inn í Sambandið, þess að greinanlegar leifar fosetýls og salta þess finnast sjaldan og notkunar fosfónata sem innihaldsefnis í laufblaðaáburðarvörur má gera ráð fyrir með nokkurri vissu að efnaleifar séu afleiðing notkunar á laufblaðaáburðarvörum sem innihalda fosfónöt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 279, 23.9.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð (Stjtíð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1).

6) Framkvæmdastjórnin óskaði eftir að Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, skilaði áliti um áhættu fyrir lýðheilsu sem stafar af leifum fosfónata í eða á tilteknum afurðum. Vegna þess hve erindið var brýnt gaf Matvælaöryggisstofnunin út yfirlýsingu, þar sem vísað er til fjölmargra óvissuþátta sem enn eru til staðar, frekar en rökstutt álit ([3]). Matvælaöryggisstofnunin sendi þá yfirlýsingu til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði hana aðgengilega almenningi.

7) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í yfirlýsingu sinni að gera megi ráð fyrir að tillögð bráðabirgðahámarksgildi leifa veiti neytendum nægilega vernd. Mat á ævilöngum váhrifum af völdum efnaleifa fosfónata vegna neyslu á öllum matvælum sem kunna að innihalda þau leiddi ekki í ljós hættu á að farið sé yfir ásættanlega, daglega inntöku Matvælaöryggisstofnunin framkvæmdi ekki mat á bráðum váhrifum fyrir neytendur vegna lítilla bráðra eiturhrifa fosfónats. Matvælaöryggisstofnunin benti á að óvissuþættir hafi haft áhrif á yfirlýsingu sína og lagði til að skilgreiningunni á efnaleifum yrði breytt.

8) Til að komast hjá umtalsverðri röskun á markaði í viðskiptum með viðkomandi afurðir og þar eð engin áhætta hefur verið tilgreind fyrir neytendur á grundvelli fyrirliggjandi vísindagagna þykir rétt að fastsetja bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir fosetýl á grundvelli fyrirliggjandi vöktunargagna og yfirlýsingar Matvælaöryggisstofnunarinnar. Þessi bráðahámarksgildi leifa ættu að einungis að gilda þangað til ráðstafanir til að koma í veg fyrir fosfanatleifar í viðkomandi nytjaplöntum á komandi vaxtartímum taka gildi.

1043			(bútadíen, etýlakrýlat, metýlmetakrýlat, stýren)-samfjölliða, víxltengd við 1,3-bútandíóldímetakrýlat, í nanóformi	já	nei	nei			Eingöngu til notkunar sem agnir í óplestin pólývínýlklóríð, allt að 10% massahlutfall, í snertingu við allar tegundir matvæla við eða undir stofuhita, þ.m.t. langtímageymsla. Við notkun ásamt efni með ESM-nr. 859 og/eða efni með ESM-nr. 998 gilda takmarkanirnar um 10% massahlutfall um summu þessara efna. Þvermál agnanna skal vera > 20 nm og þvermál a.m.k. 95% af þeim skal vera > 40 nm.“	

c) Færslan sem varðar ESM-efni nr. 725 falli brott.

2) Í stað færslnanna sem varða flokkatakmarkanir nr. 15 og 30 í töflu 2 komi eftirfarandi:

„15	98 196 344	15	gefið upp sem formaldehýð
30	254 344 672	5	gefið upp sem 1,4-bútandíól“

3) Eftirfarandi færsla bætist við í töflu 3:

21)	Ef efnahvörf með matvælum eða matvælahermi eiga sér stað skal sannprófun á samræmi fela í sér sannprófun á því að ekki sé farið yfir flæðimörk fyrir vatnsrofsefnin formaldehýð og 1,4-bútandíól.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/407 **2015/EES/46/39**

frá 11. mars 2015

um að samþykkja própan-2-ól sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2 og 4 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur eða færslu þeirra á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012. Sú skrá nær yfir própan-2-ól.

2) Própan-2-ól hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 fyrir notkun í sæfivörur í vöruflokki 1, sótthreinsiefni í hreinlætisvörum fyrir fólk, vöruflokki 2, sótthreinsiefni og þörungaeyðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr, og vöruflokki 4, sótthreinsiefni til notkunar á svæðum fyrir matvæli og fóður, eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Þýskaland var tilnefnd sem lögbært matsyfirvald og lagði matsskýrslur, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 5. nóvember 2012 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 ([3]).

4) Sæfivörunefndin setti álit Efnastofnunar Evrópu fram 18. júní 2014, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt þessum álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokkum 1, 2 og 4 og innihalda própan-2-ól, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([4]) að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þess séu uppfyllt.

6) Því er rétt að samþykkja própan-2-ól til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2 og 4, með fyrirvara um samræmi við slíkar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

7) Þar eð mötin fjölluðu ekki um nanóefni ættu samþykkin ekki að ná yfir slík efni í samræmi við 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

8) Að því er varðar notkun í vöruflokk 4 fjallaði matið ekki um íblöndun sæfivara, sem innihalda própan-2-ól, í efnivið og hluti sem ætlað er að komast með beinum eða óbeinum hætti í snertingu við matvæli í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 ([5]). Fyrir slíkan efnivið gæti reynst nauðsynlegt að setja sértæk mörk fyrir flæði yfir í matvæli, eins og um getur í e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004. Samþykkið ætti því ekki að ná yfir slíka notkun, nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett slík mörk eða sýnt hafi verið fram á samkvæmt þeirri reglugerð að slík mörk séu ekki nauðsynleg.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

9) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal própan-2-ól sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2 og 4, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöru-flokkur	Sértæk skilyrði ([2])
Própan-2-ól	IUPAC-heiti: 2-própanól EB-nr.: 200-661-7 CAS-nr.: 67-63-0	99% þyngdar-hlutfall	1. júlí 2016	30. júní 2026	1	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.
					2	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.
					4	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ([3]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([4]), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa. 2) Ekki skal blanda sæfivörum sem innihalda própan-2-ól í efnivið og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli í skilningi 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004, nema framkvæmdastjórnin hafi fastsett sértæk mörk fyrir flæði própan-2-ól yfir í matvæli eða sýnt hafi verið fram á, samkvæmt þeirri reglugerð, að slík mörk séu ekki nauðsynleg.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/environment/chemicals/biocides/index_en.htm.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE(Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 548/2014 **2015/EES/46/40**

frá 21. maí 2014

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar litla, meðalstóra og stóra aflspenna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um visthönnun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn þar sem umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á aflspennum. Rannsóknin var þróuð ásamt hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi aðilum frá Sambandinu og hafa niðurstöðurnar verið gerðar aðgengilegar öllum. Aflspennar teljast orkutengd vara í skilningi 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

2) Rannsóknin sýndi að orkunotkun á notkunartímanum er mikilvægasti umhverfisþátturinn sem hægt er að taka á með vöruhönnun. Umtalsvert magn af hráefnum (kopar, járni, resíni, áli) eru notuð við framleiðslu á aflspennum en markaðsaðferðir virðast tryggja fullnægjandi meðhöndlun á búnaði sem er úr sér genginn og því er ekki nauðsynlegt að setja tengdar kröfur varðandi visthönnun.

3) Kröfur varðandi visthönnun sem settar eru fram í I. viðauka gilda um vörur sem settar eru á markað eða teknar í notkun óháð því hvar þær eru settar upp. Því er ekki hægt að gera slíkar kröfur háðar notkun vörunnar.

4) Aflspennar eru oftast keyptir samkvæmt rammasamningum. Í þessu samhengi vísa kaup til þess að gera samning við framleiðanda um afhendingu á tilteknu magni aflspenna. Samningurinn telst hafa öðlast gildi þann dag sem aðilarnir undirrita hann.

5) Tilteknir flokkar aflspenna ættu ekki að falla undir þessa reglugerð, vegna sérstaks hlutverks þeirra. Orkunotkun og orkusparnaðarmöguleikar slíkra aflspenna eru óverulegir miðað við aðra aflspenna.

6) Tilslakanir á reglum eru veittar vegna þyngdartakmarkana að því er varðar að festa aflspenna á veitustaura. Til að koma í veg fyrir misnotkun á aflspennum sem sérstaklega eru framleiddir til notkunar þar sem þeir eru festir á staura ætti merkingin „eingöngu til notkunar á staurum“ að vera sýnileg til að greiða fyrir vinnu landsbundinna markaðseftirlitsyfirvalda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 152, 22.5.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

7) Tilslakanir á reglum eru veittar vegna aflspenna sem hafa búnað sem getur framkvæmt spennureglun til að taka raforku frá dreifðri framleiðslu úr endurnýjanlegum orkugjöfum inn í dreifikerfið. Slíkar tilslakanir skulu felldar niður í áföngum eftir því sem þessi nýtilkomna tækni þróast og mælingarstaðlar verða tiltækir til að aðskilja tap sem tengist aflspennunum sjálfum frá því sem tengist búnaðinum sem framkvæmir viðbótaraðgerðir.

8) Kröfur varðandi visthönnun með tilliti til orkunýtingar/-nýtni meðalstórra aflspenna og orkunýtni stórra aflspenna ætti að setja með það fyrir augum að samræma kröfur varðandi visthönnun fyrir þennan búnað í gervöllu Sambandinu. Slíkar kröfur myndu einnig stuðla að skilvirkri starfsemi innri markaðarins og því að bæta árangur aðildarríkjanna í umhverfismálum.

9) Einnig er nauðsynlegt að koma á kröfum varðandi visthönnun fyrir meðalstóra og stóra aflspenna til að auka útbreiðslu á markaði á tækni og hönnunarmöguleikum sem bæta orkunýtingu eða -nýtni þeirra. Heildartap allra aflspenna í 27 aðildarríkjum Evrópusambandsins árið 2008 nam 93,4 TWh á ári. Kostnaðarhagkvæmir möguleikar á umbótum með skilvirkari hönnun hafa verið áætlaðir u.þ.b. 16,2 TWh á ári árið 2025, sem jafngildir losun 3,7 milljóna tonna af koltvísýringi.

10) Nauðsynlegt er að kveða á um að kröfur varðandi visthönnun taki gildi í áföngum til að gera framleiðendum kleift að endurhanna vörur innan viðeigandi tímaramma. Tímamörk fyrir framkvæmd þessara krafna ættu að vera sett með tilliti til áhrifa á kostnað fyrir framleiðendur, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt tryggja að stefnumið náist tímanlega.

11) Til að gera kleift að framkvæmd reglugerðarinnar sé skilvirk er landsbundnum stjórnvöldum ráðlagt eindregið að taka tillit til áhrifa krafna varðandi lágmarksnýtni á upphaflegan kostnað við aflspenninn og að gera kleift að nýtnari aflspennar en kveðið er á um í reglugerðinni séu settir upp, þegar hægt er að réttlæta það efnahagslega á grundvelli alls vistferilsins, þ.m.t. fullnægjandi mati á minnkun á tapi.

12) Til að auðvelda eftirlit með því að farið sé að kröfum skal þess farið á leit við framleiðendur að þeir veiti upplýsingarnar sem tilgreindar eru í tæknigögnunum, sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað eða taka í notkun aflspenna með lágmarksafköst sem nema 1 kVA sem notaðir eru í 50 Hz raforkuflutnings- og dreifikerfi eða til notkunar í iðnaði. Reglugerðin gildir aðeins um aflspenna sem keyptir eru eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um aflspenna sem sérstaklega eru hannaðir og notaðir við eftirfarandi:

— mælispenna sem sérstaklega eru hannaðir til að veita spennu til mælitækja, mæla, rafliða og annarra svipaðra tækja,

— aflspenna með lágspennuvöf sem sérstaklega eru hannaðir fyrir notkun með afriðlum til að veita jafnspennu,

— aflspenna sem sérstaklega eru hannaðir til að vera tengdir beint við bræðsluofn,

— aflspenna sem sérstaklega eru hannaðir til notkunar á hafi úti og til notkunar þar sem þeir eru fljótandi á hafi úti,

— aflspenna sem sérstaklega eru hannaðir fyrir öryggisbúnað,

— aflspenna og einvafsspenna sem sérstaklega eru hannaðir fyrir orkuveitukerfi járnbrauta,

— aflspenna til jarðtenginga, þ.e.a.s. þriggja fasa aflspennar sem ætlaðir eru til að vera núllpunktur til að jarðtengja kerfi,

— dráttarspenna sem festir eru á járnbrautarvagna, þ.e. spennar sem tengdir eru með riðstraums- eða jafnstraumstengilínu, annað hvort beint eða með straumbreyti og notaðir eru í föstum búnaði sem notaður er fyrir járnbrautir,

— ræsispenna sem sérstaklega eru hannaðir til að ræsa þriggja fasa spanhreyfla til að koma í veg fyrir dýfur í afhendingarspennu,

— prófunarspenna sem sérstaklega eru hannaðir til að nota í rás til að framleiða tiltekna spennu eða straum til prófunar á rafbúnaði,

— suðuspenna sem sérstaklega eru hannaðir til að nota í rafsuðubúnaði eða viðnámssuðubúnaði,

— spenna sem sérstaklega eru hannaðir fyrir búnað sem er sprengiheldur og ætlaður til námugraftar neðanjarðar([2]),

— spenna sem sérstaklega eru hannaðir til notkunar í djúpu vatni (í kafi),

— tengispenna fyrir millispennubúnað (MV) í millispennubúnað (MV) upp að 5 MVA,

— stóra aflspenna þar sem sýnt er fram á að fyrir tiltekinn búnað séu ekki til staðar neinir aðrir tæknilega mögulegir valkostir sem uppfylla lágmarkskröfur um orkunýtni sem settar eru fram í þessari reglugerð,

— stóra aflspenna sem ætlaðir eru til að koma í stað sams konar spenna á sama stað/sama búnaði fyrir stóra aflspenna sem þegar eru til staðar þegar ekki er hægt að skipta þeim út án þess að það feli í sér óhóflegan kostnað í tengslum við flutning á þeim og/eða uppsetningu,

nema að því er varðar kröfur um vöruupplýsingar og tæknigögn sem settar eru fram í liðum 3 og 4 í I. viðauka.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð og viðaukum hennar, er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „Aflspennir“: staðbundinn búnaður með tveimur eða fleiri vöfum, sem með rafsegulspani, breytir úr einu kerfi riðspennu og -straums í annað kerfi riðspennu og -straums, oftast með öðrum gildum en á sömu tíðni í því skyni að flytja rafafl.

2) „Lítill aflspennir“: aflspennir með hæstu rekstrarspennu búnaðar sem fer ekki yfir 1,1 kV.

3) „Meðalstór aflspennir“: aflspennir með hæstu rekstrarspennu búnaðar sem er hærri en 1,1 kV en fer ekki yfir 36 kV og hefur málafl sem er 5 kVA eða meira, en minna en 40 MVA.

4) „Stór aflspennir“: aflspennir með hæstu rekstrarspennu búnaðar sem er hærri en 36 kV og málafl sem er 5 kVA eða meira, eða málafl sem er 40 MVA eða meira, óháð hæstu rekstrarspennu búnaðar.

5) „Vökvaspennir“: aflspennir með segulrás og vöf á kafi í vökva.

6) „Þurrspennir“: aflspennir þar sem segulrás og vöf eru ekki á kafi í einangrandi vökva.

7) „Meðalstór stauraspennir“: aflspennir með málafl allt að 315 kVA sem hentar til notkunar utanhúss og er hannaður til að festa á burðarstoðir loftraflínu.

([2]) Búnaður sem ætlaður er til notkunar í hugsanlega sprengifimu lofti fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB (Stjtíð. EB L 100, 19.4.1994, bls. 1).

8) „Dreifispennir með spennureglun“: meðalstór aflspennir með viðbótaríhlutum, innan eða utan á spennistankinum, til sjálfvirkrar reglunar á inngangs- eða útgangsspennu spennisins eftir álagi.

9) „Vaf“: samstæða vafninga sem mynda straumrás með spennu sem spennirinn er ætlaður fyrir.

10) „Málspenna vafs“: (U_r) spennan sem nota skal eða myndast við tómgang milli tengja vafs án þrepúttaka eða vafs með úttaki sem er tengt við aðalþrepúttakið.

11) „Háspennuvaf“: vafið með hæstu málspennuna.

12) „Hæsta rekstrarspenna búnaðar“: (U_m) á við um spennisvaf og er hæsta virka meðalgildi spennu milli fasa í þrífasakerfi sem spennisvaf er hannað fyrir, að því er einangrun varðar.

13) „Málafl“: (S_r) viðtekið gildi samafls fyrir vaf sem ásamt málspennu vafsins ákvarðar málstraum þess.

14) „Álagstöp“: (P_k) ítekið raunafl vafapars við máltíðni og viðmiðunarhitastig þegar málstraumur (þrepúttaksstraumur) fer um fasatengi annars vafsins og tengi hinna vafanna eru skammtengd með þau vöf sem hafa þrepúttök tengd aðalþrepúttakinu, en önnur vöf, ef þau eru til staðar, eru með opna straumrás.

15) „Tómgangstöp“: (P_o) ítekið raunafl vafapars við máltíðni þegar spennirinn er spennuhafa og eftirvafsrás er opin. Tengd spenna er málspennan og ef eflivafið hefur þrepúttök er tengt við aðalþrepúttak þess.

16) „Hámarksnýtnistuðull“: (PEI) hámarksgildi hlutfalls milli samafls frá aflspenni að frádregnum rafmagnstöpum og samafls sem flutt er.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun

Litlir, meðalstórir og stórir aflspennar skulu uppfylla kröfur varðandi visthönnun sem settar eru fram í I. viðauka.

4. gr.

Samræmismat

Samræmismat skal framkvæmt með beitingu aðferðarinnar um innra hönnunareftirlit sem sett er fram í IV. viðauka við tilskipun 2009/125/EB eða með stjórnunarkerfisaðferðinni sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. í tilskipun 2009/125/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita sannprófunaraðferðinni sem sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Leiðbeinandi viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir aflspennana með bestu orkunýtinguna sem er tæknilega möguleg við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í IV. viðauka.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku hennar og kynna niðurstöður þeirrar endurskoðunar á samráðsvettvanginum. Við endurskoðun skal sérstaklega leggja mat á a.m.k. eftirfarandi atriði:

— möguleikann á að setja fram lágmarksgildi fyrir toppgildi orkunýtnistuðuls fyrir alla meðalstóra aflspenna, þ.m.t. þá sem hafa málafl undir 3150 kVA,

— möguleikann á að aðskilja tap í tengslum við aflspenninn sjálfan frá tapi í tengslum við aðra íhluti sem framkvæma spennureglunaraðgerðir, ef um slíkt er að ræða,

— hvort viðeigandi sé að setja lágmarkskröfur um orkunýtingu fyrir eins-fasa aflspenna, sem og fyrir litla aflspenna,

— hvort tilslakanir sem veittar hafa verið vegna aflspenna sem festir eru á staura og fyrir sérstakar samsetningar á vafspennu fyrir meðalstóra aflspenna eiga ennþá við,

— möguleikann á að ná yfir önnur umhverfisáhrif en orkunotkun á notkunartímanum.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á 20. degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

1 **Kröfur um lágmarksorkunýtingu eða -nýtni fyrir meðalstóra aflspenna**

Meðalstórir aflspennar skulu uppfylla gildin fyrir hámarkstöp með og án álags eða toppgildi orkunýtnistuðuls sem sett eru fram í töflum I.1 til I.5, að undanskildum meðalstórum aflspennum sem festir eru á staura sem skulu uppfylla gildin fyrir hámarkstöp með og án álags sem sett eru fram í töflu I.6.

1.1 **Kröfur fyrir þriggja fasa meðalstóra aflspenna með málafl ≤ 3150 kVA**

Tafla I.1: Hámarkstöp með og án álags (í W) fyrir þriggja fasa meðalstóra aflspenna **sem eru á kafi í vökva** með annað vafið með $U_m \leq 24$ kV og hitt með $U_m \leq 1{,}1$ kV

	Þrep1 (frá 1. júlí 2015)		Þrep 2 (frá 1. júlí 2021)	
Málafl (kVA)	Hámarkstöp með álagi P_k (W)(*)	Hámarkstöp án álags P_o (W) (*)	Hámarkstöp með álagi P_k (W)(*)	Hámarkstöp án álags P_o (W) (*)
≤ 25	C_k (900)	A_o (70)	A_k (600)	A_o – 10% (63)
50	C_k (1100)	A_o (90)	A_k (750)	A_o – 10% (81)
100	C_k (1750)	A_o (145)	A_k (1250)	A_o – 10% (130)
160	C_k (2350)	A_o (210)	A_k (1750)	A_o – 10% (189)
250	C_k (3250)	A_o (300)	A_k (2350)	A_o – 10% (270)
315	C_k (3900)	A_o (360)	A_k (2800)	A_o – 10% (324)
400	C_k (4600)	A_o (430)	A_k (3250)	A_o – 10% (387)
500	C_k (5500)	A_o (510)	A_k (3900)	A_o – 10% (459)
630	C_k (6500)	A_o (600)	A_k (4600)	A_o – 10% (540)
800	C_k (8400)	A_o (650)	A_k (6000)	A_o – 10% (585)
1000	C_k (10 500)	A_o (770)	A_k (7600)	A_o – 10% (693)
1250	B_k (11 000)	A_o (950)	A_k (9500)	A_o – 10% (855)
1600	B_k (14 000)	A_o (1200)	A_k (12 000)	A_o – 10% (1080)
2000	B_k (18 000)	A_o (1450)	A_k (15 000)	A_o – 10% (1305)
2500	B_k (22 000)	A_o (1750)	A_k (18 500)	A_o – 10% (1575)
3150	B_k (27 500)	A_o (2200)	A_k (23 000)	A_o – 10% (1980)

(*) Hámarkstöpum fyrir afköst í kVA sem falla innan afkasta í töflu I.1 skal náð með línulegum innreikningi.

Tafla I.2: Hámarkstöp með og án álags (í W) fyrir þriggja fasa meðalstóra þurrspenna með eitt vaf með $U_m \leq 24$ kV og hitt með $U_m \leq 1{,}1$ kV.

	Þrep 1 (1. júlí 2015)		Þrep 2 (1. júlí 2021)	
Málafl (kVA)	Hámarkstöp með álagi P_k (W)(*)	Hámarkstöp án álags P_o (W) (*)	Hámarkstöp með álagi P_k (W)(*)	Hámarkstöp án álags P_o (W) (*)
≤ 50	B_k (1700)	A_o (200)	A_k (1500)	A_o – 10% (180)
100	B_k (2050)	A_o (280)	A_k (1800)	A_o – 10% (252)
160	B_k (2900)	A_o (400)	A_k (2600)	A_o – 10% (360)
250	B_k (3800)	A_o (520)	A_k (3400)	A_o – 10% (468)
400	B_k (5500)	A_o (750)	A_k (4500)	A_o – 10% (675)
630	B_k (7600)	A_o (1100)	A_k (7100)	A_o – 10% (990)
800	A_k (8000)	A_o (1300)	A_k (8000)	A_o – 10% (1170)
1000	A_k (9000)	A_o (1550)	A_k (9000)	A_o – 10% (1395)
1250	A_k (11 000)	A_o (1800)	A_k (11 000)	A_o – 10% (1620)
1600	A_k (13 000)	A_o (2200)	A_k (13 000)	A_o – 10% (1980)
2000	A_k (16 000)	A_o (2600)	A_k (16 000)	A_o – 10% (2340)
2500	A_k (19 000)	A_o (3100)	A_k (19 000)	A_o – 10% (2790)
3150	A_k (22 000)	A_o (3800)	A_k (22 000)	A_o – 10% (3420)

(*) Hámarkstöpum fyrir afköst í kVA sem falla innan afkasta í töflu I.1 skal náð með línulegum innreikningi.

Tafla I.3: Leiðrétting á töpum með eða án álags fyrir aðrar spennusamsetningar vafa eða tvöfalda spennu í öðrum eða báðum vöfum (málafl ≤ 3150 kVA)

Eitt vaf með $U_m \leq 24$ kV og hitt með $U_m > 1{,}1$ kV	Leyfileg hámarkstöp í töflum I.1 og I.2 skulu aukin um 10% fyrir tómgangstöp og um 10% fyrir tap með álagi
Eitt vaf með $U_m = 36$ kV og hitt með $U_m \leq 1{,}1$ kV	Leyfileg hámarkstöp í töflum I.1 og I.2 skulu aukin um 15 % fyrir tómgangstöp og um 10% fyrir tap með álagi
Eitt vaf með $U_m = 36$ kV og hitt með $U_m > 1{,}1$ kV	Leyfileg hámarkstöp sem tilgreind eru í töflum I.1 og I.2 skulu aukin um 20% fyrir tómgangstöp og um 15% fyrir töp með álagi

Ef um er að ræða tvöfalda spennu á einu vafi	Ef um er að ræða aflspenna með einu háspennuvafi og tvenns konar spennu sem hægt er að velja frá lágspennuvafi með úttaki skulu töp reiknuð út frá þeirri spennu sem hærri er í lágspennuvafinu og skal það vera í samræmi við leyfileg hámarkstöp í töflum I.1 og 1.2. Tiltækt hámarksafl fyrir lægri spennu lágspennuvafs á slíkum aflspennum skal takmarkast við 0,85 af málafli sem ætlað er lágspennuvafinu við hærri spennuna.
	Ef um er að ræða aflspenna með eitt lágspennuvaf með tvenns konar mögulegar spennur frá háspennuvafi með úttaki, skal reikna töp út frá hærri spennu háspennuvafsins og þau skulu vera í samræmi við leyfileg hámarkstöp í töflum I.1 og I.2. Tiltækt hámarksafl fyrir lægri spennu háspennuvafs á slíkum aflspennum skal takmarkast við 0,85 af málafli sem ætlað er háspennuvafinu við hærri spennuna.
	Ef fullt nafnafl er tiltækt óháð spennusamsetningu má auka gildi tapa sem tilgreind eru í töflum I.1 og I.2 um 15% fyrir tómgangstöp og um 10% fyrir töp með álagi.
Ef um er að ræða tvöfalda spennu á báðum vöfum	Leyfileg hámarkstöp í töflum I.1 og I.2 um 20 % fyrir tómgangstöp og um 20 % fyrir töp með álagi, fyrir aflspenna með tvöfaldri spennu í báðum vöfum. Gildi taps er gefið fyrir hæsta mögulega málafl og á grundvelli þess að málafl sé það sama óháð spennusamsetningu.

1.2 **Kröfur fyrir meðalstóra aflspenna með málafl > 3150 kVA**

Tafla I.4: Lágmarkstoppgildi orkunýtnistuðuls (PEI) fyrir meðalstóra aflspenna **sem eru á kafi** í vökva

Málafl (kVA)	Þrep 1 (1. júlí 2015)	Þrep 2 (1. júlí 2021)
	Lágmarkstoppgildi orkunýtnistuðuls (%)	
$3150 < S_r \leq 4000$	99,465	99,532
5000	99,483	99,548
6300	99,510	99,571
8000	99,535	99,593
10 000	99,560	99,615
12 500	99,588	99,640
16 000	99,615	99,663
20 000	99,639	99,684
25 000	99,657	99,700
31 500	99,671	99,712
40 000	99,684	99,724

Gildi fyrir lágmarksorkunýtnistuðul fyrir afköst kVA sem falla innan afkasta í töflu I.4 skulu reiknuð út með línulegum innreikningi.

Tafla I.5: Gildi yfir lágmarksorkunýtnistuðul (PEI) fyrir meðalstóra þurrspenna

Málafl (kVA)	Þrep 1 (1. júlí 2015)	Þrep 2 (1. júlí 2021)
	Lágmarkstoppgildi orkunýtnistuðuls (%)	
$3150 < S_r \leq 4000$	99,348	99,382
5000	99,354	99,387
6300	99,356	99,389
8000	99,357	99,390
≥ 10 000	99,357	99,390

Gildi fyrir lágmarksorkunýtnistuðul fyrir afköst kVA sem falla innan afkasta í töflu I.5 skulu reiknuð út með línulegum innreikningi.

1.3 **Kröfur fyrir meðalstóra aflspenna með málafl ≤ 3150 kVA sem hafa þrepúttakstengi sem henta notkun á meðan þeir eru spennuhafa eða við álag þegar spennubreyting stendur yfir. Dreifispennar með spennureglun falla undir þennan flokk.**

Leyfileg hámarkstöp sem sett eru fram í töflum I.1 og I.2 skulu aukin um 20% fyrir tómgangstöp og um 5% fyrir töp við álag í 1. þrepi og 10% fyrir tómgangstöp í 2. þrepi.

1.4 **Kröfur fyrir meðalstóra stauraspenna**

Gildi taps við álag og tómgangstaps sem tilgreind eru í töflum I.1 og I.2 eiga ekki við um stauraspenna sem eru á kafi í vökva og hafa afköst á milli 25 kVA og 315 kVA. Fyrir þessa tilteknu tegund meðalstórra stauraspenna eru hámarksgildi leyfilegs taps sett fram í töflu I.6.

Tafla I.6: Tap við hámarksálag og ekkert álag (í W) fyrir meðalstóra stauraspenna sem eru á kafi í vökva

	Þrep 1 (1. júlí 2015)		Þrep 2 (1. júlí 2021)	
Málafl (kVA)	Hámarkstöp við álag (W)(*)	Hámarks tómgangstöp (W)(*)	Hámarkstöp við álag (W)(*)	Hámarks tómgangstöp (W)(*)
25	C_k (900)	A_o (70)	B_k (725)	A_o (70)
50	C_k (1100)	A_o (90)	B_k (875)	A_o (90)
100	C_k (1750)	A_o (145)	B_k (1475)	A_o (145)
160	C_k + 32% (3102)	C_o (300)	C_k + 32% (3102)	C_o – 10% (270)

	Þrep 1 (1. júlí 2015)		Þrep 2 (1. júlí 2021)	
Málafl (kVA)	Hámarkstöp við álag (W)(*)	Hámarks tómgangstöp (W)(*)	Hámarkstöp við álag (W)(*)	Hámarks tómgangstöp (W)(*)
200	C_k (2750)	C_o (356)	B_k (2333)	B_o (310)
250	C_k (3250)	C_o (425)	B_k (2750)	B_o (360)
315	C_k (3900)	C_o (520)	B_k (3250)	B_o (440)

(*) Leyfilegum hámarkstöpum fyrir afköst í kVA sem falla innan afkasta í töflu I.6 skal náð með línulegum innreikningi.

2 **Kröfur um lágmarksorkunýtni fyrir stóra aflspenna**

Kveðið er á um kröfur varðandi lágmarksorkunýtni fyrir stóra aflspenna í töflum I.7 and I.8.

Tafla I.7: Kröfur um lágmarksorkunýtnistuðul (PEI) fyrir stóra aflspenna sem eru á kafi í vökva

Málafl (MVA)	Þrep 1 (1. júlí 2015)	Þrep 2 (1. júlí 2021)
	Lágmarkstoppgildi orkunýtnistuðuls (%)	
≤ 4	99,465	99,532
5	99,483	99,548
6,3	99,510	99,571
8	99,535	99,593
10	99,560	99,615
12,5	99,588	99,640
16	99,615	99,663
20	99,639	99,684
25	99,657	99,700
31,5	99,671	99,712
40	99,684	99,724
50	99,696	99,734
63	99,709	99,745
80	99,723	99,758
≥ 100	99,737	99,770

Gildi fyrir lágmarksorkunýtnistuðul fyrir afköst í MVA sem falla innan afkasta í töflu I.7 skulu reiknuð út með línulegum innreikningi.

Tafla I.8: Kröfur um lágmarksorkunýtnistuðul (PEI) fyrir stóra þurrspenna

Málafl (MVA)	Þrep 1 (1. júlí 2015)	Þrep 2 (1. júlí 2021)
	Lágmarkstoppgildi orkunýtnistuðuls (%)	
≤ 4	99,158	99,225
5	99,200	99,265
6,3	99,242	99,303
8	99,298	99,356
10	99,330	99,385
12,5	99,370	99,422
16	99,416	99,464
20	99,468	99,513
25	99,521	99,564
31,5	99,551	99,592
40	99,567	99,607
50	99,585	99,623
≥ 63	99,590	99,626

Gildi fyrir lágmarksorkunýtnistuðul fyrir afköst í MVA sem falla innan afkasta í töflu I.8 skulu reiknuð út með línulegum innreikningi.

3 **Kröfur um vöruupplýsingar**

Frá 1. júlí 2015 skulu eftirfarandi kröfur um vöruupplýsingar fyrir spennubreyta sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar (1. gr.) fylgja með í öllum tengdum vöruupplýsingaskjölum, þ.m.t. á opnum vefsetrum framleiðenda:

a) upplýsingar um málafl, töp við álag og tómgangstöp og rafafl allra kælikerfa sem krafist er við tómgang,

b) fyrir meðalstóra (ef við á) og stóra aflspenna, toppgildi orkunýtnistuðuls og aflið þegar hann nær toppgildinu,

c) fyrir aflspenna með tvöfaldri spennu, hámarksmálafl við lægri spennu, samkvæmt töflu I.3,

d) upplýsingar um þyngd allra meginíhluta aflspenna (þ.m.t. a.m.k. leiðara, eðli leiðarans og meginefni),

e) Fyrir meðalstóra stauraspenna, sýnileg merking um að þeir séu „Eingöngu til notkunar á staurum“.

Upplýsingarnar í a, c og d-lið skulu einnig vera á merkiplötu aflspenna.

4 **Tæknigögn**

Eftirfarandi upplýsingar skulu vera í tæknigögnum aflspenna:

a) Nafn og heimilisfang framleiðanda:

b) tegundarauðkenni, alstafakóði til að greina eina tegund frá annarri frá sama framleiðanda,

c) nauðsynlega upplýsingar skv. 3. lið.

Ef (hluti) tæknigagna byggir á (hluta úr) tæknigögnum fyrir aðra tegund skal veita tegundarauðkenni fyrir þá tegund og í tæknigögnum skal tekið fram hvernig upplýsinganna var aflað úr tæknigögnum hinnar tegundarinnar, t.d. um útreikninga eða framreikning, þ.m.t. prófanir sem gerðar eru af framleiðanda til að sannprófa þá útreikninga eða framreikninga sem gerðir eru.

II. VIÐAUKI

Aðferðir við mælingar og útreikninga

Mæliaðferð

Til þess að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar skulu mælingar gerðar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferðir sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reikniaðferðir

Aðferðin við útreikning á toppgildi orkunýtnistuðuls (PEI) fyrir meðalstóra og stóra aflspenna byggir á hlutfalli á milli raunafls sem aflspennir flytur að frádregnu rafmagnstöpum og raunafli sem aflspennirinn flytur.

$$PEI = 1 - \frac{2(P_0 + P_{c0})}{S_r \sqrt{\frac{P_0 + P_{c0}}{P_k}}}$$

Þar sem:

P_0 er mæling tómgangstaps við málspennu og máltíðni, við málúttakið

P_{c0} er rafaflið sem þarf fyrir kælikerfið fyrir tómgangsnotkun

P_k er mælt tap við álag við málstraum og máltíðni við málúttakið sem búið er að leiðrétta miðað við viðmiðunarhitastig

S_r er málafl aflspennis eða sjálfvirks aflspennis sem P_k er byggt á

III. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar í I. viðauka.

1) Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu af hverri tegund.

2) Tegundin telst uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð ef gildin í tæknigögnunum eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka og ef mæliþættir uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka innan vikmarka sannprófanna sem tilgreind eru í töflunni í þessum viðauka,

3) Ef niðurstöðurnar sem um getur í lið 2 fást ekki telst tegundin ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu veita yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni allar viðkomandi upplýsingar, þ.m.t. niðurstöður úr prófun ef við á, innan eins mánaðar frá því að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæðin liggur fyrir.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu nota mæli- og útreikningsaðferðirnar sem settar eru fram í II. viðauka.

Með tilliti til þyngdar- og stærðartakmarkanna við flutninga á meðalstórum og stórum aflspennum geta aðildarríki tekið ákvörðun um að taka upp sannprófunaraðferðina á athafnasvæði framleiðanda áður en þeir eru teknir í notkun á lokaákvörðunarstað.

Vikmörk sannprófana, sem sett eru fram í þessum viðauka, eiga aðeins við um sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum mæliþáttum og skal framleiðandi eða innflytjandi ekki nota þá sem leyfileg vikmörk til að ákvarða gildin sem gefin eru upp í tæknigögnunum.

Tafla

Mældur þáttur	Vikmörk sannprófana
Töp við álag	Mæligildið skal ekki vera hærra en yfirlýst gildi en sem nemur 5%.
Tómgangstöp	Mæligildið skal ekki vera hærra en yfirlýst gildi en sem nemur 5%.
Rafaflið sem þarf fyrir kælikerfið fyrir tómgangsnotkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en yfirlýst gildi en sem nemur 5%.

IV. VIÐAUKI

Leiðbeinandi viðmiðanir

Þegar þessi reglugerð var samþykkt var besta, fáanlega tækni á markaðinum fyrir meðalstóra aflspenna skilgreind sem hér segir:

a) Meðalstórir aflspennar sem eru á kafi í vökva: A_o – 20%, A_k – 20%

b) Meðalstórir þurrspennar: A_o – 20%, A_k – 20%

c) Meðalstórir aflspennar með myndlausum stálkjarna: A_o – 50%, A_k – 50%

Aðgengi að efni til að framleiða aflspenna með myndlausum stálkjarna þarfnast frekari þróunar til að gildi fyrir tap geti síðar meir talist til lágmarkskrafna.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1148/2014 **2015/EES/46/41**

frá 28. október 2014

um breytingu á II., VII., VIII., IX. og X. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([1]), einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla (var áður „smitandi heilahrörnunarsjúkdómar“) í nautgripum, sauðfé og geitum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýraríkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértilvikum, um útflutning þeirra.

2) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur til að ákvarða stöðu aðildarríkis, þriðju landa eða svæða þeirra með tilliti til kúariðu. Þessar reglur byggjast á alþjóðlegum staðli sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin kom á í heilbrigðisreglunum um landdýr (hér á eftir nefndar „heilbrigðisreglurnar“). Í kaflanum um kúariðu í útgáfunni frá árinu 2013 af heilbrigðisreglunum hefur orðalaginu „release assessment“ (mat á áhættunni á því að smit berist) verið skipt út fyrir „entry assessment“ (mat á áhættunni á innkomu smits) og taflan sem sýnir markmið um stigagjöf (e. *point target*) fyrir land eða svæði hefur verið breytt umtalsvert til að mæta betur þörfum landa með lítinn eða mjög lítinn nautgripastofn. Þessar breytingar ættu að koma fram í II. viðauka.

3) Í lið 2.2.1 í kafla B í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er vísað til aðferðanna og aðferðarlýsinganna sem settar eru fram í X. viðauka. Breyta ætti orðalagi þessa liðar til að endurspegla breytingarnar sem gerðar eru á X. viðauka með þessari gerð.

4) Í kafla A í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um viðskipti innan Sambandsins með lifandi dýr, sæði og fósturvísa, þ.m.t. um undanþágur fyrir arfhreina ARR-fósturvísa úr sauðfé frá öðrum kröfum varðandi dæmigerða riðuveiki í tengslum við viðskipti innan Sambandsins. Hinn 24. janúar 2013 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) vísindalegt álit um áhættu á útbreiðslu dæmigerðrar riðuveiki hjá sauðfé með flutningi fósturvísa sem eiga uppruna sinn í lífi ([2]) þar sem var ályktað að áhættan á útbreiðslu dæmigerðrar riðuveiki með festingu arfhreinna eða arfblendinna ARR-fósturvísa úr sauðfé gæti talist óveruleg að því gefnu að ráðleggingum og verklagsreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar verði fylgt í tengslum við flutning fósturvísa. Því ætti að breyta viðkomandi ákvæðum í VIII. viðauka þannig að viðskipti innan Sambandsins með arfblendna ARR-fósturvísa úr sauðfé séu einnig undanþegin öðrum kröfum varðandi dæmigerða riðuveiki.

5) Í útgáfu reglugerðar (EB) nr. 999/2001 á tilteknum tungumálum kemur fyrir ósamræmi í íðorðanotkun milli liða 1.2. og 1.3. í þætti A í kafla A í VIII. viðauka við þá reglugerð og restarinnar af textanum. Til að tryggja samræmi ætti að nota sama íðorð í viðkomandi útgáfu á tilteknu tungumáli.

6) Í 2. lið í þætti A í kafla A í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um að samþykkja þá stöðu aðildarríkis eða svæðis innan aðildarríkis að áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki sé óveruleg. Hinn 4. júlí 2013 lagði Austurríki viðeigandi skjöl því til stuðnings fyrir framkvæmdastjórnina. Mat framkvæmdastjórnarinnar á umsókninni var jákvætt og því ætti að skrá Austurríki sem aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg.

7) Í lið 3.2. í þætti A í kafla A í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru skráð þau aðildarríki þar sem landsbundnar varnaráætlanir fyrir dæmigerða riðuveiki hafa verið samþykktar. Að teknu tilliti til þess að skrá ætti Austurríki sem aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg ætti samtímis að fella það brott af skránni yfir aðildarríki, þar sem landsbundnar varnaráætlanir fyrir dæmigerða riðuveiki hafa verið samþykktar, þar sem þessi staða býður upp á tryggingu umfram þá sem boðið er upp á í varnaráætluninni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 308, 29.10.2014, bls. 66. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(2), 3080.

8) Í kafla H í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um innflutning til Sambandsins á sæði og fósturvísum sauðfjár og geita. Þessar innflutningsreglur ætti að uppfæra til að endurspegla breytingarnar sem gerðar eru á VIII. viðauka með þessari gerð.

9) Í X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um greiningaraðferðir sem gilda fyrir prófanir vegna smitandi svampheilakvilla í nautgripum, sauðfé og geitum. Endurskoða ætti þennan viðauka til að uppfæra upplýsingarnar um tilnefndu rannsóknarstofurnar, lagfæra tilvísanirnar til ýmissa viðmiðunarreglna, samræma nokkur tæknileg hugtök og skýra ferli við mismunarprófanir, ef um er að ræða jákvæð tilvik vegna smitandi svampheilakvilla í sauðfé og geitum, í samræmi við nýjustu vísindaþekkingu og núverandi starfshætti í Sambandinu.

10) Í 4. lið í kafla C í X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru skrárnar yfir flýtiprófanir sem hafa verið samþykktar með tilliti til vöktunar vegna smitandi svampheilakvilla í nautgripum, sauðfé og geitum. Hinn 18. september 2013 lagði IDEXX inn umsókn um að heiti prófunarinnar „IDEXX HerdChek BSE-Scrapie Antigen Test Kit, EIA“ yrði breytt í „HerdChek BSE-Scrapie Antigen (IDEXX Laboratories)“. Tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir smitandi svampheilakvilla samþykkti nýjan fylgiseðill fyrir þessa prófun 2. maí 2013. Auk þess upplýsti Enfer Group 6. desember 2013 að það væri hætt að framleiða Enfer-greiningarbúnaðinn fyrir smitandi svampheilakvilla (Enfer TSE, útgáfa 3) og óskaði eftir því að þessi búnaður yrði tekinn af skránni yfir samþykktar flýtiprófanir vegna kúariðu í nautgripum. Því ætti að breyta skránum í 4. lið í kafla C í X. viðauka til samræmis við það.

11) Til að veita aðildarríkjum nægan tíma til að samræma vottunaraðferðir sínar í tengslum við riðuveiki fyrir fósturvísa úr sauðfé ættu tilteknar breytingar, sem innleiddar eru með þessari reglugerð, að gilda frá 1. janúar 2015.

12) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II., VII., VIII., IX. og X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði a-, b- og e-liðar í 3. lið og 4. liður í viðaukanum skulu gilda frá 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II., VII., VIII., IX. og X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. og 2. liðar í kafla B komi eftirfarandi:

„1. **Skipulag áhættugreiningar**

Áhættugreiningar skulu ná yfir mat á áhættunni á innkomu smits og mat á útbreiðslu smitsins.

2. **Mat á áhættunni á innkomu smits (utanaðkomandi áreiti)**

2.1. Mat á áhættunni á innkomu smits skal samanstanda af mati á líkum á því að smitefni kúariðu hafi annaðhvort borist til landsins eða svæðisins fyrir milligöngu vara sem gætu verið mengaðar af smitefni kúariðu eða að smit sé nú þegar til staðar í landinu eða á svæðinu.

Hafa skal eftirfarandi áhættuþætti í huga:

a) hvort smitefni kúariðu er til staðar eða ekki í landinu eða á svæðinu og ef smitefnið er til staðar skal meta algengi á grundvelli niðurstaðna úr eftirliti,

b) framleiðslu á kjöti og beinamjöli eða hömsum úr innlendum jórturdýrastofnum,

c) innflutt kjöt og beinamjöl eða hamsa,

d) innflutta nautgripi, sauðfé og geitur,

e) innflutt dýrafóður og innihaldsefni fóðurs,

f) innfluttar vörur úr jórturdýrum til manneldis sem kunna að hafa innihaldið vefi sem eru tilgreindir í 1. lið V. viðauka og kunna að vera notaðir í nautgripafóður,

g) innfluttar vörur úr jórturdýrum til notkunar í lífi vegna nautgripa.

2.2. Huga þarf að sérstökum útrýmingarráðstöfunum, eftirliti og öðrum faraldsfræðirannsóknum (einkum eftirliti með kúariðu í nautgripastofnum) sem varða þá áhættuþætti sem tilgreindir eru í lið 2.1 þegar framkvæmt er mat á áhættunni á innkomu smits.“

b) Í stað töflu 2 í 3. lið í kafla D komi eftirfarandi:

„Tafla 2

Markmið um stigagjöf fyrir mismunandi stofnstærðir í nautgripastofni fullorðinna dýra í landi eða á svæði

Markmið um stigagjöf fyrir land eða svæði		
Stofnstærð hjá fullvöxnum nautgripum (24 mánaða og eldri)	Eftirlit af tegund A	Eftirlit af tegund B
> 1 000 000	300 000	150 000
900 001–1 000 000	214 600	107 300
800 001–900 000	190 700	95 350
700 001–800 000	166 900	83 450
600 001–700 000	143 000	71 500

Markmið um stigagjöf fyrir land eða svæði		
Stofnstærð hjá fullvöxnum nautgripum (24 mánaða og eldri)	Eftirlit af tegund A	Eftirlit af tegund B
500 001–600 000	119 200	59 600
400 001–500 000	95 400	47 700
300 001–400 000	71 500	35 750
200 001–300 000	47 700	23 850
100 001–200 000	22 100	11 500
90 001–100 000	19 900	9 950
80 001–90 000	17 700	8 850
70 001–80 000	15 500	7 750
60 001–70 000	13 000	6 650
50 001–60 000	11 000	5 500
40 001–50 000	8 800	4 400
30 001–40 000	6 600	3 300
20 001–30 000	4 400	2 200
10 001–20 000	2 100	1 050
9 001–10 000	1 900	950
8 001–9 000	1 600	800
7 001–8 000	1 400	700
6 001–7 000	1 200	600
5 001–6 000	1 000	500
4 001–5 000	800	400
3 001–4 000	600	300
2 001–3 000	400	200
1 001–2 000	200	100“

2) Í stað fyrstu málsgreinar í lið 2.2.1 í kafla B í VII. viðauka komi eftirfarandi:

„Ef ekki er unnt að útiloka kúariðu eftir niðurstöður annars stigs prófunar sameinda sem fer fram í samræmi við þær aðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í ii. lið c-liðar í lið 3.2 í kafla C í X. viðauka: tafarlaus aflífun og alger eyðing allra dýra, fósturvísa og eggja sem voru tilgreind í rannsókninni sem um getur í öðrum til fimmta undirlið b-liðar í 1. lið.“

3) Þætti A í kafla A í VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað g-liðar í lið 1.2. komi eftirfarandi:

„g) einungis má koma með eftirfarandi fósturvísa/egg sauðfjár og geita inn á bújörðina:

i. fósturvísa/egg úr gjafadýrum sem hafa verið haldin frá fæðingu í aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða á bújörð þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum, eða sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

— þau eru varanlega auðkennd til að hægt sé að rekja þau til bújarðarinnar þar sem þau fæddust

— þau hafa verið haldin frá fæðingu á bújörðum þar sem ekki var staðfest neitt tilvik dæmigerðrar riðuveiki meðan þau dvöldu þar

— þau sýndu engin klínísk einkenni um dæmigerða riðuveiki þegar söfnun fósturvísanna/eggja fór fram

ii. fósturvísa/egg sauðfjár með a.m.k. eina ARR-genasamsætu.“

b) Í stað g-liðar í lið 1.3. komi eftirfarandi:

„g) einungis má koma með eftirfarandi fósturvísa/egg sauðfjár og geita inn á bújörðina:

i. fósturvísa/egg úr gjafadýrum sem hafa verið haldin frá fæðingu í aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða á bújörð þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum, eða sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

— þau eru varanlega auðkennd til að hægt sé að rekja þau til bújarðarinnar þar sem þau fæddust

— þau hafa verið haldin frá fæðingu á bújörðum þar sem ekki var staðfest neitt tilvik dæmigerðrar riðuveiki meðan þau dvöldu þar

— þau sýndu engin klínísk einkenni um dæmigerða riðuveiki þegar söfnun fósturvísanna/eggja fór fram

ii. fósturvísa/egg sauðfjár með a.m.k. eina ARR-genasamsætu.“

c) Eftirfarandi liður 2.3. bætist við 2. lið:

„2.3. Aðildarríkin eða svæði í aðildarríkinu þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eru eftirfarandi:

— Austurríki.“

d) Í stað liðar 3.2. komi eftirfarandi:

„3.2. Landsbundnar riðuvarnaráætlanir í eftirfarandi aðildarríkjum eru hér með samþykktar:

— Danmörku

— Finnlandi

— Svíþjóð.“

e) Í stað e-liðar í lið 4.2. komi eftirfarandi:

„e) ef um er að ræða fósturvísa/egg sauðfjár, vera með a.m.k. eina ARR-genasamsætu.“

4) Í stað ii. liðar í 2. lið í kafla H í IX. viðauka komi eftirfarandi:

„ii. ef um er að ræða fósturvísa sauðfjár skulu fósturvísar vera með a.m.k. eina ARR-genasamsætu.“

5) Í stað X. viðauka komi eftirfarandi:

„X. VIÐAUKI

TILVÍSUNARRANNSÓKNARSTOFUR, SÝNATAKA OG GREININGARAÐFERÐIR Á RANNSÓKNARSTOFU

KAFLI A

Landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur

1. Tilnefnd, landsbundin tilvísunarrannsóknarstofa skal:

   a) hafa yfir að ráða aðstöðu og sérhæfðu starfsfólki þannig að ávallt sé unnt, einkum við fyrstu merki þess að viðkomandi sjúkdómur sé kominn upp, að sanngreina tegund og stofn smitefnis smitandi svampheilakvilla og staðfesta niðurstöður opinberra greiningarstofa. Ef rannsóknarstofan getur ekki sanngreint stofn smitefnisins skal hún taka upp fasta verklagsreglu til að tryggja að vísað sé til tilvísunarrannsóknarstofu ESB um sanngreiningu á stofninum,

   b) sannprófa greiningaraðferðirnar sem eru notaðar á opinberum greiningarstofum,

   c) bera ábyrgð á samræmingu greiningarstaðla og greiningaraðferða í aðildarríkjunum. Í þessu skyni:

      — getur hún séð opinberum greiningarstofum fyrir prófefnum til greiningar,

      — skal hún hafa eftirlit með gæðum allra greiningarprófefna sem notuð eru í aðildarríkinu,

      — skal hún skipuleggja samanburðarprófanir reglubundið,

      — skal hún geyma einangur smitefna viðkomandi sjúkdóms eða tilheyrandi vefi sem innihalda þessi smitefni og koma úr staðfestum sjúkdómstilvikum,

      — skal hún sjá til þess að niðurstöður frá greiningarstofum verði staðfestar,

   d) hafa samvinnu við tilvísunarrannsóknarstofu ESB, sem felur í sér þátttöku í reglubundnum samanburðarprófunum sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB skipuleggur. Ef landsbundin tilvísunarrannsóknarstofa stenst ekki samanburðarprófun sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB skipuleggur skal hún tafarlaust grípa til aðgerða til úrbóta til að ráða bót á ástandinu og standast með fullnægjandi árangri endurtekna samanburðarprófun eða næstu samanburðarprófun sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB skipuleggur.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. liðar skulu aðildarríki, sem hafa engar landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur, þó notfæra sér þjónustu tilvísunarrannsóknarstofu ESB eða landsbundinna tilvísunarrannsóknarstofa sem staðsettar eru í öðrum aðildarríkjum eða í löndum sem eru aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA).

3. Landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur eru sem hér segir:

Austurríki:	Agentur für Gesundheit und Ernährungssicherheit GmbH (AGES) Institut für veterinärmedizinische Untersuchungen Robert Koch Gasse 17 A-2340 Mödling
Belgía:	CERVA-CODA-VAR Centre d'Étude et de Recherches Vétérinaires et Agrochimiques, Centrum voor Onderzoek in Diergeneeskunde en Agrochemie, Veterinary and Agrochemical Research Centre Groeselenberg 99 B-1180 Bruxelles
Búlgaría:	Национален диагностичен научноизследователски ветеринарномедицински институт 'Проф. Д-р Георги Павлов' Национална референтна лаборатория 'Трансмисивни спонгиформни енцефалопатии' бул. 'Пенчо Славейков' 15 София 1606 (National Diagnostic Veterinary Research Institute „Prof. Dr. Georgi Pavlov", National Reference Laboratory for Transmissible Spongiform Encephalopathies, 15, Pencho Slaveykov Blvd. 1606 Sofia)

Króatía:	Hrvatski veterinarski institut, Savska Cesta 143 10000 Zagreb
Kýpur:	State Veterinary Laboratories Veterinary Services CY-1417 Athalassa Nicosia
Tékkland:	Státní veterinární ústav Jihlava (State Veterinary Institute Jihlava) National Reference Laboratory for BSE and Animal TSEs Rantířovská 93 586 05 Jihlava
Danmörk:	Veterinærinstituttet Danmarks Tekniske Universitet Bülowsvej 27 DK-1870 Frederiksberg C (National Veterinary Institute, Technical University of Denmark, 27, Bülowsvej, DK — 1870 Frederiksberg C)
Eistland:	Veterinaar- ja Toidulaboratoorium (Estonian Veterinary and Food Laboratory) Kreutzwaldi 30 Tartu 51006
Finnland:	Finnish Food Safety Authority Evira Research and Laboratory Department Veterinary Virology Research Unit- TSEs Mustialankatu 3 FI-00790 Helsinki
Frakkland:	ANSES-Lyon, Unité MND 31, avenue Tony Garnier 69 364 LYON Cedex 07
Þýskaland:	Friedrich-Loeffler-Institut Institute for Novel and Emerging Infectious Diseases at the Friederich-Loeffler-Institut Federal Research Institute for Animal Health Suedufer 10 D-17493 Greifswald Insel Riems
Grikkland:	Ministry of Agriculture — Veterinary Laboratory of Larissa 6th km of Larissa — Trikala Highway GR-41110 Larissa
Ungverjaland:	Veterinary Diagnostic Directorate, National Food Chain Safety Office (VDD NFCSO) Tábornok u. 2 1143 Budapest
Írland:	Central Veterinary Research Laboratory Department of Agriculture, Food and the Marine Backweston Campus Celbridge Co. Kildare

Ítalía:	Istituto Zooprofilattico Sperimentale del Piemonte, Liguria e Valle d'Aosta — CEA Via Bologna, 148 I-10154 Torino
Lettland:	Institute of Food Safety, Animal Health and Environment (BIOR) Lejupes Str. 3 Riga LV 1076
Litháen:	National Food and Veterinary Risk Assessment Institute J. Kairiūkščio str. 10 LT-08409 Vilnius
Lúxemborg:	CERVA-CODA-VAR Centre d'Étude et de Recherches Vétérinaires et Agrochimiques, Centrum voor Onderzoek in Diergeneeskunde en Agrochemie, Veterinary and Agrochemical Research Centre Groeselenberg 99 B-1180 Bruxelles
Malta:	Veterinary Diagnostic Laboratory Department of Food Health and Diagnostics Veterinary Affairs and Fisheries Division Ministry for Rural Affairs and the Environment Albert Town Marsa
Holland:	Central Veterinary Instutute of Wageningen UR Edelhertweg 15 8219 PH Lelystad P.O. Box 2004 NL-8203 AA Lelystad
Pólland:	Państwowy Instytut Weterynaryjny (PIWet) 24-100 Puławy al. Partyzantów 57
Portúgal:	Setor diagnóstico EET Laboratório de Patologia Unidade Estratégica de Investigação e Serviços de Produção e Saúde Animal Instituto Nacional de Investigação Agrária e Veterinária Rua General Morais Sarmento 1500-311 Lisboa
Rúmenía:	Institutul de Diagnostic și Sănătate Animală (Institute for Diagnosis and Animal Health) Department of Morphology Strada Dr Staicovici nr. 63, 5 București 050557
Slóvakía:	State Veterinary Institute Zvolen Pod dráhami 918 SK-960 86, Zvolen
Slóvenía:	University of Ljubljana, Veterinary faculty National Veterinary Institute Gerbičeva 60 SI-1000 Ljubljana

Spánn:	Laboratorio Central de Veterinaria (Algete) Ctra. M-106 pk 1,4 28110 Algete (Madrid)
Svíþjóð:	National Veterinary Institute S-751 89 Uppsala
Bretland:	Animal Health and Veterinary Laboratories Agency Woodham Lane New Haw, Addlestone, Surrey KT15 3NB

KAFLI B

Tilvísunarrannsóknarstofa ESB

1. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir smitandi svampheilakvilla er:

   The Animal Health and Veterinary Laboratories Agency
   Woodham Lane
   New Haw
   Addlestone
   Surrey KT15 3NB
   United Kingdom

2. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB hefur eftirfarandi hlutverki og skyldum að gegna:

   a) að samræma, í samráði við framkvæmdastjórnina, aðferðirnar sem eru notaðar í aðildarríkjunum við greiningu á smitandi svampheilakvilla og ákvarða príonprótínarfgerð sauðfjár, einkum með því:

      — að geyma og láta í té samsvarandi vefi, sem innihalda smitefni smitandi svampheilakvilla, til að hægt sé að þróa viðeigandi greiningarprófanir fyrir tegundargreiningu stofna smitefnis smitandi svampheilakvilla,

      — að útvega landsbundnum tilvísunarrannsóknarstofum staðalsermi og önnur viðmiðunarprófefni til að hægt sé að staðla prófanir og prófefni sem eru notuð í aðildarríkjunum,

      — að byggja upp og varðveita safn samsvarandi vefja sem innihalda smitefni og stofna smitandi svampheilakvilla,

      — að skipuleggja reglubundnar samanburðarprófanir á greiningaraðferðum fyrir smitandi svampheilakvilla og til að ákvarða príonprótínarfgerð sauðfjár á vettvangi ESB,

      — að safna saman og flokka gögn og upplýsingar um þær greiningaraðferðir sem eru notaðar og niðurstöður prófana sem gerðar eru í ESB,

      — að nota nýjustu aðferðir til að lýsa eiginleikum einangra smitefnis smitandi svampheilakvilla til að efla skilning á faraldsfræði sjúkdómsins,

      — að fylgjast með framförum á sviði eftirlits, faraldsfræði og forvarna að því er varðar smitandi svampheilakvilla alls staðar í heiminum,

      — að viðhalda sérfræðiþekkingu á príonsjúkdómum til að unnt verði að gera samanburðargreiningu með hraði,

      — að afla ítarlegrar þekkingar á undirbúningi og notkun greiningaraðferða sem eru notaðar til að verjast og útrýma smitandi svampheilakvilla,

   b) að veita virka aðstoð við greiningu, þegar smitandi svampheilakvillar brjótast út í aðildarríkjunum, með því að rannsaka sýni úr dýrum, sem eru sýkt af smitandi svampheilakvilla, sem eru send til staðfestingar á sjúkdómsgreiningu, lýsingar á eiginleikum og faraldsfræðilega rannsókna,

   c) að greiða fyrir þjálfun eða endurþjálfun sérfræðinga í rannsóknarstofugreiningu með það fyrir augum að samhæfa greiningartækni í gervöllu ESB.

KAFLI C

Sýnataka og prófanir á rannsóknarstofu

1. **Sýnataka**

Safna skal öllum sýnum, sem á að rannsaka til að athuga hvort smitandi svampheilakvilli sé til staðar, í samræmi við aðferðir og aðferðarlýsingar sem mælt er fyrir um í nýjustu útgáfu handbókar Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE) um greiningarprófanir og bóluefni fyrir landdýr (hér á eftir nefnd „handbókin“). Að auki eða ef aðferðir og aðferðarlýsingar Alþjóðadýraheilbrigðisstofnun arinnar liggja ekki fyrir og til að tryggja að nægjanlegt efni sé til staðar skal lögbært yfirvald sjá til þess að notkun sýnatökuaðferða og aðferðarlýsinga sé í samræmi við viðmiðunarreglur sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB gefur út.

Einkum skal lögbært yfirvald safna saman viðeigandi vefjum í samræmi við fyrirliggjandi vísindalega ráðgjöf og viðmiðunarreglur tilvísunarrannsóknarstofu ESB til að tryggja greiningu á öllum þekktum stofnum smitandi svampheilakvilla í smærri jórturdýrum og skal geyma a.m.k. helming vefja, sem hefur verið safnað, nýja en ekki frysta, uns neikvæðar niðurstöður flýtiprófana liggja fyrir. Ef niðurstaðan er jákvæð eða ófullnægjandi skal gera staðfestingarprófun á afgangsvefjum og þeir síðan meðhöndlaðir í samræmi við viðmiðunarreglur tilvísunarrannsóknarstofu ESB um mismunaprófanir og flokkun — Lýsing á stofni smitandi svampheilakvilla í smærri jórturdýrum: tæknihandbók fyrir tilvísunarrannsóknarstofur í ESB („TSE strain characterisation in small ruminants: A technical handbook for National Reference Laboratories in the EU“).

Sýnin skulu rétt merkt með auðkenni dýrsins sem sýnið var tekið úr.

2. **Rannsóknarstofur**

Allar rannsóknir á rannsóknarstofum vegna smitandi svampheilakvilla skulu fara fram á opinberum greiningarstofum sem lögbæra yfirvaldið hefur tilnefnt í þessu skyni.

3. **Aðferðir og aðferðarlýsingar**

3.1. *Prófanir á rannsóknarstofu til að greina kúariðu í nautgripum*

a) Tilvik þar sem grunur er um smit

Sýni úr nautgripum, sem send eru til prófunar á rannsóknarstofu samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 12. gr., skulu þegar í stað send í staðfestingarrannsókn þar sem a.m.k. ein eftirtalinna aðferða og aðferðarlýsinga, sem mælt er fyrir um í nýjustu útgáfu handbókarinnar, er notuð:

i. ónæmisvefjafræðileg aðferð (IHC),

ii. vesturþrykk,

iii. staðfesting á dæmigerðum þráðlum með rafeindasmásjárrannsókn,

iv. vefjameinafræðileg rannsókn,

v. samsetning flýtiprófana eins og mælt er fyrir um í þriðja undirlið.

Ef niðurstöður úr vefjameinafræðilegri rannsókn eru ófullnægjandi eða neikvæðar skal rannsaka vefina enn frekar með einni af hinum staðfestingaraðferðunum og aðferðarlýsingunum.

Flýtiprófanir má bæði nota við frumskimun á tilvikum, þar sem grunur er um smit, og til staðfestingar, ef niðurstöður eru ófullnægjandi eða jákvæðar, í framhaldi af því samkvæmt viðmiðunarreglum tilvísunarrannsóknarstofu ESB — Reglur Al þjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um opinbera staðfestingu á kúariðu í nautgripum (sem byggjast á upphaflegri svörun í samþykktri flýtiprófun) með seinni flýtiprófun („OIE rules for the official confirmation of BSE in bovines (based on an initial reactive result in an approved rapid test) by using a second rapid test“), og að því tilskildu að:

i. staðfestingarprófunin fari fram á landsbundinni tilvísunarrannsóknarstofu fyrir smitandi svampheilakvilla og

ii. önnur af tveimur flýtiprófunum sé vesturþrykk og

iii. í hinni flýtiprófuninni, sem notuð er:

— sé neikvæður samanburðarvefur og sýni úr nautgrip, sem greinst hefur með kúariðu, er jákvæður samanburðarvefur,

— og að hún sé af annarri gerð en prófunin sem notuð var til frumskimunar og

iv. ef notað er flýtivesturþrykk sem fyrsta prófun skulu niðurstöður þeirrar prófunar skjalfestar og þrykkmyndin lögð fyrir landsbundnu tilvísunarrannsóknarstofuna fyrir smitandi svampheilakvilla,

v. ef niðurstöður frumskimunar eru ekki staðfestar með flýtiprófun í kjölfarið skal rannsaka sýnið með einni af hinum staðfestingaraðferðunum; ef niðurstöður úr vefjameinafræðilegri rannsókn, sem beitt er í þessu skyni, eru ófullnægjandi eða neikvæðar, skal rannsaka vefina enn frekar með einni af hinum staðfestingaraðferðunum og aðferðarlýsingunum.

Ef niðurstöður úr einni staðfestingarrannsókninni, sem um getur í i. til v. lið í fyrsta undirlið, eru jákvæðar skal litið svo á að dýrið hafi greinst með kúariðu.

b) Vöktun vegna kúariðu

Sýni úr nautgripum, sem send eru til prófunar á rannsóknarstofu samkvæmt ákvæðum I. hluta kafla A í III. viðauka, skulu rannsökuð með flýtiprófun.

Ef niðurstöður flýtiprófunar eru ófullnægjandi eða jákvæðar skal sýnið þegar í stað sent í staðfestingarrannsókn þar sem a.m.k. ein eftirtalinna aðferða og aðferðarlýsinga, sem mælt er fyrir um í nýjustu útgáfu handbókarinnar, er notuð:

i. ónæmisvefjafræðileg aðferð (IHC),

ii. vesturþrykk,

iii. staðfesting á dæmigerðum þráðlum með rafeindasmásjárrannsókn,

iv. vefjameinafræðileg rannsókn,

v. samsetning flýtiprófana eins og mælt er fyrir um í fjórðu undirgrein.

Ef niðurstöður úr vefjameinafræðilegri rannsókn eru ófullnægjandi eða neikvæðar skal rannsaka vefina enn frekar með einni af hinum staðfestingaraðferðunum og aðferðarlýsingunum.

Flýtiprófanir má bæði nota við frumskimun og til staðfestingar, ef niðurstöður eru ófullnægjandi eða jákvæðar, í framhaldi af því samkvæmt viðmiðunarreglum tilvísunarrannsóknarstofu ESB — Reglur Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um opinbera staðfestingu á kúariðu í nautgripum (sem byggjast á upphaflegri svörun í samþykktri flýtiprófun) með seinni flýtiprófun („OIE rules for the official confirmation of BSE in bovines (based on an initial reactive result in an approved rapid test) by using a second rapid test“), og að því tilskildu að:

i. staðfestingarprófunin fari fram á landsbundinni tilvísunarrannsóknarstofu fyrir smitandi svampheilakvilla og

ii. önnur af tveimur flýtiprófunum sé vesturþrykk og

iii. í hinni flýtiprófuninni, sem notuð er:

— sé neikvæður samanburðarvefur og sýni úr nautgrip, sem greinst hefur með kúariðu, er jákvæður samanburðarvefur,

— og að hún sé af annarri gerð en prófunin sem notuð var til frumskimunar og

iv. ef notað er flýtivesturþrykk sem fyrsta prófun skulu niðurstöður þeirrar prófunar skjalfestar og þrykkmyndin lögð fyrir landsbundnu tilvísunarrannsóknarstofuna fyrir smitandi svampheilakvilla,

v. ef niðurstöður frumskimunar eru ekki staðfestar með flýtiprófun í kjölfarið skal rannsaka sýnið með einni af hinum staðfestingaraðferðunum; ef niðurstöður úr vefjameinafræðilegri rannsókn, sem beitt er í þessu skyni, eru ófullnægjandi eða neikvæðar, skal rannsaka vefina enn frekar með einni af hinum staðfestingaraðferðunum og aðferðarlýsingunum.

Dýr telst jákvætt tilvik kúariðu ef niðurstöður flýtiprófunarinnar eru ófullnægjandi eða jákvæðar, og a.m.k. ein staðfestingarannsóknanna sem um getur í i. til v. lið annars undirliðar er jákvæð.

c) Frekari rannsókn á jákvæðum tilvikum kúariðu

Senda skal sýni úr öllum jákvæðum kúariðutilvikum til rannsóknarstofu, sem lögbært yfirvald tilnefnir, sem hefur með góðum árangri tekið þátt í síðustu frammistöðuprófun sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB vegna mismunarprófana á staðfestum kúariðutilvikum hefur staðið fyrir, þar sem þau skulu prófuð nánar í samræmi við aðferðir og aðferðarlýsingar sem mælt er fyrir um í aðferð tilvísunarrannsóknarstofu ESB til flokkunar á einangrum smitandi svampheilakvilla í nautgripum (bráðabirgðaflokkun á einangrum smitandi svampheilakvilla í nautgripum með tvíþrykksaðferð (e. *two-blot method*)).

3.2. *Prófanir á rannsóknarstofu til að greina smitandi svampheilakvilla í sauðfé og geitum*

a) Tilvik þar sem grunur er um smit

Sýni úr sauðfé og geitum, sem send eru til prófunar á rannsóknarstofu samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 12. gr., skulu þegar í stað send í staðfestingarrannsókn þar sem a.m.k. ein eftirtalinna aðferða og aðferðarlýsinga, sem mælt er fyrir um í nýjustu útgáfu handbókarinnar, er notuð:

i. ónæmisvefjafræðileg aðferð (IHC),

ii. vesturþrykk,

iii. staðfesting á dæmigerðum þráðlum með rafeindasmásjárrannsókn,

iv. vefjameinafræðileg rannsókn.

Ef niðurstöður úr vefjameinafræðilegri rannsókn eru ófullnægjandi eða neikvæðar skal rannsaka vefina enn frekar með einni af hinum staðfestingaraðferðunum og aðferðarlýsingunum.

Flýtiprófanir má nota við frumskimun á tilvikum þar sem grunur er um smit. Slíkar prófanir má ekki nota til staðfestingar í kjölfarið.

Ef niðurstöður flýtiprófunar, sem notuð er til frumskimunar á tilvikum, þar sem grunur er um smit, eru jákvæðar eða ófullnægjandi skal sýnið sent í rannsókn þar sem notuð er a.m.k. ein þeirra staðfestingarrannsókna sem um getur í i. til iv. lið í fyrsta undirlið. Ef vefjameinafræðilegri rannsókn er beitt í þessu skyni en niðurstöður hennar reynast ófullnægjandi eða neikvæðar skal rannsaka vefina enn frekar með einni af hinum staðfestingaraðferðunum og aðferðarlýsingunum.

Ef niðurstöður úr einni af staðfestingarrannsókninni, sem um getur í i. til iv. lið í fyrsta undirlið eru jákvæðar telst dýrið vera jákvætt með tilliti til smitandi svampheilakvilla og framkvæma skal frekari rannsókn eins og um getur í c-lið.

b) Vöktun vegna smitandi svampheilakvilla

Sýni úr sauðfé og geitum, sem send eru til prófunar á rannsóknarstofu samkvæmt ákvæðum II. hluta kafla A í III. viðauka (vöktun sauðfjár og geita), skal rannsaka með flýtiprófun til að tryggja greiningu á öllum þekktum stofnum smitandi svampheilakvilla.

Ef niðurstöður úr flýtiprófun eru ófullnægjandi eða jákvæðar skal senda vefinn, sem sýnið var tekið úr, tafarlaust til opinberrar rannsóknarstofu til staðfestingarrannsókna með vefjameinafræði, ónæmisvefjafræði, vesturþrykki eða staðfestingu á dæmigerðum þráðlum með rafeindasmásjárrannsókn, eins og um getur í a-lið. Ef niðurstöður staðfestingarrannsóknar eru neikvæðar eða ófullnægjandi skal rannsaka vefina enn frekar með ónæmisvefjafræði eða vesturþrykki.

Ef niðurstöður úr einni af staðfestingarrannsókninni eru jákvæðar telst dýrið vera jákvætt með tilliti til smitandi svampheilakvilla og framkvæma skal frekari rannsókn eins og um getur í c-lið.

c) Frekari rannsókn á jákvæðum tilvikum smitandi svampheilakvilla

i. Frumprófun sameinda með aðgreinandi vesturþrykki

Sýni, sem tengjast tilvikum, þar sem klínískur grunur er fyrir hendi, og úr dýrum, sem hafa verið prófuð í samræmi við 2. og 3. lið II. hluta kafla A í III. viðauka, sem eru talin jákvæð tilvik smitandi svampheilakvilla en eru ekki afbrigðileg tilvik riðuveiki, í kjölfar rannsóknanna sem um getur í a- eða b-lið, eða sýni, sem hafa einkenni sem prófunarstofa telur að kalli á frekari rannsókn, skulu rannsökuð með aðgreinandi vesturþrykki, sem tilgreint er í viðmiðunarreglum tilvísunar-rannsóknarstofu ESB, af opinberri greiningarstofu sem lögbært yfirvald hefur tilnefnt og hefur með góðum árangri tekið þátt í síðustu frammistöðuprófun sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB hefur staðið fyrir að því er varðar notkun slíkrar aðferðar.

ii. Annars stigs prófun sameinda ásamt frekari sameindaprófunum

Tilvikum smitandi svampheilakvilla, þar sem ekki er hægt að útiloka tilvist kúariðu samkvæmt leiðbeiningum frá tilvísunarrannsóknarstofu ESB með frumprófun sameinda, sem um getur í i. lið, skal tafarlaust vísa til tilvísunarrannsóknarstofu ESB, ásamt öllum fyrirliggjandi upplýsingum sem skipta máli. Rannsaka skal sýnin enn frekar og þau staðfest með a.m.k. einni staðgönguaðferð, sem er ónæmisefnafræðilega öðruvísi en upphafleg frumgreining sameinda, með hliðsjón af umfangi og eðli viðkomandi efnis, eins og lýst er í viðmiðunarreglum tilvísunarrannsóknarstofu ESB. Þessar viðbótarprófanir skulu gerðar á eftirfarandi rannsóknarstofum sem samþykktar voru fyrir viðeigandi aðferðir:

Agence Nationale de Sécurité Sanitaire de l'alimentation, de l'environnement et du travail
31, avenue Tony Garnier
BP 7033
F-69342 Lyon Cedex

Commissariat à l'Energie Atomique
18, route du Panorama
BP 6
F-92265 Fontenay-aux-Roses Cedex

Animal Health and Veterinary Laboratories Agency
Woodham Lane
New Haw
Addlestone
Surrey KT15 3NB
United Kingdom

Tilvísunarrannsóknarstofa ESB skal túlka niðurstöðurnar með aðstoð sérfræðinganefndar, sem nefnist sérfræðinganefnd um stofngreiningu (e. *Strain Typing Expert Group* (STEG)), þ.m.t. fulltrúa viðkomandi landsbundinnar tilvísunarrannsóknarstofu. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni tafarlaust um niðurstöðu þeirrar túlkunar.

iii. Lífgreining á músum

Gera skal frekari greiningu á sýnum sem benda til kúariðu, eða ef niðurstöður eru ófullnægjandi fyrir kúariðu, eftir annars stigs prófun sameinda, með lífgreiningu á músum til að fá endanlega staðfestingu. Eðli eða magn efnis sem er aðgengilegt getur haft áhrif á hönnun lífgreiningarinnar sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB, með aðstoð sérfræðinganefndarinnar um stofngreiningu, samþykkir í hverju tilviki fyrir sig. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB eða rannsóknarstofur sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB tilnefnir skulu framkvæma lífgreininguna.

Tilvísunarrannsóknarstofa ESB skal, með aðstoð sérfræðinganefndarinnar um stofngreiningu, túlka niðurstöðurnar. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni tafarlaust um niðurstöðu þeirrar túlkunar.

3.3. *Prófanir á rannsóknarstofu til að greina smitandi svampheilakvilla í öðrum tegundum en þeim sem um getur í liðum 3.1 og 3.2*

Þegar aðferðum og aðferðarlýsingum er komið á fyrir prófanir, sem gerðar eru til að staðfesta grun um smitandi svampheilakvilla í öðrum tegundum en nautgripum, sauðfé og geitum, skulu þær a.m.k. fela í sér vefjameinafræðilega rannsókn á heilavef. Lögbært yfirvald getur einnig krafist prófana á rannsóknarstofu, s.s. ónæmisvefjafræðilegra prófana, vesturþrykks, staðfestingu á dæmigerðum þráðlum með rafeindasmásjárrannsókn eða öðrum aðferðum sem eru notaðar til að greina sjúkdómstengd afbrigði príonprótínsins. Hvað sem öðru líður skal a.m.k. gera eina aðra rannsókn á rannsóknarstofu ef niðurstöður úr upphaflegri, vefjameinafræðilegri rannsókn reynast neikvæðar eða ófullnægjandi. Framkvæma skal a.m.k. þrjár mismunandi rannsóknir með jákvæðum niðurstöðum við fyrstu merki þess að sjúkdómurinn sé kominn upp.

Einkum skal vísa tilvikum, þegar grunur leikur á kúariðu í öðrum tegundum en nautgripum, til tilvísunarrannsóknarstofu ESB, sem fær aðstoð frá sérfræðinganefndinni um stofngreiningu, til frekari greiningar á eiginleikum.

4. **Flýtiprófanir**

Til að gera flýtiprófanir í samræmi við 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. skal einungis nota eftirfarandi aðferðir sem flýtiprófanir við vöktun vegna kúariðu í nautgripum:

— mótefnaþrykksprófun, sem byggist á vesturþrykksprófun til að greina próteasa-K-þolna bútinn PrPRes (príonleitarprófun, vesturþrykk (Prionics-Check Western Test)),

— ónæmismælingu (Sandwich-aðferðin) sem er gerð til að greina PrPRes (stutt aðferðarlýsing fyrir greininguna) (e. *short assay protocol*) með undanfarandi eðlisbreytingar- og styrkingarþrepum (Bio-Rad TeSeE SAP flýtiprófun),

— ónæmismælingu í örbakka (ELISA) til að greina próteasa-K-þolna bútinn PrPRes með einklóna mótefnum (LIA-príonleitarprófun (Prionics-Check LIA-Test)),

— ónæmismælingu þar sem notuð er efnafræðileg fjöllliða til þess að fanga PrPSc á valvísan hátt og einklóna greiningarmótefni sem beitt er gegn varðveittum svæðum PrP-sameindarinnar (IDEXX HerdChek BSE Antigen Test Kit, EIA & HerdChek BSE-Scrapie Antigen (IDEXX Laboratories),

— ónæmismælingu með hliðarflæði þar sem notuð eru tvö mismunandi, einklóna mótefni til að greina próteasa-K-þolin PrP-brot (príonleit með PrioSTRIP),

— tvíhliða ónæmismælingu þar sem notuð eru tvö mismunandi einklóna mótefni gegn tveimur vakaeiningum í línulegu PrPSc úr nautgripum (Roboscreen Beta Prion BSE EIA prófunarsett).

Til að gera flýtiprófanir í samræmi við 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. skal einungis nota eftirfarandi aðferðir sem flýtiprófanir við vöktun vegna smitandi heilahrörnunar í sauðfé og geitum:

— ónæmismælingu (Sandwich-aðferðin) sem er gerð til að greina PrPRes (stutt aðferðarlýsing fyrir greininguna) (e. *short assay protocol*) með undanfarandi eðlisbreytingar- og styrkingarþrepum (Bio-Rad TeSeE SAP flýtiprófun),

— ónæmismælingu (Sandwich-aðferðin) sem er gerð til að greina PrPRes með TeSeE greiningarprófunarsetti fyrir sauðfé og geitur, með undanfarandi eðlisbreytingar og styrkingarþrepum með TeSeE-hreinsunarsetti (Bio-Rad TeSeE flýtiprófun fyrir sauðfé og geitur),

— ónæmismælingu þar sem notuð er efnafræðileg fjöllliða til þess að fanga PrPSc á valvísan hátt og einklóna greiningarmótefni sem beitt er gegn varðveittum svæðum PrP-sameindarinnar (HerdChek BSE-Scrapie Antigen (IDEXX Laboratories),

— ónæmismælingu með hliðarflæði þar sem notuð eru tvö mismunandi, einklóna mótefni til að greina próteasa-K-þolin PrP-brot (príonleit með PrioSTRIP SR, sjónmatsaðferð).

Við allar flýtiprófanir skal vefsýnið, sem prófunin er gerð á, vera í samræmi við notkunarleiðbeiningar framleiðandans.

Framleiðendur flýtiprófa skulu vinna eftir gæðatryggingarkerfi sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB hefur samþykkt og sem tryggir að gæði prófananna breytist ekki. Framleiðendur skulu leggja aðferðarlýsingar prófananna fyrir tilvísunarrannsóknarstofu ESB.

Aðeins má gera breytingar á flýtiprófunum og aðferðarlýsingum prófana eftir að tilvísunarrannsóknarstofu ESB hefur verið send fyrirframtilkynning um þær og að því tilskildu að tilvísunarrannsóknarstofa ESB komist að þeim niðurstöðum að breytingin hafi ekki áhrif á næmi, sérhæfni eða áreiðanleika flýtiprófunarinnar. Þær niðurstöður skulu tilkynntar framkvæmdastjórninni og landsbundnu tilvísunarrannsóknarstofunum.

5. **Annars konar prófanir**

(Verða ákvarðaðar síðar)“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/327 **2015/EES/46/42**

frá 2. mars 2015

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar kröfur um setningu á markað og skilyrði fyrir notkun aukefna úr efnablöndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 5. mgr. 3. gr. og 6. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í sumum efnablöndum, sem eru leyfðar sem aukefni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003, er tæknilegum aukefnum og öðrum efnum eða vörum bætt við til að hafa áhrif á virka efnið sem er í efnablöndunni, t.d. stöðga eða staðla það, til að auðvelda meðhöndlun eða íblöndun þess í fóður. Þessi tæknilegu aukefni eða önnur efni eða vörur geta til dæmis aukið fljótanleika eða einsleitni eða dregið úr rykmyndun virka efnisins. Sérstök samsetning leyfðra aukefna úr efnablöndum mun því vera breytileg eftir forsendunum fyrir notkun þessara efnablandna. Tæknilegu aukefnunum eða öðrum efnum eða vörum sem bætt er við til að viðhalda heilleika virka efnisins er þó ekki ætlað að hafa áhrif á fóðrið sem fær efnablönduna.

2) Með tilliti til þess að tækniframfarir stuðla að þróun nýrra efnablandna þykir rétt að íhuga betur sérstaka eiginleika aukefna úr efnablöndum og til að auka gagnsæi og skýrleika við setningu þeirra á markað án þess að hafa áhrif á hugverkaréttindi í tengslum við samsetningu forblandna sem innihalda slík aukefni.

3) Einkum þykir rétt að setja í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003 fram frekari kröfur um merkingar fyrir þessa tegund aukefna og fyrir forblöndur sem innihalda þau efni þannig að hægt sé að staðfesta að tæknilegu aukefnin, sem notuð eru í efnablöndu, séu leyfð í fyrirhuguðum tilgangi og að þessi aukefni hafi aðeins áhrif á virka efnið í efnablöndunni.

4) Þó að upplýsingarnar sem skipta mestu máli ættu að vera á umbúðunum eða ílátinu sem geymir aukefnið eða forblönduna hafa tækniframfarir einnig gert kleift að nálgast upplýsingar um samsetningu efnablandnanna með sveigjanlegri og ódýrari hætti á annan skriflegan máta. Þetta er í samræmi við skilgreininguna á merkingum sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 ([2]).

5) Stjórnendur fóðurfyrirtækja ættu að geta veitt upplýsingar um samsetningu efnablandnanna sem settar eru á markað þar sem slíkar upplýsingar gera endanlega notandanum eða kaupandanum kleift að taka upplýsta ákvörðun, gerir kleift að framkvæma viðeigandi áhættumat og eflir sanngirni í viðskiptum.

6) Þessar viðbótarkröfur um merkingar og upplýsingar ættu að gilda eingöngu um aukefni sem tilheyra flokkunum sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð (EB) nr. 1831/2003. Þegar slík aukefni eru leyfð sem efnablöndur er aðeins verið að leyfa virka efnið en ekki aðra efnisþætti efnablandnanna sem geta verið breytilegir.

7) Til að koma í veg fyrir óæskileg áhrif á heilbrigði manna, dýraheilbrigði eða umhverfið ættu stjórnendur fóðurfyrirtækja að tryggja að það sé eðlisefnafræðilegt og líffræðilegt samhæfi milli efnisþáttanna í efnablöndunni sem er sett á markað og notuð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 58, 3.3.2015, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB. Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

8) Því ætti að breyta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003 um sértækar kröfur um merkingar fyrir tiltekin aukefni og forblöndur og IV. viðauka sömu reglugerðar um almenn notkunarskilyrði, til að taka tillit til tækniframfara og þróunar á sviði vísinda varðandi aukefni úr efnablöndum.

9) Þörf er á umbreytingartímabili til að komast hjá röskun að því er varðar setningu á markað og notkun á aukefnum, sem fyrir eru, úr efnablöndum og á fóðri sem inniheldur þær, svo að hægt sé að nota þau þar til birgðir eru uppurnar.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á III. og IV. viðauka

Ákvæðum III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Umbreytingarákvæði

Aukefni úr efnablöndum og forblöndur sem innihalda slík aukefni sem eru framleidd og merkt fyrir 23. mars 2017 í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003, eins og hún var fyrir 23. mars 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er breytt sem hér segir:

1) Í stað III. viðauka komi eftirfarandi:

"III. VIÐAUKI

1. SÉRTÆKAR KRÖFUR UM MERKINGAR FYRIR TILTEKIN AUKEFNI OG FORBLÖNDUR

a) Dýraræktaraukefni, hníslalyf og vefsvipungalyf:

— síðasti dagur ábyrgðar eða geymsluþols frá framleiðsludegi,

— leiðbeiningar um notkun og

— styrkur.

b) Ensím, til viðbótar við fyrrgreindar upplýsingar:

— sérheiti virks efnisþáttar eða virkra efnisþátta með tilliti til ensímvirkni þeirra, í samræmi við leyfið sem var veitt,

— auðkennisnúmer Alþjóðasamtaka um lífefnafræði (e. *International Union of Biochemistry*) og

— í stað styrks: virknieiningar (virknieiningar í hverju grammi eða í hverjum millilítra).

c) Örverur:

— síðasti dagur ábyrgðar eða geymsluþols frá framleiðsludegi,

— leiðbeiningar um notkun,

— auðkennisnúmer stofns og

— þyrpingafjöldi á hvert gramm.

d) Næringaraukefni:

— innihald virkra efna og

— síðasti dagur ábyrgðar þessa innihalds eða geymsluþols frá framleiðsludegi.

e) Tæknileg aukefni og skynræn aukefni að undanskildum bragðefnum:

— innihald virkra efna.

f) Bragðefni:

— íblöndunarhlutfall í forblöndum.

2. VIÐBÓTARKRÖFUR UM MERKINGAR OG UPPLÝSINGAR FYRIR TILTEKIN AUKEFNI ÚR EFNABLÖNDUM OG FORBLÖNDUM SEM INNIHALDA SLÍKAR EFNABLÖNDUR

a) Aukefni sem tilheyra flokkunum sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 6. gr. og eru úr efnablöndum:

i. upplýsingar á umbúðunum eða ílátinu um sérheiti, kenninúmer og magn allra tæknilegra aukefna sem efnablandan inniheldur þar sem hámarksgildi er fastsett í viðkomandi leyfi,

ii. eftirfarandi upplýsingar sem miðlað er skriflega eða sem fylgja efnablöndunni:

— sérheiti og kenninúmer allra tæknilegra aukefna sem efnablandan inniheldur og

— heiti allra annarra efna eða vara sem efnablandan inniheldur, tilgreind í lækkandi röð miðað við þyngd.

b) Forblöndur sem innihalda aukefni sem tilheyra flokkunum sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 6. gr. og eru úr efnablöndum:

i. ef við á: upplýsingar á umbúðunum eða ílátinu um að forblandan innihaldi tæknileg aukefni í aukefnablöndum þar sem hámarksgildi er fastsett í viðkomandi leyfi,

ii. að beiðni kaupanda eða notanda: upplýsingar um sérheiti, kenninúmer og upplýsingar um magn tæknilegu aukefnanna, sem um getur í i. lið í þessum lið, í aukefnablöndunni.“

2) Eftirfarandi 5. liður bætist við í IV. viðauka:

„5. Tæknileg aukefni eða önnur efni eða vörur sem eru í aukefnum úr efnablöndum skulu eingöngu breyta eðlisefnafræðilegum eiginleikum virka efnisins í efnablöndunni og notuð í samræmi við leyfisskilyrði þeirra þar sem slík ákvæði eru sett.

Eðlisefnafræðilegt og líffræðilegt samhæfi milli efnisþátta blöndunnar skal tryggt með tilliti til þeirra áhrifa sem sóst er eftir.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/391 **2015/EES/46/43**

frá 9. mars 2015

um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til þroskunar og heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 3. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru landsyfirvaldi aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbæra landsyfirvaldið skal framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“.

3) Þegar Matvælaöryggisstofnuninni hefur borist umsókn skal hún tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni án tafar og skila áliti á viðkomandi heilsufullyrðingu.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Í kjölfar umsóknar frá Specialised Nutrition Europe (áður European Dietetic Food Industry Association), sem lögð var fram skv. b-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar beta-palmítat og þátt þess í að mýkja hægðir (spurning nr. EFSA-Q-2008-174)([2]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var m.a. svohljóðandi: „Viðbót beta-palmítats á þátt í að mýkja þéttleika hægða sem stuðlar að aukinni tíðni þeirra“.

6) Með hliðsjón af framlögðum gögnum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í áliti sínu, sem barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum 21. febrúar 2014, að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu beta-palmítats og mýkri hægða. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

7) Í kjölfar umsóknar frá Specialised Nutrition Europe, sem lögð var fram skv. b-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif kólíns og „þroskun heila“ (spurning nr. EFSA-Q-2008-134 ([3])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var m.a. svohljóðandi: „Kólín er nauðsynlegt fyrir þroskun heila ungbarna og smábarna frá fæðingu til þriggja ára aldurs“.

8) Með hliðsjón af framlögðum gögnum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í áliti sínu, sem barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum 5. maí 2014, að fullyrtu áhrifin, „þroskun heila“ ungbarna og smábarna frá fæðingu til þriggja ára aldurs í tengslum við kólín í fæðu, hafi ekki verið nægilega skilgreind til að hægt væri að framkvæma vísindalegt mat. Matvælaöryggisstofnunin taldi einkum að út frá þeim tilvísunum sem umsækjandinn lagði fram væri ekki mögulegt að ákvarða lífeðlisfræðilega starfsemi taugakerfisins sem er viðfangsefni heilsufullyrðingarinnar og því séu fullyrtu áhrifin almenn og ósértæk. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 65, 10.3.2015, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(2), 3578.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3651.

9) Í kjölfar umsóknar frá Specialised Nutrition Europe, sem lögð var fram skv. b-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar „flókin kolvetni“ og „stuðlar að saðningu“ (spurning nr. EFSA-Q-2008-131 ([4])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var m.a. svohljóðandi: „Flókin kolvetni stuðla að saðningu“.

10) Með hliðsjón af framlögðum gögnum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í áliti sínu, sem barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum 5. maí 2014, að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu „flókinna kolvetna“ og góðra, lífeðlisfræðilegra áhrifa fyrir ungbörn og smábörn (frá fæðingu til þriggja ára aldurs). Að mati Matvælaöryggisstofnunarinnar lagði umsækjandinn ekki fram gögn til að sýna fram á að aukin saðning hafi góð, lífeðlisfræðileg áhrif fyrir ungbörn og smábörn. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

11) Í samræmi við 28. gr. (6. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 má halda áfram að nota heilsufullyrðingar, sem vísað er til í 14. gr. (b-lið 1. mgr.) reglugerðarinnar og sem ekki eru leyfilegar samkvæmt ákvörðun í samræmi við 17. gr. (3. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1924/2005, í sex mánuði eftir að slík ákvörðun er tekin, að því gefnu að umsóknin um leyfið hafi verið lögð fram fyrir 19. janúar 2008. Þar eð heilsufullyrðingarnar, sem eru settar fram í viðaukanum við þessa reglugerð, uppfylla ofangreind skilyrði ætti umbreytingartímabilið, sem mælt er fyrir um í þeirri grein, að gilda.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1) Heilsufullyrðingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal ekki færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2) Þó má halda áfram að nota heilsufullyrðingar, sem um getur í 1. mgr. og hafa verið notaðar fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, að hámarki í sex mánuði frá gildistöku þessarar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3652.

VIÐAUKI

Heilsufullyrðingar sem hefur verið hafnað

Umsókn – viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvæla-öryggisstofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing sem varðar b-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til þroskunar og heilbrigðis barna	Beta-palmítat	Viðbót beta-palmítats á þátt í að mýkja þéttleika hægða sem stuðlar að aukinni tíðni þeirra	Q-2008-174
Heilsufullyrðing sem varðar b-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til þroskunar og heilbrigðis barna	Kólín	Kólín er nauðsynlegt fyrir þroskun heila ungbarna og smábarna frá fæðingu til þriggja ára aldurs	Q-2008-134
Heilsufullyrðing sem varðar b-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til þroskunar og heilbrigðis barna	„Flókin kolvetni“	Flókin kolvetni stuðla að saðningu	Q-2008-131

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/403 2015/EES/46/44

frá 11. mars 2015

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 að því er varðar tegundir af ættkvísl vöndla (*Ephedra*) og jóhimbu (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinna annarra efna í matvæli ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006 getur aðildarríki farið fram á að framkvæmdastjórnin hefji málsmeðferð til að færa efni eða innihaldsefni, sem í eru önnur efni en vítamín eða steinefni, á skrá í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 þar sem skráð eru þau efni sem eru bönnuð, sæta takmörkunum eða eru í athugun í Sambandinu með tilliti til notkunar í matvæli, ef efnið tengist hugsanlegri áhættu fyrir neytendur í skilningi 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006.

2) Hinn 7. september 2009 sendi Þýskaland beiðni til framkvæmdastjórnarinnar varðandi hugsanleg skaðleg áhrif í tengslum við inntöku á jóhimbu (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille) og tegundum af ættkvísl vöndla (*Ephedra)* og efnablöndum þeirra, og bað framkvæmdastjórnina að hefja ferlið skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006 fyrir þessi tvö efni.

3) Beiðni Þýskalands uppfyllti nauðsynleg skilyrðin og kröfur sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 307/2012 ([2]).

4) Hinn 9. september 2011 bað framkvæmdastjórnin Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um að meta öryggi við notkun tegunda af ættkvísl vöndla (*Ephedra*) og jóhimbu (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille) í matvæli.

5) Hinn 3. júlí 2013 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit um mat á öryggi við notkun jóhimbu (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille)([3]). Hún komst að þeirri niðurstöðu að efnafræðilegir og eiturefnafræðilegir eiginleikar jóhimbubarkar og efnablandna hans, sem eru notuð í matvæli, sem koma úr tegundinni *Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille), nægi ekki til að komast að niðurstöðu varðandi öryggi þeirra sem innihaldsefna í matvæli. Matvælaöryggisstofnunin gat því ekki veitt ráðgjöf varðandi daglega inntöku á jóhimbuberki og efnablöndum hans sem gefi ekki tilefni til áhyggna varðandi heilbrigði manna.

6) Hinn 6. nóvember 2013 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit um öryggismat á tegundum af ættkvísl vöndla *(Ephedra)* til notkunar í matvæli ([4]). Hún komst að því að þó að ekki væri skráð að matvæli, sem innihalda jurt af ættkvísl vöndla (*Ephedra*) og efnablöndur hennar, væru sett á markað á smásölustöðum í Evrópu væri auðveldlega hægt að kaupa á Netinu fæðubótarefni sem innihalda jurtir af ættkvísl vöndla (*Ephedra*) eða efnablöndur þeirra sem eru venjulega notaðar í tengslum við þyngdartap og íþróttir. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að útiloka að neytendur gætu keypt jurtate úr jurt af ættkvísl vöndla (*Ephedra*) á Netinu. Þar eð jurt af ættkvísl vöndla (*Ephedra*) og efnablöndur hennar eru nánast eingöngu settar á markað sem fæðubótarefni reiknaði Matvælaöryggisstofnunin út hugsanleg váhrifastig fyrir jurtina út frá fæðubótarefnunum. Hún komst að þeirri niðurstöðu að jurt af ættkvísl vöndla (*Ephedra)* og efnablöndur hennar í fæðubótarefnum geti leitt til váhrifa af völdum heildarmagns beiskjuefna eða efedríns úr *Ephedra* sem fellur innan við eða getur farið yfir lækningaskammtabilið fyrir einstaka beiskjuefni eða efedrín úr *Ephedra* í lyfjum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 307/2012 frá 11. apríl 2012 um framkvæmdarreglur vegna beitingar 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinna annarra efna í matvæli (Stjtíð. ESB L 102, 12.4.2012, bls. 2).

([3]) Nefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli; „Scientific Opinion on the evaluation of the safety in use of Yohimbe (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum.) Pierre ex Beille).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(7), 3302.

([4]) Nefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli; „Scientific Opinion on safety evaluation of *Ephedra* species for use in food.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(11), 3467.

7) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að þar eð viðunandi gögn um eiturhrif væru ekki til staðar gæti hún ekki veitt ráðgjöf varðandi daglega inntöku á jurt af ættkvísl vöndla (*Ephedra*) og efnablöndum hennar úr öllum matvælum sem gæfi ekki tilefni til áhyggna varðandi heilbrigði manna. Engu að síður komst hún að þeirri niðurstöðu að váhrif af völdum heildarmagns beiskjuefna eða efedríns úr *Ephedra* í matvælum, einkum í fæðubótarefnum, gætu leitt til alvarlegra skaðlegra áhrifa á hjarta- og æðakerfið og miðtaugakerfið (s.s. háþrýstings og slags), sem gætu orðið meiri í samsetningu með koffíni. Því hefur notkun jurtar af ættkvísl vöndla (*Ephedra*) og efnablanda hennar, sem innihalda beiskjuefni úr *Ephedra,* í matvælum verulega áhættu í för með sér fyrir heilbrigði manna.

8) Framkvæmdastjórninni bárust engar athugasemdir frá hagsmunaaðilum eftir að Matvælaöryggisstofnunin birti álit sitt um tegundir af ættkvísl vöndla (*Ephedra*) og um jóhimbu (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille).

9) Þar eð notkun á jóhimbu (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille) og efnablöndum hennar í matvæli getur haft skaðleg áhrif á heilbrigði, en vísindaleg óvissa ríkir áfram, ætti að setja efnið í athugun hjá Sambandinu og af þeim sökum ætti að skrá það í C-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006. Af þessum sökum ættu ákvæði landslaga, sem gilda um notkun jóhimbu (*Pausinystalia yohimbe* (K. Schum) Pierre ex Beille) í matvæli, að gilda áfram meðan efnið er í athugun hjá Sambandinu og meðan beðið er ákvörðunar um hvort leyfa eigi notkun efnisins eða færa það inn í A- eða B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 í lok athugunartímabilsins.

10) Að teknu tilliti til verulegs öryggisvanda sem tengist notkun jurtar af ættkvísl vöndla (*Ephedra*) og efnablandna hennar í matvæli, einkum að því er varðar váhrif af völdum beiskjuefna *Ephedra* sem eru í fæðubótarefnum og að teknu tilliti til þess að ekki var hægt að fastsetja daglega inntöku á jurt af ættkvísl vöndla (*Ephedra*) og efnablöndum hennar, sem gefur ekki tilefni til áhyggna varðandi heilbrigði manna, ætti að banna notkun efnisins í matvæli. Því ætti að skrá jurt af ættkvísl vöndla (*Ephedra*) og efnablöndur hennar í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

„Jurt af ættkvísl vöndla (Ephedra) og efnablöndur hennar sem eiga uppruna að rekja til tegunda af ættkvísl vöndla (Ephedra)“

2) Í C-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

„Jóhimbubörkur og efnablöndur hans sem eiga uppruna að rekja til jóhimbu (Pausinystalia yohimbe (K. Schum) Pierre ex Beille)“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/414 **2015/EES/46/45**

frá 12. mars 2015

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB að því er varðar (6*S*)-5-metýltetrahýdrófólínsýru, glúkósamínsalt sem er notað við framleiðslu fæðubótarefna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni ([1]), einkum 5. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB er tekin saman skrá yfir vítamín og steinefni, og form hvers þeirra, sem nota má við framleiðslu fæðubótarefna. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1170/2009 ([2]) kom í stað I. og II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB.

2) Samkvæmt 14. gr. tilskipunar 2002/46/EB skal samþykkja ákvæði um vítamín og steinefni í fæðubótarefnum, sem kunna að hafa áhrif á lýðheilsu, að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu („Matvælaöryggisstofnunin“).

3) Í kjölfar beiðni um að bæta (6S)-5-metýltetrahýdrófólínsýru, glúkósamínsalti sem fólatgjafa við skrána, sem sett er fram í II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB, samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit 11. september 2013 um (6*S*)-5-metýltetrahýdrófólínsýru, glúkósamínsalt sem fólatgjafa sem er bætt í fæðubótarefni vegna næringarmarkmiða og lífaðgengileika fólats af þessum uppruna ([3]).

4) Af áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar má ráða að notkun á (6*S*)-5-metýltetrahýdrófólínsýru, glúkósamínsalti sem fólatgjafa í fæðubótarefni sé ekki öryggisvandi.

5) Að fengnu jákvæðu áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar ætti að bæta (6*S*)-5-metýltetrahýdrófólínsýru, glúkósamínsalti við skrána sem sett er fram í II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB.

6) (6*S*)-5-metýltetrahýdrófólínsýra, glúkósamínsalt er nýtt innihaldsefni í matvælum sem heimilað var að setja á markað með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/154/ESB ([4]).

7) Samráð var haft við hagsmunaaðila fyrir milligöngu ráðgjafahópsins um matvælaferlið og heilbrigði dýra og plantna og tekið var tillit til þeirra athugasemda sem fengust.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 68, 13.3.2015, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1170/2009 frá 30. nóvember 2009 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 að því er varðar skrár yfir vítamín og steinefni, sem bæta má í matvæli, og form þeirra, þ.m.t. fæðubótarefni (Stjtíð. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 36).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(10): 3358.

([4]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/154/ESB frá 19. mars 2014 um leyfi til að setja (6*S*)-5-metýltetrahýdrófólínsýru, glúkósamínsalt á markað sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjtíð. ESB L 85, 21.3.2014, bls. 10).

8) Því ber að breyta tilskipun 2002/46/EB til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í A-þætti II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB bætist við eftirfarandi c-liður undir fyrirsögn 10 (FÓLAT):

„c) (6*S*)-5-metýltetrahýdrófólínsýra, glúkósamínsalt“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/463 **2015/EES/46/46**

frá 19. mars 2015

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á pólývínýlalkóhóli (E 1203) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 14. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([3]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

2) Þessar nákvæmu skilgreiningarnar má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Hinn 7. september 2011 var lögð fram umsókn um breytingu á nákvæmum skilgreiningum varðandi matvælaaukefnið pólývínýlalkóhól (E 1203). Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

4) Núgildandi nákvæm skilgreining að því er varðar leysni matvælaaukefnisins pólývínýlalkóhóls (E 1203) er á þessa leið: „Leysanlegt í vatni, torleysanlegt í etanóli“. Stofnun heilsu- og neytendaverndar Sameiginlegrar rannsóknarmiðstöðvar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins framkvæmdi rannsókn á leysni pólývínýlalkóhóls ([4]) til þess að uppfæra gögn um leysni í fyrirliggjandi nákvæmum skilgreiningum Sambandsins um leysni þess í etanóli.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á niðurstöður leysniprófunar með pólývínýlalkóhóli, sem stofnun heilsu- og neytendaverndar framkvæmdi, og upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram ([5]). Matvælaöryggisstofnunin telur að breytingin á nákvæmu skilgreiningunni á leysni pólývínýlalkóhóls í etanóli hafi ekki áhrif á öryggi pólývínýlalkóhóls sem matvælaaukefnis.

6) Að teknu tilliti til framlagðrar umsóknar, rannsóknanna sem stofnun heilsu- og neytendaverndar framkvæmdi og mats Matvælaöryggisstofnunarinnar er rétt að breyta lýsingunni á leysni matvælaaukefnisins pólývínýlalkóhóls (E 1203) í etanóli (≥ 99.8%) í „nánast óleysanlegt eða óleysanlegt“.

7) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 76, 20.3.2015, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

([4]) João F. A. Lopes og Catherine Simoneau, 2014. Solubility of Polyvinyl Alcohol in Ethanol. EFSA supporting publication 2013:EN-483, 20 bls.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(9), 3820.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað nákvæmu skilgreiningarinnar um leysni í færslunni fyrir E 1203, pólývínýlalkóhól, í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 komi eftirfarandi:

Leysni	Leysanlegt í vatni, nánast óleysanlegt eða óleysanlegt í etanóli (≥ 99.8%)

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/537 **2015/EES/46/47**

frá 31. mars 2015

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun álsetlitarefna úr kókíníli, karmínsýru, karmínum (E 120) í sérfæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Uppfæra má skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([2]), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Í áliti sínu frá 22. maí 2008 ([3]) mælti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) með því að minnka þolanlega, vikulega inntöku á áli niður í 1 mg/kg líkamsþyngdar á viku. Að auki taldi Matvælaöryggisstofnunin að stórneytendur í verulegum hluta Sambandsins, einkum börn, fari yfirleitt yfir endurskoðaða þolanlega, vikulega inntöku. Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 380/2012 ([4]) var skilyrðum fyrir notkun matvælaaukefna sem innihalda ál, þ.m.t. álsetlitarefni, og magninu sem er heimilt að nota breytt í því skyni að tryggja að ekki sé farið yfir endurskoðaða, þolanlega, vikulega inntöku.

4) Í reglugerð (ESB) nr. 380/2012 er kveðið á um að álsetlitarefni, sem eru tilreidd úr öllum litum sem eru skráðir í töflu 1 í B-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, séu leyfð til 31. júlí 2014. Frá 1. ágúst 2014 eru einungis álsetlitarefni, sem eru tilreidd úr litunum sem eru skráðir í töflu 3 í A-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, leyfð og einungis í þeim matvælaflokkum þar sem ákvæði um hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr setlitarefnum eru skýrt tilgreind í E-hluta þess viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 88, 1.4.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) Vísindalegt álit sérfræðinganefndar um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli um öryggi áls sem tekið er inn með fæðu (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 754, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 380/2012 frá 3. maí 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar skilyrði fyrir notkun matvælaaukefna sem innihalda ál og magnið sem er heimilt að nota (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2012, bls. 14).

5) Umsókn um rýmkun á notkun álsetlitarefna úr kókíníli, karmínsýru, karmínum (E 120) í sérfæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi var lögð fram 30. október 2013 og hefur verið gerð aðgengileg aðildarríkjunum skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008. Með þessari umsókn var óskað eftir því að fastsetja hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr kókíníli, karmínsýru, karmínum í þessum matvælum. Óskað var eftir rýmkun á notkun í sérfæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi sem er ekki ætlað fyrir ungbörn og smábörn. Við meðhöndlun umsóknarinnar var gefinn sérstakur gaumur að hugsanlegum váhrifum af völdum áls í því skyni að grafa ekki undan ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 380/2012.

6) Í álsetlitarefnum er leysiliturinn gerður óleysanlegur og hann hefur aðra eiginleika en sambærilegur leysilitur (t.d. bættan stöðugleika gagnvart ljósi, pH-gildi og hita sem kemur í veg fyrir að liturinn smitist og gefur annarskonar litbrigði) sem fyrir vikið gerir setlitarefnið hentugt við tiltekna sértæka tæknilega notkun. Álsetlitarefni úr kókíníli, karmínsýru, karmínum henta til að uppfylla tæknilega þörf fljótandi, hitameðhöndlaðs sérfæðis sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi.

7) Sérfæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi er skilgreint í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB ([5]) sem flokkur matvæla til sérstakra, næringarlegra nota, sem eru sérframleidd eða -blönduð og ætluð til sérfæðismeðferðar fyrir sjúklinga og til að nota undir eftirliti læknis. Þeim er ætlað að fullnægja að öllu leyti eða að hluta næringarþörf sjúklinga sem hafa takmarkaða eða skerta getu, eða röskun á getu, til að neyta, melta, taka upp, vinna úr eða skilja út venjuleg matvæli eða tiltekin næringarefni þeirra eða umbrotsefni, eða sem hafa aðrar næringarþarfir sem ákvarðast af heilsufarsástandi og ekki er unnt að koma fyrir sérfæðismeðferð fyrir með því að breyta eingöngu venjulegu mataræði, með neyslu annarra matvæla til sérstakra, næringarlegra nota eða samblandi af þessu tvennu.

8) Að teknu tilliti til gagna úr yfirgripsmiklum gagnagrunni Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um fæðuneyslu ([6]) um neyslu á sérfæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og að því gefnu að það innihaldi ál við hámarksgildið 3 mg/kg eru váhrif af völdum áls úr þessum matvælum vel undir þolanlegri vikulegri inntöku, 1 mg/kg líkamsþyngdar á viku, bæði fyrir fullorðna og börn. Að teknu tilliti til þess að váhrif af völdum áls úr annars konar fæðugjöfum er takmörkuð, einkum ef um er að ræða matvæli sem ætlað er að fullnægja fæðuþörf að öllu leyti, er því ekki búist við að sjúklingar, sem neyta sérfæðis sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi, fari yfir þolanlega vikulega inntöku.

9) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að slík uppfærsla hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð rýmkun á notkun álsetlitarefna úr kókíníli, karmínsýru, karmínum telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

10) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

([5]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB frá 25. mars 1999 um sérfæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi (Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 29).

([6]) http://www.efsa.europa.eu/en/datexfoodcdb/datexfooddb.htm

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Jean-Claude JUNCKER

VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir III. flokk í matvælaflokki 13.2. Sérfæða sem er notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB (að undanskildum vörum í matvælaflokki 13.1.5) komi eftirfarandi:

	„III. flokkur	Litarefni með samsett hámarksgildi	50	(88)“	

2) Í matvælaflokki 13.2. Sérfæða sem er notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi eins og skilgreint er í tilskipun 1999/21/EB (að undanskildum vörum í matvælaflokki 13.1.5) bætist eftirfarandi neðanmálsgrein við:

		„(88): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E 120 kókíníli, karmínsýru, karmínum er 3 mg/kg, einungis í fljótandi, hitameðhöndluðum vörum. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/538 2015/EES/46/48

frá 31. mars 2015

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun bensósýru – bensóata (E 210–213) í soðnar rækjur í saltlegi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([2]), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Danish Seafood Association lagði fram beiðni um að breyta skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni í því skyni að auka leyfilegt hámarksgildi bensósýru – bensóata (E 210–213) í soðnum rækjum í saltlegi.

4) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er fastsett hámarksgildi fyrir notkun á sorbínsýru – sorbötum; bensósýru – bensóötum (E 200–213) sem nemur 2000 mg/kg í niðurlögðum fiski og lagarafurðum, þ.m.t. krabbadýrum, lindýrum, súrími og mauki úr fiski/krabbadýrum; soðnum krabbadýrum og lindýrum. Enn fremur er samanlagt leyfilegt hámarksgildi bensósýru – bensóata (E 210–213) í soðnum krabbadýrum og lindýrum 1000 mg/kg.

5) Þessi leyfilegu hámarksgildi í soðnum rækjum og rækjum í saltlegi, með pH-gildi á bilinu 5.6 til 5.7, ætti að nægja til að hamla vöxt *Listeria monocytogenes* í kælingu við hitastig á bilinu 5 til 8 °C. Smávægilegar breytingar á rotvarnarskilyrðum geta þó valdið vexti *Listeria monocytogenes*. Stærðfræðileg forspáraðferð til að ákvarða hvaða magn af bensósýru – bensóötum (E 210–213) er nauðsynlegt var þróuð við Tækniháskóla Danmerkur ([3]). Samkvæmt því líkani eru 1000 mg/kg af E 210–213 ekki nægilegt magn til að koma í veg fyrir vöxt *Listeria monocytogenes* í rækjum í saltlegi við pH-gildið 5.8. Bæði líkanið og prófanir sýna að ákjósanlegasta samsetning bensósýru – bensóata (E 210–213) og sorbínsýru – sorbata (E 200–203 til að koma í veg fyrir vöxt *Listeria monocytogenes* í þessum rækjum sé annars vegar 1500 mg/kg og hins vegar 500 mg/kg.

6) Í skýrslu sinni um horfur og upptök sjúkdóma sem berast milli manna og dýra, smitvalda sjúkdóma sem berast milli manna og dýra og uppkomu matarborinna sjúkdóma árið 2012 ([4]) komst Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að þeirri niðurstöðu að tilvikum Hvanneyrarveiki í mönnum fjölgaði lítillega í samanburði við árið 2011 og að 1642 staðfest tilvik í mönnum voru tilkynnt á árinu 2012. Tölfræðilega marktæk aukning á þróun kom í ljós í Sambandinu á tímabilinu 2008–2012, hægfara aukning þó, ásamt árstíðabundnu mynstri. Líkt og á fyrri árum var tilkynnt um háa dánartíðni (17,8%) meðal tilvikanna. Árið 2012 tilkynntu aðildarríkin alls 198 dauðsföll af völdum Hvanneyrarveiki, sem er mesti fjöldi tilkynntra dauðsfalla frá árinu 2006. *Listeria monocytogenes* greindist sjaldan yfir löglegum öryggismörkum í tilbúnum matvælum hjá smásöluaðilum. Sýni þar sem farið var yfir þessi mörk fundust oftast í lagarafurðum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 88, 1.4.2015, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) http://sssp.dtuaqua.dk

([4]) „The European Union Summary Report on Trends and Sources of Zoonoses, Zoonotic Agents and Food-borne Outbreaks in 2012“ (yfirlitsskýrsla Evrópusambandsins um horfur og upptök sjúkdóma sem berast milli manna og dýra, smitvalda sjúkdóma sem berast milli manna og dýra og uppkomu matarborinna sjúkdóma árið 2012), (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014;12(2):3547), http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/doc/3547.pdf

7) Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um inntöku matvælaaukefna með fæðu í Evrópusambandinu ([5]) var komist að þeirri niðurstöðu að váhrif af völdum bensósýru – bensóata geti numið allt að 96% af ásættanlegri, daglegri inntöku smábarna og 84% þegar um er að ræða fullorðna, byggt á notkun við leyfileg hámarksgildi. Á þeim tíma var fastsett hámarksgildi í soðnum rækjum 2000 mg/kg fyrir sorbínsýru – sorböt í samsetningu með bensósýru – bensóötum. Þetta gildi var endurskoðað með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/52/EB ([6]) þegar þetta leyfi var rýmkað þannig að það tæki til allra soðinna krabbadýra og lindýra, þó með hámarksgildið 1000 mg/kg fyrir bensósýru – bensóöt. Því er búist við að aukning á þessu gildi í 1500 mg/kg, einungis fyrir soðnar rækjur í saltlegi, muni ekki leiða til aukinna váhrifa sem skapa öryggisvanda.

8) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á bensósýru – bensóötum (E 210–213) í soðnar rækjur sem eru rotvarðar í saltlegi telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

9) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda um leið og þessi reglugerð öðlast gildi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([5]) COM(2001) 542, lokagerð.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/52/EB frá 5. júlí 2006 um breytingu á tilskipun 95/2/EB um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni og tilskipun 94/35/EB um sætuefni til notkunar í matvælum (Stjtíð. ESB L 204, 26.7.2006, bls. 10).

VIÐAUKI

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við í matvælaflokki 09.2 „Unninn fiskur og lagarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 210–213:

	„E 210–213	Bensósýra – bensóöt	1500	(1) (2)	Einungis soðnar rækjur í saltlegi“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/402 **2015/EES/46/49**

frá 11. mars 2015

um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 5. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru landsyfirvaldi aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbær landsyfirvöld skulu framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“, til vísindalegs mats og einnig til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna til upplýsingar.

3) Matvælastofnunin skal skila áliti á viðkomandi heilsufullyrðingu.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Í kjölfar umsóknar frá ICP Ltd, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif útdráttar úr *Padina pavonica*í Dictyolone® og aukna þéttni steinefna í beinum (spurning nr. EFSA-Q-2013-00249)([2]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „bætir beinþéttni með kalsíumstýrðri verkun og með lífeðlisfræðilegri endurheimt prótíns í beinum, einkum í tilvikum þar sem beintap á sér stað við öldrun heilbrigðra einstaklinga“.

6) Hinn 10. janúar 2014 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á útdrætti úr *Padina pavonica* í Dictyolone® og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

7) Í kjölfar umsóknar frá Omikron Italia S.r.l., sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif sýtidín-5’-dífosfókólíns (CDP-kólín eða sítikólín) og viðhald eðlilegrar sjónar (spurning nr. EFSA-Q-2013-00757)([3]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „CDP-kólín í mixtúru, sem uppspretta kólíns, stuðlar að því að viðhalda eðlilegri starfsemi í uppbyggingu augntauga“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(1), 3518.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(2), 3575.

8) Hinn 21. febrúar 2014 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu sýtidín-5'-dífosfókólíns og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

9) Í kjölfar umsóknar frá Hassia Mineralquellen GmbH & Co KG, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif Rosbacher drive® og aukinnar eftirtektarsemi (spurning nr. EFSA-Q-2013-00444)([4]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var m.a. svohljóðandi: „hjálpar/styður/viðheldur einbeitingu".

10) Hinn 24. febrúar 2014 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Rosbacher drive® og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

11) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjendum og almenningi sem framkvæmdastjórninni hafa borist, skv. 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal ekki færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(2), 3576.

VIÐAUKI

Heilsufullyrðingar sem hefur verið hafnað

Umsókn – viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvæla-öryggisstofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Útdráttur úr *Padina pavonica* í Dictyolone®	Bætir beinþéttni með kalsíumstýrðri verkun og með lífeðlisfræðilegri endurheimt prótíns í beinum, einkum í tilvikum þar sem beintap á sér stað við öldrun heilbrigðra einstaklinga	Q-2013-00249
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Sýtidín-5'-dísfosfókólín (CDP-kólín eða sítikólín)	CDP-kólín í mixtúru, sem uppspretta kólíns, stuðlar að því að viðhalda eðlilegri starfsemi í uppbyggingu augntauga	Q-2013-00757
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Rosbacher drive®	Hjálpar/styður/viðheldur einbeitingu	Q-2013-00444

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/149 **2015/EES/46/50**

frá 30. janúar 2015

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið metýlprednisólón (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]).

3) Metýlprednisólón er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir nautgripi, sem gildir um vöðva, fitu, lifur, nýru og mjólk.

4) Umsókn um rýmkun á gildandi færslu fyrir metýlprednisólón til dýra af hestaætt hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.

6) Dýralyfjanefndin mælti með því að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir metýlprednisólón fyrir dýr af hestaætt og yfirfæra hámarksgildi leifa fyrir metýlprednisólón frá mjólk úr nautgripum yfir á mjólk úr hryssum.

7) Því ber að breyta færslunni fyrir metýlprednisólón í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir hámarksgildi leifa fyrir dýr af hestaætt, sem gildir fyrir vöðva, fitu, lifur, nýru og mjólk.

8) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 26, 31.1.2015, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. apríl 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið metýlprednisólón í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Metýlprednisólón	Metýlprednisólón	Dýr af hestaætt	10 µg/kg	Vöðvi	ENGIN FÆRSLA	Barksterar/sykursterar“
			10 µg/kg	Fita		
			10 µg/kg	Lifur		
			10 µg/kg	Nýru		
			2 µg/kg	Mjólk		
		Nautgripir	10 µg/kg	Vöðvi	ENGIN FÆRSLA	
			10 µg/kg	Fita		
			10 µg/kg	Lifur		
			10 µg/kg	Nýru		
			2 µg/kg	Mjólk		

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/150 **2015/EES/46/51**

frá 30. janúar 2015

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið gamítrómýsín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]).

3) Gamítrómýsín er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir nautgripi, sem gildir um fitu, lifur og nýru, þó ekki fyrir dýr sem gefa af sér mjólk til manneldis.

4) Umsókn um rýmkun á gildandi færslu fyrir gamítrómýsín til svína hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra. Dýralyfjanefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki sé grundvöllur fyrir framreikningi á þessu efni yfir á aðrar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis.

6) Því ber að breyta færslunni fyrir gamítrómýsín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir hámarksgildi leifa fyrir svín.

7) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 26, 31.1.2015, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. apríl 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið gamítrómýsín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Gamítrómýsín	Gamítrómýsín	Svín	100 µg/kg	Vöðvi	ENGIN FÆRSLA	Sýkingalyf/sýklalyf“
			100 µg/kg	Húð og fita í eðlilegum hlutföllum		
			100 µg/kg	Lifur		
			300 µg/kg	Nýru		
		Nautgripir	20 µg/kg	Fita	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.	
			200 µg/kg	Lifur		
			100 µg/kg	Nýru		

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/151 **2015/EES/46/52**

frá 30. janúar 2015

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið doxýsýklín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]).

3) Doxýsýklín er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir nautgripi, svín og alifugla, sem gildir um vöðva, lifur og nýru í nautgripum, þó ekki fyrir dýr sem gefa af sér mjólk til manneldis, og um vöðva, húð og fitu, lifur og nýru í svínum og alifuglum, þó ekki fyrir dýr sem gefa af sér egg til manneldis.

4) Umsókn um rýmkun á gildandi færslu fyrir doxýsýklín til kanína hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra. Dýralyfjanefndin mælti með því að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir doxýsýklín fyrir kanínur og yfirfæra hámarksgildi leifa fyrir doxýsýklín frá nautgripum, svínum, alifuglum og kanínum yfir á allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis.

6) Því ætti að breyta færslunni fyrir doxýsýklín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir hámarksgildi leifa fyrir allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis, sem gildir um vöðva, fitu, lifur og nýru, þó ekki fyrir dýr sem gefa af sér mjólk eða egg til manneldis.

7) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 26, 31.1.2015, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. apríl 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið doxýsýklín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Doxýsýklín	Doxýsýklín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	100 µg/kg 300 µg/kg 300 µg/kg 600 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru	Fyrir fiska varðar leyfilegt hámarksgildi leifa fyrir vöðva „vöðva og roð í eðlilegum hlutföllum“. Hámarksgildi leifa fyrir fitu, lifur og nýru gilda ekki fyrir fiska. Fyrir svín og alifugla varðar þetta leyfilega hámarksgildi leifa fyrir fitu „húð og fitu í eðlilegum hlutföllum“. Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk eða egg til manneldis.	Sýkingalyf/sýklalyf“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/152 **2015/EES/46/53**

frá 30. janúar 2015

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið túlatrómýsín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]).

3) Túlatrómýsín er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir nautgripi og svín, sem gildir um vöðva, fitu (húð og fitu fyrir svín), lifur og nýru, þó ekki fyrir dýr sem gefa af sér mjólk til manneldis. Bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir það efni, sem sett er fram fyrir nautgripi og svín, rennur út 1. janúar 2015.

4) Umsókn um rýmkun á gildandi færslu svo hún nái yfir sauðfé, sem gildir fyrir vöðva, fitu, lifur og nýru, hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra. Dýralyfjanefndin mælti með því að rýmka bráðabirgðahámarksgildi leifa svo það nái yfir sauðfé og yfirfæra hámarksgildi leifa frá sauðfé yfir á geitur.

6) Því ber að breyta færslunni fyrir túlatrómýsín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir hámarksgildi leifa fyrir sauðfé og geitur.

7) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 26, 31.1.2015, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. apríl 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið túlatrómýsín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Túlatrómýsín	(2R,3S,4R,5R,8R,10R,11R,12S,13S, 14R)-2-etýl-3,4,10,13-tetrahýdroxý-3,5,8,10,12,14-hexametýl-11-[[3,4,6-trídeoxý-3-(dímetýlamínó)-β-D-xýló-hexópýranósýl]oxý]-1-oxa-6-asasýklópent-dekan-15-ón, gefið upp sem ígildi túlatrómýsíns	Sauðfé, geitur	450 µg/kg	Vöðvi	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis	Sýkingalyf/sýklalyf“
			250 µg/kg	Fita		
			5 400 µg/kg	Lifur		
			1 800 µg/kg	Nýru		
		Nautgripir	300 µg/kg	Vöðvi	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis Bráðabirgðahámarksgildi leifa falla úr gildi 1. janúar 2015	
			200 µg/kg	Fita		
			4 500 µg/kg	Lifur		
			3 000 µg/kg	Nýru		
		Svín	800 µg/kg	Vöðvi	Bráðabirgðahámarksgildi leifa falla úr gildi 1. janúar 2015	
			300 µg/kg	Húð og fita í eðlilegum hlutföllum		
			4 000 µg/kg	Lifur		
			8 000 µg/kg	Nýru		

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/282 **2015/EES/46/54**

frá 20. febrúar 2015

um breytingu á VIII., IX. og X. viðauka (viðvíkjandi framlengdu einnar kynslóðar rannsókninni á eiturhrifum á æxlun) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 er kveðið á um að prófunaraðferðir, sem notaðar eru til að afla upplýsinga um eðliseiginleika efnanna sem krafist er í þeirri reglugerð, skulu endurmetnar reglulega og bættar í því skyni að draga úr prófunum á hryggdýrum og fækka þeim dýrum sem nota þarf til þeirra. Hafa ætti til hliðsjónar meginreglurnar um staðgöngu, fækkun og mildun, sem er að finna í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB ([2]), við tilhögun prófunaraðferðarinnar, einkum ef viðeigandi, fullgiltar aðferðir til að koma í staðinn fyrir prófanir á dýrum, fækka þeim eða milda verða tiltækar. Í kjölfar þeirrar endurskoðunar skal breyta reglugerð ráðsins (EB) nr. 440/2008 ([3]) og viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, ef við á, í því skyni að taka upp aðrar aðferðir en prófanir á dýrum eða draga úr prófunum á dýrum eða bæta þær.

2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skal nota rannsókn á eiturhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum, til að rannsaka eiturhrif efna á æxlun, til að uppfylla kröfurnar varðandi staðalupplýsingar í lið 8.7.3 í IX. og X. viðauka við þá reglugerð. Auk þess er í 2. dálki í lið 8.7.1 í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 kveðið á um að hægt sé að nota rannsóknina á eiturhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum til að meta tilvikin þar sem hugsanleg, skaðleg áhrif á frjósemi eða þroskun eru mikið áhyggjuefni.

3) Framlengda einnar kynslóðar rannsóknin á eiturhrifum á æxlun ([4]) er ný prófunaraðferð sem var þróuð til að meta eiturhrif efna á æxlun. Efnahags- og framfarastofnunin samþykkti þessa prófunaraðferð í júlí 2011. Framlengd einnar kynslóðar rannsókn er einingaprófunaraðferð þar sem eldi og mat á annarri afkomendakynslóð (F2) og prófun á taugaeiturhrifum á þroskun (DNT) og ónæmiseiturhrifum á þroskun (DIT) eru aðskildar og sjálfstæðar einingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 50, 21.2.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB frá 22. september 2010 um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni (Stjtíð. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 33).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2008 frá 30. maí 2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH))(Stjtíð. ESB L 142 31.5.2008, bls. 1).

([4]) OECD-viðmiðunarregla 443 um prófanir.

4) Framlengd einnar kynslóðar rannsókn á eiturhrifum á æxlun telst bjóða upp á ýmsa kosti í samanburði við rannsóknina á eiturhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum. Með henni er hægt að meta fleiri dýr af fyrstu afkomendakynslóð (F1) og hún nær yfir fleiri breytur sem eykur næmnina og umfang upplýsinganna sem hægt er að fá úr prófuninni. Auk þess, þar sem eldi F2-kynslóðarinnar er ekki hluti af grunntilhögun prófunarinnar, dregur umtalsvert úr fjölda þeirra dýra sem eru notuð ef þessi tilhögun prófunar er notuð.

5) Framlengd einnar kynslóðar rannsókn á eiturhrifum á æxlun var færð inn í reglugerð (EB) nr. 440/2008 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 900/2014 ([5]). Breyta ætti IX. og X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til að tilgreina með hvaða hætti skal nota nýju prófunaraðferðina að því er varðar reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Í því skyni var komið á fót undirhóp árið 2011 undir sérfræðingahóp framkvæmdastjórnarinnar, sem skipaður er þeim lögbærum yfirvöldum sem bera ábyrgð á efnareglunum (REACH) og reglugerðunum um flokkun og merkingu á efnum, (hér á eftir nefndur „sérfræðingahópur“). Samkvæmt vísindalegum ráðleggingum þessa sérfræðingahóps ætti framlengd einnar kynslóðar rannsókn á eiturhrifum á æxlun að vera sú prófunaraðferð sem valin er til að uppfylla kröfurnar varðandi staðalupplýsingar sem skilgreindar eru í 1. dálki í lið 8.7.3 í IX. og X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 í stað rannsóknarinnar á eiturhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum (B.35).

6) Kröfurnar varðandi staðalupplýsingar í IX. og X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ættu að takmarkast við grunntilhögun framlengdu einnar kynslóðar rannsóknarinnar á eiturhrifum á æxlun. Í tilteknum rökstuddum tilvikum ætti skráningaraðili þó að geta lagt til, og Efnastofnun Evrópu ætti að geta lagt fram beiðni um, að framkvæmdar verði rannsóknir á F2-kynslóðinni ásamt þýðunum fyrir prófun á taugaeiturhrifum á þroskun og ónæmiseiturhrifum á þroskun.

7) Tryggja ætti að í rannsókninni á eiturhrifum á æxlun, sem framkvæmd er samkvæmt lið 8.7.3 í IX. og X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, sé gert kleift að meta með fullnægjandi hætti hugsanleg áhrif á frjósemi. Váhrifatíminn áður en pörun á sér stað og val á skammti ættu að vera viðeigandi fyrir áhættumat og til flokkunar og merkingar eins og krafist er í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([6]).

8) Í ljósi þess að skýra ætti vísindalegu athugunarefnin sem eftir standa að því er varðar gildi F2-kynslóðarinnar, á grundvelli gagna sem byggð eru á athugunum, og að meta ætti með varfærni efni sem geta hugsanlega skapað mikla áhættu fyrir neytendur og fagmenn ætti að hefja framleiðslu og mat á F2-kynslóðinni að því er varðar tiltekin efni í hverju tilviki fyrir sig. Sérfræðingahópurinn mælti með því að váhrifamiðaðri kveikju, sem er tengd notkun sem leiðir til þess að neytendur og fagmenn verða fyrir váhrifum, yrði bætt inn í viðkomandi liði í IX. og X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Bæta ætti við viðbótarviðmiðunum, sem byggjast á vísbendingum um að efni gefi tilefni til áhyggna á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga um eiturhrif og eiturefnahvörf, til að bæta enn frekar úrval þeirra efna sem notuð eru til framleiðslu og prófunar á F2-kynslóðinni.

9) Taugaeiturhrif á þroskun og ónæmiseiturhrif á þroskun teljast mikilvægir og viðeigandi endapunktar fyrir eiturhrif á þroskun sem væri hægt að rannsaka frekar. Greining á þýðunum fyrir prófun á taugaeiturhrifum á þroskun og ónæmiseiturhrifum á þroskun hefur þó í för með sér umtalsverðan viðbótarkostnað fyrir prófunarstofur auk tæknilegra erfiðleika og erfiðleika varðandi framkvæmd. Því er talið rétt að greiningarnar á þýðunum fyrir prófun á taugaeiturhrifum á þroskun og ónæmiseiturhrifum á þroskun, eða aðeins önnur þeirra, séu háðar sérstökum vísindalegum kveikjum á grundvelli þess hvort hætta sé fyrir hendi. Taka ætti upp sértækar reglur til aðlögunar á upplýsingakröfunni, sem skilgreind er í lið 8.7.3 í IX. og X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, til að hrinda af stað prófun á ónæmiseiturhrifum og taugaeiturhrifum. Í þeim tilvikum þar sem fyrirliggjandi upplýsingar gefa vísbendingar um að efni sé sérstaklega vafasamt að því er varðar taugaeiturhrif eða ónæmiseiturhrif ætti að vera hægt að heimila þýði fyrir prófun á taugaeiturhrifum á þroskun og ónæmiseiturhrifum á þroskun, eða aðeins annað þeirra, í hverju tilviki fyrir sig. Vísbendingar um að efni teljist vera vafasamt geta leitt af fyrirliggjandi upplýsingum sem fást úr aðferðum í lífi eða aðferðum þar sem ekki eru notuð dýr, þekkingu á viðkomandi gangvirki/verkunarhætti efnisins eða af fyrirliggjandi upplýsingum um efni með skylda efnabyggingu. Ef færð eru rök fyrir slíkum sérstaklega vafasömum aðstæðum ætti að krefjast þess að skráningaraðilinn leggi til, og Efnastofnun Evrópu ætti að geta krafist, að framkvæmdar verði rannsóknir á þýðum fyrir prófun á taugaeiturhrifum á þroskun og ónæmiseiturhrifum á þroskun, eða öðru þeirra.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 900/2014 frá 15. júlí 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 440/2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni, í því skyni að laga hana að tækniframförum (efnareglurnar (REACH)) (Stjtíð. ESB L 247, 21.8.2014, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

10) Í lið 8.7.3 í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er eingöngu krafist rannsóknar á eiturhrifum á æxlun ef fram koma áhyggjuefni vegna skaðlegra áhrifa á æxlunarfæri eða -vefi sem greinst hafa. Þar er kveðið á um að eingöngu 28 og 90 daga eiturhrifarannsóknir með endurteknum skömmtum geti verið heimild slíkra upplýsinga. Í ljósi þess að skimunarrannsóknir fyrir eiturhrifum á æxlun, s.s. OECD-viðmiðunarreglur 421 eða 422 um prófanir, eða aðrar rannsóknir með endurtekinni skammtagjöf geta einnig veitt vísbendingar um skaðleg áhrif á viðeigandi æxlunarmæliþætti, sem getur réttlætt eftirfylgni með framlengdri einnar kynslóðar rannsókn á eiturhrifum á æxlun, ætti að breyta 1. dálki liðar 8.7.3 til að hægt sé að taka slíkar viðbótarrannsóknir til athugunar.

11) Til að koma í veg fyrir að óhóflegar byrðar séu lagðar á rekstraraðila sem hafa ef til vill þegar framkvæmt prófanirnar eða fengið niðurstöður úr rannsókn á eiturhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum, sem og af ástæðum sem varða velferð dýra, ættu ítarlegu rannsóknarsamantektirnar úr rannsóknum sem hófust fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar að teljast fullnægjandi til að uppfylla kröfurnar varðandi staðalupplýsingar í lið 8.7.3 í IX. og X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

12) Til að tryggja samræmi ætti að breyta lið 8.7.1 í 2. dálki í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til að breyta millivísuninni í rannsóknina sem krafist er samkvæmt lið 8.7.3 í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 úr rannsókn á eiturhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum í framlengda einnar kynslóðar rannsókn á eiturhrifum á æxlun.

13) Efnastofnun Evrópu, í nánu samstarfi við aðildarríki og hagsmunaaðila, ætti að þróa frekar leiðbeiningarskjöl fyrir beitingu framlengdrar einnar kynslóðar rannsóknar á eiturhrifum á æxlun að því er varðar reglugerð (EB) nr. 1907/2006, þ.m.t. fyrir beitingu viðmiðananna fyrir þýði fyrir F2 og þýði fyrir prófun á taugaeiturhrifum á þroskun og ónæmiseiturhrifum á þroskun. Þegar það er gert ætti Efnastofnun Evrópu að taka fullt tillit til þess starfs sem farið hefur fram innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar og innan annarra viðkomandi vísindalegra hópa og sérfræðingahópa. Auk þess ætti Efnastofnun Evrópu að taka tilhlýðilegt tillit til aðgengileika þessarar þjónustu við prófanir á markaðinum þegar ákvarðað er hver fresturinn skal vera til að leggja fram uppfærð málsskjöl með niðurstöðum úr framlengdri einnar kynslóðar rannsóknar á eiturhrifum á æxlun.

14) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum VIII., IX. og X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 8.7.1 í töflunni með eiturefnafræðilegu upplýsingunum í 2. dálki (Sértækar reglur til aðlögunar á upplýsingum í 1. dálki) í VIII. viðauka, komi eftirfarandi:

	„8.7.1. Þessi rannsókn er óþörf ef: — vitað er að efnið er krabbameinsvaldandi erfðaeitur og gerðar eru viðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun eða — vitað er að efnið er kímfrumustökkbreytivaldur og gerðar eru viðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun eða — unnt er að útiloka viðkomandi váhrif á menn í samræmi við 3. lið XI. viðauka eða — rannsókn á eiturhrifum á þroskun á forburðarskeiði (liður 8.7.2 í IX. viðauka) eða annaðhvort framlengd einnar kynslóðar rannsókn á eiturhrifum á æxlun (B.56, OECD-viðmiðunarregla 443 um prófanir) (liður 8.7.3 í IX. viðauka) eða tveggja kynslóða rannsókn (B.35, OECD-viðmiðunarregla 416 um prófanir) er fyrir hendi. Ef vitað er að efni hefur skaðleg áhrif á frjósemi og það uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B: Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi (H360F), og fyrirliggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé traust þarf ekki að gera frekari prófanir vegna frjósemi. Hins vegar er nauðsynlegt að íhuga að gera prófanir vegna eiturhrifa á þroskun Ef vitað er að efni hefur eiturhrif á þroskun og það uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B: Getur skaðað börn í móðurkviði (H360D), og fyrirliggjandi gögn eru fullnægjandi til að áhættumat sé traust þarf ekki að gera frekari prófanir vegna eiturhrifa á þroskun. Hins vegar er nauðsynlegt að íhuga að gera prófanir vegna frjósemi Í þeim tilvikum, þar sem hugsanleg, skaðleg áhrif á frjósemi eða þroskun eru mikið áhyggjuefni, getur skráningaraðilinn, eins og við á, annaðhvort gert tillögu að framlengdri einnar kynslóðar rannsókn á eiturhrifum á æxlun (liður 8.7.3 í IX. viðauka) eða rannsókn á eiturhrifum á þroskun á forburðarskeiði (liður 8.7.2 í IX. viðauka) í stað skimunarrannsóknarinnar.“

2) Í stað liðar 8.7.3, í IX. viðauka í töflunni með eiturefnafræðilegu upplýsingunum, í 1. dálki (Tilskildar staðalupplýsingar) og 2. dálki (Sértækar reglur til aðlögunar á upplýsingum í 1. dálki), komi eftirfarandi:

„8.7.3. Framlengd einnar kynslóðar rannsókn á eiturhrifum á æxlun (B.56 í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaraðferðir eins og tilgreint er í 3. mgr. 13. gr. eða OECD-viðmiðunarregla 443 um prófanir), grunntilhögun prófunar (þýði 1A og 1B án framlengingar til að ná yfir F2-kynslóð) með einni tegund þar sem íkomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn, ef fyrirliggjandi rannsóknir á eiturhrifum við endurtekna skammta (t.d. 28 eða 90 daga rannsóknir, OECD-viðmiðunarregla 421 eða 422 um prófanir, skimunarrannsóknir) gefa til kynna skaðleg áhrif á æxlunarfæri eða -vefi eða leiða í ljós önnur áhyggjuefni í tengslum við eiturhrif á æxlun.	8.7.3 Skráningaraðilinn skal gera tillögu að framlengdri einnar kynslóðar rannsókn á eiturhrifum á æxlun með framlengingu þýðis 1B til að ná yfir F2-kynslóðina eða Efnastofnunin kann að krefjast hennar í samræmi við 40. eða 41. gr. ef: a) ákveðin notkun efnisins getur valdið umtalsverðum váhrifum á neytendur eða fagmenn, með tilliti til m.a. váhrifa sem neytendur verða fyrir af völdum vara, og b) eitt eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt: — efnið sýnir erfðaeiturhrif í prófunum í lífi á stökkbreytandi hrifum á líkamsfrumur sem gætu leitt til flokkunar þess sem stökkbreytivaldur í 2. undirflokki, eða — vísbendingar eru um að innri skammtur fyrir efnið og/eða eins af umbrotsefnum þess nær eingöngu stöðugu ástandi í tilraunadýrunum eftir framlengd váhrif, eða — vísbendingar eru um einn eða fleiri verkunarhætti sem tengjast innkirtlatruflandi efnum úr fyrirliggjandi rannsóknum í lífi eða aðferðum þar sem ekki eru notuð dýr.

	Skráningaraðilinn skal gera tillögu að framlengdri einnar kynslóðar rannsókn á eiturhrifum á æxlun sem nær yfir þýði 2A/2B (taugaeiturhrif á þroskun) og/eða þýði 3 (ónæmiseiturhrif á þroskun), eða Efnastofnunin kann að krefjast þeirra í samræmi við 40. eða 41. gr., ef um er að ræða sérstakar áhyggjur varðandi taugaeiturhrif (þroskun) eða ónæmiseiturhrif (þroskun) og færð eru rök fyrir því með einhverju af eftirfarandi: — fyrirliggjandi upplýsingum um efnið sjálft sem fást úr viðkomandi tiltækum aðferðum í lífi eða aðferðum þar sem ekki eru notuð dýr (t.d. afbrigðileiki í miðtaugakerfi, vísbendingar um skaðleg áhrif á taugakerfið eða ónæmiskerfið í rannsóknum á fullvöxnum dýrum eða dýrum sem verða fyrir váhrifum fyrir fæðingu), eða — sérstöku gangvirki/verkunarmáta efnisins sem tengist taugaeiturhrifum (þroskun) og/eða ónæmiseiturhrifum (þroskun) (t.d. kólínesterasahömlun eða breytingar sem skipta máli í skjaldkirtilshormónastyrkleikum í tengslum við skaðleg áhrif), eða — fyrirliggjandi upplýsingum um áhrif af völdum efna sem eru með sambærilega efnabyggingu og efnið sem verið er að rannsaka og gefa vísbendingar um slík áhrif eða gangvirki/verkunarhátt. Skráningaraðilinn getur gert tillögu að öðrum rannsóknum á taugaeiturhrifum á þroskun og/eða ónæmiseiturhrifum á þroskun í stað þýða 2A/2B (taugaeiturhrif á þroskun) og/eða þýði 3 (ónæmiseiturhrif á þroskun) í framlengdu einnar kynslóðar rannsókninni á eiturhrifum á æxlun til að skýra áhyggjuefnið varðandi eiturhrif á þroskun. Rannsóknir á eiturhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum (B.35, OECD-viðmiðunarregla 416 um prófanir) sem hófust fyrir 13. mars 2015 skulu teljast fullnægjandi til að uppfylla kröfurnar varðandi þessar staðalupplýsingar. Gera skal rannsóknina á einni tegund. Það kann að vera nauðsynlegt að gera rannsókn á þessu magnbili eða því næsta á öðrum stofni eða á annarri tegund og ætti ákvörðun um það að byggjast á niðurstöðum úr fyrstu prófuninni og öllum öðrum fyrirliggjandi gögnum sem skipta máli.“

3) Í stað liðar 8.7.3, í X. viðauka í töflunni með eiturefnafræðilegu upplýsingunum í 1. dálki (Tilskildar staðalupplýsingar) og 2. dálki (Sértækar reglur til aðlögunar á upplýsingum í 1. dálki), komi eftirfarandi:

„8.7.3. Framlengd einnar kynslóðar rannsókn á eiturhrifum á æxlun (B.56 í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um prófunaraðferðir eins og tilgreint er í 3. mgr. 13. gr. eða OECD-viðmiðunarregla 443 um prófanir), grunntilhögun prófunar (þýði 1A og 1B án framlengingar til að ná yfir F2-kynslóð) með einni tegund þar sem íkomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn, svo fremi slíkar upplýsingar liggi ekki þegar fyrir samkvæmt kröfunum í IX. viðauka.	8.7.3 Skráningaraðilinn skal gera tillögu að framlengdri einnar kynslóðar rannsókn á eiturhrifum á æxlun með framlengingu þýðis 1B til að ná yfir F2-kynslóðina eða Efnastofnunin kann að krefjast hennar í samræmi við 40. eða 41. gr. ef: a) ákveðin notkun efnisins getur valdið umtalsverðum váhrifum á neytendur eða fagmenn, með tilliti til m.a. váhrifa sem neytendur verða fyrir af völdum vara, og b) eitt eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt: — efnið sýnir erfðaeiturhrif í prófunum í lífi á stökkbreytandi hrifum á líkamsfrumur sem gætu leitt til flokkunar þess sem stökkbreytivaldur í 2. undirflokki, eða — vísbendingar eru um að innri skammtur fyrir efnið og/eða eins af umbrotsefnum þess nær eingöngu stöðugu ástandi í tilraunadýrunum eftir framlengd váhrif, eða — vísbendingar eru um einn eða fleiri verkunarhætti sem tengjast innkirtlatruflandi efnum úr fyrirliggjandi rannsóknum í lífi eða aðferðum þar sem ekki eru notuð dýr.

	Skráningaraðilinn skal gera tillögu að framlengdri einnar kynslóðar rannsókn á eiturhrifum á æxlun sem nær yfir þýði 2A/2B (taugaeiturhrif á þroskun) og/eða þýði 3 (ónæmiseiturhrif á þroskun), eða Efnastofnunin kann að krefjast þeirra í samræmi við 40. eða 41. gr., ef um er að ræða sérstakar áhyggjur varðandi taugaeiturhrif (þroskun) eða ónæmiseiturhrif (þroskun) og færð eru rök fyrir því með einhverju af eftirfarandi: — fyrirliggjandi upplýsingum um efnið sjálft sem fást úr viðkomandi tiltækum aðferðum í lífi eða aðferðum þar sem ekki eru notuð dýr (t.d. afbrigðileiki í miðtaugakerfi, vísbendingar um skaðleg áhrif á taugakerfið eða ónæmiskerfið í rannsóknum á fullvöxnum dýrum eða dýrum sem verða fyrir váhrifum fyrir fæðingu), eða — sérstöku gangvirki/verkunarmáta efnisins sem tengist taugaeiturhrifum (þroskun) og/eða ónæmiseiturhrifum (þroskun) (t.d. kólínesterasahömlun eða breytingar sem skipta máli í skjaldkirtilshormónastyrkleikum í tengslum við skaðleg áhrif), eða — fyrirliggjandi upplýsingum um áhrif af völdum efna sem eru með sambærilega efnabyggingu og efnið sem verið er að rannsaka og gefa vísbendingar um slík áhrif eða gangvirki/verkunarhátt. Skráningaraðilinn getur gert tillögu að öðrum rannsóknum á taugaeiturhrifum á þroskun og/eða ónæmiseiturhrifum á þroskun í stað þýða 2A/2B (taugaeiturhrif á þroskun) og/eða þýði 3 (ónæmiseiturhrif á þroskun) í framlengdu einnar kynslóðar rannsókninni á eiturhrifum á æxlun til að skýra áhyggjuefnið varðandi eiturhrif á þroskun. Rannsóknir á eiturhrifum á æxlun hjá tveimur kynslóðum (B.35, OECD-viðmiðunarregla 416 um prófanir) sem hófust fyrir 13. mars 2015 skulu teljast fullnægjandi til að uppfylla kröfurnar varðandi þessar staðalupplýsingar.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/491 **2015/EES/46/55**

frá 23. mars 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 605/2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að innleiða hættusetningar og varnaðarsetningar á króatísku og til að laga hana að framförum á sviði tækni og vísinda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([1]), einkum 5. mgr. 37. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2014 ([2]), sem var samþykkt 5. júní 2014, er kveðið á um beitingu á nýjum eða uppfærðum ákvæðum um samræmda flokkun og merkingu nokkurra efna frá og með 1. apríl 2015. Vegna tafa á samþykktarferlinu fyrir þá reglugerð er umbreytingartímabilið fram að beitingu reglugerðar (ESB) nr. 605/2014 umtalsvert styttra en umbreytingartímabilin fyrir fyrri aðlaganir að framförum á sviði tækni og vísinda. Tíu mánuðir virðast ekki duga til að rekstraraðilar geti aðlagast nýju reglunum þar sem sumar þeirra hafa áhrif á íðefni sem eru í útbreiddri notkun. Því ætti að fresta dagsetningu beitingar til að veita umbreytingartímabil sem er í samræmi við framkvæmd fyrri aðlagana reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 að tækniframförum.

2) Í því skyni að tryggja að rekstraraðilar geti eins fljótt og auðið er reitt sig á frestinn er varðar dagsetningu skyldubundinnar beitingar er nauðsynlegt að þessi reglugerð taki gildi eins fljótt og auðið er eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([3]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 605/2014 komi eftirfarandi:

„Ákvæði 3. mgr. 1. gr. gilda frá og með 1. janúar 2016.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 78, 24.3.2015, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2014 frá 5. júní 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að innleiða hættusetningar og varnaðarsetningar á króatísku og til að laga hana að framförum á sviði tækni og vísinda (Stjtíð. ESB L 167, 6.6.2014, bls. 36).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/419 **2015/EES/46/56**

frá 12. mars 2015

um að samþykkja tólýlflúaníð sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur eða færslu þeirra á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012. Sú skrá nær yfir tólýlflúaníð.

2) Tólýlflúaníð hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 fyrir notkun í sæfivörur í vöruflokki 21, gróðurhindrandi vörur, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Finnland var tilnefnd sem lögbært matsyfirvald og lagði matsskýrslu, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 18. september 2012 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 ([3]).

4) Sæfivörunefndin setti álit Efnastofnunar Evrópu fram 17. júní 2014, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 21 og innihalda tólýlflúaníð, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([4]) að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þess séu uppfyllt.

6) Samt sem áður þarf að staðfesta frekar hvort áhættan í tengslum við notkun gróðurhindrandi vara sé viðunandi sem og hentugleika tillagðra ráðstafana til að draga úr áhættu. Við endurnýjun á samþykki fyrir fyrirliggjandi gróðurhindrandi virkum efnum ætti samþykki fyrir þessum efnum að falla úr gildi sama dag til að auðvelda endurskoðun og samanburð á áhættu og kostum þessara efna sem og þeim ráðstöfunum sem beitt er til að draga úr áhættu.

7) Því er rétt að samþykkja tólýlflúaníð til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21, með fyrirvara um samræmi við slíkar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

8) Þar eð mötin fjölluðu ekki um nanóefni ætti samþykkið ekki að ná yfir slík efni í samræmi við 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

9) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 68, 13.3.2015, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal tólýlflúaníð sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Völuflokkur	Sértæk skilyrði([2])
Tólýlflúaníð	IUPAC-heiti: N-(díklórflúormetýlþíó)-N',N'-dímetýl-N-p-tólýlsúlfamíð EB-nr.: 211-986-9 CAS-nr.: 731-27-1	960 g/kg	1. júlí 2016	31. desember 2025	21	Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Ef vörur, sem innihalda tólýlflúaníð, eru síðan leyfðar fyrir notendur sem ekki nota efnið í atvinnuskyni skulu aðilar, sem bjóða vörur sem innihalda tólýlflúaníð fram á markaði fyrir notendur sem ekki nota efnið í atvinnuskyni, sjá til þess að vörurnar séu afhentar ásamt viðeigandi hönskum. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Vörur sem innihalda tólýlflúaníð skulu ekki leyfðar eða notaðar til að verjast vexti lífvera á skipum sem sigla á ferskvatni. 2) Innleiða skal öruggar verklagsreglur og viðeigandi skipulagsráðstafanir fyrir notendur í iðnaði eða þá sem nota efnið í atvinnuskyni. Við notkun á vörunum skal nota viðeigandi persónuhlífar ef ekki er unnt að draga úr váhrifum á annan hátt þannig að þau verði ekki meiri en svo að við megi una. 3) Á merkimiðum og notkunarleiðbeiningum, ef þær eru látnar í té, skal koma fram að halda skuli börnum fjarri þar til meðhöndlaðir yfirborðsfletir eru orðnir þurrir. 4) Á merkimiðum og, ef þau liggja fyrir, öryggisblöðum fyrir vörur, sem leyfðar hafa verið til notkunar, skal koma fram að notkun, viðhald og viðgerðir skuli fara fram inni á lokuðu svæði, á ógegndræpu, hörðu undirlagi sem lokað er af með varnargarði eða á jörðinni, sem skal þakin ógegndræpu efni til að koma í veg fyrir leka og lágmarka losun út í umhverfið, og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllum efnum sem fara til spillis, eða úrgangi, sem innihalda tólýlflúaníð.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Véruflokkur	Sértæk skilyrði([2])
						5) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ([3]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ([4]), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa. Fyrir meðhöndlaðar vörur gilda eftirfarandi skilyrði: Ef meðhöndluð vara hefur verið meðhöndluð með eða inniheldur eina eða fleiri sæfivörur, sem innihalda tólýlflúaníð, af ásetningi og, ef nauðsyn krefur, vegna hugsanlegrar snertingar við húð svo og losunar tólýlflúaníðs við venjuleg notkunarskilyrði meðhöndluðu vörunnar, skal aðilinn sem ber ábyrgð á setningu meðhöndluðu vörunnar á markað sjá til þess að á merkimiðanum séu tilgreindar upplýsingar um áhættu á húðnæmingu sem og upplýsingarnar sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

([1]) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var notað við matið í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

([2]) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslnanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/environment/chemicals/biocides/index_en.htm.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/306 **2015/EES/46/57**

frá 26. febrúar 2015

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Isaria fumosorosea* af stofni Apopka 97, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samþykkið fyrir virka efninu *Isaria fumosorosea* af stofni Apopka 97, áður nefnt „*Paecilomyces fumosoroseus* af stofni Apopka 97, PFR 97 eða CG 170, ATCC20874“, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]), rennur út 31. desember 2015.

2) Umsókn um endurnýjun á skráningu *Isaria fumosorosea* af stofni Apopka 97 í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([4]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

3) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

4) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 3. júní 2013.

5) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 56, 27.2.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að *Isaria fumosorosea* af stofni Apopka 97 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 28. apríl 2014 ([5]). Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um *Isaria fumosorosea*af stofni Apopka 97 fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 12. desember 2014.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr., eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.

8) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að *Isaria fumosorosea* af stofni Apopka 97 sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. *Isaria fumosorosea* af stofni Apopka 97 er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. *Isaria fumosorosea* af stofni Apopka 97 er örvera sem búist er við, í kjölfar mats skýrslugjafaraðildarríkisins og Matvælaöryggisstofnunarinnar, að teknu tilliti til fyrirhugaðrar notkunar, að einungis stafi lítil áhætta fyrir heilbrigði manna og dýra og fyrir umhverfið. Í fyrsta lagi fundust enginn sveppaeitur og efnin, sem stofninn myndar, eru sanngreind með skýrum hætti og eru ekki vafasöm í eiturefnafræðilegu tilliti. Því telst áhættan fyrir notendur, starfsfólk, neytendur og umhverfið vera lítil. Í öðru lagi er lífvænleiki stofnsins í vatnsumhverfi lítill og ekki tengdur neinum þekktum sjúkdómsvöldum sem leggjast á fiska og halaflær. Því telst áhættan fyrir vatnalífverur utan markhóps vera lítil. Í síðasta lagi, að teknu tilliti til fyrirhugaðrar notkunar, er örverunum ekki sleppt í skólp í miklu magni og þetta bendir til þess að áhætta fyrir líffræðilegar aðferðir við hreinsun skólps sé lítil.

9) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir *Isaria fumosorosea* af stofni Apopka 97 og færa það á skrá í viðaukann við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 sem áhættulítið virkt efni.

10) Í samræmi við 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 á að skrá áhættulítil efni sérstaklega í reglugerðinni sem um getur í 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Því er rétt að bæta D-hluta við viðaukann við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011. Því ætti að breyta þeirri reglugerð til samræmis við það.

11) Reglugerð þessi ætti að gilda frá og með deginum eftir að samþykkið fyrir virka efninu *Isaria fumosorosea* af stofni Apopka 97 rennur út.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu *Isaria fumosorosea* af stofni Apopka 97, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

1. Í stað annarrar málsgreinar 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi málsgrein:

„Virku efnin sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 eru skráð í B-hluta viðaukans við þessa reglugerð. Grunnefnin sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 eru skráð í C-hluta viðaukans við þessa reglugerð. Áhættulitlu virku efnin sem hafa verið samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 eru skráð í D-hluta viðaukans við þessa reglugerð.“

2. Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3679. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Isaria fumosorosea af stofni Apopka 97 Geymt í stofnasafni American Type Culture Collection (ATCC) undir heitinu *Paecilomyces fumosoroseus* Apopka ATCC 20874	Á ekki við	Lágmarksstyrkleiki: 1,0 × 10^8 CFU/ml Hámarksstyrkur: 2,5 × 10^9 CFU/ml	1. janúar 2016	31. desember 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Isaria fumosorosea* af stofni Apopka 97, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 12. desember 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að *Isaria fumosorosea* af stofni Apopka 97 kunni að vera næmandi. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færslan varðandi *Isaria fumosorosea* af stofni Apopka 97 brott.

2) Eftirfarandi D-hluti bætist við:

„D-HLUTI

Áhættulítil virk efni“

Almenn ákvæði sem gilda um öll efni sem eru á skrá í þessum hluta: Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að allir hagsmunaaðilar hafi aðgang að öllum endurskoðunarskýrslum (að undanskildum trúnaðarupplýsingum í skilningi 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009) eða sé veittur aðgangur að þeim sé þess sérstaklega óskað.

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
1	*Isaria fumosorosea* af stofni Apopka 97 Geymt í stofnasafni American Type Culture Collection (ATCC) undir heitinu *Paecilomyces fumosoroseus* Apopka ATCC 20874	Á ekki við	Lágmarksstyrkleiki: 1,0 × 10^8 CFU/ml Hámarksstyrkur: 2,5 × 10^9 CFU/ml	1. janúar 2016	31. desember 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Isaria fumosorosea* af stofni Apopka 97, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 12. desember 2014. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að *Isaria fumosorosea* af stofni Apopka 97 kunni að vera næmandi. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/307 **2015/EES/46/58**

frá 26. febrúar 2015

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu tríklópýr (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum öðrum valkosti í 3. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/74/EB ([2]) var tríklópýr fært á skrá sem virkt efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([3]) með því skilyrði að hlutaðeigandi aðildarríki tryggðu að tilkynnandinn, sem lagði fram beiðni um að tríklópýr yrði fært á skrá í þeim viðauka, veitti frekari upplýsingar til staðfestingar varðandi áhættumat vegna bráðra og langvinnra váhrifa á fugla og spendýr og um áhættu fyrir vatnalífverur vegna váhrifa frá umbrotsefninu 6-klór-2-pýrídínóli.

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Tilkynnandinn lagði viðbótarupplýsingar fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Írlandi, innan þeirra tímamarka sem gefin voru til að leggja þær fram, í því skyni að staðfesta áhættumat vegna fugla og spendýra og vatnalífverur.

4) Írland lagði mat á viðbótarupplýsingarnar sem tilkynnandinn lagði fram. Írland lagði mat sitt fyrir önnur aðildarríki, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, 22. nóvember 2013 í formi tveggja viðbóta við drögin að matsskýrslunni.

5) Framkvæmdastjórnin lítur svo á að viðbótarupplýsingarnar sem tilkynnandinn lagði fram sýni fram á að ekki sé hægt að útiloka óviðunandi áhættu fyrir fugla og spendýr nema með því að beita frekari takmörkunum.

6) Framkvæmdastjórnin gaf tilkynnandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi endurskoðunarskýrsluna um tríklópýr.

7) Framkvæmdastjórnin lítur svo á að frekari upplýsingum, sem krafist var til staðfestingar, hafi ekki fyllilega verið komið til skila og að ekki sé hægt að útiloka óviðunandi áhættu fyrir fugla og spendýr nema með því að beita frekari takmörkunum.

8) Staðfest er að virka efnið tríklópýr telst samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Til að minnka váhrif á fugla og spendýr er þó rétt að breyta skilyrðum fyrir notkun þessa virka efnis, einkum með því að takmarka notkun þess.

9) Því ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

10) Gefa ætti aðildarríkjunum tíma til að breyta leyfum fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda tríklópýr eða afturkalla þau.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 56, 27.2.2015, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/74/EB frá 21. ágúst 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum díklórprópi-P, metkónasóli, pýrimetaníli og tríklópýri (Stjtíð ESB L 235, 30.8.2006, bls. 17).

([3]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

11) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda tríklópýr ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en 18 mánuðum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (EB) nr. 540/2011

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuvarnarvörum sem innihalda tríklópýr sem virkt efni, eða afturkalla þau eigi síðar en 19. september 2015.

3. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríkin veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 19. september 2016.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað dálksins „Sértæk ákvæði“ í 136. línu, tríklópýr, í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi:

„A-HLUTI

Einungis má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir. Einungis má leyfa heildarnotkun sem er að hámarki 480 g af virku efni á hvern hektara á ári.

B-HLUTI

Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um tríklópýr, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 12. desember 2014.

Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin:

– gefa vernd grunnvatns við viðkvæmar aðstæður sérstakan gaum. Í skilyrðunum fyrir leyfi skulu vera ráðstafanir til að draga úr áhættu og koma skal á vöktunaráætlunum á svæðum sem eru í hættu, eftir því sem við á,

– gefa öryggi notenda sérstakan gaum og tryggja að í notkunarskilyrðunum sé mælt fyrir um notkun fullnægjandi persónuhlífa,

– gefa vernd fugla, spendýra, vatnalífvera og plantna utan markhóps sérstakan gaum. Í skilyrðunum fyrir leyfi skulu vera ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/308 **2015/EES/46/59**

frá 26. febrúar 2015

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu Z,Z,Z,Z-7,13,16,19-dókósatetren-1-ýlísóbútýrati (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum c. lið 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efnið Z,Z,Z,Z-7,13,16,19-dókósatetren-1-ýlísóbútýrat var fært á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB ([3]) í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 24. gr. b í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2229/2004 ([4]). Þar eð reglugerð (EB) nr. 1107/2009 kom í stað tilskipunar 91/414/EBE telst þetta virka efni samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð og er á skrá í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([5]).

2) Í samræmi við 25. gr. a í reglugerð (EB) nr. 2229/2004 gerði Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, framkvæmdastjórninni grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi drög að endurskoðunarskýrslu um Z,Z,Z,Z-7,13,16,19-dókósatetren-1-ýlísóbútýrat ([6]) 18. desember 2013. Matvælaöryggisstofnunin gerði tilkynnanda grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi Z,Z,Z,Z-7,13,16,19-dókósatetren-1-ýlísóbútýrat.

3) Framkvæmdastjórnin gaf tilkynnandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi endurskoðunar-skýrsluna um Z,Z,Z,Z-7,13,16,19-dókósatetren-1-ýlísóbútýrat. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að endurskoðunarskýrslunni og álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, innan ramma fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður, og þeirri endurskoðun lauk 12. desember 2014 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um Z,Z,Z,Z-7,13,16,19-dókósatetren-1-ýlísóbútýrat.

4) Staðfest er að virka efnið Z,Z,Z,Z-7,13,16,19-dókósatetren-1-ýlísóbútýrat telst samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

5) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt að breyta skilyrðum fyrir samþykki fyrir Z,Z,Z,Z-7,13,16,19-dókósatetren-1-ýlísóbútýrati. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

6) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 56, 27.2.2015, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum efnum (Stjtíð ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2229/2004 frá 3. desember 2004 um nánari reglur varðandi framkvæmd fjórða áfanga vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 13).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([6]) „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance Z,Z,Z,Z-7,13,16,19-docosatetraen-1-yl isobutyrate.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014, 12(2), 3525. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal.htm

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað 259. línu um virka efnið Z,Z,Z,Z-7,13,16,19-dókósatetren-1-ýlísóbútýrat í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„259	Z,Z,Z,Z-7,13,16,19-dókósatetren-1-ýlísóbútýrat CAS-nr. 135459-81-3 CIPAC-nr.: 973	Z,Z,Z,Z-7,13,16,19-dókósatetren-1-ýlísóbútýrat	≥ 90%	1. september 2009	31. ágúst 2019	A-HLUTI Einungis má leyfa að efnið sé notað sem löðunarefni. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um Z,Z,Z,Z-7,13,16,19-dókósatetren-1-ýlísóbútýrat (SANCO/2650/2008), einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður. Skilyrði fyrir notkun skulu taka til ráðstafana sem miða að því að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Tilkynnandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: 1) forskrift fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, þ.m.t. upplýsingar um öll óhreinindi sem skipta máli, 2) mati á áhættu vegna váhrifa fyrir notendur, starfsmenn og vegfarendur, 3) afdrifum og hegðun efnisins í umhverfinu, 4) mati á áhættu vegna váhrifa fyrir lífverur utan markhóps. Tilkynnandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingarnar sem eru settar fram í 1. lið eigi síðar en 30. júní 2015 og upplýsingarnar í 2., 3. og 4. lið eigi síðar en 31. desember 2016.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/404 **2015/EES/46/60**

frá 11. mars 2015

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin beflúbútamíð, kaptan, dímetóat, dímetómorf, etóprófos, fípróníl, fólpet, formetanat, glúfosínat, metíókarb, metríbúsín, fosmet, pírimífosmetýl og própamókarb (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Samþykki fyrir virku efnin kaptan, dímetóat, dímetómorf, etóprófos, fípróníl, fólpet, formetanat, glúfosínat, metíókarb, metríbúsín, fosmet, pírimífosmetýl og própamókarb fellur úr gildi 30. september 2017 og samþykkið fyrir virka efnið beflúbútamíð fellur úr gildi 30. nóvember 2017. Lagðar hafa verið fram umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum. Þar eð kröfurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([3]) gilda um þessi virku efni er nauðsynlegt að veita nægilegan tíma til að ljúka málsmeðferð við endurnýjun í samræmi við þá reglugerð. Af þessum sökum er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum falli úr gildi áður en ákvörðun hefur verið tekin um endurnýjun þeirra. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.

3) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

4) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem engin viðbótarmálsskjöl, í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012, eru lögð fram í síðasta lagi 30 mánuðum fyrir viðkomandi gildislokadag, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin fastsetja gildislokadaginn sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða eins fljótt og unnt er eftir það.

5) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar „30. september 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 145, kaptan, komi „31. júlí 2018“.

2) Í stað dagsetningarinnar „30. september 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 146, fólpet, komi „31. júlí 2018“.

3) Í stað dagsetningarinnar „30. september 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 147, formetanat, komi „31. júlí 2018“.

4) Í stað dagsetningarinnar „30. september 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 148, metíókarb, komi „31. júlí 2018“.

5) Í stað dagsetningarinnar „30. september 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 149, dímetóat, komi „31. júlí 2018“.

6) Í stað dagsetningarinnar „30. september 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 150, dímetómorf, komi „31. júlí 2018“.

7) Í stað dagsetningarinnar „30. september 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 151, glúfosínat, komi „31. júlí 2018“.

8) Í stað dagsetningarinnar „30. september 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 152, metríbúsín, komi „31. júlí 2018“.

9) Í stað dagsetningarinnar „30. september 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 153, fosmet, komi „31. júlí 2018“.

10) Í stað dagsetningarinnar „30. september 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 154, própamókarb, komi „31. júlí 2018“.

11) Í stað dagsetningarinnar „30. september 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 155, etóprófos, komi „31. júlí 2018“.

12) Í stað dagsetningarinnar „30. september 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 156, pírimífosmetýl, komi „31. júlí 2018“.

13) Í stað dagsetningarinnar „30. september 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 157, fípróníl, komi „31. júlí 2018“.

14) Í stað dagsetningarinnar „30. nóvember 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 158, beflúbútamíð, komi „31. júlí 2018“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/418 **2015/EES/46/61**

frá 12. mars 2015

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu Z-13-hexadeken-11-ýn-1-ýlasetati (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum c. lið 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efnið Z-13-hexadeken-11-ýn-1-ýlasetat var fært á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB ([3]) í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 24. gr. b í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2229/2004 ([4]). Þar eð reglugerð (EB) nr. 1107/2009 kom í stað tilskipunar 91/414/EBE telst þetta virka efni samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð og er á skrá í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([5]).

2) Í samræmi við 25. gr. a í reglugerð (EB) nr. 2229/2004 gerði Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, framkvæmdastjórninni grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi drög að endurskoðunarskýrslu um Z-13-hexadeken-11-ýn-1-ýlasetat ([6]) 18. desember 2013. Matvælaöryggisstofnunin gerði tilkynnanda grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi Z-13-hexadeken-11-ýn-1-ýlasetat.

3) Framkvæmdastjórnin gaf tilkynnandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi endurskoðunarskýrsluna um Z-13-hexadeken-11-ýn-1-ýlasetat. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að endurskoðunarskýrslunni og álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, innan ramma fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður, og þeirri endurskoðun lauk 12. desember 2014 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um Z-13-hexadeken-11-ýn-1-ýlasetat.

4) Staðfest er að virka efnið Z-13-hexadeken-11-ýn-1-ýlasetat telst samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

5) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt að breyta skilyrðum fyrir samþykki fyrir Z-13-hexadeken-11-ýn-1-ýlasetati. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

6) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 68, 13.3.2015, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/127/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við nokkrum virkum efnum (Stjtíð ESB L 344, 20.12.2008, bls. 89).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2229/2004 frá 3. desember 2004 um nánari reglur varðandi framkvæmd fjórða áfanga vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 379, 24.12.2004, bls. 13).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([6]) „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance Z-13-hexadecen-11-yn-1-yl acetate“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(2), 3526. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal.htm.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað 258. línu um virka efnið Z-13-hexadeken-11-ýn-1-ýlasetat í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi:

Númer	Almennt heiti, Kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„258	Z-13-hexadeken-11-ýn-1-ýlasetat CAS-nr. 78617-58-0 CIPAC-nr.: 974	Z-13-hexadeken-11-ýn-1-ýlasetat	≥ 75%	1. september 2009	31. ágúst 2019	A-HLUTI Einungis má leyfa að efnið sé notað sem löðunarefni. B-HLUTI Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um Z-13-hexadeken-11-ýn-1-ýlasetat (SANCO/2649/2008), einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður. Skilyrði fyrir notkun skulu taka til ráðstafana sem miða að því að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Tilkynnandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar á: 1) forskrift fyrir tæknilega efnið, sem framleitt er sem verslunarvara, þ.m.t. upplýsingar um öll óhreinindi sem skipta máli, 2) mati á áhættu vegna váhrifa á notendur, starfsmenn og vegfarendur, 3) afdrifum og hegðun efnisins í umhverfinu, 4) mati á áhættu vegna váhrifa á lífverur utan markhóps. Tilkynnandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingarnar sem eru settar fram í 1. lið eigi síðar en 30. júní 2015 og upplýsingarnar í 2., 3. og 4. lið eigi síðar en 31. desember 2016.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/46/62**

frá 21. maí 2010

um niðurfellingu ákvörðunar 2002/627/EB um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu

(2010/299/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framhaldi af því að árið 2002 var komið á fót regluramma fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu í samræmi við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) ([1]), 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang) ([2]), 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun) ([3]) og 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) ([4]), samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun 2002/627/EB ([5]) um að koma á fót ráðgjafarhópi sjálfstæðra, landsbundinna stjórnvalda um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu sem kallaður er evrópskur hópur eftirlitsaðila fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu.

2) Evrópskur hópur eftirlitsaðila fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu hefur haft góð áhrif á samræmda framkvæmd regluverks með því að greiða fyrir samvinnu milli landsbundinna stjórnvalda og milli landsbundinna stjórnvalda og famkvæmdastjórnarinnar og með því að vera vettvangur ráðgjafar og aðstoðar fyrir framkvæmdastjórnina á sviði rafrænna fjarskipta.

3) Reglurammanum frá 2002 fyrir rafræn fjarskipti hefur verið breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/140/EB ([6]) og með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/136/EB ([7]) og bætt var við hann með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1211/2009 frá 25. nóvember 2009 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) og skrifstofu hans ([8]).

4) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1211/2009 er það hlutverk sem hópur eftirlitsaðila með rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (ERG) gegndi áður styrkt og veitt aukin viðurkenning í endurskoðaða rammanum, með stofnun evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) og aukinnar þátttöku hans í mótun reglusetningar svo og í því fyrirkomulagi sem komið er á til að tryggja samræmda framkvæmd reglna í öllum aðildarríkjunum. Einkum samkvæmt þeirri reglugerð á evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta að koma í staðinn fyrir evrópskan hóp eftirlitsaðila og starfa sem eini vettvangur fyrir samstarf landsbundinna stjórnvalda og samstarf landsbundinna stjórnvalda við framkvæmdastjórnina við að gegna öllum skyldum þeirra samkvæmt regluramma ESB.

5) Því ber að fella ákvörðun 2002/627/EB úr gildi.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

Stök grein

Tilskipun 2002/627/EB er hér með felld úr gildi frá og með 1. júní 2010.

Gjört í Brussel 21. maí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 127, 26.5.2010, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn og bókun 37 við EES-samninginn með skrá sem kveðið er á um í 101. gr., birður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

([2]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7.

([3]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21.

([4]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51.

([5]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.2002, bls. 38.

([6]) Stjtíð. ESB L 337, 18.12.2009, bls. 37.

([7]) Stjtíð. ESB L 337, 18.12.2009, bls. 11.

([8]) Stjtíð. ESB L 337, 18.12.2009, bls. 1.